

**Haukur Þorgeirsson**

## **Hljóðkerfi og bragkerfi**

**Stoðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni  
í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á  
Rímum af Ormari Fraðmarssyni**



**HUGVÍSINDASTOFNUN  
2013**

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands  
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar  
við doktorspróf í íslenskri málfræði

Reykjavík, 24. júní 2013

Guðni Elísson  
deildarforseti

© 2013 Haukur Þorgeirsson

Það er velkomið að afrita og nýta  
innihald bókarinnar undir skilmálum  
CC-BY-SA 3.0.

Höfundur bjó ritgerðina til prentunar  
og ber alla ábyrgð á efni hennar og frágangi.

Útgefandi: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands  
Prentun: Leturprent  
ISBN: 978-9935-9073-8-7

**Rit þetta tileinka ég afa mínum,  
Pétri Traustasyni augnlækni  
(1923–2007)**



## Ágrip

Efni þessa rits er sambandið milli bundins máls og hljóðkerfisfræði. Hvað ræður því hvort hljóð geta staðið saman í rími eða stuðlun? Hér er sú kenning varin að það sem þessu stýrir séu líkindi hljóðanna á yfirborðinu, það er að segja hljóðfræðileg líkindi í skilningi hljóðskynjunar og hljóðeðlisfræði. Ofan á þessari meginstoð geta þó hvílt ýmsar hefðir sem myndast hafa á fyrri málstigum og styrkst af stafsetningu. Ein slík hefð er að stuðla saman orð sem hefjast á <hv> við orð sem hefjast á [h] en það hafa sum skáld gert þótt eðlilegt mál þeirra sé að bera <hv>-orðin fram með [k<sup>h</sup>]. Þetta kalla ég *sundurgreinandi hefðarreglu* því að hún felur í sér að skáldin þurfa að greina sundur orð sem þau bera venjulega fram með sama hætti, til dæmis *kvað* og *hvað*. Sundurgreinandi hefðir eru sjaldgæfar enda fela þær í sér að skáldin þurfa að styðjast við fornlega stafsetningu eða annan lærdóm. Hafa því enda mörg skáld kastað þessari hefð fyrir róða og stuðlað <hv> við <k>.

Annan flokk hefðarreglna mynda *samfellandi hefðir*. Þær fela í sér að skáldin geta hunsað einhvern greinarmun sem gerður er í málinu sjálfu og haft mismunandi hljóð í sama *jafngildisflokki*. Til dæmis stuðla [k<sup>h</sup>] (eins og í *kól*) og [c<sup>h</sup>] (eins og í *kjól*) í sama flokki þetta séu skýrt aðgreind hljóð í framburði og skynjun. Eins og <hv>-reglan styðst þessi hefðarregla við stafsetningu og málsögu. En hér er sá mikilvægi munur að [k<sup>h</sup>]/[c<sup>h</sup>]-reglan er auðlærð og fremur til þæginda fyrir skáldin því að hún gerir það auðveldara að finna orð sem stuðla, hvort heldur við [k<sup>h</sup>] eða [c<sup>h</sup>]. Ég þekki heldur engin dæmi þess að skáld kjósi að halda [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] aðgreindum í stuðlun.

Í þessari bók eru nokkur þau atriði skoðuð sem helst hafa valdið málfræðingum heilabrotum í íslenskum kveðskap: stuðlun *j* við sérhljóða, stuðlun framgómmæltra og uppgómmæltra lokhljóða, stuðlun þeirra hljóða sem rituð eru með <h> og rím *a* og *o* í aðalhendingum. Ég skýri öll þessi fyrirbæri með hefðarreglum og hljóðfræðilegum líkindum.

Málfræðingar sem aðhyllast generatífa hljóðkerfisfræði hafa sett fram þá hugmynd að fyrirbæri eins og þau sem hér voru talin byggist á því að í baklægri gerð eða djúpgerð sé það eins sem á yfirborðinu virðist öðruvísi. Til dæmis væru þá öll [c<sup>h</sup>] dregin af *k* í baklægri gerð og öll *o* dregin af *a* í baklægri gerð. Ég ver töluverðu rými í að ræða kenningar af þessu tagi og benda á ágalla þeirra. Djúpgerðakenningin virðist bæði spá fyrir um ýmislegt sem gerist ekki og ekki spá fyrir um ýmislegt sem í raun gerist.

Önnur kenning um samstöðu hljóða í kveðskap er úr smiðju formgerðar-

stefnunnar og snýst um mismunandi hljóðkerfisandstæður. Ef munur tveggja hljóðana er upphafinn í ákveðnu umhverfi á það að skapa skyldleikatilfinningu í hugum málhafa. Rím *a* og *o* hefur meðal annars verið skýrt með þessum hætti. Vandi þessarar kenningar er að sumu leyti sá sami og hinnar generatífu. Ýmis hljóðön mynda sumgilda andstæðu án þess að það virðist skapa sérstaka skyldleikatilfinningu.

Ég veit ekki til að nokkur sem um kveðskap skrifar neiti því að hljóðfræðileg líkindi og hefðarreglur skipti þar máli. Það er þá eðlilegt að athuga hvort þessir hlutir duga til að útskýra einkennileg fyrirbæri áður en gripið er til dýpri hljóðkerfislegra skýringa sem hvergi hefur verið sýnt fram á að séu nauðsynlegar.

Það fyrirbæri í íslenskri bragsögu sem hefur valdið mér mestum heilabrotum er hegðun stoðhljóðsins *u* sem kemur inn í málið um 1300 og veldur því að ýmis orð lengjast um eitt atkvæði miðað við fornmálið, til dæmis *ungur* fyrir *ungr*. Í kveðskap á síðmiðöldum verður ýmist að gera ráð fyrir að orð af þessu tagi séu einkvæð eða tvíkvæð inni í vísuorði en í lok vísuorðs eru þau jafnan einkvæð. Þeim er haldið aðgreindum frá orðmyndum eins og *tungur* sem eru jafnan tvíkvæðar við lok vísuorða. Ég rökstyð að eitthvað í framburði þessara orða hafi verið öðruvísi þá en nú er.

Það kemur sterklega til greina að orðmyndir eins og *ungur* og *tungur* hafi greinst í sundur með mismunandi tónkvæði að norskum hætti og hefur þá tónkvæði leikið nokkurt hlutverk í kveðskapnum. Það sem mestan stuðning veitir þessari hugmynd er vitnisburður Þriðju málfræðiritgerðarinnar og hegðun orða með ákveðnum greini í kveðskap.

## Formáli

Upphaflega var fyrirhugað að áherslan í þessari ritsmíð væri eingöngu söguleg og beindist að einstökum málsögulegum vandamálum. Eftir því sem verkinu vatt fram og ég ræddi niðurstöður mínar við aðra málfræðinga varð mér þó ljóst að á þessu voru ákveðnir annmarkar. Mér var bent á að vafasamt væri að nota skáldskap til að draga ályktanir um málsögu því að þar mætti jafnan búast við að skáldaleyfi villtu sýn. Einnig var mér tjáð að samband kveðskaparins við hljóðkerfið geti verið býsna flókið og að varasamt sé að draga ályktanir af bundnu máli um framburðinn, það kunni að endurspeglar hlutfirrtari eiginleika en ekki yfirborðsgerðina. Þegar ég reyndi að takast á við athugasemdir af þessu tagi varð mér smám saman ljóst að aðferðafræðilegu vandamálin væri ekki hægt að afgreiða í stuttu máli heldur yrðu þau að vera meginþema bókarinnar. Hinu er þó ekki að neita að í verkinu er enn rík söguleg og fílólogísk áhersla. Von mín er að textafræðin sé hér hljóðkerfisfræðinni stoð.

Ég þakka Kristjáni Árnasyni, leiðbeinanda mínum, margháttaðan stuðning, hvatningu og vinsemd. Þórhalli Eyþórssyni og Bergljótu Kristjánsdóttur, sem sátu í doktorsnefnd, kann ég einnig bestu þakkir fyrir handleiðsluna. Að doktorsnefnd slepptri eru þeir málfræðingar þrír sem sérstaklega hafa aðstoðað mig við verkið:

Alexis Manaster Ramer var ópreytandi að ræða við mig um hljóðkerfisfræði og bragfræði og við að finna hliðstæður við íslensk vandamál í öðrum málum.

Umfjöllunin um miðmyndarendingu var upphaflega unnin undir handleiðslu Guðrúnar Þórhallsdóttur. Ég þakka henni einnig gagnlegt samtal um þróun *j* í frumnorrænu.

Klaus Johan Myrvoll útskýrði fyrir mér norrænt tónkvæði og sannfærði mig um að hliðstætt fyrirbæri hafi fundist í íslensku.

Andmælendum, Gunnari Ólafi Hanssyni og Michael Schulte, þakka ég vandaðar skýrslur um ritgerðina.

Auk þess þakka ég Aðalsteini Hákonarsyni yfirlestur á ritgerðinni ásamt mörgum og löngum samtölum um eðli hljóðkerfisins, Ármanni Jakobssyni mikilvægar lexíur um skilvirk akademísk vinnubrögð, Bjarka Karlssyni aðgang að gagnasafni um dægurlög, Eiríki Rögnvaldssyni umræður um grundvallaratriði hljóðkerfisfræðinnar og ábendingar um villandi orðalag, Guðvarði Má Gunnlaugssyni samtal um táknun stoðhljóðsins í miðaldahandritum, Hans Fix fyrir að senda mér *Habilitationsschrift* sitt, Helga Skúla Kjartanssyni spjall um tónkvæði og stuðla, Helgu Birgisdóttur ábendingu

um meinlega villu, Höskuldi Þráinssyni ábendingar um verk Kiparskys og umræðu um aðferðafræði, Jóni Axel Harðarsyni umræður um *íarn* og fleira, Jóni Símoni Markússyni umræður um frumnorrænu, Kathleen Hall bréfaskipti um hljóðskynjunartilraunir, Katrínu Axelsdóttur maklega gagnrýni á upphafleg skrif mín um þróun eignarforanafnanna, Kevin McMullin ábendingar um eðli hálfríms, Kristjáni Eiríkssyni samstarf um að koma gömlum kveðskap á stafrænt form, Magnúsi Snædal umræður um eðli braghefðar, Ragnari Inga Aðalsteinssyni ýmis samtöl um bragfræði og leyfi til að endurbirta mynd, Simon Karlin Björk ábendingu um Þrymlur, Sveini B. Sigurðssyni yfirlestur á inngangi, Sverri Jakobssyni innsleginn texta Andra rímna, Veturliða Óskarssyni ábendingar um tökuorð í rímum, Yelenu Sesselju Helgadóttur aðstoð með rússnesku og fleira, Þorgeiri Sigurðssyni ábendingar um eðli hendinga og starfsfólki Landsbókasafns, Árnastofnunar og Hugvísindasviðs greiðasemi og vinsemd. Sérstaklega þakka ég Margréti Guðmundsdóttur rösklega aðstoð við umbrot og frágang. Þeim sem hafa gleymst í þessari upptalningu færi ég bæði þakkir og afsökunarbeiðni.

Loks þakka ég fjölskyldu minni og tengdafjölskyldu mikinn stuðning. Það er ekki síst þeim að þakka að þessu verki lýkur nokkurn veginn á tilsettum tíma. Sérstaklega hefur eiginkona mín, Arndís Þórarinsdóttir, sýnt þessu verki meiri þolinmæði og velvilja en hægt væri að ætlast til. Hún hefur auk þess hjálpað mér með umbrot og myndvinnslu.

Meðan á verkinu stóð þá ég laun og styrki úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands.



## Efnisyfirlit

Ágrip.....	5
Formáli.....	7
Efnisyfirlit.....	9
1. Inngangur.....	15
1.1 Efni þessarar bókar.....	15
1.2 Kenning Baudouin de Courtenay.....	15
1.3 Hugmyndir formgerðarstefnumanna.....	16
1.4 Hugmyndir reglumálfræðinga.....	19
1.5 Hugmyndir úr náttúrulegri hljóðkerfisfræði.....	22
1.6 Afleiðingar djúperða.....	24
1.7 Málbreytingar og skáldaleyfi.....	25
1.8 Hefðarreglur og jafngildisflokkar.....	29
1.9 Hljóðfræðileg líkindi.....	31
1.10 Samantekt um bragfræðileg jafngildi.....	33
1.11 Uppbygging bókarinnar.....	34
2. Stuðlun <i>j</i> við sérhljóða.....	37
2.1 Inngangur.....	37
2.2 Fyrri skýringar og athuganir.....	37
2.3 Aðferðafræðilegar forsendur.....	40
2.4 Gögn.....	42
2.5 Niðurstöður um tímasetningu.....	47
2.6 <i>J</i> -stuðlun sem tímasetjandi einkenni.....	48
2.7 Hljóðkerfisleg túlkun.....	50
2.8 Hefðartúlkun.....	53
3. Stuðlun framgómmeðtra og uppgómmeðtra lokhljóða.....	57
3.1 Inngangur.....	57
3.2 Rök Gussmanns fyrir uppgómmeðtum hljóðum í baklægri gerð.....	58
3.3 Uppgómmeðt hljóð á undan [ai], [ei] og [ɛ].....	62
3.4 Hljóðkerfisleg virkni.....	63
3.5 Vandamál í regluröðun.....	65
3.6 Hlutleysing.....	66
3.7 Hljóðfræðileg líkindi.....	66
3.8 Hefðarskýring.....	67
4. Stuðlun með <i>h</i> .....	69
4.1 Inngangur.....	69
4.2 Generatíf skýring.....	69
4.3 Hefðarskýring.....	73

5. Rím <i>a</i> og <i>o</i> í aðalhendingum .....	75
5.1 Inngangur .....	75
5.2 Kenning Andersons .....	75
5.3 Skýring með hefðarreglu .....	77
5.4 Skýring með hljóðfræðilegum líkindum .....	78
5.5 Skýring Hreins Benediktssonar .....	79
5.6 Niðurstöður .....	81
6. Miðmyndarendingin og rím samhljóðaklasa .....	83
6.1 Inngangur .....	83
6.2 Eðli hendinga .....	83
6.3 Miðmyndarendingin .....	88
6.4 Miðmynd í kvæðum með hendingum .....	90
6.5 /r/-stofnar í endarími .....	93
6.6 Tannhljóðsstofnar í endarími .....	94
6.7 Sérhljóðastofnar í endarími .....	97
6.8 Gómhljóðsstofnar í endarími .....	97
6.9 /nn/-stofnar í endarími .....	98
6.10 Bókmálsrím .....	99
6.11 Utanstaða .....	100
6.12 Tvö einkennileg dæmi .....	102
6.13 Niðurstöður .....	103
7. Hrynjandi í íslenskum kveðskap frá síðmiðöldum .....	105
7.1 Inngangur .....	105
7.2 Áhersluatkvæði í vísuorði .....	105
7.3 Stýfður rímliður .....	106
7.4 Óstýfður rímliður .....	107
7.5 Forliður .....	107
7.6 Innri bragliðir .....	108
7.6.1 Tvíkvæð orð .....	109
7.6.2 Tvö einkvæð orð .....	110
7.6.3 Langstofna tvíkvætt orð að viðbættu einkvæðu orði .....	111
7.6.4 Stuttstofna tvíkvætt orð að viðbættu einkvæðu orði .....	112
7.6.5 Einkvætt orð að viðbættu tvíkvæðu orði .....	113
7.6.6 Þrjú einkvæð orð .....	114
7.6.7 Þriggja atkvæða orð .....	114
7.6.8 Fjögurra atkvæða bragliðir? .....	115
7.6.9 Greining á frávikum .....	115
7.6.10 Fyrri greiningar .....	118
7.7 Aðrir bragarhættir .....	122
7.8 Niðurstöður .....	126

8. Stoðhljóðið.....	129
8.1 Inngangur.....	129
8.2 Dreifing á fornu og nýju /ur/.....	129
8.2.1 /ur/ af fornu /r/.....	130
8.2.2 /ur/ af fornu /ur(r)/.....	135
8.3 Fyrri athuganir.....	137
8.4 Atkvæðisbært r?.....	140
8.5 Breytileiki í stafsetningu.....	144
8.5.1 Frumbréf 155.....	145
8.5.2 AM 343a 4to.....	148
8.5.3 Niðurstöður um handritastafsetningu.....	150
8.6 Miðaldakveðskapur annar en rímur.....	151
8.6.1 Kvæði frá 14. öld og hugmyndir Kocks.....	151
8.6.2 Stoðhljóðið í hrynhendum hætti.....	157
8.6.3 Stoðhljóðið í dróttkvæðum hætti.....	162
8.6.4 Stoðhljóðið í endarímuðum kvæðum.....	164
8.6.5 Stoðhljóðið í hálfhnepptum hætti.....	165
8.7 Miðaldarímur.....	165
8.7.1 Innviðir vísuorða.....	165
8.7.2 Lok vísuorða – almenn umfjöllun.....	171
8.7.3 Lok vísuorða í braghendum hætti.....	172
8.7.4 Tíðni orða með –r í stýfðum vísuorðum.....	173
8.8 Rímur eftir siðaskipti.....	183
8.8.1 Lok vísuorða.....	183
8.8.2 Samrímur á fornu /r/ og fornu /ur/.....	188
8.9 Gömul eignarfornöfn.....	189
8.10 Orðin þiður og Lóður.....	193
8.11 Greinarmunur á /r/ og /ur/, málsöguleg túlkun.....	195
8.11.1 Mállýskumunur?.....	195
8.11.2 Lærð hefð?.....	195
8.11.3 Kveðskaparhefð?.....	199
8.11.4 Baklæggar myndir?.....	200
8.11.5 Atkvæðisbært r.....	207
8.11.6 Tvenns konar u.....	208
8.11.7 Breytilegur framburður.....	209
8.11.8 Tónkvæði.....	211
8.12 Niðurstöður og samantekt.....	211
9. Tónkvæði.....	213
9.1 Inngangur.....	213
9.2 Norrænt tónkvæði og dreifing þess.....	213
9.3 Þriðja málfræðiritgerðin.....	215

9.4 Tónkvæði í fornum skáldskap.....	217
9.5 Tónkvæði sem útskýring á stoðhljóðsvandamálinu.....	218
9.6 Ríma orð með ólíku tónkvæði?.....	219
9.7 Ákveðinn greinir .....	220
9.8 Tvö orð.....	226
9.9 Aðrir bragarhættir .....	227
9.10 Hálfhneptur háttur og samsett orð.....	229
9.11 Einar Gilsson .....	230
9.12 Niðurstöður .....	231
10. Niðurstöður.....	233
10.1 Baklæggar gerðir .....	233
10.2 Formgerðarkenningar .....	235
10.3 Stafsetning.....	236
10.4 Hljóðfræðileg líkindi .....	237
10.5 Hefð .....	238
Viðauki A – Heimildir.....	243
A 1. Inngangur .....	243
A 2. Kveðskapur fyrir 1300.....	243
A 3. Nafngreind skáld 1300–1550.....	244
A 4. Hrynhend og dróttkvæð kvæði 1300–1550 .....	247
A 5. Rímur fyrir siðaskipti.....	248
A 6. Aldur einstakra rímnaflokka.....	257
A 7. Rímur eftir siðaskipti .....	260
Viðauki B – Ormars rímur .....	271
B 1. Handrit Ormars rímna.....	271
B 2. Kollsbókartexti Ormars rímna.....	279
Fyrsta ríma.....	279
Önnur ríma .....	284
Þriðja ríma .....	289
Fjórða ríma .....	294
B 3. Orðamunur .....	303
Fyrsta ríma.....	303
Önnur ríma .....	306
Þriðja ríma .....	310
Fjórða ríma .....	313
B 4. Endurgerður texti með samræmdri stafsetningu og braggreiningu .....	319
Skýringar .....	319
Fyrsta ríma.....	319
Önnur ríma .....	325
Þriðja ríma .....	329
Fjórða ríma .....	335

Viðauki C – Ítarefni.....	345
C 1. Dæmi um miðmynd í endarímuðum kveðskap fyrir siðaskipti.....	345
a) Stofn sagnar endar á r .....	345
b) Stofn sagnar endar á sérhljóða .....	346
c) Miðmynd rímar við efstastig.....	347
d) Miðmynd af vinna og finna .....	348
C 2. Utanstaða í rími .....	349
C 3. Stoðhljóð í frumbréfi 155 .....	349
C 4. Stoðhljóð í AM 343a 4to.....	350
C 5. Stoðhljóð í hrynhendum kvæðum .....	351
English summary: How poetic is phonology? Studies in Old and Middle Icelandic poetry.....	355
1. Introduction.....	355
2. Alliteration of j with vowels.....	357
3. Alliteration of velars and palatals .....	358
4. Alliteration of various sounds spelled with initial <h> .....	360
5. Full rhyme of <i>a</i> and <i>ǫ</i> .....	361
6. The middle voice in rhyme.....	361
7. Metre .....	363
8. The svarabhakti vowel .....	365
9. Tonality .....	369
10. Conclusions.....	373
Appendix A: The corpus .....	374
Appendix B: Ormars rímur .....	375
Appendix C: Supplementary material .....	375
Heimildir.....	377
Handrit.....	409



# 1. Inngangur

## 1.1 Efni þessarar bókar

Þessi bók fæst við samband tvenns konar kerfa sem búa í hugum manna – hljóðkerfisins og bragkerfisins. Leitað er svara við því hvaða forsendur liggi til grundvallar því að málahljóð séu notuð á ákveðinn hátt í kveðskap. Þær kenningar sem settar hafa verið fram um þetta efni eru hér prófaðar með dæmum úr íslenskum kveðskap. Samhliða þessu beinist rannsóknin að ýmsum tilteknum vandamálum í íslenskri málsögu þar sem kveðskapur kemur að gagni sem heimild.

Í íslenskum kveðskap finnast dæmi um að mismunandi hljóðön standi saman sem eitt væri í rími eða stuðlun. Sú kenning sem ég ver í þessari ritgerð er að öll einkennileg fyrirbæri af því tagi séu best skýrð með kveðskaparhefðum og hljóðfræðilegum líkindum. Rökum er hér teflt gegn þeirri hugmynd að baklægar gerðir generatífrar hljóðkerfisfræði séu haldbærar til skýringar á slíku. Hugmyndir formgerðarsinna um að líkindi hljóðana ráðist einkum af dreifingu þeirra og stöðu í hljóðkerfinu eru hér einnig teknar til gagnrýnnar skoðunar. Loks hef ég varið nokkru rými í að fást við sambýli kveðskapar og stafsetningar.

Í þessum inngangskafli eru fyrst ræddar kenningar um samband málkerfis og bragkerfis og vandamál þeim tengd. Síðan er uppbyggingu ritsmíðarinnar lýst nánar.

## 1.2 Kenning Baudouin de Courtenay

Málfræðingar hafa lengi sótt í kveðskap til að styðja og útskýra hugmyndir sínar. Jan Baudouin de Courtenay, einn af upphafsmönnum hljóðkerfisfræðinnar, notaði dæmi um samrímamir til að rökstyðja hugmyndir sínar um rússneska hljóðkerfið:

Þá sjáum við að þótt rússnesku sérhljóðin ы [i] og и [i] séu ekki borin eins fram eru þau nær hvort öðru á hugrænan hátt en öðrum sérhljóðum; munurinn liggur aðeins í skynjunni; þ.e.a.s. í heyrnar-skynjuninni, en hugræni hvatinn að því sem sagt er, þ.e.a.s. heila-hljóðmyndunin, er sams konar sérhljóð, munurinn í framburðinum er skilyrtur af samhljóðinu sem fer á undan. Í þessu samhengi er mjög mikilvægt að áherslusérhljóðin ы og и mynda fullkomið rím (пыли [pili] — ходили [hodili], мыло [milo] — носило [nosilo], пытка [pitka] — нитка [nitka]...); önnur sérhljóð geta ekki myndað rímpör á sama hátt.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Затѣмъ, хотя русскіе гласные ы и и произносятся различно, но психически они ближе другъ другу, нежели остальнымъ гласнымъ: они различаются только по воспріятію, т. е. со стороны аудиціонно-перцепціонной, тогда какъ по первоначальному

Þetta má einnig orða sem svo að [i] og [i] séu stöðubundin hljóðbrigði af hljóðaninu /i/. Hljóðanið er sálfræðilega raunveruleg eining fyrir málnotandanum og þess vegna þykir honum að öll afbrigði þess séu jafngild í kveðskap. Þar með rímar [pítka] /pitka/ við [nitka] /nitka/. Kenningin spáir því þá að hljóð séu jafngild í kveðskap þá og því aðeins að þau séu brigði af sama hljóðani. Þessi hugmynd liggur víða til grundvallar þegar kveðskapur er notaður sem málheimild enda virðist töluvert til í henni. Það er að minnsta kosti ekki auðvelt að finna skýr dæmi um að hljóðbrigði sama hljóðans séu meðhöndluð á mismunandi hátt í kveðskap (Baxter 1992:93). Hins vegar má deila um hvort [i] og [i] eru heppileg dæmi enda eru þetta talin mismunandi hljóðön í sumum greiningum á rússnesku.

### 1.3 Hugmyndir formgerðarstefnumanna

Í kenningum Nikolay Trubetzkoy leika mismunandi gerðir *hljóðkerfisandstæðu* mikið hlutverk. Muninum á *algildri* og *sumgildri* andstæðu lýsir hann svo með dæmum um hlutverk svipaðra sérhljóða í þremur málum:

Í dönsku koma *æ* og *e* fyrir við öll hugsanleg skilyrði: þau mynda algilda hljóðkerfisandstæðu og liðir hennar eru sjálfstæð fónem. Í rússnesku kemur *e* aðeins fyrir á undan *j* og framgómmeðlum samhljóðum en *ε* við öll önnur skilyrði: þar eru *e* og *ε* ekki valfrjáls hljóð heldur verða að teljast tvö skyldubundin afbrigði af einu fónemi. Í frönsku hins vegar koma *e* og *ε* aðeins fyrir í bakstöðu í opnu atkvæði sem liðir í andstæðu („les“/„lait“, „allez“/„allait“); við öll önnur skilyrði eru *e* og *ε* fyrirsegjanleg: *ε* kemur fram í lokuðu atkvæði, *e* í opnu atkvæði. Því verður að líta á þessi sérhljóð sem tvö fónem í opnu atkvæði í bakstöðu en skyldubundin afbrigði af einu fónemi við öll önnur skilyrði. Hljóðkerfisandstæðan í frönsku er þannig *afnumin* (aufgehoben) við tiltekin skilyrði. Slíkar andstæður nefnum við *sumgildar*, umhverfi afnámsins *afnámsstöðu* og umhverfið þar sem andstæðan heldur gildi sínu *gildisstöðu*. (Trubetzkoy 1983:80)

Sérhljóðapör með sömu eða svipaða hljóðfræðilega eiginleika geta þannig leikið mjög mismunandi hlutverk í málkerfinu eins og því er lýst innan formgerðarstefnunnar. En Trubetzkoy taldi að þessi mismunandi staða

---

психическому толчку къ исполнению, т. е. со стороны церебраціонно-фонаціонной, это гласные тожественные, фонаціонная разница которыхъ определяется сочетаниемъ съ предшествующимъ согласнымъ. Весьма важно въ этомъ отношеніи то обстоятельство, что ударяемые гласные *ы* и *і* образуютъ совершенную рифму (пыли—ходили, мыло — носило, пытка — нитка...); изъ другихъ же гласныхъ нельзя составлять такихъ рифмическихъ паръ. (Baudouin de Courtenay 1903:312)



hljóðanna innan kerfisins væri ekki aðeins eiginleiki mállýsingarinnar heldur eitthvað sem skipti reginmáli í málvitundinni:

Sálfræðilegi munurinn á algildum og sumgildum andstæðum er mjög verulegur. Algildar andstæður eru augljósar, jafnvel þeim málhöfum sem hafa enga hljóðfræðipækkingu. Á slíka andstæðu er litið sem tvær skýrar „hljóðeindir“. Varðandi sumgildar andstæður er skilningurinn flóktandi: í gildisstöðu má ljóslega greina báða liði andstæðunnar; í afnámsstöðu er oft ógerningur að ákvarða hvort fónemafríð var sagt eða heyrt. En jafnvel í gildisstöðu virðast liðir í sumgildri andstæðu oft koma fram sem tvö merkingargreinandi blæbrigði; þ.e. sem tvær aðskildar en þó nátengdar hljóðeindir. Þessi nána skyldleikatilfinning er einkum einkennandi fyrir andstæðuliði af þessari gerð. Frá hljóðfræðilegu sjónarmiði er mismunurinn á frönsku *i* og *e* ekki vitund meiri en munurinn á *e* og *ε*. En hin nánu vensl milli *e* og *ε* fara ekki framhjá neinum Frakka þótt *i* og *e* verki ekki á hann sem neitt sérlega náin: þetta stafar vitaskuld af því að andstæðan milli *ε* og *e* er sumgild en andstæðan milli *e* og *i* algild. (Trubetzkoy 1983:80–81)

Annar málfræðingur sem hélt sömu kenningu á lofti var André Martinet (1936) og svipaðar hugmyndir höfðu komið fram hjá Edward Sapir (1925). Sapir hélt því fram að hljóðbeygingarleg víxl [f] og [v] í ensku (sbr. t.d. *wife* - *wives*) yllu því að *f* sé nær *v* en t.d. *p* er *b* (Sapir 1925:48).

Það er síðan Hreinn Benediktsson sem nýtir kenninguna um sálfræðilegt samband hlutleystra hljóðana til að skýra tiltekin fyrirbæri í kveðskap. Í fornum kveðskap norrænum standa hljóðönnin /a/ og /ɑ/ saman í aðalhendingum. Hreinn skýrir þetta þannig að andstæðan milli /a/ og /ɑ/ sé sumgild enda sé munurinn upphafinn þegar /u/ stendur í næsta atkvæði (Hreinn Benediktsson 2002 [1963]). Nánar er fjallað um þessar samrímningar í kafla 5.

Ekki hafa allir fallist á kenninguna um að sumgildar andstæður skapi skyldleikatilfinningu í huga málnotandans. D. Robert Ladd fellst á að til séu hljóðönn sem málnotendum þyki sérstaklega lík eða tengd og nefnir sem dæmi sérhljóðin í orðunum *side* og *sighed* í skoskri ensku en þar er aðgreinandi lengdarmunur sem finnst annars lítt í málinu. Ladd gagnrýnir hins vegar skýringu formgerðarsinna á þessu fyrirbæri:

This can't be right. First, some of the cases of quasi-contrast, like the Scottish *side/sighed* cases, do not involve neutralization at all. Second and more important, if the neutralizability of the opposition were the explanation for these observations, then we would expect to find the same link in any case of neutralization. For example, we would expect speakers of American English to be aware of some special relationship between /t/ and /d/ because this distinction is

neutralized intervocalically by so-called “flapping”; we would expect speakers of any language with final devoicing to be aware of some special relationship between the members of voiced-voiceless phoneme pairs. I know of no evidence that this is true. (Ladd 2006:17–18)

Ladd ræðst hér gegn kenningu Trubetzkoy's úr tveimur áttum. Fyrst bendir hann á tilfelli um lík eða tengd hljóðön sem hann telur að feli ekki í sér hlutleysingu. Mér er þó ekki ljóst hvernig hann hefur hugsað dæmið um *side* og *sighed* í skoskri ensku. Sérhljóðin í þessum orðum eru einmitt að mestu leyti í fyllidreifingu—með annað afbrigðið í opnum atkvæðum en hitt í lokuðum—en geta myndað andstæðupör þegar morfemaskil koma til.<sup>2</sup>

Sterkari mótbára Ladd's er að ýmsar andstæður í ýmsum málum eru hlutleystar í einhverri stöðu án þess að sögum fari af því að málhöfum þyki hljóðönin sérstaklega lík. Í mörgum málum koma aðeins óródduð lokhljóð fyrir í bakstöðu. Þannig eru til dæmis andstæður milli /t/ og /d/ í þýsku í framstöðu og innstöðu en í bakstöðu kemur aðeins [t] fyrir. Hefur þetta í för með sér að þýskumælandi mönnum þyki /t/ og /d/ lík? Ladd segist ekki vita neina heimild fyrir því og hliðstæð dæmi virðast víða til.<sup>3</sup>

Kenningin Trubetzkoy's verður varla hrakin eða staðfest með einstökum dæmum héðan og þaðan heldur þyrfti til þess kerfisbundnari rannsóknir og tilraunir. Þær eru hins vegar af skornum skammti. Ýmsar tilraunir hafa rennt stoðum undir þá kenningu að hljóðbrigði í fyllidreifingu þyki lík (sjá Johnson og Babel 2010 og vísanir þar) en skyldleiki hljóða sem eru aðeins að hluta til í fyllidreifingu hefur minna verið rannsakaður. Þó verður að nefna Hume og Johnson (2003) sem nota gögn frá Huang (2001) um skynjun á tónemum í mandarín. Þeir sem höfðu mandarín að móðurmáli gerðu minni greinarmun á mandarínsku tónunum 214 og 35 en þeir sem höfðu ensku að móðurmáli. Um önnur tónapör áttu þeir sem töluðu mandarín hægara um vik að gera greinarmuninn. Hume og Johnson skýra þennan mun með því að andstæðan milli tóna 214 og 35 er upphafin í ákveðnu umhverfi. Undir þessa túlkun tekur Kathleen Hall (2009:77).

Hall (2009) hefur sett fram líkan um hljóðkerfisandstæður sem sækir í kenningar Trubetzkoy's og nefnist PPRM (*Probabilistic Phonological Relationship Model*). Ein af meginstoðum líkansins er að sumgildar

---

<sup>2</sup> Nýleg rannsókn á skynjun þessarar andstæðu er hjá Ferragne o.fl. 2011.

<sup>3</sup> Hér má að vísu nefna að í þýskum skáldskap er þekkt að /t/ og /d/ í innstöðu rími saman. Manaster Ramer (1995:280) rökstyður að þetta sé hefðarregla, tikomin vegna þess að í mállýskum sumra höfuðskálda höfðu þessi hljóð runnið saman.

hljóðkerfisandstæður greinist sundur á samfelldum skala eftir því hversu fyrirsegjanleg dreifingin er. Þar með eru til mörg stig milli þess að hljóð séu í algjörrri fyllidreifingu og að þau myndi fullkomnar andstæður. Samkvæmt kenningu Hall má gera ráð fyrir að málhöfum þyki hljóð líkari eftir því sem þau eru nær því að vera í fyllidreifingu:

The eighth observation is that the perceived distinctiveness of a pair of sounds is linked to its predictability of distribution. This is true both in cases in which a contrast is neutralized in some context, as predicted by Trubetzkoy (1939/1969), and in cases in which an allophonically related pair is compared to a contrastively related pair. This effect is captured by the PPRM, which distinguishes relationships on the basis of how predictably distributed they are, and predicts that less predictably distributed sounds—ones with a higher degree of uncertainty—should be more perceptually salient because they cannot otherwise be predicted from context. (Hall 2009:73)

Hall reyndi að staðfesta þessa kenningu með skynjunartilraunum en hafði ekki erindi sem erfiði (Hall 2009:278). Raunar virðast niðurstöður hennar fremur benda til að líkindi hljóða í málskynjun hafi lítið með dreifingu þeirra að gera. Hún mun hafa frekari tilraunir í bígerð (Hall, einkabréf).

Hugmyndir Trubetzkoy's og sporgöngumanna hans eru skynsamlega hugsaðar en nokkuð virðist vanta upp á að tekist hafi að sýna fram á að þær séu réttar. Eins og sakir standa verða fyrirbæri í kveðskapnum varla best skýrð með þessum hugmyndum ef völ er á öðrum skýringum.

## 1.4 Hugmyndir reglumálfræðinga

Þeir sem aðhyllast reglumálfræði hafa sett fram þá hugmynd að til séu bragfræðileg fyrirbæri sem grundvallast á hljóðkerfislegum myndum sem eru *dýpri* en yfirborðsgerðin. Þar er þá ýmist átt við baklægar myndir eða eitthvert stig í hljóðkerfislegri útleiðslu á milli baklægrar gerðar og yfirborðsgerðar. Greiningar byggðar á þessari hugmynd hafa verið settar fram um þætti í bragkerfum nokkurra mála. Fyrstur fram á sviðið mun hafa verið Zeps (1963) sem taldi sig hafa sýnt fram á að í lettneskum kveðskap taki hrynjandin tillit til sérhljóðs sem er aldrei borið fram í eðlilegu máli. Hugmyndin er þá að til sé hljóðkerfisregla sem fellir út sérhljóðið í yfirborðsgerðinni en kveðskapurinn miðist við *dýpri* gerð þar sem þessi regla hefur ekki komið til framkvæmda. Aðrir hafa síðan sett fram svipaðar kenningar um bragkerfi annarra mála.

Watkins (1963) skrifaði um írsku, Schane (1968) um frönsku, Kiparsky um finnsku (1968) og um vedísku (1972) og Anderson (1973) um forníslensku svo að nokkur þekktustu dæmin séu nefnd.

Til að sýna fram á að bragkerfið geti stuðst við djúpgerðir þyrfti aðeins eitt dæmi eða fáein ef fræðimenn væru sammála um að þau væru rétt. Raunin er hins vegar að ítarlegar röksemdir hafa verið settar fram gegn öllum þessum kenningum. Sá sem ötulastur hefur verið við þá iðju er Alexis Manaster Ramer. Í doktorsritgerð sinni (1981) tók hann sér fyrir hendur að hrekja allar kenningar sem fram höfðu komið um hljóðkerfislegar djúpgerðir í kveðskap, þar með taldar þær sem nefndar voru hér að framan. Seinna setti Malone (1982, 1983, 1988) fram kenningar um djúpgerðir í tyrkneskum og hebreskum skáldskap. Manaster Ramer (1994) og Malone (1996) deildu síðan um þetta. Manaster Ramer (1995) leitaðist við að hrekja kenningar Malone um tyrkneskan kveðskap og Hoberman og Manaster Ramer (1999) um hebreskan kveðskap. Þess er ekki kostur að gera öllum þessum deilum skil hér en eitt dæmi mun ég taka til að sýna hvernig rök og mótrök hafa verið sett fram í þessu samhengi.

Í þýsku gildir sú hljóðskipunarregla (eða hljóðkerfisregla) að orðmynd getur ekki endað á rödduðu lokhljóði. Til eru orð sem hafa ýmist raddað eða óraddað lokhljóð í mismunandi beygingarmyndum og er þá dreifingin þannig að óraddaða hljóðið kemur fyrir í bakstöðu en það raddaða í innstöðu. Slík víxl koma til dæmis fram í orðinu *Land* sem hefur fleirtöluna *Länder*. Eintölumyndin hefur óraddaða lokhljóðið [t] en fleirtölumyndin raddað [d]. Þessi víxl eru oft tekin sem dæmi um það hvernig mismunandi kenningar í hljóðkerfisfræði nálgast vandamál. Í hefðbundinni fónemískri hljóðkerfisfræði lítum við svo á að *Land* hafi fónemísku myndina /lant/. Þeir sem gera ráð fyrir erkifónemum líta svo á að andstæðan milli raddaðra og óraddaðra hljóða sé upphafin í bakstöðu og að þar komi fyrir erkifónemið /T/. Fónemísk mynd orðsins verður þá /lanT/. Þeir sem vinna með djúpgerðir gera ráð fyrir baklægu gerðinni #land# sem breytist með afröddunarreglu í [lant] á leiðinni frá orðasafni málnotandans til framburðarins. Einnig eru til orð sem hafa órödduð lokhljóð í öllum beygingarmyndum, til dæmis *Welt* sem hefur fleirtöluna *Welten*. Þar er engin ástæða til annars en að gera ráð fyrir #t# í djúpgerð.

Nú vaknar sú spurning á hvaða stigi rímið sé skilgreint. Er það nóg til að tvö orð rími að á milli þeirra sé samsvörun í yfirborðsgerð? Eða er nauðsynlegt að samsvörunin nái til djúpgerðarinnar? Eins og Kiparsky bendir á er samsvörun í

yfirborðsgerð venjulega fullnægjandi en hann telur sig þó hafa fundið dæmi um auknar kröfur:

In German, most poets rhyme *Mund* “mouth” and *bunt* “colorful” (both pronounced with *t*, but different in basic form, since when you add an ending, such as *e*, *Munde* is pronounced with a *d*). Some poets, however, like Stefan George, who strove to achieve unusually pure poetic language, consistently avoid such rhymes. In other words, Stefan George's poetry rhymes according to forms more basic than that in which final stops are unvoiced. (Kiparsky 1973:242)

Hugmyndin hér er þá að Stefan George (1868–1933) hefði ekki getað rímað saman [munt] og [bunt] því að hann hafi þroskað svo ‘hreina’ tilfinningu fyrir rími að hann hafi miðað við djúperð en ekki yfirborðsgerð. Bragvitund Georges hefur þá haft aðgang að baklægu myndunum #mund# og #bunt# og ekki sætt sig við að ríma þær saman.

Manaster Ramer (1994) tekur þessa hugmynd til gagnrýnnar skoðunar. Hann bendir á að George var læs og skrifandi og vel hægt að hugsa sér að hann hafi ekki miðað rímið við djúperðir í málvitundinni heldur einfaldlega við stafsetninguna. Til að prófa þessa hugmynd leitar Manaster Ramer að orðum sem hafa <d><sup>4</sup> í stafsetningunni en engar framburðarmyndir þar sem raddað hljóð kemur fram. Í slíkum myndum verður að gera ráð fyrir #t# í djúperð og spáir þá djúperðin öðruvísi fyrir um rímið en stafsetningin.

Manaster Ramer finnur tvær myndir af þessu tagi í rími hjá George, sagnmyndirnar *sind* ('eru') og *seid* ('eruð'). Þær reynast ríma við orð með baklægu #d#:

seid : bescheid

sind : wind : lind (Manaster Ramer 1994:319)

Þetta er í samræmi við ritháttinn en varla við kenninguna um hljóðkerfislegar djúperðir. Manaster Ramer bendir einnig á orðið *seit* ('síðan') sem er borið fram eins og *seid*<sup>5</sup> en rímar við orð með baklægt #t#:

<sup>4</sup> Ég nota <oddklofa> til að tákna ritmyndir.

<sup>5</sup> Hér má þó geta þess að hljóðfræðitilraunir hafa sýnt lítinn en tölfræðilega marktækan meðaltalsmun á framburði *t* og *d* í bakstöðu í þýsku. Þetta fyrirbæri er nefnt ófullkomin hlutleysing (e. *incomplete neutralization*) og þekkist úr fleiri málum en deilt er um hljóðkerfislega túlkun þess. Greinilega er að einhverju leyti um áhrif stafsetningar að ræða (Winter og Röttger 2011:60).

seit : herrlichkeit : zeit (Manaster Ramer 1994:319)

Það eru engin samtímaleg víxl í þýsku sem gefa málnotandanum færi á að gera greinarmun á *seid* og *seit*. Ef skáld gerir greinarmun á þessu tvennu í rími er þá varla um annað að ræða en að farið sé eftir stafsetningunni.

Síðan kemur raunar í ljós að í kveðskap Georges er stöku sinnum rímað bæði gegn djúpgerð og stafsetningu. Manaster Ramer tínir til 14 dæmi, hér eru fjögur þeirra:

verkannt : Land : Tand  
beschneit : Kleid  
rot : Tod  
erhollt : Gold (Manaster Ramer 1994:320)

Það virðist því ekki vera neitt fast land undir hugmyndinni um hljóðkerfislega djúpt rím í kveðskap Stefans Georges.

## 1.5 Hugmyndir úr náttúrulegri hljóðkerfisfræði

David Stampe, upphafsmaður náttúrulegrar hljóðkerfisfræði, taldi að bragtilfinningin væri eitt af því sem styrkti kenningar hans um eðli hljóðavíxla. Í kenningu Stampe er gerður greinarmunur á *ferlum* ('processes') og *reglum* ('rules'). Ferlin eru náttúruleg hljóðkerfisfyrirbæri með grundvöll í sammanlegum hljóðfræðilegum tilhneigingum. Reglurnar eru hljóðbeygingarreglur sem eru mismunandi frá máli til máls og lúta engum sérstökum hömlum um eðlileika. Stampe gagnrýnir reglumálfræðina fyrir að byggja djúpgerðir sínar á formum sem miðast bæði við ferla og reglur. Í staðinn telur Stampe að til sé sálfræðilega raunveruleg morfófónemísk gerð sem miðast aðeins við ferli:

Systematic phonemic representations (Chomsky 1964), i.e. representations whose derivations require the agency of rules as well as processes, fail every test I know that might establish their psychological reality. This is in striking contrast to phonemic and morphophonemic representations whose derivations require only processes. (Stampe 1979:80)

Eitt af því sem Stampe telur til marks um að djúpgerðir Chomskys séu ekki sálfræðilega raunverulegar er að þeirra sér ekki stað í rími. Stampe telur að tvö

orð rími ef fónemísk mynd þeirra er tilsvarendi – en að rímið sé betra og algengara ef morfófónemíska myndin er einnig tilsvarendi:

For example, two words rhyme if they match in phonemic representation from their stressed syllabics to the end of the word, e.g. *lens* : *bends*, *reading* : *meeting*, *mix* : *sixths* (if pronounced /siks/), *step* : *leapt* (if pronounced /lEp/), etc. Morphophonemic identity is not sufficient without phonemic identity: *banned* : *hand* rhyme only if the latter is not pronounced /hæn/, etc. But morphophonemic identity is preferred: rhymes like *reading* : *needing* are preferred over *reading* : *meeting*, and are more frequent. Systematic phonemic identity, however, is totally irrelevant: rhymes like *line* : *sign* (cf. *signal*), *revision* : *division* (cf. *revise*, *divide*), *cram* : *damn* (cf. *damnation*) are not perceived as differing from those with matched systematic phonemic representations. (Stampe 1979:80–81)

Þetta eru athyglisverðar fullyrðingar en þær virðast aðallega byggjast á tilfinningu höfundarins fremur en formlegum athugunum á tíðni mismunandi ríms. Hér er rétt að hafa í huga að hin þýska afröddun í bakstöðu er ferli í skilningi náttúrulegrar hljóðkerfisfræði. Kenningin spáir því þá að rím eins og *rot* : *Tod* ættu að þykja verri en önnur og vera sjaldgæfari. Eins og vikið er að í kafla 1.4 er ekki ljóst að þetta sé tilfellið, eða að orsökkin væri endilega hljóðkerfisleg ef þetta reyndist raunin.

Hugsanleg rímpör eins og *reading* : *meeting* eru jafnvel enn erfiðari viðfangs. Þeir sem hafa samfall á *d* og *t* í innstöðu í daglegu máli sínu þekkja venjulega framburð þar sem greinarmunur er gerður og kunna að líta á það sem vandaðri framburð og betur við hæfi í sums konar samhengi. Ekki má heldur líta framhjá áhrifum stafsetningarinnar.

Hugmyndir Stampe um morfófónemískt rím má líta á sem undirflokk af því djúpa rími sem fjallað hefur verið um innan generatífrar málfræði. Ólíkt reglumálfræðingum leggur Stampe þó áherslu á að hið fónemíska stig sé mikilvægt og sálfræðilega raunverulegt. Líkt og Baudouin de Courtenay telur hann til dæmis að allófónísk tilbrigði skipti ekki máli í rími og tekur dæmi þar sem slík tilbrigði eru í frjálsri dreifingu:

Rhymes also give evidence of the difference between phonemic and allophonic perception. The rhymes in /-æt/ in *The cat / that sat / upon the mat* are perfect even if each word has a different allophone of /t/, e.g. *The ca[ʔ] that sa[r] upon the ma[t]*. (Donegan og Stampe 2009:9, sbr. Stampe 1979:81)

## 1.6 Afleiðingar djúpperða

Spyrja má hvort þessar hugleiðingar fræðimanna um djúpperðir í brag hafi einhverjar afleiðingar fyrir málvísindin. Það ætti að vera greinilegt að þær hafa afleiðingar fyrir rannsóknir okkar á sögulegri málfræði þar sem kveðskapur er notaður sem heimild. En hitt skiptir ekki síður máli að ef kveðskapurinn byggist á baklægum gerðum og röðuðum reglum veitir það hefðbundinni generatífri hljóðkerfisfræði verulegan stuðning.

Í inngangsbók um generatífa hljóðkerfisfræði rekur John Jensen allítarlega kenningar Kiparskys um baklægar gerðir í Kalevala-kveðskap (Jensen 2004:237–246). Hann dregur síðan þessa ályktun:

This discussion of metrics has provided strong corpus-external support for a somewhat abstract phonological analysis of Finnish along with a rather complex set of ordered rules. Perhaps the most surprising result is that the metrical analysis relies on a representation which is neither underlying nor phonetic, but intermediate between the two, the result of applying certain rules but before the application of other rules. This in turn **supports the theory of grammar, specifically, phonology, that makes use of abstract underlying representations and ordered rules** to derive their phonetic realizations. (Jensen 2004:246; feitletrun mín)

Veitum því athygli að vitnisburður kveðskaparins myndi ekki aðeins styðja generatífa hljóðkerfisfræði gegn öðrum kenningum heldur einnig gera upp á milli kenninga innan generatífrar hljóðkerfisfræði. Ef kveðskapurinn sýnir fram á að millistig í afleiðslu frá djúplægri gerð að yfirborðsgerð hafi sálfræðilegan raunveruleika þá styður það hefðbundna reglumálfræði. Innan bestunarkenningar, sem hefur í flestum útfærslum engin slík millistig, væri hins vegar mun erfiðara að gera grein fyrir þessu. Kenningar sem ekki gera ráð fyrir baklægum gerðum (t.d. Bybee 2001) væru síðan í mestu vandræðum.

Þessi umræða hefur einnig afleiðingar fyrir samband málfræði og bókmenntafræði. Nigel Fabb (2010) notar baklægu kveðskapargerðirnar í umfjöllun sinni um svokallað *development hypothesis*, sem hann skilgreinir svo:

Contemporary literary linguistics is guided by the 'Development Hypothesis' which says that literary language is formed and regulated by developing only the elements, rules and constraints of ordinary language. (Fabb 2010:1219)

Fabb telur að vitnisburður um baklæga gerð í rími styrki þessa kenningu. Hann segir:



Kiparsky (1970:172) shows that in Finnish the operation of a sequence of ordered rules “is disregarded in the metrics”: for example, the word *kottiin* is positioned in a metrical line such that its surface form is unmetrical but its underlying form */kotihin/* would be metrical. ... Another example of disregarding is rhyme in Turkish suffixes, where specific vowels can rhyme with specific other vowels. Malone (1982) shows that the possible rhymes cannot be parsimoniously explained by the sharing of features between vowels (i.e., not looseness of fit), but can be simply explained by the fact that the relevant suffixes have an identical underlying form ... The Development Hypothesis is strongly evidenced to the extent that it can be shown that the literary rules have access to underlying linguistic form. (Fabb 2010:1223)

Hér er því ýmislegt í húfi og ljóst að vanda þarf til verka. Ef reisa á kenningar í málvísindum og bókmenntafræði á fyrribærum í bragkerfum einstakra þjóða eða menningarsvæða er mikilvægt að rétt sé farið með staðreyndir og að allar mögulegar skýringar séu teknar til greina. Þegar baklæggar gerðir eru notaðar til skýringar á kveðskap verður að gæta þess að þær séu sannarlega besta skýringin og athuga hvort aðrar gætu komið til greina. Ein skýring sem oft kemur til álita er skáldaleyfi og kemur það gjarnan til vegna málbreytinga.

## 1.7 Málbreytingar og skáldaleyfi

Viðamestu og notadrýgstu heimildirnar um málbreytingar fyrri tíðar eru í flestum tilfellum stafsetning og kveðskapur. Í mjög mörgum tilfellum eru báðar þessar gerðir heimilda til vitnis um sömu málbreytingarnar. Til dæmis má taka önghljóðunina *t > ð* sem verður í bakstöðu í beygingarendingum og nokkrum áherslulitlum orðum. Þannig má til dæmis sjá að til forna rímar fornafnið *þat* við orð sem enda á lokhljóði:

Þat vas eggja **at**  
ok odda **gnat**;  
orðstír of **gat**  
Eiríkr at **þat**. (*Höfuðlausn* 9; *Skj* B I:32)

En þegar kemur fram á rímnaöld finnum við dæmi um að fornafnið rími við orð sem enda á önghljóði:

Lýðir tjá fyrir lofðung **það**  
létr er friðr í landi,

þengill vildi þegar í **stað**  
þessu steypa grandi. (*Sörla rímur* III.30; *Rs* II:98)<sup>6</sup>

Sömu breytingu má sjá í stafsetningu, þar sem <þat> vísar fyrir <það>.

Málið er þó ekki svona einfalt, hvorki í stafsetningu né í kveðskap. Talið er að öngljóðunin sem hér um ræðir komi upp á 13. öld og breiðist hratt út. En í ritmálinu eru myndir með <t> algengari en myndir með <d> allt fram á 16. öld. Ræður þar íhaldssemi skrifaranna en algeng orð geta frosið í ritmálinu með stafsetningu sem ekki er lengur í samræmi við framburð.

Í kveðskap gerist það einnig allt til siðaskipta að fornafnið rími við orð sem enda á lokhljóði, eins og í eftirfarandi dæmum:

Brögnum vil eg nú birta **þat**  
hvað Bósi enn frækni hlaupið **gat**  
af firna bjargi flaustrið á  
fimmtigi álna vil eg það tjá. (*Bósa rímur* II.27; Ólafur Halldórsson 1974:47)

Áki í höll með eggja tröll  
inn gekk þar sem hirðin öll  
fekk sér mat og furðaði **þat**  
að fylki eð næsta Háldan **sat**. (*Brönu rímur* XI.30; *Uppskriftir*)

Ef við höldum okkur við þá viðteknu skoðun að eðlilegur framburður orðsins á þessum tíma sé með öngljóði, hvernig ber þá að túlka þessi dæmi? Sem *skáldaleyfi*, gæti einhver sagt, en hér þarf að staldra við og athuga hvað nákvæmlega átt sé við með því orði. Verður fyrst litið á þrjú dæmi um það hvernig fræðimenn hafa notað orðið *skáldaleyfi*. Fyrst er umræða um vísuhelming úr *Höfuðlausn* sem prentaður er á eftirfarandi hátt hjá Finni Jónssyni:

Rauð hilmir hjör,  
þar vas hrafna gör,  
fleinn sótti fjör;  
flugu dreyrug spjör. (*Höfuðlausn* 10; *Skj* B I:32)

---

<sup>6</sup> Í kveðskapartilvitnunum þar sem farið er eftir útgáfum með stafréttum texta hef ég víðast hvar samræmt stafsetningu. Leturbreytingar eru gjarnan gerðar til að auðkenna það atriði sem rætt er um hverju sinni. Þegar aðeins er vísað í eitt eða tvö vísuorð hef ég oft sleppt hástöfum eða greinarmerkjum þar sem þau eru ekki til þess fallin að aðstoða lesandann. Þessa er getið hér í eitt skipti fyrir öll.

Jón Helgason (1969) taldi að hin upphaflega mynd rímorðsins í annarri línu væri *gør* en ekki *gør* og þar af leiðandi væri vísan til orðin eftir samfall /ø/ og /ö/ um 1200.<sup>7</sup> Bergsveinn Birgisson veltir fyrir sér hvort þessi ályktun sé réttmæt:

Det er også kjent at en skald kan ta seg et såkalt *skáldaleyfi*: avvik fra regelen. En kan spørre om det ikke er mulig at en mann som lager et dikt på 20 strofer (kanskje til og med på en natt), kan ha brukt halvrimet *gør* mot ordet *hior*, og tenkt som så at slik får det stå, selv om det ikke rimet helt? (Bergsveinn Birgisson 2007:23)

Seinna áréttar hann frekar:

Jeg nevnte også det såkalte *skáldaleyfi*, som tilsier at en skald kan ha variert (senere) fastsatte versemål-regler, i større eller mindre grad. (Bergsveinn Birgisson 2007:26)

Það sem vakir fyrir Bergsveini hér er að skáldið kynni að hafa brotið gegn ströngustu kröfum kveðskaparins og sett inn hálfmál þar sem venjulega er alrím að finna.

Næsta dæmi um (meint) skáldaleyfi er í vísuhelmingi eftir Gísli Súrsson:

Ok hjørraddar hlýddi  
heggr rjúpkera tveggja,  
koma mun dals á drengi  
dögg, læmingja höggvi. (ÍF VI:110)

Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson leitast við að skýra orðmyndina *læmingja* í síðasta vísuorði. Þeir segja:

gæta ber þess, að hugtaksnöfn á *-ingi* þekkjast ekki annars staðar að fornu, og er því sennilegt, að í mæltu máli hafi verið höfð sterk mynd, *læmingr*, en veika myndin hér í vísunni sé skáldaleyfi. (ÍF VI:111)

Hér hefur orðið skáldaleyfi aðra merkingu en í dæminu að ofan. Nú er ekki átt við að brotið hafi verið gegn ströngustu kröfum kveðskaparins því að ekkert er bragfræðilega athugavert við vísuorðið. Í staðinn er átt við að í kveðskap sé notuð orðmynd sem ekki tíðkast annars í málinu.

---

<sup>7</sup> Haraldur Bernharðsson (2006) hefur fært sannfærandi rök fyrir því að hljóðið *ø* sé upphaflegt í orðinu *gør*, sbr. einnig Jónas Kristjánsson (2006).

Við höfum þá tvær gerðir af skáldaleyfum. Í annarri gerðinni er vikið frá bragfræðilegum kröfum en í hinn er vikið frá kröfum um eðlilegt mál. Í þessu ljósi er vert að líta aftur á vísuna úr Bósa rímum:

Brögnum vil eg nú birta þat  
hvað Bósi enn frækni hlaupið gat

Hvers konar skáldaleyfi er hér á ferð? Ef skáldið hefur borið fram lokhljóð í báðum orðum, sem mér þykir líklegt, hafa þau rímað saman fullkomlega og bragfræðilegum kröfum þá verið fullnægt. Þá hefur skáldaleyfið falist í því að nota orðmyndina *þat* sem ekki var eðlilegt mál. Einnig mætti þó hugsa sér að skáldið hafi séð fyrir sér öngljóðsframburð í fornafninu og lokhljóðsframburð í sagnorðinu. Þá væri vikið frá kröfum bragarins undir áhrifum frá hefð. Hefðin á síðan rætur sínar í málsögunni og styrkist af stafsetningunni.

Tökum nú þriðja dæmið um notkun orðsins skáldaleyfi. Hér talar Finnur Jónsson um útgáfu sína á nokkrum rímum:

Þar sem hendíng heimtar óvanalega raddstafi á einstöku stað hef jeg ritað svo, t. d. *otta* á móti *hrotta* G. II 58 (en *átta* V. I 14), *vén* á móti *knén* V II 35 (en *vænt* IV 12), *kúng-* á móti *úng-* G. II 27; alt slíkt er »skáldaleyfi«, er þó styðst við framburð einstakra manna eða sveita. (Finnur Jónsson 1896:VI)

Hérna er dálítið þokukennt hvað orðið merkir. Eru þeir sem yrkja rímurnar úr þeim sveitum þar sem framburðurinn tíðkast? Væri það þá skáldaleyfi að yrkja eftir eigin framburði fremur en einhverjum algengara framburði? En ef til vill á Finnur við að þeir sem ortu hafi einmitt ekki haft framburðarmyndirnar sem um ræðir í sínu máli heldur þekkt þær úr máli annarra. Þá er hér aftur um skáldaleyfi að ræða í merkingunni 'frávik frá eðlilegu máli þess sem yrkir'.<sup>8</sup>

Í Háttatali Snorra-Eddu er orðið *leyfi* notað á svipaðan tvíræðan hátt og *skáldaleyfi* síðar. Snorri segir til dæmis:

Þriðja leyfi er þat at hafa aðalhendingar í fyrsta eða þriðja vísuorði. Fjórða leyfi er þat at skemma svá samstofur at gera eina ór tveim ok taka ór annarri hljóðstaf. Þat kōllum vér bragarmál, svá sem hér, er kvað Þórarinn máhlíðingr:

Varðak mik þars myrðir  
morðfárs vega þorði. (Faulkes 2007:8)

<sup>8</sup> Umræðu um skáldaleyfi á svipuðum nótum má finna hjá Kristjáni Árnasyni 2013, kafla 6.3

Að láta aðalhendingar standa í ójöfnum vísuorðum er frávik frá eðlilegum brag. En að draga saman tvö atkvæði í eitt er greinilega fyrirbæri sem Snorri lítur á sem frávik frá eðlilegu máli.

Eins og dæmin sýna er oft erfitt að átta sig á hvar frávik eru frá eðlilegum brag og hvar frá eðlilegu máli og getur þetta jafnvel verið óljóst þeim sem orti. Eitt sinn setti ég saman þessa vísu:

Hendur slitna, hausar fjúka, högginn dynja.  
Tröllin öskra, tryllt og vitlaus,  
trévopn brotna, sljó og bitlaus. (*Þórsríma* 21; Haukur Þorgeirsson útg.)

Orðin *vitlaus* og *bitlaus* ríma ekki saman með eðlilegum framburði. Annaðhvort er hér vikið frá kröfum bragarins eða að bera þarf orðið *vitlaus* fram með óvenjulegum framburði. Mér er ekki fyllilega ljóst hvorn kostinn ég hafði heldur í huga. Þess má þá nærri geta að ég get ekki alltaf fullyrt um hvernig málum var háttað í kveðskap fyrri aldar manna.

## 1.8 Hefðarreglur og jafngildisflokkar

Yfirleitt eru skáldaleyfi ekki einstaklingsbundin sérvíska hvers skálds heldur hluti af hefð sem ríkir í bragsamfélaginu. Hefðarregla getur komið til þannig að samsvaranir sem menn þekkja úr verkum fyrri skálda—eða skálda af öðru mállýskusvæði—eru ekki eðlilegar í þeirra eigin máli. Hefðin viðhelst vegna þess að skáldin vilja líkjast fræknum fyrirmyndum eða vegna þess að hún gerir það auðveldara að yrkja.

Hér er þó rétt að gera greinarmun á tvenns konar hefðarreglum. Í fyrra lagi getur hefðin leyft skáldunum að hunsa einhvern greinarmun í málinu. Þetta verður hér kallað *samfellandi hefðarregla*. Regla af þessu tagi getur til dæmis birst þannig að tvö aðgreind hljóð séu sett í einn bragfræðilegan *jafngildisflokk*. Hjá þeim þýsku skáldum sem leyfa sér að ríma saman *ö* og *e* eru þessi hljóð þá í einum jafngildisflokki. Hefðarreglur af þessu tagi eru algengar vegna þess að þær eru auðlærðar og þær létta undir með skáldunum. Það er auðveldara að finna rím ef *ö* má standa á móti *e* og fyrst góðskáldin rímuðu saman *Weh* og *Höh*, hví skyldi ég ekki gera það líka?

Í seinna lagi getur hefðarregla krafist skáldin um að gera einhvern greinarmun sem ekki er (lengur) fyrir hendi í þeirra eigin máli. Þetta verður hér kallað *sundurgreinandi hefðarregla*. Reglu af þessu tagi er erfiðari að læra en

reglu af fyrra taginu. Það er auðvelt að læra að tvö hljóð tilheyri sama jafngildisflokki en það er erfitt að læra að eitt hljóð tilheyri, eftir atvikum, tveimur jafngildisflokkum. Regla af þessu tagi léttir ekki undir með skáldunum heldur gerir þeim erfiðara fyrir. Það kemur því ekki á óvart að hefðarreglur af þessu tagi séu sjaldgæfari en hefðarreglur af fyrra taginu. Þó eru þær til.

Í hefðbundnum kínverskum kveðskap af þeirri gerð sem nefnist *jìntǐ shī* ríma orð saman ef þau eru í sama flokki í *Píngshuǐ yùn* kerfinu. Skáldin notuðu þetta kerfi löngu eftir að það hætti að vera hljóðfræðilega eðlilegt. Þannig rímuðu t.d. saman orðin *yán* < *ngjon* 'orð', *gēn* < *kon* 'rót' og *cūn* < *tshwon* 'þorp' en orðið *yán* < *ngen* 'fallegur' rímaði í öðrum flokki þótt það væri borið eins fram og *yán* < *ngjon* 'orð' (Baxter 1992:94). Það liggur í augum uppi að kerfi af þessu tagi leggur skáldunum miklar byrðar á herðar. Kínversk skáld þurftu að læra utan að langa lista af rímorðum eða sífellt að hafa handbækur til hliðsjónar. Skáldskapur í hefðbundnum stíl var því fyrst og fremst iðja lærðra manna enda þurftu embættismenn að undirgangast hæfnispróf þar sem þeim var gert að yrkja kvæði eftir kúnstarinnar reglum. Það þjónaði því á vissan hátt hagnýtum tilgangi að reglurnar væru flóknar og óaðgengilegar.

Annað dæmi um kveðskap með sundurgreinandi hefðarreglum er hefðbundinn franskur skáldskapur þar sem standa þarf skil á ýmiss konar greinarmun sem kemur ekki fram í framburði. Til dæmis væri ekki rétt að ríma saman *soi* 'sjálfur' og *vois* '(ég) sé' þótt þessi orð myndi rím í framburði (Baxter 1992:94). Einnig þarf t.d. að gæta þess að greina sundur orðin *foi* 'trú' og *foie* 'lifur' þótt enginn greinarmunur sé á þeim í mæltu máli (Manaster Ramer 1994:321). Munurinn á þessum hefðarreglum og þeim kínversku er þó að frönsku skáldin hafa allar upplýsingar sem þau þurfa í stafsetningunni.

Ég hef stundum rekist á það viðhorf að lítið sé að marka vitnisburð skáldskapar í sögulegri málfræði því að ævinlega megji búast við því að skáldin yrki eftir hefðarreglum sem endurspegli ekki þeirra eigið mál. Vissulega þarf að vera á varðbergi gagnvart slíku eins og dæmin sýna. Gagnlegt er þó að hafa í huga muninn á samfellandi og sundurgreinandi hefðarreglum. Samfellandi reglur geta oft komið til álita enda eru þær auðlærðar og auðvelda skáldunum verk sitt. Ef rökstyðja á að sundurgreinandi regla komi til greina þarf hins vegar að gera grein fyrir því hvernig skáldin hefðu átt að læra hana og viðhalda henni. Ef slík regla fær ekki stuðning af stafsetningu eða varðveittum ritgerðum um skáldskap er hún venjulega ekki góður skýringarkostur.

## 1.9 Hljóðfræðileg líkindi

Ein möguleg skýring á því að tiltekin hljóð séu meðhöndluð sem jafngild í kveðskap er að þau séu hljóðfræðilega lík. Hljóðfræðileg líkindi í rími hafa mikið verið rannsökuð og verður hér aðeins getið nokkurra athugana.

Zwicky (1976) athugaði ónákvæmt rím í dægurlagatextum, einkum eftir Bob Dylan og Bítlanu. Dæmin sem hann fann eru meðal annars þessi:

lean – dream  
stop – rock  
end – wind  
bomb – come

Í fyrsta parinu rímar [n] við [m], í næsta pari rímar [p] við [k] og í seinni tveimur dæmunum ríma mismunandi sérhljóð. Niðurstaða Zwicky var að drjúgan hluta dæmanna megi flokka þannig að þau hljóð sem rími saman séu aðeins mismunandi í einum hljóðkerfislegum þætti. Þetta nefnir hann *þáttarím* ('feature rhyme') og telur að þessi mismunur í einum hljóðkerfisþætti hafi í för með sér sérstök líkindi hljóðanna sem um ræðir. Zwicky athugar þann möguleika að rímið byggist á virkum hljóðaferlum í ensku og hafnar honum alfarið (Zwicky 1976:687).

Steriade (2003) athugaði ónákvæmt rím í rúmenskum kvæðum sem komu út á árabílinu 1956–1971. Í þessari málheild eru rímpörin 9791 og þar af eru 693 ófullkomin rím. Niðurstaða Steriade er að hljóðfræðileg líkindi skipti reginmáli í því að ákvarða hvers konar rím komi til greina. Sér í lagi er mikilvægt að hljóðfræðileg líkindi eru samhengisháð. Til dæmis kemur alloft fyrir í ónákvæmu rími að raddað lokhljóð rími við óraddað lokhljóð með sama myndunarstað. Þetta mynstur er þó mjög misalgengt eftir umhverfi. Rím af þessu tagi er sjaldgæfast þegar lokhljóðin eru á milli sérhljóða en algengast á eftir nefhljóði í lok orðs. Þannig er rím eins og *fáta – láda* sjaldgæft en rím eins og *tímp – skímb* algengt (Steriade 2003:588). Steriade útskýrir þetta með því að hljóðeðlisfræðilegi munurinn (e. *acoustic difference*) á /p/ og /b/ sé meiri á milli sérhljóða en í bakstöðu á eftir nefhljóði.

Steriade athugar þann möguleika að hljóð í sumgildum andstæðum sem taka þátt í virkum hljóðferlum þyki líkari en önnur. Þessi kenning fær ekki stuðning í gögnum hennar heldur þvert á móti. Tvö dæmi verða nefnd hér. Hljóðin [ʃ] og [s] taka þátt í hljóðkerfisvíxlum í rúmensku og aðeins [ʃ] kemur fyrir á undan [i]. Ekki er hins vegar að sjá að rúmenskum skáldum þyki þessi hljóð

sérstaklega lík því að [ʃ]-[s]-rím er mjög sjaldgæft. Svipuðu máli gegnir um [i] og [i] en dreifing þessara hljóða er að mestu leyti fyrirsjáanleg og þau skiptast á í beygingu margra orða. Til samanburðar má skoða parið [i]-[u] en þau hljóð hafa ekki fyrirsegjanlega dreifingu og skiptast ekki á í hljóðaferlum eða beygingarvenslum. Steriade bendir á að [i]-[i]-rím er ekki algengara en [i]-[u]-rím og ályktar að hljóðfræðileg líkindi skipti máli en ekki dreifingarlegar staðreyndir (Steriade 2003:593–594).

Til eru fleiri rannsóknir af sama tagi og virðast þær benda í svipaða átt. Nefna verður rannsókn Kawahara (2007) á rími í japönsku rapptextum sem rennir frekari stoðum undir kenningar Steriade. Einnig eru athyglisverðar rannsóknir Johnsen (2012) og McMullin (væntanlegt) þar sem niðurstöður voru ekki dregnar af fyrirfram gefinni málheild heldur málnotendur beðnir að meta hversu góð tiltekin rím séu.

McMullin gerir greinarmun á fjórum leiðum til að meta líkindi milli tveggja máhljóða (sbr. einnig Gallagher og Graff 2012):

a) Hljóðeðlisfræðileg líkindi (e. *acoustic similarity*) eru metin með því að bera saman mismun hljóðanna í einhverjum mældum hljóðeðlisfræðilegum stærðum, til dæmis upphafstíma röddunar eða tíðni sérhljóðaformenda.

b) Hljóðmyndunarleg líkindi (e. *articulatory similarity*) ákvarðast af staðsetningu og vöðvanotkun talfæranna þegar hljóðin eru mynduð (sjá t.d. Mielke 2012).

c) Hljóðkerfisleg líkindi (e. *phonological similarity*) eru oftast ákvörðuð út frá fjölda sameiginlegra hljóðkerfisþátta eða því hversu margir náttúrulegra flokkar eru hljóðunum sameiginlegir (Frisch 1996).

d) Hljóðskynjunarleg líkindi (e. *perceptual similarity*) eru ákvörðuð með tilraunum á málhöfum. Í einum flokki tilrauna eru málhafar látnir greina á milli hljóða við slæm skilyrði og hljóðin eru þá talin líkari eftir því sem þetta reynist erfiðara (e. *confusion-in-noise studies*). Einnig eru gerðar tilraunir þar sem fólk er einfaldlega beðið að meta hversu lík tvö eða fleiri hljóð séu.

Bæði Johnsen og McMullin komast að þeirri niðurstöðu að hljóðskynjunarleg líkindi spái betur til um gæði ríms en hljóðkerfisleg líkindi. Johnsen bendir auk þess á að hljóðeðlisfræðileg líkindi reynist betur en hljóðmyndunarleg líkindi:



This study shows that the simple 12-feature system of acoustic features (Jakobson et al. 1952), which was quickly abandoned, does much better in predicting rhyme acceptability than the rich system of articulatory features, which has developed for decades. A more informed system of acoustic features would probably be better able to reflect listeners' perception of segments. (Johnsen 2012)

Þetta er í góðu samræmi við kenningu Steriade. Við heyrum hljóð en ekki tungur, eins og það er stundum orðað (Ohala 1996).

## 1.10 Samantekt um bragfræðileg jafngildi

Við höfum nú rætt fimm mögulegar skýringar á því að tiltekin hljóð, A og B, séu meðhöndluð sem jafngild í kveðskap:

1. A og B eru brigði af sama hljóðani.
2. Andstæðan milli A og B er sumgild.
3. A og B eru leidd af sama hljóði í baklægri gerð.
4. Hefðarregla segir til um að A og B séu jafngild.
5. A og B eru hljóðfræðilega lík.

Þegar kemur að einhverju tilteknu fyrirbæri í íslenskum kveðskap getur fleiri en einn þessara skýringarmöguleika komið til greina. Þegar valið er á milli þeirra hljótum við þá að hafa í huga hversu vel skýringar af þessu tagi hafa gefist við rannsóknir á kveðskap á öðrum tungum. Það væri til dæmis óvænt að hinar baklægu gerðir reglumálfræðinnar reyndust vera nauðsynlegar til að skýra atriði í íslenskum brag ef þær eru það ekki í kveðskap á öðrum tungum. Eins mætti telja líklegt að hljóðfræðileg líkindi skipti máli í íslenskum kveðskap ef þau gera það víðast eða alls staðar annars staðar þar sem gripið er niður.

Ég veit ekki til að neinn ágreiningur ríki um að hefðarreglur séu til í kveðskap né heldur að hljóðfræðileg líkindi geti þar skipt máli. Hins vegar þekki ég engin skýr dæmi um fyrirbæri sem verða ekki öðruvísi skýrð en með baklægum gerðum eða sumgildum andstæðum. Betra er þá að vera án þeirra enda er það venjulega talið aðferðafræðilega æskilegt að losna við fræðileg konstrúkt sem eru ónauðsynleg eða aukreitit.

## 1.11 Uppbygging bókarinnar

Kenningin sem hér er haldið fram er að íslenskur kveðskapur byggist á hljóðfræðilegum samsvörunum og hefðarreglum. Til að verja þessa hugmynd er nauðsynlegt að skoða þau fyrirbæri þar sem málfræðingar hafa haldið fram dýpri hljóðkerfislegum lausnum og sýna fram á að þær lausnir séu ekki hinar bestu. Fyrst er tekist á við strúktúralískar og generatífar lausnir á fjórum vandamálum í stuðlun og rími:

Kafla 2: Stuðlun  $j$  við sérhljóða að fornu

Kafla 3: Samstuðlun uppgómmæltra og framgómmæltra hljóða

Kafla 4: Samstuðlun þeirra hljóða sem rituð eru með  $\langle h \rangle$

Kafla 5: Rím  $a$  og  $\varphi$  í aðalhendingum í elsta dróttkvæða kveðskap.

Næst er fengist við hegðun samhljóðaklasa í hendingum og endarími. Þar koma við sögu vandamál sem varða stafsetningu, hefðarreglur og eðli ríms:

Kafla 6: Miðmyndarendingin í rími

Þegar hér er komið hafa aðferðafræðilegar undirstöður verið lagðar til að takast á við umfangsmesta viðfangsefnið í þessu riti. Grennslast er fyrir um eðli stoðhljóðsins  $u$  í kveðskap fyrir siðaskipti:

Kafla 7: Hrynjandi í kveðskap síðmiðalda

Kafla 8: Stoðhljóðið  $u$  í kveðskap

Kafla 9: Tónkvæði

Hér færi ég rök fyrir því að sá greinarmunur sem birtist í kveðskap á orðum með stoðhljóðs- $u$  og upphaflegu  $u$  skýrist best af því að íslenska hafi fram á 16. öld haft einhvers konar aðgreinandi tónkvæði líkt því sem finnst í norsku og sænsku.

Að lokum eru niðurstöður um samband bragkerfis og málkerfis dregnar saman:

Kafla 10: Niðurstöður

Þrjár viðaukar fylgja ritgerðinni. Í viðauka A er yfirlit um þann kveðskap sem

notaður er sem heimild í verkinu og er athyglinni sérstaklega beint að tímasetningum kvæða og rímna.

Í viðauka B eru gefnar út Ormars rímur, áður óútgefinn rímnaflokkur frá 15. öld. Rímurnar eru bæði gefnar út stafréttar með lesbrigðum þeirra handrita sem gildi hafa og með samræmdri stafsetningu ásamt bragfræðilegri greiningu. Ormars rímur eru undirstaðan í greiningunni á hrynjandi í kafla 8. Það reyndist heppilegt að búa rímnaflokk til útgáfu frá grunni þannig að textafræðileg vandamál sem tengjast bragfræðilegum atriðum væru tekin til greina jafnóðum.

Í viðauka C eru nokkur dæmasöfn sem texti ritgerðarinnar vísar í en voru of umfangsmikil til að fara vel í meginmáli.



## 2. Stuðlun *j* við sérhljóða

### 2.1 Inngangur

Þekkt er að til forna stuðlaði *j* í framstöðu við sérhljóð eins og í eftirfarandi vísufjórðungi:

Nú grœr jörð sem áðan  
aþtr geirbrúar hapta (Einar Skálaglamm, *Vellekla* 16; *Skj B I*:119–120)

Síðustu aldir tíðkast þessi stuðlun ekki heldur stuðlar *j* aðeins við sjálft sig eins og önnur samhljóð:

Brátt mér þóttu fögru fjöllin fjarri vera;  
jarðarveldi jökla og hvera,  
jaðar grass og hraunið bera. (Sveinbjörn Beinteinsson 1953:59)

Hvað hefur breyst hér og hvers vegna? Um það hafa komið fram hugmyndir bæði af hljóðfræðilegum og hljóðkerfislegum toga. Þessar kenningar eru reifaðar og metnar hér á eftir en ég mun einkum halda á lofti þætti hefðarinnar. Tímasetning breytingarinnar og framgangur hennar reynast nokkuð mikilvæg atriði og er hér reynt að komast að raun um þau áður en farið er í saumana á hinn hljóðkerfislegu túlkun. Fyrst er þó rétt að rekja fyrri rannsóknir í stuttu máli.

### 2.2 Fyrri skýringar og athuganir

Björn Karel Þórólfsson leitaði hljóðfræðilegrar skýringar á breyttri stuðlasetningu:

Í skáldskap stuðlar *j* með sjerhljóðum fram um 1600. ... Það er augljóst að fram undir 1600 hefur *j* í byrjun orðs haft meira sjerhljóðseðli en nú. Hendingar með *j* : *ʒ* eru eftirtektaer verðar, en þess ber að gæta, að það er eingöngu *j* inni í orði sem rímað er á móti *ʒ*-i, en *j* með sjerhljóðsgildi í stuðlasetningu er auðvitað altaf í byrjun orðs. Virðist auðsætt af því sem nú er greint, að *j* inni í orði hefur breytst í blásturshljóð á 13. öld, en í byrjun orðs hefur *j* verið hálfhljóð fram undir 1500 og ekki fengið sama hljóðgildi sem nú fyr en í kring um 1600; upp frá því er *j* blásturshljóð, hvort sem er í byrjun orðs eða inni í orði. (Björn K. Þórólfsson 1925:XXV–XXVI; með *ʒ* á Björn Karel við [ʏ])

Björn telur með öðrum orðum að á 16. öld verði breyting á framburði *j* í framstöðu þannig að það tapi sérhljóðseðli sínu og verði öngljóð. Þetta er í dálítilli andstöðu við að [j] er ekki sérlega öngljóðskennt í nútímaframburði.

Hreinn Benediktsson tekur ekki undir hugmynd Björns um framburðarbreytingu. Hann telur að tvær breytingar á samhljóðum hafi haft áhrif á íslenska hálsérhljóðakerfið:

1. Samfall varð á /f/ og /v/ í innstöðu. Þannig tóku *hæfi* og *ævi* að ríma og eins *þorrf* og *gorv-*. Þessi breyting verður snemma á íslenskri ritöld.
2. Tap á *g* í innstöðu á undan *j* og *i*. Fyrst taka orðmyndir eins og *fleygja* og *deyja* að ríma en síðar einnig orðmyndir eins og *vegi* og *fleygi*. Þessi breyting hefst á 13. öld.


Þessar breytingar telur Hreinn að hafi smám saman leitt til þess að hálsérhljóðin voru endurtúlkuð sem samhljóð (Hreinn Benediktsson 1969:24–25). Hreinn ræðir ekki um breytingar í stuðlasetningu en hægt er að ímynda sér að hann hafi talið þessa endurtúlkun orsakavaldinn í þeim efnum. Sá galli er þó á þessari skýringu að Hreinn setti *v* og *j* undir sama hatt. Hins vegar hefur *v* alltaf í íslenskum kveðskap stuðlað við sjálfst sig en ekki á móti sérhljóðum (sjá þó nánar kafla 9.8).

Jón Axel Harðarson telur, eins og Hreinn, að ekki hafi orðið framburðarbreyting á *j* í framstöðu heldur hljóðkerfisleg endurtúlkun. Þessi endurtúlkun takmarkast í lýsingu Jóns við *j* en ekki *j* og *v*. Jón telur ekki að *g* hafi tapast í innstöðu heldur skýrist samfall *eygja* og *eyja* af hljóðbreytingunni [j] > [j]. Jón segir:

Af ofangreindu er ljóst að breytingin [j] > [j] hefur byrjað um og upp úr 1200. Útbreiðsla hennar var skjótust í orðmyndum þar sem [j] stóð á milli langs sérhljóðs (eða tvíhljóðs) og uppmæltis sérhljóðs. Um það höfum við allmörg dæmi frá 13. öld. Á milli sérhljóðs og [r] og á milli stutts sérhljóðs og *j* nær breytingin hins vegar lítilli útbreiðslu fyrr en á síðara hluta 14. aldar. (Jón Axel Harðarson 2007:87)

Samkvæmt Jóni hafði þessi hljóðkerfislega endurtúlkun *j* það í för með sér að það „hætti smám saman að stuðla við sérhljóð“ (Jón Axel Harðarson 2007:86). Nánar er fjallað um þetta í kafla 9.7.

Hjá Ragnari Inga Aðalsteinssyni (2010) er að finna athugun á stuðlasetningu með *j* frá upphafi íslensks kveðskapar og fram til nútímans. Ragnar Ingi rannsakaði 1200 braglínupör frá hverri öld og taldi hversu oft *j* stuðlaði við sérhljóð á hverju tímabili. Niðurstaða hans er eftirfarandi:



*Tíðni j-stuðlunar (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:214)*

Svo er að sjá sem tíðni sérhljóðastuðlunar með *j* haldist nokkurn veginn óbreytt frá upphafi og fram á 16. öld. Síðan verður skyndileg breyting um 1600 þannig að fyrirbærið hverfur úr sögunni. Þessar niðurstöður eru ef til vill nokkuð óvæntar miðað við kenningu Jóns Axels Harðarsonar. Jón Axel telur að hvarf stuðlunarvenjunnar sé afleiðing málbreytinga sem áttu sér stað á 13. og 14. öld. Þess væri þá e.t.v. að vænta að einhvern tíma á því tímabili tæki að draga úr slíkri stuðlun fremur en að það gerðist skyndilega 200 árum síðar. Miðað við gögn Ragnars Inga mætti heldur ætla að hvarf *j*-stuðlunar eigi rætur sínar að rekja í breytingu sem gerst hefur um 1600. Ragnar telur, eins og Björn Karel áður, að framstöðuhljóðið *j* hafi tekið breytingum í framburði og þannig færst milli jafngildisflokka (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:282).

Hér eru þó ekki öll kurl komin til grafar og vert að athuga málið á nýjan leik. Í rannsókn Ragnars Inga er ekki athugaður kveðskapur frá 15. öld vegna þess að þar er nafngreindum skáldum ekki til að dreifa. Frá 16. öld athugaði Ragnar þrjú skáld, Jón Arason, Magnús Jónsson prúða og Einar í Eydölum en vert væri að vita hvort önnur mynd af stuðlavenjum þess tíma fæst ef meiri kveðskapur er athugaður.<sup>9</sup>

<sup>9</sup> Eitthvað virðist reyndar hafa skolast til í birtingu gagnanna hjá Ragnari Inga. Af myndinni sem endurbirt er hér að framan (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:214) er svo að sjá sem dæmi um *j*-stuðlun á 16. öld séu á fimmta tug. Í töflunum á bls. 314–315 virðast þau hins vegar aðeins vera 22. Misræmi milli þess sem lesa má úr grafinu og töflunum er einnig að finna þegar aðrar aldir eru skoðaðar.

## 2.3 Aðferðafræðilegar forsendur

Ég tek hér til athugunar tíðni j-stuðlunar í kveðskap fyrir siðaskipti. Fyrst er rétt að gera grein fyrir nokkrum aðferðafræðilegum atriðum.

Í flestum íslenskum bragarháttum, til dæmis dróttkvæðum hætti og ferskeyttum hætti, koma ljóðstafir fyrir í þrenndum. Þá eru tveir stuðlar í frumlínu og einn höfuðstafur í síðlínu. Ein stuðlaþrennd er þá í hverju braglínupari.

Í braghendum hætti er venjulega látið svo heita að vísuorðin séu þrjú og hið fyrsta sé sér um stuðla:

**Óðinn** lætur **efna** þing á **Ásavöllum**,  
rekkar drifu úr Rögns höllum,  
ræðan tókst með goðunum öllum. (*Prymlur* II.7; *Rs* I:283)

Einnig mætti þó skipta fyrsta vísuorðinu niður á þennan hátt enda benda greinarmerki í handritum stundum til þess að svo eigi að gera:

**Óðinn** lætur **efna** þing  
á **Ásavöllum**

Þetta má einu gilda. Það sem mestu varðar er að í braghendri vísu eru tvær stuðlaþrenndir hvernig sem braglínurnar eru taldar.

Í sumum bragarháttum koma ljóðstafir fyrir í þörum fremur en þrenndum. Þannig er í stuðlafalli að fyrsta vísuorð hefur tvo ljóðstafi en seinni tvö vísuorðin hafa samtals þrjá:

**Veizlan** gekk með **vegsemd** út og þrýði,  
**fullar** hendr af **flæðar** eim  
**flestir** báru þegnar heim. (*Blávus rímur og Viktors* VIII.47; *Rs* II:661)

Hér eru í hverri vísu ein stuðlatvennd og ein stuðlaþrennd.

Í fornyrðislagi er ýmist einn stuðull eða tveir í frumlínum:

Sótti **breiða**  
**borg** Jórsala  
**orr** oddviti  
**út** í lǫndum,  
áðr í vatni,  
þats **vígði** goð,



Sigurðr af sér  
synðir þvægi. (Ívar Ingimundarson, *Sigurðarbálkur* 3; *Skj B I:467–468*)

Í fyrsta braglínupari eru hér tveir ljóðstafir en í því næsta þrír, þá aftur tveir og svo loks þrír. Í vísunni eru greinilega tvær stuðlatvenndir og tvær stuðlaprenndir. En stundum er ekki auðvelt að ákvarða hvort vísuorðapar myndar stuðlatvennd eða stuðlaprennd:

Jafnt er okkar  
ást í milli  
sem hús standi  
halt á brekku (*Bryngerðarljóð* 46.1–4; Ólafur Davíðsson 1898:89)

Í þessari vísu er stuðlaprennd í fyrsta braglínupari ef *j* stuðlar við sérhljóð en stuðlatvennd ef svo er ekki. Sést þá vel að það er flókið að nota kveðskap undir fornyrðislagi í rannsóknum af þessu tagi enda er ekki alltaf gott að vita hvað skáldið ætlaði sér. Það sama gildir um ljóðahátt, kviðuhátt og aðra skylda háttu.

Þess er að vænta að tíðni ýmiss konar stuðlunarfyrirbæra sé önnur í stuðlatvenndum en stuðlaprenndum. Til dæmis er *j* ekki sérstaklega algengt upphafshljóð og orð sem byrja á *j* alls ekki stór hluti af mengi allra orða sem byrja á sérhljóði. Meðan *j* stuðlar við sérhljóð er þess því ekki að vænta að það gerist oft af tilviljun að þrjú orð sem hefjast á *j* stuðli saman. Það er strax miklu sennilegra að *tvö* orð sem hefjast á *j* veljist af tilviljun í sama ljóðstafapar. Í *Ynglingatali* segir til dæmis:

ok salr bjarttr  
þeira Sökmímis  
jötunbyggðr  
við jöfri gein. (Þjóðólfur úr Hvini, *Ynglingatal* 2; *Skj B I:7*)

Gögn um stuðlatvenndir er þess vegna ekki heppilegt að setja í sama tölfræðilega sarp og gögn um stuðlaprenndir. Þar sem stuðlaprenndir eru miklu algengari tek ég hér þann kost að rannsaka þær einar.

Sérnöfn skapa annað aðferðafræðilegt vandamál. Í kvæðum þar sem mikið er fjallað um nafngreinda menn með nöfn sem hefjast á *j* er þess að vænta að skáldin hafi oftast tilefni til að stuðla með *j*. Svo rammt kveður raunar að þessu að til eru kvæði þar sem *j* er svo að segja aldrei stuðlað við sérhljóð nema þegar um mannsnöfn er að ræða. Í Jarlmanns rímum kemur sérhljóðastuðlun með *j* 12 sinnum fyrir og í 9 af þessum tilfellum er orðið sem ber ljóðstafinn *Jarlmann*.

Skáldið gat vitanlega ekki sleppt því að nota nafn söguhetjunnar og illa færi á því að hafa það aldrei í stuðlasetningu. Fleiri dæmi má finna í töflunum hér á eftir.

Ég hef brugðið á það ráð að aðgreina j-stuðlun með sérnöfnum frá annarri j-stuðlun og telja sérstaklega. Með þessu móti held ég að fáist réttari mynd af því hvað skáldunum var tamt.

## 2.4 Gögn

Í eftirfarandi töflu eru gögn sem ég hef safnað um j-stuðlun í verkum tímasetjanlegra skálda frá upphafi til 13. aldar sem skilið hafa eftir sig 80 eða fleiri stuðlaprenndir:

Skáld	Prenndir	J+sérhljóð	Hlutfall	Sérnafns-j	J við j
<b>Fyrir 1000</b>					
Þjóðólfur úr Hvini	86	3	3,49%	0	0
Egill Skallagrímss.	200	8	4,00%	0	0
Gísli Súrsson	133	0	0,00%	0	0
Kormákur	266	5	1,88%	0	0
Einar skálaglamm	134	13	9,70%	1	0
Eilífur Guðrúnarson	84	2	2,38%	1	0
Hallfreður	257	2	0,78%	1	0
<b>11. öld</b>					
Þórður Kolbeinsson	107	4	3,74%	0	0
Björn hítðælakappi	87	1	1,15%	1	0
Sighvatur	582,5	26	4,46%	3	0
Óttar svartí	128	5	3,91%	4	0
Þormóður Kolbr.	156	2	1,28%	1	0
Arnór jarlaskáld	290,5	14	4,82%	4	0
Þjóðólfur Arnórsson	298	11	3,69%	0	0
Steinn Herdísarson	96	4	4,17%	0	0
Markús Skeggjason	109	5	4,59%	1	0
<b>12. öld</b>					
Einarr Skúlason	509,5	17	3,34%	3	0
Háttalykill	266	3	1,13%	0	0
Rögnvaldur jarl	130	4	3,08%	0	0
<b>13. öld</b>					
Bjarni Kolbeinsson	173	2	1,16%	0	1
Snorri Sturluson	424	16	3,77%	0	0
Sturla Þórðarson	247	10	4,05%	1	0

Eins og sést er það almenn venja hjá skáldum á þessu tímabili að stuðla *j* við sérhljóð. Hæst er tíðni slíkrar stuðlunar hjá Einari skálaglamm og lægst hjá Gísla Súrssyni en sá síðarnefndi er eina skáldið sem ekkert dæmi finnst hjá. Hér er rétt að benda á að Einar var hirðskáld og orti fyrir Hákon jarl. Af 13 dæmum um *j*-stuðlun hjá Einari eru 6 með orðinu *jarl* og 4 með orðinu *jöfur*. Gísli var hins vegar ekki hirðskáld og þurfti því lítt að notast við þessi orð í sínu verki. Munurinn þarf hér ekki að stafa af öðru en tilviljun og mismunandi yrkisefnum. Orðin *jöfur* og *jarl* eru hjá flestum skáldunum drjúgur hluti af þeim orðum sem stuðla með *j*.

Þegar reiknað er meðalhluftfall stuðlunar *j* við sérhljóð hjá skáldunum á hverri öld fyrir sig verða niðurstöður eftirfarandi:

Tímabil	Meðaltíðni <sup>10</sup> <i>j</i> -stuðlunar í stuðlaprenndum
9. –10. öld	3,2%
11. öld	3,5%
12. öld	2,5%
13. öld	3,0%

Hér verður ekki séð að nein greinileg breyting hafi orðið á stuðlunarvenjum með *j*. Tíðnin er nálægt 3% á öllum tímabilunum og munurinn ekki meiri en svo að hann gæti skýrst af tilviljun eða yrkisefnum. Hér er þó bagalegt hversu litlu efni er til að dreifa frá tólftu og þrettánda öld. Skáldin sem mikið hafa skilið eftir sig, til dæmis Snorri og Sturla, kynnu að hafa ort í fornlegri stíl en almennt tíðkaðist á þeim tíma sem þau voru uppi.<sup>11</sup> Sú mynd virðist eigi að síður skýr að stuðlun *j* við sérhljóða lifir góðu lífi fyrir 1300. Aðeins eitt dæmi er um að *j* sé stuðlað við sjálft sig en það er í Jómsvíkingadrápu Bjarna Kolbeinssonar:

jólanótt at Jaðri  
 Jómsvíkingar kvæmi (*Jómsvíkingadrápa* 17.3–4; *Skj B II:4*)

Ekki er gott að segja hvort þetta dæmi er tilviljun eða hvort það er til marks um að Bjarna hafi þótt stuðlun *j* við sjálft sig fegurri en stuðlun *j* við sérhljóða, sem

<sup>10</sup> Hér er meðaltíðnin reiknuð þannig að hverju skáldi er gefið jafnmikið vægi. Einnig væri hægt að deila heildarfjölda *j*-þrennda á hverju tímabili með heildarfjölda stuðlaprennda. Niðurstaðan er ekki verulega frábrugðin.

<sup>11</sup> Ólafur Þórðarson hefur 7 dæmi um *j*-stuðlun í 66 stuðlaprenndum. Samanlagt hafa Kolbeinn Tumason, Guðmundur Svertingsson og Ingjaldur Geirmundarson aðeins 2 dæmi í 138 stuðlaprenndum. Ef til vill hafa Snorri og frændur hans tveir, Sturla og Ólafur, ort í fornlegri stíl en samtímamenn þeirra (sbr. Fidjestøl 1999:293)

hann notar aðeins tvisvar sinnum. Hafa má í huga að Bjarni var ekki Íslendingur.

Frá fjórtánda öld eru fjögur nafngreind skáld með fleiri en 80 stuðlaprenndir:

Skáld	Prenndir	J+sérhljóð	Hlutfall	Sérnafns-j	J við j
Arngrímur ábóti	276	8	2,90%	1	0
Eysteinn	396	11	2,78%	12	0
Einar Gilsson	442	7	1,58%	0	0
Árni ábóti	321	1	0,31%	1	0

Meðaltalið hér er 1,9%, talsvert lægra en frá öldunum á undan. Arngrímur og Eysteinn, sem eru uppi á fyrri hluta aldarinnar, hafa meðaltalið 2,8% en Einar og Árni, sem uppi voru á seinni hluta aldarinnar, hafa meðaltalið 0,9%. Gögnin eru ekki nógu ríkuleg til að draga ályktanir með vissu en þetta bendir til að breyting sé orðin á stuðlunarvenjum með *j* um miðja 14. öld.

Frá fyrri hluta 16. aldar eru fjögur tímasetjanleg skáld.<sup>12</sup> Ég tek hér með Jón Hallsson þótt nokkru færri en 80 stuðlaprenndir séu í Ellikvæði<sup>13</sup> hans:

Heiti	Prenndir	J+sérhljóð	Hlutfall	Sérnafns-j	J við j
Hallur Ögmundarson	1790	2	0,1%	19	4
Jón Arason	385	0	0,0%	8	6
Kvæði um Ögmund	141	0	0,0%	0	0
Jón Hallsson	66	0	0,0%	0	0

Hér er greinilegt að breyting hefur orðið frá 14. öld. Í fleiri en 2000 varðveittum stuðlaprenndum þessara fjögurra skálda kemur það aðeins tvisvar sinnum fyrir að *j* sé stuðlað við sérhljóð án þess að um nafn sé að ræða. Hins vegar kemur það 10 sinnum fyrir að *j* sé stuðlað við sjálft sig og 27 sinnum fyrir að nafn sem hefst á *j* (langoftast *Jesús*) sé stuðlað við sérhljóð.

Næst er að líta á *j*-stuðlun í rímum fyrir 1550. Í eftirfarandi töflu er rímunum raðað í aldursröð Björns Karels Þórólfssonar (sbr. viðauka A 5–6).

<sup>12</sup> Eftir Hall eru kvæðin Nikulásdrápa, Náð, Gimsteinn, Mikaelstjarna, Sælust sjóvar stjarna og Maríublóm. Eftir Jón Arason tel ég hér lausavísur, Davíðsdikt og Píslargrát. Höfundur kvæðisins um Ögmund er ókunnur en það er tímasetjanlegt með ytri rökum til 1540. Sjá viðauka A.3.

<sup>13</sup> Ég leyfi hér 22. vísunni að fljóta með þótt vera kunnir að hún sé viðbót (sbr. Guðrún Nordal 2005:218–219).

Heiti	Prenndir	J+sérhljóð	Hlutfall	Sérnafns-j	J við j
Sörla rímur	408	6	1,47%	1	0
Ólafs ríma Haraldssonar	130	1	0,77%	0	0
Völsungs rímur	558	2	0,36%	1	0
Lokrur	290	0	0,00%	0	0
Friðþjófs rímur	622	8	1,29%	0	0
Ólafs rímur A	210	0	0,00%	0	0
Úlfhams rímur	540	4	0,74%	0	0
Þrymlur	158	8	5,06%	0	0
Geðraunir	1438	19	1,32%	0	0
Sigmundar rímur	388	6	1,55%	0	0
Þrændlur	410	8	1,95%	0	0
Dámusta rímur	460	1	0,22%	3	0
Hjálmþjers rímur	1254	3	0,24%	0	0
Blávuss r. og Víktórs 1–8	782	2	0,26%	2	1
Jóns rímur leiksveins	280	0	0,00%	3	1
Virgiless rímur	204	0	0,00%	0	0
Ólafs rímur B	340	8	2,35%	0	4
Gríms rímur og Hjálmars	276	0	0,00%	0	1
Rímur af Sigurði fót	562	0	0,00%	0	0
Sálus rímur og Níkanórs	1186	21	1,77%	0	0
Filippó r. eða Krítar þ.	858	13	1,52%	0	0
Grettis rímur eða Grettlur	956	1	0,10%	0	0
Geirarðs rímur	830	31	3,73%	0	0
Bjarka rímur	810	15	1,85%	0	0
Skáld-Helga rímur	768	16	2,08%	1	0
Griplur	730	12	1,64%	0	0
Herburts rímur	330	3	0,91%	0	0
Geiplur	462	14	3,03%	3	0
Skíða ríma	404	3	0,74%	0	0
Landrjes rímur	1126	0	0,00%	0	0
Skikkju rímur	378	20	5,29%	1	0
Konráðs rímur	1100	2	0,18%	0	1
Dínus rímur	338	5	1,48%	0	0
Sturlaugs rímur	816	0	0,00%	2	0
Klerka r. eða Klerkaspil	480	1	0,21%	0	0
Mágus rímur	1072	0	0,00%	0	0
Rímur af H. Hringsbana	574	3	0,52%	0	0
Bósa rímur	1206	0	0,00%	0	0
Vilmundar rímur	2210	1	0,05%	0	0
Áns rímur	1090	12	1,10%	3	0
Bærings rímur 7–12	520	7	1,35%	1	0
Króka-Refs rímur	988	1	0,10%	0	0
Hrólfis r. Gautrekssonar	526	2	0,38%	0	0

Ormars rímur	374	0	0,00%	0	0
Rímur af Ölvi sterka	582	6	1,03%	0	0
Ektors rímur 1–12	1704	7	0,41%	3	0
Andra rímur 1–9	1406	5	0,36%	0	1
Reinalds rímur	1342	27	2,01%	0	0
Rímur af Mábil sterku	1014	17	1,68%	2	0
Sigurðar rímur þögla	1350	4	0,30%	0	0
Hemings rímur	828	0	0,00%	1	0
Rímur af Þóri Hálegg	712	6	0,84%	1	1
Andra rímur 10–13	472	2	0,42%	0	0
Jarlmanns rímur	1920	3	0,16%	9	1
Þjófa rímur	564	0	0,00%	0	0
Brönu rímur	2374	75	3,16%	8	0
Skógar-Krists rímur	300	1	0,33%	1	0
Ólafs rímur C	94	0	0,00%	0	0
Jónatas rímur	384	6	1,56%	9	0

Þegar á elsta skeiði koma fyrir rímnaflokkar þar sem *j* er sjaldan eða aldrei stuðlað við sérhljóð. Og á yngsta skeiði er enn að finna rímur þar sem *j* er stuðlað við sérhljóð í miklum mæli, sérstaklega á þetta við um Brönurímur. Á heildina litið er samt greinilegt að stuðlun *j* við sérhljóða dvínar eftir því sem fram líða stundir:

<b>Tímabil</b>	<b>Meðaltíðni <i>j</i>-stuðlunar við sérhljóð</b>
Fyrsta tímabil BKP	1,21%
Annað tímabil BKP	0,85%
Þriðja tímabil BKP	0,77%
Fjórdða tímabil BKP	0,68%

Björn Karel minnst aldrei á tíðni *j*-stuðlunar sem tímagreinandi einkenni og ekkert bendir til að hann hafi notað hana á þann hátt. Þegar við drögum þá ályktun að dregið hafi úr slíkri stuðlun er því ekki um neinn aðferðafræðilegan vítahring að ræða.

Með mínum eigin tímabilaskiptingum (sbr. viðauka A 5–6) eru niðurstöðurnar eftirfarandi:

<b>Tímabil</b>	<b>Meðaltíðni <i>j</i>-stuðlunar við sérhljóð</b>
u.þ.b. 1350–1400	1,63%
u.þ.b. 1400–1450	1,05%
u.þ.b. 1450–1500	0,88%
u.þ.b. 1500–1550	0,58%


Rétt er að athuga að ólíkt Birni nota ég tíðni *j*-stuðlunar sem tímagreinandi einkenni. Ég hef þó yfirleitt gefið því lítið vægi.

## 2.5 Niðurstöður um tímasetningu

Við getum nú lítið á þróun *j*-stuðlunar í heild eftir þeim gögnum sem kynnt hafa verið í undanfarandi töflum. Meðaltöl eftir tímabilum líta svona út:

9.–13. öld	3,20%
1300–1350	2,84%
1350–1400	1,50%
1400–1450	1,05%
1450–1500	0,88%
1500–1550	0,44%

Fyrir tímabilin 1350–1400 og 1500–1550 hef ég sameinað gögn um rímur og kvæði. Fyrir tímabilin 1400–1450 og 1450–1500 hef ég aðeins rímur við að styðjast. Gera verður þann fyrirvara að fyrir tímabilið 1300–1350 er mjög litlum gögnum til að dreifa. Töfluna má einnig setja upp með myndrænum hætti:



Tímabilið 9.–13. öld er hér ekki sundurgreint en nánari athugun á því verður að finna í væntanlegri doktorsritgerð eftir Klaus Johan Myrvoll. Myrvoll tjáir mér að þegar öll gögn eru skoðuð megi greina að dragi úr *j*-stuðlun þegar á 12. og 13. öld.

Hér hefur þróunin eftir 1550 ekki verið skoðuð en fyrri rannsóknir benda til að enn dragi úr *j*-stuðlun á síðari hluta 16. aldar og hún komi ekki fyrir nema sem sjaldgæf undantekning eftir það (sbr. þó Gylfi Hafsteinsson 2011:75).

## 2.6 *J*-stuðlun sem tímasetjandi einkenni

Eins og töflurnar fyrir framan sýna er þegar um 1400 að finna skáld sem stuðla *j* sjaldan eða aldrei við sérhljóð og enn á 16. öld að finna skáld sem beita slíkri stuðlun í miklum mæli. Það er því ekki svo að kvæði hljóti að vera mjög gamalt þótt í því sé að finna *j*-stuðlun né heldur að það hljóti að vera mjög ungt ef slíka stuðlun skortir. Eigi að síður er þetta fyrirbæri sem vert er að gefa gaum þegar kvæði eru tímasett. Kveðskapur þar sem verulega ber á stuðlun *j* við sérhljóð er líklegur til að vera að öðru jöfnu eldri en sá þar sem hún er ekki til staðar.

Í áður útgefinni grein (Haukur Þorgeirsson 2010a) hef ég beitt *j*-stuðlun sem rökum um tímasetningu kvæða og var þar um að ræða kvæði undir fornyrðislagi, Gullkársljóð og Hrafnagaldur Óðins. Gott væri að koma þessum athugunum á fastari fót en eins og rökstutt var að ofan er þó ekki heppilegt að beita mælingum á tíðni *j*-stuðlunar í stuðlaþrenndum beint á kvæði undir fornyrðislagi. Hér er því vert að gera dálitla athugun á *j*-stuðlun í fornyrðislagi sérstaklega.

Ég hef tekið til athugunar kvæði undir fornyrðislagi með fleiri en 80 braglínupörum í Konungsbók Eddukvæða. Í þessu samhengi virðist aðferðafræðilega happadrýgst að telja aðeins dæmi þar sem bragfræðilega er nauðsynlegt að gera ráð fyrir *j*-stuðlun. Nokkur dæmi munu skýra hvað ég á við.

Í Hymiskviðu koma fjórum sinnum fyrir braglínupör þar sem kann að vera að *j* stuðli við sérhljóð:

ϕnn fecc iϕtni / orðbæginn halr (*Hymiskviða* 3.1–2; Kuhn 1962:88)

áttniðr iϕtna, / ec viliac ycr (*Hymiskviða* 9.1–2; Kuhn 1962:89)

óteitr iϕtunn, / er þeir aptr rero (*Hymiskviða* 25.1–2; Kuhn 1962:92)

oc enn iϕtunn / um afrendi (*Hymiskviða* 28.1–2; Kuhn 1962:93)

Í engu þessara tilfella er nauðsynlegt að gera ráð fyrir *j*-stuðlun. Þannig myndu



vísuorð eins og *\*Áttniðr þursa* eða *\*Óteitr Hymir* geta komið í stað 9.1 og 25.1 að ofan án þess að bragarhátturinn færi forgörðum. Í vísuorðum af þessum gerðum er enda nóg að fyrra orðið beri stuðul. Í töflunni hér fyrir aftan eru tilfelli af þessu tagi ekki talin með. Að öðru leyti er sömu aðferðafræði og áður beitt.

Kvæði	Braglínupör	J+sérhljóð	Hlutfall	Sérnafns-j	J við j
Atlakviða	175	1	0,57%	0	0
Grípisspá	209	1	0,48%	0	0
Guðrúnarhvöt	87	4	4,60%	3	0
Guðrúnarkviða I	100	4	4,00%	0	1
Guðrúnarkviða II	175	5	2,86%	2	1
Hamdismál	106	1	0,94%	4	1
Helgakviða Hjörvarðss.	100	4	4,00%	0	0
Helgakv. Hundingsbana I	227	3	1,32%	0	0
Helgakv. Hundingsbana II	210	4	1,90%	0	0
Hymiskviða	152	0	0,00%	0	0
Oddrúnargrátur	125	3	2,40%	0	0
Sigurðarkv. hin skamma	279	6	2,15%	3	0
Völundarkviða	143	4	2,80%	0	0
Völuspá	269	4	1,49%	3	0
Þrymskviða	109	11	10,09%	8	0

Í þessum Eddukvæðum eru þrjú tilfelli um að *j* stuðli við sjálft sig en í stuðlaprenndum skálda fyrir 1300 var aðeins að finna eitt slíkt dæmi. Eins og áður var vikið að er þetta það sem við mátti búast. Tiltölulega auðvelt er að velja saman tvö orð sem hefjast á *j* af tilviljun.

Þrymskviða sker sig hér nokkuð úr vegna þess að þar er þrástagast á orðinu *jötunn*. Svipaða stöðu má sjá í Þrymlum og af sömu ástæðu. Meðalhlutfall *j*-stuðlunar í töflunni er 2,46% en miðgildið er 2,15%.

Í umfjöllun minni um Gullkársljóð (Haukur Þorgeirsson 2010a) benti ég á að stuðlun *j* við sérhljóð kemur fjórum sinnum fyrir í kvæðinu en í því eru 284 braglínupör. Hlutfallið er þá 1,41%. Það mundi ekki skera sig úr meðal fornra kvæða og er í góðu samræmi við þá ágiskun mína að kvæðið sé frá miðri 14. öld.

Í grein um Þóruhljóð (Haukur Þorgeirsson 2011b) ræddi ég nokkur aldursákvarðandi einkenni þess kvæðis og taldi það vera frá svipuðum tíma og Gullkársljóð. Þar minntist ég ekki á *j*-stuðlun en sannleikurinn er að ekkert dæmi er í kvæðinu um að *j* stuðli við sérhljóð. Eðlilegt er að spyrja hvort þetta veiki ekki þá kenningu mína að kvæðið sé gamalt. Ég tel að svo sé ekki. Í fyrsta

lagi er kvæðið stutt, aðeins 84 braglínur. Í öðru lagi er vert að líta á þau tvö tilfelli þar sem orð með *j* koma fyrir í kvæðinu:

þar var haldin / jóla veisla (*Póru ljóð* 5.1–2; Haukur Þorgeirsson 2011b:214)  
lítt sem liðu / jól af höndum (*Póru ljóð* 21.1–2; Haukur Þorgeirsson 2011b:216)

Í bæði þessi braglínur vantar ljóðstafina. Þetta kynni að orsakast af því að upphaflega hafi *j* í þessum vísuorðum stuðlað við sérhljóð en þessi tilhögun hafi raskast í munnlegri geymd. Elsta handrit kvæðisins er frá 1665 en þeirrar tíðar menn hafa ekki lengur haft tilfinningu fyrir því að *j* stuðli við sérhljóð. Þá hefur verið líklegra en ella að slík vísuorð gangist til.

## 2.7 Hljóðkerfisleg túlkun

Samkvæmt þeim gögnum sem hér hafa verið kynnt dregur stöðugt úr stuðlun *j* við sérhljóða frá og með 14. öld en þróunin þar á undan er óljósari. Þetta gæti samrýmst kenningu Jóns Axels Harðarsonar um hljóðkerfislega endurtúlkun á *j* tengda hljóðbreytingum á 13. og 14. öld. Lítum nú nánar á þessa hugmynd.

Svokallað g/k-hljóðvarp bendir til að framgómmeðt önghljóð hafi verið til í norður-germönsku þegar á frumnorrænu stigi. Þannig má ætla að þágufallsmyndin *degi* sé orðin til úr frumnorrænu *\*degē* < *\*dagē*. Sérhljóðið /ē/, sem seinna varð að /i/, olli ekki i-hljóðvarpi svo að líklegt er að önghljóðið í *\*dagē* hafi verið framgómmeðt og valdið hljóðvarpi. Af þessi má svo aftur draga þá ályktun að norrænar myndir eins og *degi* hafi haft [j]. Ef þetta er samþykkt sjáum við að [j] rímar við uppgómmeðt önghljóð, sem sennilega hefur verið til bæði raddað og óraddað:

almtaugar laust ægir (Eilífur Guðrúnarson, *Þórdrápa* 15.5; *Skj B I*:143)  
rógs brá rekka lægir (Hallfreður vandræðaskáld, *Ólafdrápa* 7.1; *Skj B I*:149)

Í fyrri dæminu má ætla að [ɣ] rími við [j] en í seinna dæminu að [x] rími við [j], ef við reiknum með að önghljóðið í *rógs* sé óraddað eins og á síðari tímum. Upphaflega eru þetta allt hljóðbrigði af sama hljóðani en á norrænum tíma telur Jón Axel að [j] sé orðið sjálfstætt hljóðan og vísar til lágmarkspara eins og *leigja* : *leiga* sem hann telur að aðgreinist aðeins af því að í fyrri orðinu sé framgómmeðt önghljóð en í því seinna uppgómmeðt, *leigja* sé sem sagt [lei:ja] en ekki [lei:jja]. Þar mundi þá rithátturinn <gi> tákna [j]. Í orðum eins og *segja*

[sejja] telur Jón Axel hins vegar að <gi> tákni [jj] og eru til þess eftirfarandi rök. Í norrænu þróuðust orð með mismunandi hætti eftir því hvort rötarsérhljóðið var langt eða stutt. Þannig hefur t.d. *selja* stutt sérhljóð í rót og varðveitt *j* í norrænu (gotn. *saljan*) en *dæma* hefur langt sérhljóð í rót og ekkert *j* í norrænu (gotn. *domjan*). Samkvæmt þessari dreifireglu ætti *segja* að hafa *j* en *leigja* ekki.

Nú mætti ef til vill hugsa sér að <gi> tákni alls staðar [jj] og að þróunin í orðum eins og *leigja* hafi verið önnur en í orðum eins og *dæma*. Þá væri hægt að telja [j], [ɣ] og [x] afbrigði af sama hljóðani og skýra rím milli þeirra þannig. Líklegra virðist þó að Jón Axel hafi á réttu að standa og verður þá að skýra rímið öðruvísi. Einn möguleiki væri að hugsa sér að rímið hafi komið til þegar [ɣ], [j] og [x] voru enn hluti af sama hljóðani, það er að segja á frumnorrænum tíma, en viðhaldist fyrir hefð. Hér höfum við þó enn það vandamál að við vitum ekki hvort hendingar hafa verið notaðar í frumnorrænum skáldskap (sbr. kafla 6.2).

Til gamans má velta fyrir sér hvernig skýring í anda generatífrar hljóðkerfisfræði myndi líta út. Við gætum hugsað okkur að *leigja* sé í raun #leiɣja# í baklægri gerð og að virk hljóðkerfisregla breyti #ɣj# í [jj]. Baklæga gerðin myndi þá endurspeglar eldra málstig eins og iðulega í generatífum greiningum. Rímið væri síðan skilgreint á stigi á undan þessum útreikningi og það sem virðist vera rím [j] og [ɣ] er í raun rím #ɣ# og #j# í baklægri gerð. Við þessa skýringu eru þó miklir erfiðleikar. Ef #leiɣja# verður að [leija], hvers vegna verður þá #seyja# ekki að [seja]? Hljóðkerfisreglan hlyti þar með að taka tillit til lengdar sérhljóðsins en vandséð er hvaða forsendur málnotandinn gæti haft til að álykta um slíka reglu.

Skýring Jóns Axels er eftirfarandi:

En þrátt fyrir að [j] og [ɣ] hafi tilheyrt tveimur aðskildum fónemum, /j/ og /ɣ/, hafa þau verið talin náskyld, ekki aðeins vegna tíðra víxla þeirra innan sömu beygingardæma, eins og bent hefur verið á, heldur einnig sökum þess að fónemískur munur þeirra var upphafinn í stöðu á undan [ɪ] og [j]; hér kom aðeins /j/ fyrir. (Jón Axel Harðarson 2007:88)

Hér er þá komin hugmyndin frá Trubetzkoy og Martinet (sbr. kafla 1.3) sem Hreinn Benediktsson notaði til að skýra annars vegar rím /a/ og /ɔ/ og hins vegar rím nefjaðra og ónefjaðra sérhljóða.

Um 1300 kemur upp ný tegund af rími, þar sem [j] rímar við [ɣ]. Dæmi:

geiga létuð gyldar sýjur (Sturla Þórðarson, *Hrynhenda* 15.7–8; *Skj B II*:117)  
frægar bið ek at mér ljái meyjjar (*Katrínardrápa* 2.5; *Skj B II*:569)

Þetta virðist hanga saman við að [j] og [j] renna saman, bæði í stafsetningu (Jón Axel Harðarson 2007:82) og kveðskap:

Hverr var lystr er heyrði fyrstr  
háls fyrir tiggja að **beygja**,  
lýðrinn vill þó lykt sé ill  
lifa með honum og **deyja**. (*Sálus rímur* IV.45; *Rs II*:714)

Jón Axel túlkar þetta sem afleiðingar hljóðbreytingar [j] > [j]. Eftir þessa hljóðbreytingu taka [γ] og [j] þátt í hljóðkerfislegum eða hljóðbeygingarlegum víxlum eins og í *hagi* (með [j]) og *haga* (með [γ]). Jón Axel hugsar sér að við þessa breytingu sé [j] endurtúlkað hljóðkerfislega sem framgómmælt önghljóð. Þá má líta svo á að munurinn á [j] og [γ] sé upphafinn í tilteknu hljóðkerfislegu umhverfi og kenning Trubetzkoy's myndi þá spá fyrir um að litið sé á [j] og [γ] sem „lík hljóð“. Ef til vill myndi einhverja vilja skýra rímið með þessu. Vænlegra væri þó kannski að hugsa sér að rímið styðjist við hefð, fyrst [j] rímaði við [γ] fyrir hljóðbreytinguna er í einhverjum skilningi eðlilegt að [j] rími við [γ] eftir hljóðbreytinguna, að minnsta kosti fyrst í stað.

Þá erum við loksins komin að stuðlasetningunni. Eftir að [j] er endurtúlkað sem önghljóð segir Jón Axel að ekki sé eðlilegt að það stuðli við sérhljóð.<sup>14</sup> Slík stuðlun ætti þá að stríða gegn brageyranu og leggjast af. Tímasetningarnar virðast koma nokkuð vel heim og saman því að breytingin [j] > [j] virðist breiðast út um 1300 og greinilega dregur mjög úr stuðlun [j] við sérhljóð á 14. öld.

Stuðlun [j] við sérhljóð leggst þó greinilega ekki af þegar í stað eftir að [j] er orðið [j] enda má enn á 16. öld finna skáld sem nota hana í svipuðu magni og fornskáldin. Í bragvitund þeirra skálda hefur [j] verið í sama jafngildisflokki og sérhljóðin enda hafa þau alist upp við skáldskap þar sem stuðlun [j] við sérhljóð kemur fyrir. Þar hefur skapast spenna milli hefðarinnar og þess sem er hljóðkerfislega eðlilegt. Á endanum bíður hefðin lægri hlut.<sup>15</sup>

<sup>14</sup> Rétt er að hafa í huga að stuðlun með *j*, sem er aðalviðfangsefnið hér, er í aukahlutverki í grein Jóns Axels. Endurtúlkun á stuðlasetningunni hníkar ekki endilega meginniðurstöðum hans.

<sup>15</sup> Við getum hugsað okkur að hefðin hafi haft nokkurn stuðning á því að í ritmálinu stóðu táknið <i> og <j> ýmist fyrir sérhljóð eða samhljóð. Ekki verður þó fullýrt um þetta enda stuðlaði /v/ ekki við sérhljóð þótt táknið <u> og <v> gætu staðið fyrir sérhljóð.

Ég sé ekkert sem mælir beinlínis gegn því að skýring Jóns Axels geti verið rétt. En hér má þó spyrja: Hvaða forsendur eru nauðsynlegar eða nægjanlegar til þess að málnotendur líti á [jV] í framstöðu sem sérhljóðskennt upphaf? Myndi mælendum allra tungumála sem aðgreina [j] og [j] þykja eðlilegt að stuðla [jV] við sérhljóð? Hvers vegna stuðla [j] og [j] saman í fornensku (sbr. Minkova 2003:113–120)? Til þess að skýringin öðlist fullkominn sannfæringarkraft væri æskilegt að sýna fram á að hún byggist á almennum forsendum sem myndu gilda í öðrum málum með sömu hljóðkerfislega byggingu. Þetta þyrfti því nánari athugunar við.

Ef málnotendur hefðu skynjað [jV] í upphafi orða sem tvíhljóð væri stuðlun *j* við sérhljóða skiljanleg. En ef t.d. *ja* var tvíhljóð mætti e.t.v. ætla að það taki einungis þátt í rími við *ja*.<sup>16</sup> Mörg gömul dæmi eru hins vegar til um að *jalj* og *a/* rími í aðalhendingum. Hér eru nokkur (sbr. einnig Kahle 1892:49–54):

goðvarðr und sik **jorðu** (Þorbjörn hornklofi, *Glymdrápa* 6.4; *Skj A I:23*)  
**jarl**manns bani **snarla** (Egill Skallagrímsson, lausavísa 10.2; *Skj B I:44*)  
v**orð**, þanns sitr at **jorðu** (Einar skálaglamm, lausavísa 1.2; *Skj B I:124*)  
farlig sæing **jarli** (Tindur Hallkelsson, *Hákonardrápa* 1.4; *Skj B I:136*)  
farligs at vin **jarla** (Hallfreður vandræðaskáld, *Erfidrápa* 9.6; *Skj B I:152*)

Af þessu mætti ráða að orð eins og *jarl* hafi varla haft eiginleg tvíhljóð á 10. öld (sbr. einnig Sievers 1893:36–37; Jón Axel Harðarson 1997:xxxvi). Að *j* sé hálf-sérhljóð fremur en önghljóð virðist því varla duga til að skýra stuðlun þess við sérhljóð.

Loks má nefna að niðurstöður Jóns Axels um hljóðbreytingar á 13. og 14. öld ganga ekki endilega gegn þeirri hugmynd Björns Karels Þórólfssonar að *j* hafi forðum haft „meira sjerhljóðseðli“. Í máli þar sem /j/ og /j/ eru aðgreind fónem má vænta að þess þurfi að gæta að ekki sé þrengt að loftrásinni við framburð á /j/. Eftir að þessi fónem renna saman er væntanlega meira rými fyrir önghljóðskennða útfærslu á /j/ en áður var.

## 2.8 Hefðartúlkun

Við stöndum frammi fyrir eftirfarandi spurningum:

---

<sup>16</sup> Sbr. Hsu 2003:358 sem athugar kvæði ort á mállýsku nokkurri sem töluð er á Tævan. Niðurstaða hans er að tvíhljóðið /iu/ rími aðeins við sjálft sig en aldrei við /u/.

- a) Hvers vegna stuðlar *j* við sérhljóða í norrænum kveðskap?
- b) Hvers vegna dvín þessi stuðlun eftir því sem tímar líða?
- c) Hvers vegna stuðlar *j* ekki við sérhljóð í fornensku og fornsaxnesku?
- d) Hvers vegna stuðlar *w* ekki við sérhljóð í norrænu, fornensku né fornsaxnesku?

Gott væri að hafa hér lausn sem gæti skýrt þetta allt. Líklegt virðist að stuðlun sérhljóða við hálf-sérhljóð sé ekki hljóðkerfislega eðlileg enda skýrast þá liðir b, c og d á einu bretti. Þá er stuðlun sérhljóða við *j* í norrænum skáldskap einhvers konar frávik sem þarf að skýra sérstaklega.

Mikilvæg röksemd í þessu máli eru dæmin um ofstuðlun með *j* sem Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2010:250–252) hefur bent á. Í athuguninni í kafla 2.4 kemur fram að Snorri Sturluson notar 16 sinnum *j*-stuðlun og mætti þá ef vil vill álykta að hann hafi haft skýra tilfinningu fyrir því að *j* stuðlaði við sérhljóð. En þegar gögnin eru skoðuð betur má efast um þetta eins og eftirfarandi fimm dæmi úr Háttatali sýna:

ránhegnir gefr Rínar / rǫf; spyr ætt at jǫfrum (*Háttatal* 26.3–4; *Skj B II*:68)  
hátt þrátt hǫlða áttar, / hrauð auð jǫfurr rauðum (*Háttatal* 37.5–6; *Skj B II*:71)  
velr ítrhugaðr ýtum / otrgjöld jǫfurr snotrum (*Háttatal* 41.1–2; *Skj B II*:72)  
á aldinn mar orpit, / þat's oss frami, jǫfrar (*Háttatal* 67.7–8; *Skj B II*:80)  
árla sér, ungr jarl, / allvaldr breka fall (*Háttatal* 77.3–4; *Skj B II*:82)

Ef *j* stuðlar skýlaust við sérhljóða eru hér fimm dæmi um ofstuðlun eða aukaljódstafi. Að öðru leyti forðast Snorri vandlega ofstuðlun eins og önnur fornskáld. Við eigum því varla annan kost en að túlka gögnin þannig að þessi fimm dæmi að ofan hafi ekki sært brageyra Snorra. Ragnar Ingi bendir á að skáld stuðli gjarnan „í báðar áttir þegar breytingar eru að ganga yfir“ (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:252) og virðist það eiga ágætlega við hér. Breytingin sem gerði það að verkum að orðmyndir eins og *ætt* og *jöfrum* hættu að stuðla saman hefur því verið hafin þegar á dögum Snorra.

Eldri dæmi eru einnig til. Í verkum Þjóðólfs Arnórssonar, sem uppi var um miðja 11. öld, eru þessi vísuorð:

innan eina gunni, / ǫrleiks, Dana jǫrlum (*Sexstefja* 17.3–4; *Skj B I*:343)  
ǫrð sær Yrsu burðar / inndrött jǫfurr sinni (*Sexstefja* 27.1–2; *Skj B I*:345)  
út es sem innan líti / arnar væng með jarni (*Lausavísa* 21.7–8; *Skj A I*:382)

Ekki er vænlegt að skrifa öll þrjú dæmin á röskun í varðveislunni enda eru tvö þeirra rímbundin. Líklegra virðist að tvíræðni um eðli *j*-orða hafi verið komin til sögunnar þegar á 11. öld. Vera má að enn eldri dæmi finnist, hér hefur ekki verið leitað alls staðar.

Í túlkuninni í kafla 2.7 er stuðlun *j* við sérhljóða dvínandi hefðarregla frá og með 14. öld. En nú má velta fyrir sér hvort þessi stuðlun sé orðin hefðarregla miklu fyrr. Hvernig gæti slík hefð hafa komið til? Það sem hér má hafa í huga er að germanskt *j* í framstöðu hvarf þegar á frumnorrænum tíma. Þau orð sem hefjast á *j* í forníslensku eru komin af orðum sem hófust á sérhljóði á eldra málstigi. Upphafsj-ið varð til við klofningu eða við þróun tvíhljóðsins \**eu*. Nokkur dæmi með samanburði við fornensku:

fe.	físl.
eoh	jór
eorl	jarl
eorðe	jorð
eofor	jofurr

Engan furðar að ensku orðin *eoh* og *eorðe* stuðli við sérhljóða og frumnorrænar orðmyndir eins og \**ehwaz* og \**erþu* hafa vandræðalaust gert það líka. Þegar \**ehwaz* og \**erþu* þróuðust í þá átt að hafa upphafs-[j] hefur verið auðvelt að læra það af eldri kveðskap að orð með upphafs-[j] séu í jafngildisflokki með sérhljóðunum. Þarna hafa með öðrum orðum verið þrýðileg skilyrði fyrir samfellandi hefðarreglu.

Þessi skýring gerir ráð fyrir að sú hefðarregla að stuðla *j* við sérhljóð lifi mjög lengi þótt hún sé ekki hljóðfræðilega eðlileg. Ég sé þó ekki að það sé sérstaklega ósennilegt. Sá sem orti Brönu rímur á 16. öld stuðlaði óspart *j* við sérhljóð þótt það hafi þá vísast verið af hefðinni einni saman. Ekkert virðist koma í veg fyrir að þetta hafi skáldin einnig gert mörgum öldum fyrr.

Loks verður ekki undan því vikist að fara nokkrum orðum um stuðlun *v* við sérhljóða. Slík stuðlun virðist einstaka sinnum koma fyrir í Eddukvæðum eins og menn tóku eftir þegar á 18. öld (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:212). Fyrirbærið er greinilega mjög sjaldgæft og hafa ber í huga að ýmis dæmi er einnig að finna um vísuorð sem skortir alfarið stuðla. Hugo Gering telur 27 dæmi um línur án stuðla í 6400 línunum alls eða um 2,4% (Gering 1910:235; sbr. einnig Classen 1913:16–17). Hins vegar telur hann sex alveg örugg dæmi um stuðlun *v* við sérhljóða Gering bendir á að ef þessar sex línur séu taldar gallaðar sé hlutdeild þeirra í heildarfjölda gallaðra lína óeðlilega há. Réttara sé því að líta

svo á að línurnar séu ekki gallaðar heldur raunverulega þess eðlis að *v* stuðli við sérhljóð í þeim.

Gering telur þrjú dæmi um stuðlun *v* við sérhljóða í *Lokasennu* en eitt í *Prymskviðu*, *Guðrúnarkviðu* II og *Oddrúnargrát*. Nokkuð sláandi er að þrjú dæmi sé að finna í einu kvæði og það er ekki heldur svo að Lokasenna sé neitt óvenjulega afbakað eða rangstuðlað kvæði. Er því rétt að athuga dæmin nánar:

mangi er þér í orði vinr (*Lokasenna* 2.6; Kuhn 1962:97)

rístu þá, Víþarr, / oc lát úlfs fǫður (*Lokasenna* 10.1–2; Kuhn 1962:98)

ok era þó óno verr (*Lokasenna* 36.6; Kuhn 1962:103)

Hér er vissulega svo að sjá að orðmyndir sem hefjast á *v* stuðli við orðmyndir sem hefjast á sérhljóði. En það er erfitt að trúa því að tilviljun ráði að sérhljóðsorðin hófust öll á *v* á eldra málstigi, sbr. fe. *word* og *wulf* og físl. *ván*. Í fornensku finnast dæmi um að *word* og *wine* stuðli saman (t.d. *Waldere* 12, Muir 1989:43; *Beowulf* 30, Klaeber 1950:2) og stuðlunin í *Lokasennu* 2.6 væri hljóðrétt á frumnorrænu málstigi.

Ég hygg því að þau fáu dæmi sem finnast um stuðlun *v* við sérhljóða byggist ýmist á fornum arfi eða tilviljanakenndum afbökunum.



### 3. Stuðlun framgómmeðtra og uppgómmeðtra lokhljóða

#### 3.1 Inngangur

Höskuldur Þráinsson (1981) hefur bent á þá athyglisverðu staðreynd að framgómmeðt og uppgómmeðt lokhljóð stuðla saman í íslenskum kveðskap. Nokkur dæmi nefnir Höskuldur um þetta, þar á meðal þessi:

smiður, kóngur, kennarinn,  
kerra, plógur, hestur. (Stephan G. Stephansson)

Gaman er að gifta sig,  
gefi saman prestur (Þura í Garði)  
(Höskuldur Þráinsson 1981:118)

Orðið *gaman* hefur [k] í framstöðu en orðin *gifta* og *gefi* hafa [c]. Skáldin stuðla óhikað saman orð með þessum tveimur upphafshljóðum og væri gott að hafa á því einhverja skýringu. Höskuldur leggur til að framgómmeðta hljóðið sé leitt af uppgómmeðtu hljóði í baklægri gerð. Ef stuðlunin miðast við baklægu gerðirnar fæst þá hljóðkerfisleg skýring á því hvers vegna *gaman* og *gifta* stuðla. Einnig má hugsa sér, í reglumálfræðilíkani, að stuðlunin miðist ekki við baklægu gerðirnar heldur eitthvert millistig í útleiðslunni áður en framgómunarreglan kemur til framkvæmda.

Eitt sem Höskuldur nefnir ekki er að það er ekki nóg með að framgómmeðt og uppgómmeðt lokhljóð stuðli saman heldur standa þau einnig saman í innrími (sbr. Þorgeir Sigurðsson 2001:223). Dæmi:

Nefndist *Herkir* hetjan *sterka*,  
hreystiverkum frá  
sögur *gengu* glæstar *lengi*  
göfgum *drengjum* hjá. (*Háttatal* 101; Sveinbjörn Beinteinsson 1953:19)

Hér mætti hugsa sér að *Herkir*, *lengi* og *drengjum* hafi uppgómmeðt lokhljóð í baklægri gerð og að rímið miðist við baklægar gerðir, eða að minnsta kosti ekki yfirborðsgerðina.

Í þessum kafla er hins vegar rökstutt að baklægar gerðir séu ekki besta skýringin á stuðlun eða rími framgómmeðtra og uppgómmeðtra hljóða og að

fremur sé rétt að gera hér ráð fyrir samfellandi kveðskaparhefð með fornar rætur. Kaflinn er þannig byggður að fyrst eru reifuð og gagnrýnd rök generatífra málfræðinga fyrir því að framgómælt hljóð séu leidd af uppgómæltum í baklægri gerð. Síðan er annarra skýringa leitað á stuðlasetningunni.

### 3.2 Rök Gussmanns fyrir uppgómæltum hljóðum í baklægri gerð

Töluvert hefur verið ritað um hugsanleg vensl framgómæltra og uppgómæltra hljóða í íslensku (Orešnik 1977; Kristján Árnason 1978, 2005:248–252; 2011:100–103; Wurzel 1980; Gussmann 1984; Guðvarður Már Gunnlaugsson 1993; Ingibjörg B. Frímansdóttir 2001). Sá sem hvað ítarlegast hefur rökstutt að framgómælt hljóð séu leidd af uppgómæltum í baklægri gerð er Edmund Gussmann (1984). Er því rétt að fjalla um röksemdir hans.

Gussmann bendir á að ýmis samhljóð geta komið fyrir í framstöðu á undan /j/ eins og sjá má í orðmyndunum *bjarga*, *djúp*, *fjatra*, *ljóð*, *mjúkur*, *njóta*, *þjanka*, *rjóma*, *sjó*, *tjörn* og *þjóð* (Gussmann 1984:152). Ef litið er á /k/ og /c/ sem aðskilin fónem bregður svo við að að hvorugt þeirra getur komið fyrir í þessu samhengi. Ef litið er á [c] sem /kj/ fellur hins vegar allt í ljúfa löð.

Nú má deila um hversu langt sé hægt að ganga í því að gera ráð fyrir baklægum myndum til að einfalda hljóðskipunarreglur málsins. Hér skal ég taka annað dæmi. Ekkert orð í íslensku byrjar á \*/vja-/ , \*/vjá-/ , \*/vji-/ , \*/vjí-/ , \*/vju-/ , \*/vjú-/ , \*/vjo-/ , \*/vjó-/ , \*/vjæ-/ , \*/vjö-/ , \*/vjei-/ eða \*/vjau-/ . Hins vegar eru til allnokkur orð sem hefjast á /vje-/ . Í mínu máli eru það að minnsta kosti *vél*, *vé* og *vér* og orð leidd af þeim. Í orðabókum má finna fleiri orð, svo sem *véli*, *véri*, *véringar*, *vétt* og *véttur*. Þetta virðist nokkuð afgerandi mynstur, rétt eins og bannið við [k] á undan [j], sem Gussmann hefur áhyggjur af. Ef við notum stafsetninguna eða málsöguna sem innblástur að lausn gætum við hugsað okkur að \*/vj- sé í rauninni ekki tækur samhljóðaklasi í framstöðu. Það sem birtist sem /je/ í yfirborðsgerð orða eins og *vél* sé í rauninni eitt sérhljóð, #é#, í baklægri gerð. Síðan má gera ráð fyrir hljóðkerfisreglu sem breytir #é# í /je/ einhvers staðar í útleiðslunni. Þetta myndi „útskýra“ hvers vegna við sjáum aðeins /vje-/ í yfirborðsgerðinni en ekki \*/vja-/ , \*/vjá-/ o.s.frv. Ekki þykir mér þetta þó sennileg hugmynd. Betra virðist að setta sig við að röð sögulegra breytinga hafi hér skapað mynstur sem á sér enga sérstaka samtímalega réttlætningu. Að sama skapi finnst mér ekki að hljóðskipunarrök Gussmanns séu afgerandi um eðli framgómæltu hljóðanna.

Gussmann bendir á að /j/ komi fyrir sem viðskeyti í ýmsum sögnum þar sem skyld orð hafa ekki /j/:

tamur	temja
vani	venja
glaður	gleðja
val	velja
spurn(ing)	spyrja
krafa	krefja
lap	lepja
flutning	flytja (Gussmann 1984:152)

Einnig koma fyrir sagnir með framgómmæltu hljóði þar sem skyld orð hafa uppgómmælt hljóð:

veikur	veikja
vakur	vekja
reykur	reykja
sókn	sækja
langur	lengja
sorg	syrgja
hanga	hengja
hringur	hringja
plógur	plægja
þögn	þegja (Gussmann 1984:153)

Túlkun Gussmanns er að í málvitundinni séu orðapör eins og *veikur/veikja* tengd á sama hátt og orðapör eins og *tamur/temja*. Þetta er hugsanlegt en er þó varla augljóst. Orðmyndunaraðferðin sem hér um ræðir er forn og varla virk í nútímamáli. Ég þekki engin nýleg dæmi um sagnir myndaðar með j-viðskeyti og engin nefnir Gussmann. Það er engan veginn víst að í huga málnotenda séu orðapörin sem um ræðir tengd á reglubundinn hátt, hvað þá að hann dragi af þeim þá ályktun að [c] sé #kj# í baklægri gerð. Vísbendingar eru um að reglulegt hljóðasamband milli skyldra orða sé ekki mjög afgerandi þáttur fyrir málvitundina (Ohala og Ohala 1987).

Gussmann bendir einnig á sterkar sagnir úr annarri hljóðskiptaröð:

bjóða – býð – bauð – buðum – boðið
brjóta – brýt – braut – brutum – brotið
njóta – nýt – naut – nutum – notið
gjóta – gýt – gaut – gutum – gotið
kjósa – kýs – kaus – kusum – kosið (Gussmann 1984:153)

Hér sjáum við að nafnhátturinn hefur [j] í sögnunum *bjóða*, *brjóta* og *njóta*. Í sögnunum *gjóta* og *kjósa* er ekki [j] en þar er framgómmælt lokhljóð. Af þessu mynstri má hugsa sér að málnotandinn álykti að sagnir eins og *kjósa* hafi #kj# í baklægri gerð.

Hér má þó benda á að beyging og hljóðskipti sterkra sagna eru ekki sérstaklega virk mynstur í málinu og þar koma fyrir ýmis tilbrigði. Það er til dæmis greinilega ekki svo að allar sagnir úr annarri hljóðskiptaröð hafi [j] í fyrstu kennimynd:

lúta – lýt – laut – lutum – lotið  
súpa – sýp – saup – supum – sopið

Sagnirnar *súpa* og *krjúpa* beygjast alveg eins nema hvað önnur hefur ekki [j] í fyrstu kennimynd. Það er greinilega engin leið að ímynda sér að *súpa* hafi ## í baklægri gerð. Eins má þá hugsa sér að *gjóta* hafi ekki endilega ## í baklægri gerð. Hrafnhildur Ragnarsdóttir (1998:273) nefnir dæmi um þátíðarmyndunina *staut af stúta* í barnamáli. Þetta sýnir að málnotendur geta skynjað og virkjað hljóðbeygingarmynstrið *ú-au* án þess að *j* komi við sögu.

Gussmann bendir einnig á sagnir úr þriðju hljóðskiptaröð:

bjarga – berg – barg – burgum – borgið  
skjálfa – skelf – skalf – skulfum – skolfið  
gjalla – gell – gall – gullum – gollíð (Gussmann 1984:153)

Mér eru aðeins kunnar tvær sagnir til viðbótar sem hafa kloffningu: í fyrstu kennimynd svo að rétt er að hafa þær með:

gjalda – geld – galt – guldum – goldið  
hjálpa – (help) – (halp) – (hulpum) – hólpið

Nú mætti hugsa sér að málnotandinn álykti að fyrst *gjalla* og *bjarga* hafi sömu beygingu hljóti þær báðar að hafa ## í baklægri gerð í fyrstu kennimynd. Í raun ná þessi rök þó engri átt því að sterka beygingin á *bjarga* (og *hjálpa*) er varla hluti af málvitund flestra málhafa nútímaíslensku. Eftir standa þá aðeins sagnirnar *skjálfa*, *gjalla* og *gjalda* án systkina sem hafa [j] í framburði.

Beyging veikra sagna verður Gussmann einnig að umtalsefni. Hann bendir á að til séu veikar sagnir sem enda á /ja/ í fyrstu kennimynd en eru /j/-lausar í

annarri kennimynd. Einnig eru til veikar sagnir sem hafa framgómmælt hljóð í fyrstu kennimynd en uppgómmælt hljóð í annarri kennimynd:

telja – taldi  
berja – barði  
styðja – studdi  
spyrja – spurði  
þekja – þakti  
vekja – vakti  
leggja – lagði  
hyggja – hugði (Gusmann 1984:154)

Hér má hugsa sér að *þekja* hafi #kj# í baklægri gerð sem komi fram sem /c/ á yfirborðinu. Þetta er þó varla eina túlkunin sem kemur til greina. Þátíðarmyndirnar *þakti*, *vakti*, *lagði* og *hugði* hafa vissulega uppgómmælt hljóð en það er öngljóð fremur en lokhljóð. Myndirnar *leggja* og *hyggja* hafa auk þess langt samhljóð, en við það er engin hliðstæða í sögnum með /ja/-endingu í fyrstu kennimynd. Dæmin styðja því ekki kenningu Gusmanns á neinn ótvíræðan hátt.

En þrátt fyrir að hægt að malda í móinn við hvern lið í rökfærslu Gusmanns er því ekki að neita að dæmi eru um beygingarmynstur þar sem framgómmælt lokhljóð virðist svara til samhljóðs að viðbættu /j/-i. Það gæti stutt kenningu Gusmanns. Hitt væri þó erfitt fyrir þessa kenningu ef til væru beygingarmynstur þar sem framgómmælt lokhljóð svara greinilega ekki til samhljóðs að viðbættu /j/-i. Þetta sjáum við þó í beygingu sterkra sagna og einskorðast það ekki við sérstakan hljóðskiptaflokk. Ef uppgómmælt hljóð er í framsöguhætti þátíðar er framgómmælt hljóð í viðtengingarhættinum:

vikum – vikjum  
rukum – rykjum  
rákum – rækjum  
tókum – tækjum  
fengum – fengjum  
lékum – lékjum

Þegar stofninn endar á öðrum hljóðum í framsöguhætti er ekkert j í viðtengingarhætti:

bitum – bitum (ekki \*bitjum)  
rufum – ryfum (ekki \*ryfjum)

brustum – brystum (ekki \*brystjum)  
námum – næmum (ekki \*næmjum)  
báðum – bæðum (ekki \*bæðjum)  
fórum – færum (ekki \*færjum)  
létum – létum (ekki \*létjum)

Þetta sýnir að [k] og [c] geta skipst á í beygingu án þess að [j] komi við sögu í öðrum orðum innan sama beygingarmynsturs. Gussmann reynir að skýra þetta þannig að viðtengingarháttarmyndirnar hafi #j# í baklægri gerð en hljóðbeygingarregla fellir það á brott á eftir samhljóðum, baklæga #j#-ið komi hins vegar upp á yfirborðið ef stofninn endar á sérhljóði. Til stuðnings þessari hugmynd bendir Gussmann á eftirfarandi beygingu:

sáum – sæjum

Þetta dæmi sýnir þó varla það sem því var ætlað enda er j-ið í *sæjum* stafsetningaratriði – það er ekki frekar j í *sæjum* en í *sæi*. Skýring Gussmanns er því *ad hoc* og fær ekki stuðning af öðrum beygingarmynstrum. Orešnik (1977:143) og Wurzel (1980:388) gera hér ráð fyrir hljóðskiptum samhljóða („consonantal ablaut“) og er það sönnu nær. Hljóðskipti geta verið reglubundin (sbr. Haukur Þorgeirsson 2012b).

### 3.3 Uppgómmælt hljóð á undan [ai], [ei] og [ɛ]

Hljóðkerfisreglan sem Gussmann og fleiri gera ráð fyrir breytir uppgómmæltu hljóði í framgómmælt á undan sérhljóðunum [ai], [ei], [ɛ], [ɪ] og [i]. Samt sem áður eru til orð í íslensku sem hafa uppgómmælt lokhljóð á undan [ai], [ei] og [ɛ]. Hér má nefna *gæi*, *gæd*, *KEA*, *SP-KEF*, *fröken*, *ákefð*, *orgel*, *póker*, *snóker*, *parket*, *Rakel*, *ókei* og *keis* sem öll hafa uppgómmælt hljóð í mínum framburði. Gussmann telur þetta ekki hnekkja reglunni sem hann heldur fram enda séu orð af þessu tagi einhvern veginn óvenjuleg í huga málnotandans:

Clearly such sporadic cases can in no way determine the pattern of the language – quite conversely, they exploit the pattern to stress the non-ordinary status of the words. (Gussmann 1984:151)

Þetta eru nú býsna vafasöm rök. Þegar ég lærði orðið *gæi* sem barn held ég ekki

að ég hafi litið á það sem sérstaklega merkt, framandi eða óvenjulegt orð. Eins finnst mér langsótt að orðið *orgel*, sem dæmi eru um frá því um 1800, hafi einhvern „non-ordinary status“ í málinu.

Önnur leið til að reyna að losna við þessi mótdæmi væri að hugsa sér að í huga málnotandans séu morfemaskil í ýmsum þessara orða og að framgómunarreglan virki ekki yfir þau. Þannig mætti hugsa sér að ák#efð, pók#er, frök#en og svo framvegis séu sýndarsamsetningar. Ekki þykja mér þetta þó sannfærandi lausnir (sbr. Kristján Árnason 2005:138) og ekki duga þær til að skýra öll orðin.

Annað vandamál er að orð eins og *elskendur* og *leikendur* hafa uppgómmælt hljóð í framburði. Gussmann hugsar sér að leysa það með eftirfarandi hætti:

This might be done in various ways but the most pedestrian approach, and the least abstract one at the same time, will place a condition on the palatalising rule to the effect that the front vowel appearing in its structural description must not belong to this suffix. (Gussmann 1984:151)

Hljóðkerfisregla Gussmanns verður þá að gera upp á milli beygingarendinga á gjörræðislegan hátt. Regla sem hefur ákvæði af þessu tagi virðist fremur vera hljóðbeygingarregla en hljóðkerfisregla.

### 3.4 Hljóðkerfisleg virkni

Hér hefur röksemdum Gussmanns fyrir hljóðkerfislega virkri framgómunarreglu verið fundið ýmislegt til foráttu. Þó þykir mér greinilegt að íslenska hafi þrátt fyrir allt einhverjar hljóðkerfislega virkni sem lýtur að framgómmæltum og uppgómmæltum hljóðum. Þetta má til dæmis sjá í eftirfarandi setningu:

Hann fór upp á þak í gær.

Ef hvert orð er sagt fyrir sig er uppgómmælt hljóð í orðinu *þak* en ef ég segi setninguna með eðlilegum framburði verður framgómmælt hljóð í þessu orði. Lítum einnig á eftirfarandi setningu:

Þarna tók ég í taumana.

Ef hvert orð er sagt fyrir sig er uppgómmælt hljóð í *tók* en þegar ég segi setninguna eðlilega birtist þar framgómmælt hljóð.

Þessi virka framgómunarregla virðist starfa á undan [i] og [j] en lítt eða ekki á undan öðrum hljóðum. Athugum eftirfarandi setningar:

Ég tek inn lýsistöflur.  
Ég fór upp á þak eftir hádegi.  
Ég tók eina lýsistöflu í gær.

Hér þykir mér framgómaður framburður á *tek*, *þak* og *tók* varla koma til greina.

Ef við berum saman framgómun á undan [i] og framgómun á undan [ai] sjáum við hversu óheppilegt það er að fella hvort tveggja undir eina reglu:

	[i]	[ai]
Hljóðfræðilega eðlileg?	já	nei
Án undantekninga?	já	nei
Á við tökuorð?	já	nei
Án beygingarlegrar skilyrðingar?	já	nei
Áhrif á framburð erlendra mála?	já	nei
Getur virkað yfir orðaskil?	já	nei
Talhraði getur skipt máli?	já	nei
Getur orsakað millistig [k] og [c]?	já	nei

Hér styðst ég við lýsingar Linell (1979:212–213), Bybee (2001:65–69) og Haspelmath og Sims (2010:217) á muninum á eiginlegum hljóðkerfisferlum og hljóðbeygingarreglum. Í töflunni að ofan hef ég farið eftir eigin máltilfinningu og því fylgir sá fyrirvari að sum atriðin væri æskilegt að rannsaka nánar með hljóðfræðitilraunum. Sú heildarmynd er þó allskýr að framgómun á undan [i] sé hljóðkerfisleg<sup>17</sup> en framgómun á undan [ai] beygingarleg.

Áður hefur Eiríkur Rögnvaldsson lagt til að íslenska hafi tvær framgómunarreglur og að önnur þeirra geti orsakað millistig [k] og [c] (Eiríkur Rögnvaldsson 1983). Þetta er nálægt minni greiningu en sá munur er hér á orðfæri að það sem Eiríkur kallar hljóðkerfisreglu kalla ég hljóðbeygingarreglu en það sem Eiríkur kallar hljóðfræðilega reglu kalla ég hljóðkerfisreglu.

Framgómun á undan [ɪ] annars vegar og [ɛ] og [ei] hins vegar virðist mynda tvö stig á milli [i]-framgómunar og [ai]-framgómunar. Framgómun á undan [ɪ] verkar lítt eða ekki yfir orðaskil og ekki endilega í samsettum orðum (*fúkyrði*)

<sup>17</sup> Þótt víxl framgómumætra og uppgómumætra hljóða eins og í *kýs-kaus* styðjist við raunverulega hljóðkerfisreglu á ég ekki við að þau séu ekki *jafnframt* hluti af beygingunni rétt eins og víxlin í *gat-gæti*. Eins og Bybee (2001) geri ég ekki ráð fyrir baklægum gerðum og mundi ekki ætla að orðmynd eins og [c<sup>h</sup>is] sé nokkurs staðar í huganum geymd með *k<sup>h</sup>*.



en hún virðist ekki eiga sér undantekningar í ósamsettum orðum. Framgómun á undan [ɛ] og [ei] verkar ekki yfir orðaskil og á sér undantekningar í orðasafninu. Hins vegar er hún ekki jafn-hljóðfræðilega-ónáttúruleg og framgómun á undan [ai]. Auk þess kann að gæta einhverjar tilhneigingar til að tökuorð með þessum hljóðum fái framgómmeðt hljóð eftir því sem tímar líða. Í orðinu *gettó* er til dæmis framgómmeðt hljóð í mínu máli. Hugsanlega skýrist það af því að ég hafi lært það í ritmáli, þar sem <ge> stendur venjulega fyrir [cɛ].<sup>18</sup>

Nú gæti einhver sagt að kenning Gussmanns hafi þann kost að þar sé gerð grein fyrir öllum víxlum framgómmeðtra og uppgómmeðtra hljóða í málinu í einu lagi. Er það ekki einfaldari og fegurri lausn en að skipta vandamálinu niður eftir mismunandi hljóðum? Við þessu er því að svara að einfaldleiki á ekki að verða staðreyndunum yfirsterkari í vísindalegri lýsingu (sbr. umræðu hjá Linell 1979:72–73; 254–255).

Nú er hægt að gera ráð fyrir að ekki sé hljóðkerfislega virk framgómunarregla í íslensku á undan [ɛ] og [ei] en eigi að síður hugsa sér að [c<sup>h</sup>] sé alltaf leitt af #k# eða #kj# í baklægri gerð. Þannig hugsar Guðvarður Már Gunnlaugsson sér að þróunin frá formáli sé með þeim hætti að „á undan *e*, *ei* og *æ* sé skotið inn *j* á eftir /k/ og /g/“ (Guðvarður Már Gunnlaugsson 1993:43). Þetta álitamál um mismunandi sérhljóð kemur því að einhverju leyti út á eitt fyrir bragfræðilega vandamálið.

### 3.5 Vandamál í regluröðun

Ef gert er ráð fyrir hefðbundinni generatífri lausn á bragfræðilega vandamálinu sjáum við fyrir okkur að stuðlunin miðist við baklægu gerðirnar eða eitthvert tiltekið millistig í útleiðslunni áður en framgómunarreglan kemur til framkvæmda. Athugum þá að í reglumálfræðinni getur framgómunarreglan ekki verið síðasta reglan sem kemur til framkvæmda. Á eftir henni verður að virka regla um brottfall áherslulauss sérhljóðs á undan sérhljóði í upphafi orðs. Kristján Árnason bendir á þetta og sýnir dæmi:

Ég held ég elski hann. [jeheltj'elscan] (Kristján Árnason 2011:103)

---

<sup>18</sup> Hvers vegna eru skammstafanirnar KEA og SP-KEF bornar fram með uppgómmeðtu hljóði? Hugsanlega vegna þess að fólk les ekki texta með hástöfum jafn-greiðlega og eðlilegan texta heldur fer nær því að þurfa að lesa hann staf fyrir staf. Lesandinn er vanur því að <ke> standi fyrir [c<sup>h</sup>ɛ] en ekki jafn-vanur því að lesa úr <KE>. Leshæfileikinn byrjar þá ef til vill að lesa <K> og veit að það stendur oftast fyrir [k<sup>h</sup>] í framstöðu.

Hér myndu reglumálfræðingar líta svo á að /l/-ið í *elski* framgómi lokhljóðið með reglu sem er framkvæmd á undan reglunni sem fellir sérhljóðið burt. Stuðlasetningin og rímið miðast síðan við stigið áður en þessar reglur eru framkvæmdar. En er þá ekki dálítið óvænt að hrynjandinn skuli miðast við stigið eftir að reglurnar hafa virkað (sbr. kafla 8.7)? Reglumálfræðilýsingin verður þá að gera ráð fyrir að sálfræðilegi raunveruleikinn sem skiptir máli í kveðskapnum sé ýmist stigið á undan eða eftir sömu reglum eftir því hvort hugsað er um hrynjandi eða hljóðasamsvaranir.

### 3.6 Hlutleysing

Samkvæmt hugmyndum formgerðarsinna þykja tvö hljóð lík ef dreifing þeirra er að einhverju leyti fyrirsjáanleg (sjá kafla 1.3). Þetta gæti átt við framgómæltu og uppgómæltu hljóðin enda kemur t.d. [k] aldrei fyrir á undan [i] en [c] situr gjarnan í þeirri stöðu. Einhverjum gæti dottið í hug að skýra samstuðlun framgómæltra og uppgómæltra hljóða á þennan hátt. Gegn þeirri hugmynd hef ég þau almennu rök að kenninguna sem hér um ræðir skortir traustan stuðning af rannsóknum og hún kemur því lítt til greina sem skýringarkostur nema öll önnur sund lokist. Það sem hlutleysingar-kenningin hefur þó umfram generatífu kenninguna er að tilfelli uppgómæltu og framgómæltu lokhljóðanna eru engir sérstakir annmarkar á henni. Þessi hljóð mynda vissulega sumgildar andstæður í skilningi formgerðarstefnunnar.

### 3.7 Hljóðfræðileg líkindi

Í fornum enskum kveðskap stuðlar [j] (eins og í *geong*) við [ɣ] (eins og í *god*):

geong in geardum / þone god sende (*Beowulf* 13; Klaeber 1950:1)

Þessi hljóð tilheyra þó ekki sama hljóðani. Deilt hefur verið um hvernig skýra eigi þetta. Sumir hafa haldið því fram að skáldin hafi hér fylgt stafsetningunni fremur en framburðinum. Aðrir hafa nefnt til sögunnar hljóðkerfislegar ástæður. Kristján Árnason telur að andstæðan milli fónemanna tveggja sem um ræðir hafi verið upphafin í ákveðnu umhverfi og að þar verði til jafngildisflokkur:

In fact we could say that the set comprised the archiphoneme, the common denominator of /g/ and /j/. (Kristján Árnason 1991:14)

Donka Minkova (2003:113–120) telur hins vegar að hér ráði hljóðfræðilegar ástæður. Hljóðanið /ɣ/ hafði hljóðbrigðið [j] sem var hljóðfræðilega mjög líkt [j]. Þessi hljóðfræðilegu líkindi gerðu skáldunum kleift að stuðla saman [j] og [j]. Þar sem [j] og [ɣ] stuðluðu saman sem hlutar af sama hljóðani varð til jafngildisflokkur í stuðlun sem innihélt [j], [j] og [ɣ].

Ef hljóðfræðileg líkindi geta dugað til stuðlasetningar, sem mér þykir líklegt, má velta fyrir sér hvort þetta skýri stuðlun framgómmeðtra og uppgómmeðtra hljóða í íslensku. Hljóðfræðingurinn Magnús Pétursson segir:

Það er ótvírætt að gómlokhljóðin ... og gómfillulokhljóðin ... eru líkari en önnur lokhljóð. (Magnús Pétursson 1978:57)

Höskuldur Þráinsson tekur ekki í sama streng:

Munur á myndunarstað framgómmeðtra og uppgómmeðtra lokhljóða er t.d. ekki minni en munurinn á myndunarstað þ og s (Höskuldur Þráinsson 1981:117–118)

Athugum þó að hljóðfræðileg líkindi fara ekki eingöngu eftir myndunarstað. Hljóðeðlisfræðileg líkindi eru ekki einkvæmt ákvörðuð af fjarlægð í tungustaðsetningu (sbr. kafla 1.9). Því miður þekki ég ekki til neinna ítarlegra rannsókna á hljóðeðlisfræðilegum eða hljóðskynjunarlegum líkindum íslenskra lokhljóða (í rannsókn Magnúsar Péturssonar 1980 er framgómmeðtu lokhljóðunum sleppt). Þetta er þó mál sem rannsóknir gætu varpað frekara ljósi á.

### 3.8 Hefðarskýring

Sú skýring sem mér þykir nærtækust á stuðlun framgómmeðtra og uppgómmeðtra hljóða er að hún sé samfellandi hefð (sbr. kafla 1.8) sem teygi sig aftur til tímans áður en framgómmeðtu hljóðin urðu að sérstökum hljóðönnum. Orð eins og *karl*, *kyrr* og *kjöll* hafa í fyrndinni. að minnsta kosti á frumnorrænum tíma, hafist á sama hljóðani og þá stuðlað eðlilega saman. Þegar  $k^h$  og  $c^h$  klopna smám saman í tvö fónem er ekki óvænt að þau haldist í einum jafngildisflokki enda alast verðandi skáld upp við að heyra þau stuðla saman og standa saman í hendingum.

Hljóðfræðileg líkindi skipta hér sennilega einhverju máli þótt erfitt sé að gera fyrir þeim nákvæma grein. Allir eru þó sennilega sammála um að [k] og [c] séu ekki jafnólík hljóð og til dæmis [k] og [l] eða [k] og [f]. Ef málnotendur hafa það almennt á tilfinningunni að framgómmæltu og uppgómmæltu hljóðin séu „líkari en önnur lokhljóð“, eins og Magnús Pétursson orðaði það, gæti skýringin verið sú að þau séu í raun hljóðfræðilega lík.

Loks er þess að vænta að íhaldssöm stafsetning hjálpi til við að viðhalda hefðinni. Í íslenskri stafsetningu hafa orð sem hefjast á [k<sup>h</sup>] og [c<sup>h</sup>] jafnan haft sama upphafstákn og sama er að segja um orð sem hefjast á [k] og [c]. John J. Ohala segir:

In fact, there is a growing body of evidence that much of what is regarded as native speakers' knowledge of the phonology of their language is very much influenced by, if not based on, their knowledge of how their language is spelled (Ohala 1994:716)

Mér þykir því hefðarskýringin vænleg og ég sé ekkert sérstakt sem mælir á móti henni. Í hinum djúpu hljóðkerfislegu skýringum er hins vegar ýmislegt sem orkar tvímælis eins og hér á undan er rakið.

## 4. Stuðlun með *h*

### 4.1 Inngangur

Í hefðbundinni íslenskri stuðlasetningu stuðla öll orð sem hefjast á <h> saman, til dæmis *hof*, *hróp*, *hlaup*, *hnefi*, *hjól* og *hveiti*. Þetta kemur ef til vill nokkuð á óvart miðað við þá hljóðritun sem oftast er notuð en samkvæmt henni hefjast þessi orð á [h], [ʰ], [ɲ], [r̥], [ç] og [x] (eða [xv] eða [x<sup>w</sup>]), sé miðað við framburð sem gerir greinarmun á orðum sem hefjast á <hv> og <kv>.<sup>19</sup>

Generatífir málfræðingar hafa lagt til að stuðlasetningin sé hljóðkerfislega eðlileg en styðjist við baklægar gerðir þar sem öll þessi orð hefjist á #h#. Aðrir hafa hallað sér að þeirri skýringu að hér sé um hefðarreglu að ræða. Hér er rökstutt að hefðarskýringin sé betri.

### 4.2 Generatíf skýring

Ýmsir málfræðingar hafa lagt til að orðin sem um ræðir hefjist öll á #h# í baklægri gerð og að þetta skýri stuðlasetninguna. Höskuldur Þráinsson setur tilgátuna fram svona:

Í orðum sem stafsett eru með *hj-/hl-/hn/hr-* í framstöðu verður að gera ráð fyrir /h/ sem upphafsneið í grunnformi (baklægri mynd, underlying form). Þótt þetta /h/ komi ekki í öllum tilvikum fram á yfirborðinu – þ.e. í framburði – og kannski aldrei í sumum þessara orða, veldur það því að þessi orð hegða sér með tilliti til stuðlasetningar eins og önnur orð sem hefjast á /h/. (Höskuldur Þráinsson 1981:115)

Eiríkur Rögnvaldsson (1993:56–57) orðar þetta svo að líta megi á órödduð hljóð eins og [ʰ], [ɲ] sem einhvers konar *samsteypur* úr /hl/ og /hn/. Við hljótum þá að spyrja hvað í málkerfinu færi málnotandanum heim sanninn um að t.d. [ʰ] sé ekki ein eining heldur samsteypa úr /h/ og /l/. Eiríkur segir:

/h/ er í rauninni ekki annað en blástur upp á milli raddbandanna, eins og áður er sagt. Það þarf því ekki annað en flytja þáttinn [+sperrt raddglufa] yfir á

---

<sup>19</sup> Ekki eru allir á eitt sáttir um hinar hljóðfræðilegu staðreyndir málsins. Vera kann að hljóðritun eins og [hl], [hr] og [hn] sé rétt, að minnsta kosti í sumum tilfellum (Höskuldur Þráinsson 1981:111; Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:200–201). Ef [h]-ið kemur þar með fram í framburði get ég ekki séð að það styrki kenninguna um að stuðlasetningin byggist á baklæggu #h#.

eftirfarandi hljóð til að það afraddist, en /h/ hverfi sem sjálfstæð sneið. (Eiríkur Rögnvaldsson 1993:56)

Gallinn við þessa hugmynd er að hún virðist virka víðar en henni er ætlað. Kristján Árnason segir:

Og þá má enn spyrja hvort ástæða sé til að „taka út fyrir sviga“ einn þátt eins og raddleysi hljóðanna [ç, ŋ, ʎ] og [r̥] og gera hann að sérstakri „hljóðsneið“ eða hljóðani, þ.e. /h/. Væri þá ekki eðlilegt að greina [f] sem /hv/ og [θ] sem /hð/, úr því farið væri að nota /h/ til að greina raddleysi í öngljóðum og hljóðendum? Líklegt er að mörgum þætti það óeðlileg greining. (Kristján Árnason 2005:171)

Hér er mikilvægt að hafa í huga að orð með [θ] og [f] í framstöðu stuðla ekki við önnur orð sem hafa órödduð öngljóð eða hljóðendur í framstöðu. Ef málnotandinn greinir [θ] sem /hð/ í framstöðu gætir þess að minnsta kosti ekki í stuðlun. Ef stuðlunin er hljóðkerfislega eðlileg þarf því að vera eitthvað sem greinir [θ] og [f] frá hinum órödduðu hljóðunum og veldur því að málnotandinn greini þessi hljóð ekki með #h# í baklægri gerð. Mér þykir vandséð á hverju þessi aðgreining gæti byggst.

Hin generatífa aðferð væri að finna einhver beygingarvíxl sem málnotandinn gæti dregið ályktun af (sbr. kafla 3.2). Þau eru hins vegar nokkuð af skornum skammti. Fyrst má nefna orðið *hjörtur* en við sjáum að í beygingu þess skiptast [ç] og [h] á sem framstöðuhljóð:

nf.	hjörtur	hirtir
þf.	hjört	hirti
þgf.	hirti	hjörtum
ef.	hjartar	hjarta

Sögulega er þessi beyging af sama meiði og beyging orðanna *fjörður*, *mjöður* og *Njörður*:

nf.	fjörður	firðir
þf.	fjörð	firði
þgf.	firði	fjörðum
ef.	fjarðar	fjarða

Hér sjáum við að [f] og [fj] skiptast á í *fjörður* á sama hátt og [h] og [ç] skiptast á í *hjörtur*. Fleiri dæmi um víxl milli [h] og [ç] eru í sterkum sögnum:

höggva – hjó – hjuggum – höggvið  
hanga – hékk – hængum – hangið  
heita – hét – hétum – heitið  
halda – hélt – héldum – haldið

Til að styðja kenninguna væri best að sagnirnar ættu sér hliðstæður þar sem [j] kemur upp á yfirborðið. Þessar sagnir eiga sér þó aðeins ónákvæmar samsvaranir af því tagi, t.d. eiga *halda* og *falla* sumt sameiginlegt en ekki allt og sama má segja um *höggva* og *búa* eða *heita* og *láta*.

Sumum generatífum málfræðingum gætu þótt þessar hliðstæður duga til þess að málnotandinn dragi þá ályktun að [ç] í framstöðu sé alltaf dregið af #hj# í baklægri gerð. Í máltökunni gæti þetta þá farið þannig fram að upphaflega gerir barnið ráð fyrir að [ç] sé órofa eining. Síðan lærir það t.d. að beygja *fjörður-firði* og *hjörtur-hirti* og málvitundin dregur þá ályktun að [ç]-ið í *hjörtur* sé dregið af #hj# í baklægri gerð. Þá hugsar málvitundin sem svo að fyrst [ç] sé #hj# á þessum stað sé allt eins gott að gera ráð fyrir að [ç] í framstöðu sé alltaf #hj#. Þá er orðasafn barnsins endurskipulagt og baklægu gerðirnar verða svolítið hlutfirrtari (sbr. Linell 1979).

Lítum nú á framstöðuhljóðið [x] (eða [xv] eða [x<sup>w</sup>]) í hv-framburði. Hvaða rök gætu hnigið að því að hér sé á ferð #hv# í baklægri gerð? Það beygingardæmi sem helst gæti stutt þá kenningu er sögnin *hverfa*. Við getum borið kennimyndir hennar saman við aðrar sagnir í sama flokki:

hverfa – hvarf – hurfum – horfið  
verða – varð – urðum – orðið  
verpa – varp – urpum – orpið  
velta – valt – ultum – oltið  
svelta – svalt – sultum – soltið  
svella – svall – sullum – sollið  
sverfa – svarf – surfum – sorfið

Hér sjáum við að [x] (eða [xv] eða [x<sup>w</sup>]) og [h] skiptast á í *hverfa* á sömu stöðum og [v] og Ø skiptast á í hinum sögnunum. Af því mætti hugsa sér að málvitundin dragi þá ályktun að í orðmyndinni *hverfa* sé #hv# í baklægri gerð.

Mér virðist samt býsna langt seilst að gera ráð fyrir að málnotandinn dragi víðtækar ályktanir um hljóðkerfið af beygingu einnar sterkrar sagnar. Myndi barn sem lærir íslensku með hv-framburði ekki gera ráð fyrir #hv# í baklægri gerð ef það lærði aldrei orðið *hverfa*? Myndi tilfinning Íslendinga fyrir stuðlasetningu breytast ef orðið *hverfa* hyrfi úr málinu? Einnig virðist það

hljóðfræðilega langsóttara að [x] sé samsteypa úr #hv# en að [ç] sé dregið af #hj#. Af samhverfuástæðum væri miklu eðlilegra að [f] sé #hv# í baklægri gerð en eins og við höfum séð kemur sú hugmynd alls ekki heim við stuðlasetninguna.

En jafnvel ef einhverjum þykja stakdæmi eins og *hjörtur* og *hverfa* nægja málnotandanum til að hann geri ráð fyrir #hj# og #hv# í baklægri gerð vantar enn skýringu á því hvernig menn eigi að átta sig á því að [ŋ], [l̥] og [r̥] séu dregin af #hn#, #hl# og #hr#. Þar veit ég ekki um nein orð með hliðstæðum beygingarvígslum í framstöðu.

Ef til vill mætti benda á að til eru beygingarmynstur þar sem [ŋ], [l̥] og [r̥] skiptast á við [n], [l] og [r] í innstöðu eins og í eftirfarandi dæmum:

gulir – gult  
stórir – stórt  
vanir – vant

Þetta er þó til lítils nema hægt sé að rökstyðja aðkomu #h# að beygingarmynstrinu. Vissulega kemur [h] upp á yfirborðið í sama beygingarmynstri:

gulir – gult  
bláir – blátt

Hér skiptist [l] á við [l̥] (í *gulur*) um leið og Ø skiptist á við [ht] (í *blár*). Af þessu mætti ímynda sér að hvorugkynsendingin hafi #h# í baklægri gerð og komi það fram sem afröddun á hljómandanum í rót lýsingarorðsins. Þá virðist þó eðlilegast að líta á *gult* sem #gulht# í baklægri gerð og þá er það #lh# en ekki #hl# sem kemur fram sem [l̥]. Ekki virðist því vænlegt að reikna barnið í konuna á þennan hátt.

Setjum þó sem svo að hægt væri að rökstyðja einhvers konar víxlreglu sem breytti #lh# í #hl#. Þá væri enn eftir að útskýra hvers vegna sömu rök myndu ekki bíta á beygingarvíxl eins og *hæfir* – *hæft* og sýna þar með að [f] sé #hv# í baklægri gerð. Þetta er, eins og áður hefur komið fram, niðurstaða sem kenningin um hljóðkerfislega eðlilega stuðlasetningu má ekki við.

Ég sé enga sannfærandi leið til að leysa þessi vandamál.



### 4.3 Hefðarskýring

Hver er þá skýringin á því að *hof*, *hróp*, *hlaup*, *hnefi*, *hjól* og *hveiti* stuðla saman? Ég skýri þetta sem hefðarreglu. Upphaflega má gera ráð fyrir að orð sem rituð eru með <h> hafi öll hafist á sama hljóðani og þá hefur stuðlasetningin verið hljóðkerfislega eðlileg. Á fornu horni stóð:

Ek Hlewagastiz Holtjaz horna tawido.

Þegar þessi stuðlaða setning var rist á Gallehus-hornið, e.t.v. nálægt árinu 400, er trúlegt að *hlewa* og *horna* hafi bæði haft upphafshljóð í líkingu við [x] og stuðlað saman á hljóðfræðilega eðlilegan hátt.<sup>20</sup> Að *hlé* og *horn* stuðli í nútímamáli getur verið arfur frá þeim tíma. Hefðin viðhelst af því að menn þekkja gamlan kveðskap og fær stuðning af því að vera eðlileg frá sjónarmiði stafsetningarinnar. Þessa kenningu hefur Kristján Árnason (1991:14–15) áður sett fram og ekkert sérstakt virðist mæla gegn henni.

Hér mætti þó spyrja: Ef stuðlasetningin byggist á hefð og stafsetningu, hvers vegna taka menn þá að stuðla orð sem hefjast á <hv> við *k* þegar kv-framburður kemur upp? Sýnir það ekki að hljóðkerfislega óeðlileg hefð fái ekki staðist og að eitthvað meira hljóti að liggja að baki? Ekki endilega.

Hér er fyrst að athuga að mörg skáld forðast að stuðla <hv> við *k* þótt það væri í samræmi við framburð þeirra. Þórarinn Eldjárn segir:

Ég stuðla ekki *hv* á móti *k*. Ég er þó alinn upp við að bera *hv* í framstöðu fram sem *kv*. En mér finnst að ég verði að fylgja öðru hvoru, nota þessi hljóð annaðhvort alfarið saman í stuðlun eða þá alls ekki. Ég hef valið að gera það ekki og það er ekkert annað en tillærð hreinlífisstefna hjá mér. Satt að segja vildi ég að ég hefði dirfsku til að stuðla *hv* alfarið við *k* eins og máltilfinning mín segir mér að sé rétt en þá dirfsku hef ég sem sagt ekki til að bera. (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:326)

Hitt er þó rétt að ýmis skáld hafa vikið frá fornri hefð og stuðlað <hv> við *k*, að minnsta kosti stundum. Hins vegar veit ég ekki til að neitt skáld hafi tekið upp á að stuðla <hl> aðeins við <hl>, <hj> aðeins við <hj> og svo framvegis. Hvers vegna breytist ein hefð í takt við hljóðfræðilegar breytingar en önnur ekki?

Hér skiptir öllu máli að hefðin um að stuðla saman <hv> og <h> er

<sup>20</sup> Deilt hefur verið um bragfræðilega túlkun textans á Gallehus-horninu (sjá síðast Mees 2012, Marold 2012, Schulte 2012:101–102) en mér finnst ekki líklegt að stuðlasetningin sé þar aðeins af tilviljun.

sundurgreinandi – hún felur í sér að skáldin þurfa að gera greinarmun á <hv> og <kv> þótt framburður þeirra sé sá sami. Þetta er óeðlilegt, þótt það sé gerlegt með hjálp stafsetningarinnar. Hefðin um að stuðla saman <hl>, <hn>, <hj>, <hr> og <h> er hins vegar samfellandi – hún felur í sér að nokkur mismunandi hljóð séu sett saman í einn jafngildisflokk og er slíkt auðlært. Það mundi gera skáldunum erfiðara fyrir að ætlast til að <hj> stuðli aðeins við <hj> og svo framvegis því að þá hefði hvert <h>-orð færri mögulega félaga í stuðlun. Breytingar í þá átt er því síður að vænta.

Fyrir hendi kann þó að vera einhver þrýstingur í þá átt að gera stuðlunina hljóðfræðilega eðlilegri. Magnús Snædal sagði við mig: Ég *veit* að „hlutabréf í Hafskip“ stuðlar jafn-vel og „hlutabréf í Hlaðvarpanum“ en *brageyranu* finnst seinni stuðlunin betri.

## 5. Rím $a$ og $\varrho$ í aðalhendingum

### 5.1 Inngangur

Í fornum kveðskap rímar  $a$  við  $\varrho$  í aðalhendingum þótt hér sé um tvö fónem að ræða, sbr. lágmarkspör eins og *barn / barn*. Á þessu bragfræðilega fyrirbæri hafa komið fram hljóðkerfislegar skýringar bæði af strúktúralískum og generatífum toga en einnig hefur verið lagt til að rímið byggist á hefð. Kenningarnar eru hér reifaðar og metnar og rökstutt að hefðarskýringin sé hin sennilegasta.

### 5.2 Kenning Andersons

Stephen Anderson (1973) telur að  $u$ -hljóðvarp sé virk hljóðkerfisregla í forníslensku (og raunar einnig í nútímamáli) og að öll  $\varrho$  séu leidd af samtímalegu  $a$ . Hann bendir á að þessi skoðun leiði til ákveðinna erfiðleika í afleiðslu orða eins og *boggull*, *jökull* og *jötunn* þar sem engin víxl milli  $a$  og  $\varrho$  eru sjáanleg í beygingardæminu. Vandamálið felst einkum í því að í þágufalli verður brottfall á  $u$ -inu. Til að  $u$ -ið breyti  $a$ -inu í  $\varrho$  þarf  $u$ -hljóðvarpsreglan að virka á undan reglunni um brottfallið:

baklæg gerð <sup>21</sup>	#baggul+i#	#jakul+i#	#jatun+i#
$u$ -hljóðvarp	#bogguli#	#jökuli#	#jötuni#
brottfall	boggli	jökli	jötnei

Þetta er hins vegar ekki í samræmi við afleiðslu orðmynda eins og *kotlum*, *rognum* og *olnum*. Þar þarf brottfallsreglan að virka á undan  $u$ -hljóðvarpsreglunni til að rétt niðurstaða fáiist:

---

<sup>21</sup> Ég sýni hér aðeins það sem máli skiptir í þessu samhengi. Anderson talar eins og klofning sé ennþá virk hljóðkerfisregla í málinu svo að vera má að hann sjái sums staðar fyrir sér enn dýpri myndir.

baklæg gerð	#katil+um#	#ragin+um#	#alin+um#
brottfall	#katlum#	#ragnum#	#alnum#
u-hljóðvarp	køtlum	røgnum	ølnum

Anderson hefur reyndar lausn á þessu í pukahorninu en hann setti fram kenningu um staðbundna röðun (e. *local ordering*) sem hann taldi að leysti vandamál á borð við þetta. Út í þá sálma verður ekki lengra farið hér en ekki mun þessi röðunarkenning hafa náð almennri hylli (sbr. Eiríkur Rögnvaldsson 1981:44–46).

Anderson gerir sér grein fyrir að einhverjir kynnu að efast um réttmæti þess að leiða öll *ø* af baklæggu /a/ og leitar því að frekari sönnun þess að þetta sé rétt greining. Slíka sönnun telur hann sig finna í fornum kveðskap en þar rímar *a* við *ø* í aðalhendingum. Telur hann að þetta skýrist af því að rímið miðist ekki við yfirborðsgerðina heldur dýpri gerð þar sem u-hljóðvarpsreglan hefur ekki tekið gildi.

Það sem Anderson þykir sérstaklega mikilsvert er að *ø* rímar við *a* einnig í tilfellum þar sem engin víxl eru milli *a* og *ø* innan beygingardæmisins:

In rhymes like *knörr/varrar* and *öndur/landi*, the first member of the rhyme in each case is a word showing the vowel *ö* in all forms of its paradigm. (Anderson 1973:8)

Það er rétt að *knørr* rímar við *varrar* en ekki rétt að í orðinu *knørr* séu engin a/ø-víxl enda er eignarfall eintölu *knarrar* og eignarfall fleirtölu *knarra*. Dæmið sýnir því ekki það sem það á að sýna. Hitt dæmið er betra því að gera má ráð fyrir að *øndur(r)* beygist eins og *fjöturr* og hafi *ø* í allri beygingunni.<sup>22</sup> Auk þess má finna önnur dæmi um orð með *ø* gegnum alla beyginguna sem taka þó þátt í a/ø-rími. Anderson segir:

We seem, therefore, to be left with two alternatives: either we accept abstract derivations and represent all instances of *ö* as underlying /a/, whether or not they alternate with *a*, or we give up hope of explaining the *ö/a* rhymes. If we accept the abstract derivations, we can preserve the unity of the rhyme constraint as one requiring identity at a certain abstract level of representation. If we do not, we must add an ad hoc rider to the constraint, saying that while identity is generally the basis of rhyme, *a* and *ö* rhyme regardless. (Anderson 1973:8)

<sup>22</sup> Reyndar eru ekki allar beygingarmyndir þessa orðs varðveittar og í fornum textum koma einnig fyrir orðmyndir með /a/ sem virðast hafa sömu merkingu. Ef til vill hafa öndurr/andr verið tvímyndir (sbr. þiðurr/þiðr?).

Til að prófa hvort djúpa (*abstract*) skýringin er betri en sértæka (*ad hoc*) skýringin segir Anderson að nauðsynlegt sé að skoða önnur óvenjuleg rím. Ef hægt sé að skýra þau á sama hátt hljóti djúpa skýringin að vera vænleg en annars sé rétt að kasta henni fyrir róða. Til að prófa þetta kannar Anderson áhrif u-hljóðvarps á önnur hljóð og er þar /y/ áhugaverðast. Hér fylgir Anderson lýsingu Finns Jónssonar (1921:240–241) en hefur því miður ekki skilið hana rétt. Þar sem Finnur segir að *hryggr* og *tryggir* rími í vísu eftir Hólmgöngu-Bersa telur Anderson að hann sé að sýna fram á að v-hljóðvarp af /i/ (*tryggir*) rími við i-hljóðvarp af /u/ (*hryggr*). En vísuhlutinn sem um ræðir er svona:

ek em við ógnir rekka  
óhryggr, vinir tryggvir (Hólmgöngu-Bersi, lv. 7.7–8; *Skj B I*:87)

Hér er greinilegt að *hryggr* er í merkingunni ‘dapur’ (< \*hrewwaz) en ekki ‘bak’ (< \*hrugjaz) og þetta er því alls ekki dæmi um að /y/ af tvenns konar uppruna rími saman. Finnur segir enda að þetta sé dæmi um að /y/ sem komið er af /i/ með v-hljóðvarpi rími við sjálft sig. Umræðan í framhaldinu hjá Anderson grundvallast á þessum misskilningi og fellur því um sjálfa sig (sbr. Manaster Ramer 1994:321).

En jafnvel þótt einhvern veginn væri hægt að setja undir þennan leka er ekki þar með sagt að skýringar Andersons væru sannfærandi. Eins og Manaster Ramer (1981:55–56) bendir á útskýrir Anderson hvergi hvernig málnotandinn ætti á samtímalegum grundvelli að greina í sundur tvenns konar /y/, jafnvel í tilfellum þar sem engin sérhljóðavíxl eru í beygingardæminu. Hvernig eiga skáldin að vita að *hryggr* ‘dapur’ sé með baklægu /i/ en *hryggr* ‘bak’ með baklægu /u/? Það kemur hvergi fram hjá Anderson og ég sé enga leið til þess sjálfur. Frekari efasemdir um kenningu Andersons má sjá hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1981:45) og Kristjáni Árnasyni (2000:16–17).

### 5.3 Skýring með hefðarreglu

En ef rím milli *a* og *o* skýrist ekki af því að *o* sé alltaf af baklægu /a/, hvernig ber þá að skýra það? Þar er fleiri en ein skýring í boði. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að rímið skýrist af hefð sem skapaðist í kringum mállýskumun. Svo langt aftur sem heimildir okkar ná er mikill mállýskumunur á u-hljóðvarpi á milli norrænna málsvæða, einnig innan Noregs (sjá t.d. Hreinn Benediktsson 1963) og t.d. alþekkt að sums staðar sögðu menn *landum* en annars staðar *londum*.

Hugsum okkur nú að skáld sem hefur *landum* fremur en *lǫndum* í máli sínu yrki kvæði þar sem *landum* er rímað við *banda*. Hugsum okkur síðan að skáld sem hefur *lǫndum* í sínu máli læri þetta kvæði. Þetta skáld heyrir ekki betur en að rímað sé saman *lǫndum-banda* og ályktar að /ǫ/ og /a/ sé gjaldgengt saman í aðalendingum. Skáldið alhæfir síðan þessa reglu og rímar t.d. saman *Sprli* og *jarla*. Enn getum við hugsað okkur að skáldum sem tala lítt hljóðverptar mállýskur fækki eftir því sem á líður og hefðin missi samband við upphaflega orsök sína. Kröfur um nákvæmni í rími verða þá á endanum ofan á og hefðin leggst af.

Nú er engin leið að sanna að þessi kenning sé rétt, til þess þyrftum við miklu umfangsmeiri heimildir en við höfum um dróttkvæðan kveðskap á elsta stigi. En hún getur vel verið rétt og það er ekkert ósennilegt við hana. Það er vel þekkt að hefðir geta skapast um að tiltekin ónákvæmni í rími sé leyfileg og einnig vel þekkt að slíkar hefðir eiga stundum uppruna sinn í mállýskumun. Einnig eru heimildir um að kveðskapur undir dróttkvæðum hætti hafi tíðkast allvíða um Norðurlönd. Dróttkvæð vísa er höggvin á rúnasteininum við Karlevi á Ölandi. Sjötta vísuorðið er þar <ruk starkr i tanmarku> (*Skj A I:187*), *rógstarkr í Danmǫrku* (*Skj B I:177*). Sérhljóðin sem mynda aðalendinguna eru táknuð með sömu rún og mega vel hafa haft sama framburð í munni þess sem orti.

Mállýskuskýring af þessu tagi var sett fram af Kock (1894:337–338) og ég hef hvergi séð nein skýr rök gegn henni. Kock bendir einnig á möguleikann á því að a/ǫ-rímið sé upprunnið á frumnorraenum tíma, áður en u-hljóðvarp hafði verkað. Þeirri skýringu verður varla með öllu hafnað – þótt raunar sé alls óvíst að hendingar hafi verið notaðar svo snemma í norraenum kveðskap. Kock lítur því á a/ǫ-rímið sem hefðarreglu, hvort sem hefðin hefur komið til af sögulegum ástæðum eða af mállýskumun.

Hefðarregla þessi væri samfellandi (sbr. kafla 1.8) og þar með bæði auðlærð og til þess fallin að létta svolítið undir með skáldunum við að finna rímorð. Hún virðist góður skýringarkostur.

## 5.4 Skýring með hljóðfræðilegum líkindum

Ýmsir hafa skýrt rím /a/ og /ǫ/ í aðalendingum þannig að framburður þessara tveggja hljóða hafi verið líkur. Hreinn Benediktsson (2002 [1963]:94) nefnir eina átta fræðimenn sem hafa verið þessarar skoðunar. Gegn þessari skýringu teflir Hreinn nokkrum rökum. Fyrst bendir hann á að engin einföld mælistika sé

til á það hversu lík tvö hljóð séu, ekki einu sinni þegar fjallað er um núlifandi mál. Þetta er satt svo langt sem það nær en ýmsar aðferðir koma þó til greina (sbr. Laver 1994:391 og áfram). Ýmis fyrirbæri sem erfitt er að mæla geta verið raunveruleg og mikilvæg. Hljóðfræðileg líkindi tveggja hljóða virðast falla í þann hóp.

Næst bendir Hreinn á að við höfum enga óháða staðfestingu á því að /a/ og /o/ hafi verið sérstaklega hljóðfræðilega lík. Því má segja að rökleiðslan lendi í hring. Hreinn segir:

An explanation of some irregularity by means of a hypothesis which, in turn, is founded solely and exclusively on the very same irregularity is of little value. (Hreinn Benediktsson 2002 [1963]:95)

Þetta er skiljanleg mótbára. Gegn þessu má þó segja að það er vel þekkt í kveðskap á mörgum tungum að hljóðfræðileg líkindi leyfi mismunandi hljóðum að standa saman í rími (sbr. kafla 1.9). Ef við finnum hljóð sem standa saman í rími er því ekki fráleit skýring að þau hafi verið hljóðfræðilega lík. Auk þess kemur í ljós að hljóðfræðilega skýringin er ekki fullkomlega *ad hoc*, eins og rætt er í næsta kafla.

## 5.5 Skýring Hreins Benediktssonar

Skýring Hreins Benediktssonar (2002 [1963]) á *a/o*-rími er hljóðkerfislegs eðlis (sbr. kafla 1.3). Hreinn bendir á að andstæðan milli /a/ og /o/ sé upphafin þegar /u/ er í næsta atkvæði og segir:

It is well known that two phonemes whose opposition is neutralized in some position(s) are usually “considered” or “felt” to be “specially related” or “similar” by the members of the linguistic community concerned (see, e.g., Martinet (1936:46ff., especially 51ff.; 1949:4–5).

Hugmyndin er þá að þessi upphafna andstæða ætti að gera skáldunum auðveldara að samþykkja *a-o* rím í aðalhendingum. Nokkuð snjalla hliðstæðu við þetta finnur Hreinn í því að nefjuð sérhljóð ríma óhindrað við ónefjuð í aðalhendingum. Á undan nefhljóði er engin fónemísk andstaða milli nefjaðra og ónefjaðra hljóða og mundi það, að áliti Hreins, ýta undir líkindi þeirra í vitund málnotandans.

Býsna stórir gallar eru þó við skýringu Hreins. Í fyrsta lagi er sú kenning

formgerðarsinna sem Hreinn vitnar til ekki jafnstaðfest þekking og hann taldi. Eins og rætt er í kafla 1.3 skortir rannsóknir sem sýna fram á að hún sé rétt. Annað vandamál er að það er ekki ljóst að andstaðan milli /a/ og /o/ sé raunverulega upphafin þegar /u/ er í næsta atkvæði. Þegar í fornu máli koma fyrir orðmyndir eins og *grannanum*, *staðnum*, *hjartanu* og *takðu*. Þarna stendur /a/ þótt /u/ sé í næsta atkvæði. Hreinn nefnir þessa staðreynd en telur að komast megi framhjá henni:

if we assume that a morphemic analysis of these forms, separating the article from the substantive and the enclitic from the verb, is undertaken prior to the final establishment of the phonemic system. (Hreinn Benediktsson 2002 [1963]:103)

Hér er gert ráð fyrir að málnotendur styðjist við býsna hlutfirra skynjun á hljóðkerfinu en jafnframt viðurkennt að hlutleysingarreglan er ekki sönn á yfirborðinu. Þetta hlýtur enn að draga úr líkindum þess að kenningin standist – sannanir skortir á því að hljóð sem standi í hlutleysingu þyki lík en skortir þó enn frekar á því að þetta geti gilt þegar hlutleysingin byggist á mjög tilteknum aðskilnaði beygingarfræði og hljóðkerfisfræði.

Hreinn telur að hlutleysingin milli /a/ og /o/ sé fyrir bí þegar stoðhljóðið kemur upp á 14. öld og myndir á borð við *staður* verða til. Það er hins vegar töluvert fyrr, eða á seinni hluta 12. aldar, sem rím milli /a/ og /o/ leggst af. Hreinn greinir frá þessu misræmi og leitar skýringa á tímasetningu breytingarinnar í skáldskapnum. Helstu skýringuna finnur hann í því að staða /o/ í sérhljóðakerfinu breytist þegar það rennur saman við /ø/ um 1200 (Hreinn Benediktsson 2002 [1963]:100). Eftir þessa breytingu byggist munurinn á /a/ og /o/ á tveimur hljóðkerfisþáttum en ekki einum. Þá myndar parið ekki lengur lágmarksandstaðu í kerfinu og er þá eiginleg hlutleysing ekki lengur fyrir hendi.

Þetta er snjöll hugmynd þótt hún sé varla mjög sannfærandi. Segja má að Hreinn hafi hér hleypt hljóðfræðilegu skýringunni aftur inn bakdyramegin. Það reynast þá eftir allt saman vera breytingar á hljóðgildum sérhljóðanna en ekki dreifingu þeirra sem orsaka breytinguna í skáldskapnum. Fyrst við höfum óháðar vísbendingar um að hljóðgildi /o/ hafi breyst einmitt á sama tíma og *a/o*-rímið lagðist af veitir það hljóðfræðilegu skýringunni stuðning.

Það er enn fremur vandamál við kenningu Hreins að hún virðist spá fyrir um ýmislegt sem ekki er fyrir hendi. Vel má til dæmis segja að hljóðönnin /o/ og /u/ myndi lágmarksandstaðu í sérhljóðakerfinu. Munurinn á þessum hljóðum



virðist hlutleystur í áherslulausum atkvæðum. Ætla mætti að þetta hefði í för með sér að skáldin rímuðu hljóðin saman en svo er ekki í raun. Það verður því ekki séð að hlutleysing sé nægjanlegt skilyrði þess að tvö hljóð rími saman – við hlytum einnig alltaf að gera ráð fyrir einhvers konar hefð eða öðrum viðbótarskilyrðum.

## 5.6 Niðurstöður

Við höfum nú séð fjórar mögulegar skýringar á *a-ϕ* rími:

- a) Rímið miðast við hljóðkerfislega djúpperð.
- b) Rímið er hefð sem byggist á mállýskumun eða sögulegum forsendum.
- c) Rímið byggist á hljóðfræðilegum líkindum.
- d) Rímið byggist á því að munurinn á /a/ og /ϕ/ er upphafinn í vissu hljóðkerfislegu umhverfi.

Mér virðast skýringin um hefðina vænleg og sjálfsagt hefur hefðin stuðst við hljóðfræðileg líkindi /a/ og /ϕ/. Skýringar út frá hljóðkerfislegri djúpperð eða hlutleysingu lenda í ýmsum ógöngum og geta ekki talist líklegar.



## 6. Miðmyndarendingin og rím samhljóðaklasa

### 6.1 Inngangur

Í undangengnum köflum hef ég mælt gegn þeirri hugmynd að hlutfirrtar málfræðigreiningar séu nauðsynlegar til að skýra íslenskan kveðskap. Ég verð þó að viðurkenna að í gömlum kveðskap virðast vera dæmi um að myndana-skil skipti máli í hendingum án þess að augljóst sé að þau hafi áhrif á framburð. Um þetta er fjallað í þessum kafla í samhengi við heimildagildi kveðskapar um miðmyndarendinguna. Þessi beygingarending hefur einnig orðið fræðimönnum tilefni til vangaveltna um hlutverk stafsetningar í rími og um ákveðna tegund af skáldaleyfi sem nefnd hefur verið *utanstaða*. Ég tekst á við þessi vandamál og reyni jafnframt að varpa ljósi á sögulega þróun miðmyndarendingarinnar.

### 6.2 Eðli hendinga

Í umfjöllun sinni um innrím varar Sveinbjörn Beinteinsson við fyrirbærinu *rímhalla* sem hann lýsir svo:

Stundum eru rímuð saman orð, ólík að hljómi, vegna þess að annað orðið hefur samhljóða á eftir þeim samhljóða, sem rímið myndar; *rímhalli*. Þetta er allslæmt (Sveinbjörn Beinteinsson 1953:xxv)

Sveinbjörn tekur þrjú dæmi um rímhalla í fornum kvæðum:

**Auðs** systur mjök **trauðan** (Hallfreður Óttarsson, *Hákonardrápa* 4.4; *Skj B I:147*)  
**heims** vafrlogi **sveimar** (Einar Skúlason, ýmis brot 1.4; *Skj B I:451*.)  
**Stýrir** **dýrs** með trausti (*Konráðs rímur* VI.3; *Riddara-rímur* 145)

Orðalagið hjá Sveinbirni er svolítið loðið. Hvað er átt við með að orðin séu *ólík að hljómi*? Er það alltaf rímhalli ef samhljóðaklasar standast ekki fullkomlega á? Ég hygg að svo sé ekki heldur sé það mismunandi lengd sérhljóðanna sem gerir aðalhendingar eins og *Auðs-trauðan* ófagarar í eyrum nútímamanna.<sup>23</sup> Í

<sup>23</sup> Birni K. Þórólfsyni (1953:231) þykir Sveinbjörn of vandfýsinn að finna að þessum vísuorðum því að sams konar rím sé í Háttatali Snorra. En Sveinbjörn miðar við eigin framburð en ekki fornan framburð.

nútímamáli hefur *Auðs* stutt sérhljóð en *trauðan* langt en til forna var sérhljóðalengdin hin sama og hér hefur því ekki verið neinn rímhalli í eyrum skáldanna.

Ef þessi kenning mín um sérhljóðalengdina er rétt má eiga von á því að skáld síðustu alda leyfi sér í einhverjum tilfellum að ríma saman ólíka samhljóðaklasa ef sérhljóðalengdin er hin sama. Þetta má reyndar sjá í verkum Sveinbjörns sjálfs:

Veðmál **bundið** virðar fá.  
Vottar **mundu** standa hjá,  
Fái **hundrað** silfurs sá,  
sem á **undan** verður þá. (*Fluguríma* 10; Sveinbjörn Beinteinsson 1945:15)

Þótt *hundrað* hafi einu samhljóði fleira en hin rímorðin eru öll sérhljóðin stutt og enginn ljótur rímhalli myndast. Annað dæmi:

Barða **Ketill** kom í mót,  
kappi **metinn** hjörs við rót.  
Undan **létu** ekki hót  
afbragðshetjur; sókn var ljót. (*Víga rímur* V.18; Sveinbjörn Beinteinsson 1945:53)

Þótt *hetjur* hafi hér *j* umfram hin rímorðin eru öll sérhljóðin löng og rímið lætur vel í eyrum. Í eftirfarandi vísu eftir Sigurð Breiðfjörð má finna tvö dæmi á einu bretti:

Orðróm flytur afreksverka  
undir **tjaldi** vinda lið,  
því höfuðið **vitra** og höndin sterka  
hvíldar **aldrei** þurfa við. (*Núma rímur* III.72; Sigurður Breiðfjörð 1963:37)<sup>24</sup>

Í nútímamáli er sérhljóðalengd venjulega talin mjög yfirborðslegt fyrirbæri. Hún ákvarðast seint í generatífri útleiðslu og er oftast ekki talin fónemísk. Að hún skipti eigi að síður máli í kveðskap má telja til marks um að brageyrað taki til greina grunna hljóðfræðilega þætti (sbr. kafla 1.9 og Steriade 2003:588).

Þar sem sérhljóðalengd var ekki stöðubundin í formáli er greinilegt að fornskáldin höfðu mun fleiri tækifæri en nýrri skáld til að ríma saman orð með

---

<sup>24</sup> Sjá einnig t.d. *Núma rímur* III.49, III.78, IV.76, IV.86, V.74 og VI.31.

mismunandi samhljóðaklösum. Þar leyfðist þó greinilega ekki hvað sem er eins og nú verður lýst.

Í dróttkvæðum hætti skiptast á skothendingar í ójöfnum vísuorðum og aðalhendingar í jöfnum vísuorðum eins og í þessu dæmi úr *Velleklu*:

Því fjołkostigr flestu  
flestr ræðr við son Bestlu  
(tekit hefk morðs til mærdar)  
mæringr an þú færa. (Einar Skálaglamm, *Vellekla* 4; *Skj B I:117*)

Hendingum má lýsa þannig að einn samhljóðaklasi rími við annan. Þannig má segja að í fyrsta vísuorði rími /st/ við /st/ og í fjórða vísuorði rími /r/ við /r/. Í öðru vísuorði rímar hins vegar /str/ við /stl/ og í þriðja vísuorði rímar /rðs/ við /rð/. Hvaða samhljóðaklasar mega ríma saman og hverjir ekki? Til þess að geta notað hendingar sem heimild um málsögu verðum við að hafa eitthvert svar við þeirri spurningu.

Í grein sem birtist í *Íslensku máli* setti Þorgeir Sigurðsson fram þá kenningu að „sameiginleg eining tveggja rímorða ... sé atkvæði án upphafssamhljóða en að viðbættum eftirfarandi stuðli“ (Þorgeir Sigurðsson 2001:224–225). Í MA-ritgerð Þorgeirs (2003) er atkvæðishugtakið skilgreint nánar m.a. með hliðsjón af kenningum um hljómmagn og góða snertingu atkvæða. Kristján Árnason (2007) og Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2010) vinna síðan áfram með þessa hugmynd og leggja áherslu á lágmarkshljómun (e. sonority minimum). Orða má rímregluna svo að til þess að tveir samhljóðaklasar rími verði öll samhljóð að og með því sem hefur lágmarkshljómun að vera eins. Gera má ráð fyrir að hljómmagn<sup>25</sup> samhljóða í forníslensku hafi verið líkt og í nútímamálum, t.d. eitthvað á þessa leið:

/p t k/ < /b d g/ < /f θ x/ < /v ð γ/ < /s/ < /m n/ < /l/ < /r/ < /w j/  
(sbr. Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:39)

Hér sjáum við að bæði /s/ og /r/ eru hljómmeyri en /t/ og því verður lágmarkshljómun í klasanum /str/ á /t/-inu. Einnig er /l/ hljómmeyra en /t/ svo að lágmarkshljómun í /stl/-klasanum verður aftur á /t/. Þetta skýrir hvers vegna /str/

<sup>25</sup> Rökstutt hefur verið að hljómmagn og atkvæði séu illa skilgreind fyrirbæri og ekki mælanleg á neinn vísindalegan hátt (Ohala og Kawasaki-Fukumori 1997; Ohala 2008). Þessi gagnrýni virðist hafa ýmislegt til síns máls en hefðbundnu hugtökin eru þó notuð hér í þeirri von að þau séu nógu góð nálgun á raunveruleikann til að gagnast.

og /stl/ ríma saman. Eins getum við skýrt hvers vegna /rðs/ og /rð/ ríma saman – lágmarkshljómunin er í báðum klösum á /ð/-inu.<sup>26</sup>

Athyglisvert er að sömu lögmál um lágmarkshljómun virðast ráða hendingum og stuðlasetningu. Þannig stuðlar /s/ við /sn/ fram á miðja 14. öld en þá verður hljóðbreyting þar sem sníkjuhljóð kemur upp í /sn/-klasanum (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010). Lágmarkshljómunin færir þá af s-inu yfir á sníkjuhljóðið og /stn/ getur ekki stuðlað við /s/. Á sama hátt rímar /s/ við /sn/ fram á miðja 14. öld en þegar sníkjuhljóðið kemur upp leggst rímið af (sbr. Þorgeir Sigurðsson 2001:223).

Kenningin um lágmarkshljómun virðist því hafa töluvert skýringargildi. Málið er þó ekki alveg einfalt eins og sést þegar fleiri dæmi eru skoðuð. Geisli Einars Skúlasonar hefst svo:

Eins má óð ok bænrir  
(allsráðanda ens snjalla,  
mjök's fróðr, sás getr góða)  
goðs þrenning mér kenna;  
goðfugt ljós boðar geisli  
gunnøflugr miskunnar  
(ágætan býðk ítrum  
Óláfi brag) sólar (Einar Skúlason, *Geisli* 1; *Skj* B I:427)

Í þriðja vísuorði rímar /ðr/ við /ð/ og í sjöunda vísuorði rímar /t/ við /tr/. Þetta er í góðu samræmi við það að /r/ er hljómmeira en /ð/ og /t/. Einnig virðist borðleggjandi að /s/ og /sl/ ríma í fimmta vísuorði vegna þess að /l/ er hljómmeira en /s/. En hvers vegna rímar þá /llsr/ við /ll/ í öðru vísuorði og /ns/ við /n/ í fyrsta vísuorði? Þetta hefur verið útskýrt með því að myndanaskil á undan eignarfallsendingunni geti skipt máli (Kristján Árnason 2007:107; Kuhn 1983:80). Lítum á nokkur dæmi um orðið *hals* (*háls*) í hendingum:

hjørva éls á halsi (Kolbeinn Tumason, lausavísa 1.3; *Skj* B II:47)  
helsisæm at halsi (Kormákur Ögmundarson, lausavísa 4.7; *Skj* B I:71)  
vals ginu þar of halsa (Þorleikur fagri, Flokkur um Svein Úlfsson 1.6; *Skj* B I:365)  
vals á bragna halsum (Vísa í Ragnarssona þætti 1.2; *Skj* B II:261)

<sup>26</sup> Kuhn (1983:80) telur að aðeins órödduð hljóð hafi komið fyrir á undan eignarfallsendingunni. Í þeirri túlkun myndi orðmynd eins og *morðs* enda á [ps]. Þetta er þó varla víst og mætti t.d. einnig hugsa sér röddunarsamlögun í hina áttina: [ðz].

Í orðinu *hals* eru engin myndanaskil milli /l/ og /s/. Þá gildir reglan um lágmarkshljómun og orð sem standa í hendingum við *hals* verða að hafa /ls/ en ekki aðeins /l/. En þau orð geta hins vegar haft myndanaskil milli /l/ og /s/, eins og tilfellið er í *él-s* og *val-s*. Slík orð geta síðan rímað við /l/ eins og í eftirfarandi dæmum:

hvals munk hvassa telja (Haukur Valdísarson, *Íslendingadrápa* 2.1; *Skj B I:539*)  
éls við þjóð á vélum (Hallfreður vandræðaskáld, lausavísa 14.8; *Skj B I:160*)  
éls þvís allir mæla (Sighvatur Þórðarson, lausavísa 29.7; *Skj B I:253*)  
éls und erkistóli (Stúfur blindi, *Stúfsdrápa* 8.7; *Skj B I:374*)  
éls rekninga þélar (Bjarni, brot 2.2; *Skj B I:523*)  
hjaldréls frömuðr vélar (Ólafur hvítaskáld, Kvæði um Hákon 1.8; *Skj B II:104*)

Af þessum gögnum að dæma rímar *éls* bæði við *hals* og við *mæla* en *hals* rímar ekki við *mæla*. Rímið er þá ekki gegnvirkt og það kemur dálítið á óvart. Ef þetta reynist rétt myndu orðmyndirnar *hal-s* (eignarfall af *halur*) og *hals* (*háls*) haga sér mismunandi í kveðskap þrátt fyrir að ekki sé vitað til að framburður þeirra hafi verið mismunandi. Hér gæti fylgismaður generatífrar hljóðkerfisfræði lagt til að munurinn grundvallist á mismun í baklægri gerð, #hals# gegn #hal-s#, og að þar með sé komið mótdæmi gegn kenningu Manaster-Ramers (sbr. kafla 1.4).

Um þetta er ýmislegt að segja. Í fyrsta lagi er alltaf veikara að grundvalla almennar niðurstöður í málfræði á fornum textum en á lifandi málhöfum enda getum við ekki vitað framburð fornskálda með fullkominni vissu. Í öðru lagi virðist það ekki vera almenn regla að morfemaskil dugi til að aðgreina rímeindir. Sér í lagi verður ekki séð að hvorugkynsendingin /-t/ geti staðið utan ríms. Til dæmis er hægt að ríma *laus-t* við *austan*, *hausti* o.s.frv. en ekki við *hausar* eða *ausa*. Dæmi:

laust fyr Dýrnes austan (Arnór jarlaskáld, *Þorfinnsdrápa* 6.4; *Skj B I:317*)  
vánarlaust á hausti (Rögnvaldur jarl, lausavísa 19.4; *Skj B I:483*)  
válaust konungr austan (Sighvatur Þórðarson, *Nesjavísur* 1.2; *Skj B I:217*)

Ef skilin í #hal-s# duga til aðgreiningar hvers vegna gera skilin í #laus-t# það ekki? Hér mætti ímynda sér að lausnin súist ekki um myndanaskil almennt heldur um að endingin -s sé einhvern veginn sérstök og kannski laustengdari stofninum en aðrar endingar. Athyglisvert er að í norrænu meginlandsmálunum er þessi eignarmerking talin hengill en ekki beygingarending (Askedal 2008:53). Í íslensku nútímamáli hefur þessi ending nokkuð einkennilegt

hljóðkerfislegt sérkenni en með henni er hægt að framkalla langt sérhljóð á undan samhljóðaklösum. Eignarfallsmyndin *laks* er gjarnan borin fram með löngu sérhljóði og er þá ekki eins í framburði og *lax*, jafnvel hjá þeim sem hafa lokhljóðsframburð í báðum orðum. Með þetta í huga er ef til vill ekki út í hött að láta sér detta í hug að til forna hafi orðmyndirnar *hal-s* og *hals* ekki endilega verið óaðgreinanlegar í framburði. Eins og við munum sjá í dæmunum um miðmyndarendinguna dugur svo sértæk lausn þó varla til.

Loks verður að viðurkennast að myndanaskil hafa löngum valdið hljóðkerfisfræðingum hugarangri (sbr. t.d. Lass 1984:31–38) og að á þeim vandamálum hef ég enga allsherjarlausn. Vera kann að skil milli morfema geti í einhverjum tilfellum skipt máli í kveðskap án þess að framburðaráhrifa gæti. Það myndi þó ekki sjálfkrafa þýða að alls konar óhlutbundnar lausnir verði þar með sennilegar. Mér virðist mikill munur á að gera ráð fyrir að myndanaskil í *hal-s* séu sálfræðilega raunveruleg og að gera ráð fyrir að *a* sé sálfræðilega raunverulegt í tillögum að baklægum gerðum á borð við #land-um#.

Til að fá sem traustastar niðurstöður um eðli ríms í dróttkvæðum þyrfti að gera umfangsmikla rannsókn (á borð við Kahle 1892) með tilliti til myndanaskila og fleiri þátta. Þess er ekki kostur hér heldur verður athyglinni aðeins beint að einu vandamáli, miðmyndarendingunni.

### 6.3 Miðmyndarendingin

Í elstu íslensku handritunum er endingin sem auðkennir miðmynd í flestum beygingarmyndum rituð <sk> og mun hún vera til orðin úr þolfalli afturbeygða fornafnsins, *sik*. Í nútímaíslensku er arftaki þessarar endingar ritaður og borinn fram /st/. Þróunin úr elstu endingunni til þeirrar sem nú er ríkjandi er þó ekki jafnljós og ætla mætti. Í elstu handritum eru rithættirnir <sk>, <sc>, <zk> og <zc> almennir en á 13. öld sækir endingin <z> í sig veðrið. Á 14. og 15. öld eru endingarnar <z>, <zt> og <zst> algengastar en frá og með 16. öld er rithátturinn <st> almennur.

Fræðimenn hafa ekki verið á eitt sáttir um túlkun á hinum margvíslega rithætti handritanna. Friedrich Specht (1891) setti fram þá kenningu að þróunin hafi gerst í fjórum skrefum en þau má tákna á eftirfarandi hátt.

sk -> tsk > ts -> tst -> st

Hér merkir táknið > hljóðbreytingu en táknið -> áhrifsbreytingu. Specht áleit að



/t/ hafi komist inn í miðmyndarendinguna fyrir hljóðbreytingu í sögnum sem hafa rót með /nn/ eða /ll/, til dæmis finnsk > finntsk. Endingin /tsk/ hafi síðan breiðst út með áhrifsbreytingu. Þessi samhljóðaklasi varð hins vegar of stór biti fyrir talfærin svo að hann einfaldaðist fljótt í /ts/.

Um 1320 telur Specht að /ts/ hafi unnið sigur og forna endingin /sk/ sé aldaúða. En einmitt um sama leyti taka nýja endingarnar /tst/ og /st/ að láta á sér kræla. Til að skýra þessar endingar grípur Specht aftur til áhrifsbreytinga og telur að m.a. sé um áhrif frá efstastigi lýsingarorða að ræða. Um miðja 15. öld telur Specht að klasinn /st/ sé orðin hin almenna ending þótt haldið sé í gamlan rithátt nokkuð lengur.

Leiðarljósið í skýringum Spechts er að rithátturinn <z> merki alltaf /ts/ en aldrei t.d. /st/. Specht átti sér m.a. sporgöngumann í Birni K. Þórólfssyni (1925). Björn telur að breytingin í /st/ hafi gerst fyrr en Specht gerir ráð fyrir. Á 13. öld telur Björn að /ts/ hafi verið algeng ending en /st/ einnig fundist (1925:xxx). Um miðja 14. öld telur Björn að /st/ sé algengasta endingin en /s/ hafi einnig verið til fram um 1400 (1925:69). Björn bendir sérstaklega á að á eftir /r/ sé /st/ snemma hin almenna ending (1925:67).

Kjartan Ottósson (1992) tekst á við vandamálið á mjög ítarlegan hátt í doktorsritgerð sinni. Niðurstaða hans er að þróun miðmyndar megi skýra með einfaldri hljóðbreytingu:

sk > st

Þessi hljóðbreyting tekur að láta á sér kræla snemma á 13. öld og er um garð gengin snemma á 14. öld. Kjartan hafnar alfarið hugmyndinni um /ts/ sem miðmyndarendingu. Honum finnst ekki jafnfráleitt að /s/ hafi á einhverju tímabili eða í einhverju hljóðfræðilegu samhengi komið fyrir sem miðmyndarendingin en hafnar því þó að lokum.

Í þessari rannsókn er vitnisburður kveðskapar um miðmyndarmyndir skoðaður. Ég hef reynt að lesa í gegnum allan kveðskap frá tímabilinu 1200–1550 sem hefur hendingar eða endarím. Mér hafa þó sjálfsagt yfirsést einhver kvæði, einkum frá síðasta hluta tímabilsins. Einnig má búast við að mér hafi yfirsést einstök dæmi í kvæðum sem ég þó las. Flest sem máli skiptir ætti þó að hafa komið í leitirnar.

## 6.4 Miðmynd í kvæðum með hendingum

Í kveðskap fyrir 1300 finn ég 8 dæmi um að miðmyndarending taki þátt í hendingu:

lask eigi þar háski (Skáld-Hallur, *Brandsdrápa* 6.2; *Skj B II:104*)  
fremsk helgat lið lymsku (*Heilags anda vísur* 7.7; *Skj B II:177*)  
falsk riddari enn valski (Nafnlaus lausavísa; *Skj B I:592*)  
falsk und hjalm enn valska (Sighvatur Þórðarson, lausavísa 5.6; *Skj B I:247*)  
fœzk hóleitri gœzku (Einar Skúlason, *Geisli* 13.8; *Skj B I:431*)  
hlauzk mér til þess gauzkan (Þjóðólfur, *Magnúsflokkur* 23.2; *Skj B I:337*)  
almr hrauzk, hræ bauzk (*Háttalykill* 39b.7; *Skj B I:507*)  
elsku meðan boðit dvelsk (*Brúðkaupsvísur* 20.2; *ÍM II:132*)

Þar sem *k* er hljómlítið eru þessi rím í samræmi við kenninguna um lágmarkshljómun (sbr. kafla 6.2). Undir dróttkvæðum hætti veit ég aðeins um eitt dæmi þar sem sögn í miðmynd stendur í hendingu án þess að miðmyndarendingin taki þátt í ríminu:

Ormr hrauzk en felt rauðu (*Ólafsdrápa Tryggvasonar* 19.6; *Skj B I:572*)

Þetta rím má skilja sem *hrauð-sk / rauðu* og verða þá myndanaskilin lágmarkshljómunarreglunni yfirsterkari. Það má þó hafa í huga að *ð* er ekki mjög hljómmikið hljóð. Þótt skáldið leyfi sér rímið að ofan hefði það ekki endilega leyft sér rím eins og *fal-sk / mæla* þar sem *l* er fremur hljómmikið. Um þetta verður þó lítið ályktað út frá svo fátæklegum gögnum.

Undir tögdrápulagi eru tvö dæmi:

namsk þat með gram (Sighvatur Þórðarson, *Knútsdrápa* 4.2; *Skj B I:233*)  
ætt manna fansk (Sighvatur Þórðarson, *Knútsdrápa* 9.2; *Skj B I:234*)

Tögdrápulag (fornyrðislag með hendingum) er mjög erfiður bragarháttur og trúlegt að Sighvatur hafi þarna leyft sér rím sem hann hefði annars forðast. Margt konar vafasamt rím kemur fyrir í Knútsdrápu, til dæmis rím sem fellur á beygingarendingar og áherslulaus smáorð. Eigi að síður bætast dæmin að ofan í sarpinn um mögulegt hlutverk myndanaskila í hendingum.

Þegar fram kemur á 14. öld finn ég engin dæmi um rimbundið /sk/ og vandasamara verður að túlka gögnin. Hjá Arngrími ábóta (d. 1361) eru þrjú dæmi um miðmynd í hendingum og ég ræði hvert fyrir sig:

því tókz þeim í einu eiki (Arngr. ábóti, Kvæði um Guðmund 54.3; *Skj* B II:386)

Ef miðmyndarendingin var /st/ mundi hér samhljóðaklasinn /kst/ ríma við /k/. Þetta gæti staðist reglur um lágmarkshljómun því að /k/ og /t/ eru jafnhljómlítil. Til samanburðar má benda á eftirfarandi vísuorð úr eldri kveðskap:

allskjótt meginþrjózku (*Sáttavísur* 2.8; *Skj* B I:595)

Hér má segja sem svo að í klasa með tveimur lokhljóðum (*þrjózku*) dugi að hafa það fyrra með í ríminu. Verður því ekki séð að neitt skýrt sé á fyrsta dæminu frá Arngrími að græða því að hvort sem miðmyndarendingin var /s/, /sk/ eða /st/ ætti rímið að standast. Næsta dæmi er ekki heldur afgerandi:

ólz sorg af því byskups Hóla (Arngr., Kvæði um Guðmund 35.6; *Skj* B II:381)

Hér má gera ráð fyrir að myndanaskil ráði ríminu, hvort heldur Arngrímur hefur sagt /óls/ eða /ólst/. Aftur á móti er *ólst* / *Hóla* svolítið óvænt hendingapar miðað við hvað eldri skáldin virðast lítið stunda að láta miðmyndarendinguna standa utan ríms. Síðasta dæmi Arngríms er áhugaverðast:

ilman helz þótt viðrinn eldiz (Arngr., Kvæði um Guðmund 47.4; *Skj* B II:384)

Hér hljótum við að gera ráð fyrir að tannhljóðið í *halda* sé varðveitt í miðmynd og taki þátt í ríminu. Nútímaframburðurinn /helst/ kemur varla til álita.

Sá sem gaf út kvæðið *Söknuð* taldi að það væri frá um 1500 en mér þykir trúlegt að það sé nokkru eldra. Þar kemur fyrir eitt miðmyndarrím:

Þórsdag er gleðin fórst (*Söknuður* 142).

Hér er eðlilegast að gera ráð fyrir miðmyndarendingunni /st/. Ef /d/ hefur enn verið raddað hljóð má ímynda sér að það afraddist hér enda kemur ritmyndin <þorstag> stundum fyrir (*ONP*). Athugum að á eftir /r/ eru allir sammála um að miðmyndarendingin hafi breyst beint úr /sk/ í /st/.

Í *Katrínardrápu*, frá seinni helmingi 14. aldar eða um 1400 finnst eitt dæmi um rímbundna miðmynd:

hræz þú eigi, Hörn en bezta (*Katrínardrápa* 13.5; *Skj* B II:572)

Hér þykir mér trúlegast að /tst/ rími við /tst/. Einnig mætti þó hugsa sér að /st/ rími við /st/ eða jafnvel /ts/ við /tst/.

Þegar kemur fram um 1400 finnast tvö dæmi um miðmyndarrím í klösum með /nn/:

minz á mál við svanna (Vísur úr Grettis sögu 13.3; *Skj B II:465*)  
minna sé ek at þér vinz (*Mariúvísur III 22.8; Skj B II:543*)

Samkvæmt kenningunni um lágmarkshljómun væri skárri að miðyndarendingin sé /s/ fremur en /st/ eða /ts/. Út frá því sem sagt hefur verið um myndanaskil er þó lítið hægt að fullyrða.

Í Rósu, frá því um 1500 eða frá fyrri helmingi 16. aldar er þetta dæmi:

Ollum tiezt þar allt id besta (*Rósa 13.5; ÍM I:9*)

Hér virðist líklegast að miðmyndarendingin sé /st/. Næsta dæmi er erfiðara:

**Gledz** nu mæ er glogleg **trvdi**  
gledileg moder eingils kuediu  
gledz nu mild er \*heye huldi  
himna kong sem \*greina ymnar  
**Gledz** Maria er feck ad **fæda**  
fodur sannlegann eingla og manna  
**gledz** drottninginn sialf æ **sidann**  
sam<ri>ckiandi helgum anda. (*Rósa 76; ÍM I:22*)

Hér getum við lítið sagt annað en að miðmyndarendingin taki ekki þátt í ríminu. Loks eru dæmi um að miðmyndarending standi utan ríms í innrími í rímum. Þess er að gæta að það er ekki fyrirfram augljóst að innrím í rímum hljóti að fylgja nákvæmlega sömu reglum og hendingar í fornum dróttkvæðum en dæmin eru eftirfarandi:

**Skilz** þa **Bil** þann budlung vid (*Svöldrar rímur V.31; Rs I:212*)  
**finnzt** en **linnar** halda (*Konráðs rímur VI.32; Riddara-rímur 150*)  
**Finz** þar **inni** (*Sturlaugs rímur VI.10; Rs I:498*)  
**Finz** fyr **innan** (*Sturlaugs rímur VI.37; Rs I:501*)  
**Eneas uenst** j orfa sueim (*Ektors rímur IX.51; Uppskriftir*)

Eins og sjá má eru dæmin í þessum kafla fremur fá og óvissa um túlkun þeirra óheppilega mikil. Þó virðist ekki hjá því komist að álykta að miðmyndar-

endingin geti, eins og eignarfallsendingin, staðið utan hendinga hvað sem lágmarkshljómun líður.

Þótt hendingar gefi ekki mikla vitneskju um þróun miðmyndarendingarinnar er ljóst að /st/-kenningin fær ekki einhlítan stuðning í kvæðum frá 14. öld og að vísbendingar eru um að tannhljóðið í tannhljóðsstofnasögnum sé þá enn varðveitt.

Í eftirfarandi köflum verða endarímuð kvæði notuð sem heimildir. Þar er fleiri dæmum til að dreifa og auðveldara er að túlka þau. Því miður dreifast þau þó þannig að þau eru öll frá því eftir 1350 og langflest munu vera frá því eftir 1400.

## 6.5 /r/-stofnar í endarími

Fyrst er hér litið á rím með sagnmyndum sem hafa /r/ í stofni. Atkvæðið sem rímar má þá setja fram sem /VrZ/ þar sem V táknar sérhljóð en Z táknar miðmyndarendingu. Í rímum fyrir siðaskipti eru 18 dæmi um að atkvæði af þessari gerð rími við atkvæði af gerðinni /Vst/ (t.d. *mest*, *hest*, *brast*, *fast*) en þrjú dæmi um að þau rími við /Vzt/<sup>27</sup> (*bezt* og *yzt*) og eitt dæmi um rím við /Vrst/ (*verst*). Fjögur dæmi fara hér á eftir (dæmasafnið í heild er í viðauka C.1):

Hacon **berst** af hreysti **mest** (*Sörla rímur* V.16; *Rs* II:108)

Laufen **skarzt** aa buki **fast** (*Dámusta rímur* III.32; *Rs* II:789)

Hver sem lætr aa ferðum **frest**  
fleina uidr ok illa **berst**  
hann skal fanga Hagbardz **hest**  
Herians sonr ok liftion **uerst** (*Sálus rímur* V.42; *Rs* II:726)

Kapu hefer hann klæda **yzt**  
katlegt mart af Ani **spyrz** (*Áns rímur* II.36; Ólafur Halldórsson 1973:104)

Nærtækt er að skýra þessi rímdæmi með tilvísun í nútímaframburð. Nú eru orðmyndir eins og *bezt* og *yzt* borin fram með /st/ (sjá einnig Kjartan Ottósson

---

<sup>27</sup> Í lauslegri fónemískri ritun geri ég hér ráð fyrir /z/ sem einingu í forníslensku og tek þá ekki afstöðu til þess hvort framburðurinn hefur verið t.d. [ts], [ds] eða einhvers konar affríkati.

1992:100) og orð sem rituð eru með <rst> hafa einnig mjög oft framburðinn /st/. Dæmið úr Sálus rímum sýnir enda að efstastigsmyndin *verst* rímar við *hest* og *frest*. Við getum því ályktað að ritmyndir eins og <skarzt> hafi getað haft framburðinn /skast/. Ef ritmyndir eins og <berz> eða <berzt> hefðu getað haft framburðinn /bers/ eða /bess/ ættum við von á að finna einhvers staðar rím á borð við <berzt>-*hers* eða <skerzt>-*bess* en slíks eru engin dæmi. Má því segja að vitnisburður kveðskapar veiti þeirri hugmynd stuðning að miðmyndarendingin í /r/-stofna sögnum hafi verið /st/ þegar um miðja 14. öld.

## 6.6 Tannhljóðsstofnar í endarími

Með tannhljóðastofnum er hér átt við að miðmyndarendingin komi á eftir tannhljóði (*ð*, *d*, *t*). Dæmin eru þar fremur fá og verður fyrst fjallað um þrjú vafadæmi.

Finnur Jónsson (*Rs* I:298) og Björn Karel Þórólfsson (1925:68) gera ráð fyrir miðmyndarrími á einum stað í Lokrum. Í Staðarhólsbók, eina handritinu sem varðveitir Lokrur, er vísan svona:

Þessu jatte Þor nu list  
þat er j gonlar minne  
alla bindur yta uist  
Aurnir slett at sinne. (*Lokrur* II.27; AM 604 4to)

Finnur Jónsson leiðrétti <jatte> í <jata> og skilur þar með <list> sem miðmynd (*lízt*) af sögninni *líta*. En sérhljóðið í ‘lízt’ er ekki það sama og í ‘vist’ („matur“) og miðmynd er yfirleitt ekki rituð <st> í Staðarhólsbók. Mér þykir líklegra að leiðréttu eigi <nu> í <med> enda eru þessi orð lík í handritum þegar orðið *með* er bundið á hefðbundinn hátt. Rímnaskáldum er tamt að fylla upp í vísuorð með orðasambandinu „með list“ Dæmi um setningar líkar „Þessu játti Þór með list“ má finna í að minnsta kosti þrennum rímum:

Elinborg svaraði enn með list (*Geirarðs rímur* III.34; *Rs* II:490)  
Þórir sagði þá með list (*Áns rímur* II.15; Ólafur Halldórsson 1973b:100)  
Sætan tvist hún svarar með list (*Landrés rímur* III.50; *Rs* II:419)

Orðasambandið „með list“ kemur einnig annars staðar fyrir í Lokrum sjálfum (III.3). Ég lít því ekki á dæmið úr Lokrum sem vitnisburður um miðmyndarrím.

Í Þrændlum er eftirfaranda dæmi:

Ofunden spillir holdum **hellzt** ... morgum se ec misiafnt **ferzt**  
(*Þrændlur* IV.41; *Rs* I:268)

Finnur Jónsson leiðréttir <ferzt> í <gellzt> og er það ekki ósennileg tilgáta enda er fáheyrt að *r* og *l* rími.

Erfiðara er að skýra þetta dæmi:

Vilh<ialm> feck þau miklv **meilz** / minni at þui ytum **leiz**  
(*Sigurðar rímur þögla* V.36; Þorvaldur Sigurðsson 1986:107)

Bæði samhengið og stafsetning annarra handrita benda til að orðið sem rímnaskáldið hafði í huga sé það sem nú er ritað <meiðsl> og borið fram [meiðstl]. Þar er illvígur samhljóðaklasi á ferð og væntanlega helgast rímið hér af einhvers konar einföldun á honum, til dæmis má hugsa sér framburðinn /meizt/-/leizt/. Hljóðbreytingin /sl/ > /stl/ hefur sennilega verið um garð gengin um allt land um 1400 (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010).

Nú eru eftir fimm dæmi sem engin sérstök textavandamál eru við. Hér birti ég einnig dæmi þar sem miðmynd rímar við miðmynd þótt þeim sé annars staðar sleppt. Það er enda meira upplýsandi að <lezt> rími við <frez> en að t.d. <berzt> rími við <skerzt>. Dæmin eru hér í ætlaðri aldursröð (sbr. viðauka A):

1. sidan nockur Sigmund **lezt** / sannleikr hefr eingin **frez**  
(*Sigmundar rímur* V.17; *Rs* I:242)

2. Amæle bregdz jafnan **sizt** / ðngvan trv ec silfrit **lizt**  
(*Þrændlur* III.14; *Rs* I:259)

3. leigan **geldzt** ef lifit **hellzt**  
(*Skáldhelga rímur* IV.12; *Rs* I:132)

4. Feck ec ecka og **flestan brest**  
af fare sare longum  
kuinnu suinre **kuezt** þat **mest**  
at klædum nædi hun ongum  
(*Landrés rímur* VIII.22; *Rs* II:455)

5. Hrímhild **lést** ei hafa um **frest** að héti sú  
(*Sturlaugs rímur* V.20; *Rs* I:492)

Í kvæðinu Thómasdikt (sjá síðast Jón Ma. Ásgeirsson og Þórður Ingi Guðjónsson 2007:154–156) er auk þess að finna eitt dæmi:

6. torsott ferdin Tome **lizt**  
þv skalt rada þat er mer skylt  
enn þangat villda eg **sizt**  
(*ÍM* II:317)

Of lítið er varðveitt af Thómasdikt til að hægt sé að aldursgreina hann með neinni vissu. Kvæðið gæti þó vel átt heima með hinum eldri miðaldarímum.

Í yngstu dæmunum tveimur (4–5) hljótum við að gera ráð fyrir framburðinum /st/ enda er það í samræmi við seinni alda íslensku. Í eldri dæmunum (1–2, 6) er freistandi að gera ráð fyrir öðrum framburði, sem við getum táknað /zt/. Spyrja má hvers vegna <lizt> rímar einmitt við <sizt> en ekki til dæmis <vist> í Þrændlum og Thómasdikt og hvers vegna <lezt> rímar við <frez> en ekki t.d. <siezt> í Sigmundar rímum. Það er að minnsta kosti sérkennileg tilviljun að dæmin sem sýna /st/ í tannhljóðsstofna miðmyndarmyndum séu einmitt úr yngri rímum. Þetta má því túlka sem vísbendingu um að nútímaframburður á myndum eins og *frétzt* og *lízt* hafi ekki verið ríkjandi um 1400. Vissulega eru þó dæmin of fá og tímasetning þeirra of óviss til að hægt sé að fullyrða um þetta.

Spyrja mætti hvort myndir eins og <lizt> og <leizt> hafi getað haft framburðinn /líts/ og /leíts/. Engin dæmi finnast um rím sem sýni fram á þetta. Það eru þó veik rök því að orðmyndir sem gætu tekið þátt í slíku rími, t.d. *hvíts* eða *reits*, eru sjaldgæfar.

Dæmi 3 er sennilega hliðstætt við eftirfaranda dæmi:

Þarflaust er að þylia mior  
vm þyda kuenna flocka  
Nema þad **hellzt**. ef fliodvm **fellz**  
fræden min j þocka.  
(*Máðilar rímur* V.2; Valgerður Brynjólfsdóttir 2004:153)

Til greina kemur að myndirnar <geldzt> og <fellz> hafi haft sérstakan framburð, nánar er fjallað um það í kafla 6.10.



## 6.7 Sérhljóðastofnar í endarími

Með sérhljóðastofnum er átt við að miðmyndarendingin komi beint á eftir sérhljóði. Allríkuleg dæmi fundust um slíkar myndir rímbundnar. Eitt dæmið, úr Sörla rímum, hefur algjöra sérstöðu og er skoðað í kafla 6.12. Nokkur önnur dæmi fara hér á eftir (heildarlisti er í viðauka C.1):

Brast en fasta barna **ást** ... yndi týndi er eigi **sást** (*Friðþjófs rímur* V.16; *Rs* I:444)  
þar með **ast** su all dri **brast** (*Geðraunir* VII.45; *Rs* II:231)  
Þioden **dyrst** til ferdar **snyz** (*Mábilur r.* V.45; Valgerður Brynjólfsdóttir 2004:156)

Hér eru mörg dæmi um að miðmyndarendingin rími við /st/. Sú skýring sem liggur langbeinast við er að miðmyndarendingin hafi í máli skáldanna sem ortu þessi kvæði verið /st/ á eftir sérhljóði. Einnig bregður fyrir rími við /rst/ og skýrist það á sömu lund og í kafla 6.5. Friðþjófs rímur og Geðraunir eru jafnan taldar til elstu rímna og munu vera frá seinni helmingi 14. aldar eða í síðasta lagi frá um 1400. Þá þegar er líklegast að miðmyndarendingin /st/ sé almenn á eftir sérhljóði.

Mér eru kunnug fimm<sup>28</sup> dæmi um að ending miðmyndar rími við endingu efstastigs í tvíkvæðum orðmyndum. Hér er eitt þeirra (hin í viðauka C.1):

Bjarka setti hilmir hátt  
yfir herlið **fínast**  
hreystimenn úr hverri átt  
að Hrólfi **tínast** (*Bjarka rímur* V.33; Finnur Jónsson 1904:145)

Beinast liggur við að túlka þessi dæmi sem vitnisburð um miðmyndarendinguna /st/.

## 6.8 Gómhljóðsstofnar í endarími

Fjögur rímbundin dæmi þekki ég um miðmyndarendingu á eftir gómmæltu samhljóði:

1. Hunding **legz** ok at hualnum **bregdz**  
(*Hjálmþérs rímur* VIII.32; *Rs* II:53)

---

<sup>28</sup> Í Friðþjófs rímum II.4 (*Rs* I:419) rímar **kvænaz-vænast** en seinna orðið er leiðrétting Finns Jónssonar, ekki ólíkleg að vísu. Í handritinu er staglrímið **kvænaz-kvænaz**.

## 2. Hilmir **kvest** og í hernað **legst**

(*Bjarka rímur* VI.15; Finnur Jónsson 1904:151)

## 3. Hofdu Jrar hundrud **vj**

holda lidz er roman **vex**

gnögt er afl oc grundinn **þreks**

giptann rædur ef allvel **tekst**

(*Hrólfs rímur* II.20; *Uppskriftir*)

## 4. Sorg og strid med siola **vex** / rikur fra eg j reyckiu **legst**

(*Máðilar rímur* IX.41; Valgerður Brynjólfsdóttir 2004:179)

Í dæmum 1–2 verður að gera ráð fyrir einföldun samhljóðaklasa. Framburðurinn [lexst] – [prexst] er eðlilegur í nútímamáli og með honum fengist eðlilegt rím í dæmi 1. Hins vegar fæst ekki eðlilegt rím í dæmi 2 með nútímaframburði. Þar mætti hugsa sér [kvest]-[lest] og þá mætti vitanlega einnig stinga upp á framburðinum [lest]-[prest] í dæmi 1. Kjartan telur að /ð/ hverfi í einkvæðum miðmyndarmyndum af *kveða* þegar á 13. öld en að á 14. öld megi sjá merki um það á ný (Kjartan Ottósson 1992:156–157).

Það fyrsta sem hlýtur að koma í hugann þegar litið er á dæmi 3–4 er framburðurinn /texas/ og /lexs/ og mundi þá miðmyndarendingin hafa allómorfið /s/ í þessum sögnum. Í kafla 10 er rætt frekar um þessa túlkun.

## 6.9 /nn/-stofnar í endarími

Miðmyndarform af sögnunum *finna* og *vinna* koma alloft fyrir rímbundin í elstu rímum og fram til loka 15. aldar. Dæmin eru mjög á eina lund (sjá ennfremur viðauka C.1):

Eingenn þeingill frægri **fannz** / forðum nordur ok ut i **Frannz**

(*Svöldrar rímur* V.34; *Rs* I:212)

Bræður **hans** meðan bardaginn **vanst**

(*Bjarka rímur* VI.25; Finnur Jónsson 1904:152)

Fylker **landz** er frægdinn **uannzt** / fiolda lætur safnna **mannz**

(*Ektors rímur* VIII.36; *Uppskriftir*)

Nu skal segia af ferðum **Fins** / full uel honum at sliku **uinzt**  
(*Andra rímur* II.54; *Uppskriftir*)

Við sjáum að orðmyndir sem nú eru ritaðar <manns> og <vannst> ríma saman á 15. öld. Á sama tíma eru slíkar myndir oft ritaðar á sama hátt, t.d. <mannz> og <vannz>. Yfirleitt erum við ekki í miklum vafa um að myndir sem líta eins út í rituðu máli og ríma saman í kveðskap hafi haft sama framburð. Hvort þetta sé einnig raunin hér hefur þó verið umdeilt. Björn Karel Þórólfsson sýnir fjögur dæmi um rím eins og að ofan og túlkar þau svo að /s/ hafi „sumsstaðar á landinu“ verið til sem miðmyndarending fram um 1400 (Björn Karel Þórólfsson 1925:68–69). Hann bendir þó ekki á nein önnur mállýskueinkenni sem rímur með þessu rími eiga saman enda virðist þessi notkun á /s/ sem allómorfi miðmyndarendingarinnar greinilega skýrast af hljóðkerfislegu umhverfi en ekki mállýskumun.

## 6.10 Bókmálsrím

Jóhannes L. L. Jóhannsson fjallar um rímin í kafla 6.9 og heimildagildi þeirra. Hann segir:

Kunnugt er mér það, að stöku sinnum, en fremur sjaldan, finnast stiklur sem *hans: vanz* (= vanst) (Konráðsr. VIII 56), en þetta er engin sönnun fyrir *ts*-framburði: heldur er þetta og þvílíkt líklega bókmálsrím (Jóhannes L. L. Jóhannsson 1924:97)

Það sem vakir fyrir Jóhannesi þarna hlýtur að vera að þar sem ritmyndir eins og <mannz> og <vannz> hafi sömu endingu taki skáldin upp á því að ríma þau saman – jafnvel þótt framburðurinn sé annar. Fyrirbærið sem Jóhannes kallar bókmálsrím er þekkt í öðrum málum, ekki síst í ensku en þar er það oft kallað *eye rhyme*. Það er vanalegt að fornlegur ritháttur styðji við hefðarreglur í rími (sbr. kafla 1.7) en hér er ekki átt við það þar sem orðmyndirnar <mannz> og <vannz> höfðu í kenningu Jóhannesar ekki sama framburð á neinu málstigi. Hugmynd hans er að eins konar tilviljanakennt samfall í stafsetningu skapi nýja hefð í kveðskap.

Ég þekki hins vegar engin skýr dæmi<sup>29</sup> um bókmálsrím í 15. aldar íslensku

<sup>29</sup> Að vísu leggur Jón Helgason til að rímið páfugls:dúfu í *Nikulásdrápu* 84.5 (*ÍM* II:432) skýrist af stafsetningu. Ég hygg fremur að þetta skýrist af hljóðfræðilegum líkindum eða hljóðaferlum og sé hliðstætt rímdæmum eins og *hví fyrir sauða lífi* (Vísur úr Fjórdú)

og Jóhannes nefnir engin. Sjálfsagt hafa flest rímnaskáld á 15. öld verið læs og skrifandi og a.m.k. hinir lengri rímnaflokkar eru líklegir til að hafa verið skrifaðir upp jafnóðum og þeir voru ortir. Hins vegar verður ekki séð að skáldin leggi áherslu á að samsvörun sé milli rímorða í stafsetningu. Þvert á móti eru mýmörg dæmi um að orð sem iðulega eru stafsett á mismunandi hátt séu rímuð saman. Einnig er rétt að hafa í huga að á 15. öld er alsíða að skrifa kveðskap upp viðstöðulaust eins og aðra texta. Rímorð standast því ekki fallega á í lok línu eins og í seinni tíð.

Að grípa til bókmálsrímsskýringar hér er því ekki sannfærandi.

## 6.11 Utanstaða

Jóhannes á einnig aðra skýringu á ríminu <mannz>-<vannz> í seinni hluta setningarinnar sem vísað var til að ofan:

eða þó heldur *utanstaða* síðasta samhljóðs, samkvæmt þágildandi skáldaleyfi, er hafði stoð sína í dróttkveðna drápukeðskapnum forna og samtíða, þar sem lausaendingar venjulega standa fyrir utan rímið. (Jóhannes L. L. Jóhannsson 1924:97)

Hér á Jóhannes við þá eiginleika hendinga sem drepíð var á í kafla 2 að myndanaskil hafa áhrif á hendingar.<sup>30</sup> Hann gefur eftirfarandi dæmi um fyrirbærið í rímnakveðskap:

helzt:svellz (*Sturlaugs rímur* VI 13; *Rs* I:498)  
gist:Kristr (*Friðþjófs rímur* IV.48; *Rs* I:440)  
tennr:menn (*Skíða ríma* 5; *Rs* I:11)  
flóð:gjóðr (*Friðþjófs rímur* III.1; *Rs* I:426)  
eims:þeim (*Friðþjófs rímur* III.38; *Rs* I:430)

Þriðja dæmið er gallað, á 15. öld er forna myndin *tenn* enn við lýði. Hún er oft notuð í skáldskap og sýnd í stafsetningu handrita. Hin dæmin eru hins vegar athygli verð og nokkur í viðbót eru nefnd hjá Wisén (1881:ix). Nokkur dæmi

---

málfræðiritgerðinni 23.2; *Skj* B II:185) og *heyrdak svá þat síðan* (Þjóðólfur úr Hvini, *Haustlög* 12.1; *Skj* B I:16), sbr. Kristján Árnason 2007:102–103 og Pétur Helgason 1993:35–36). Þetta skýrist varla allt af stafsetningu. Hafa má í huga að greinarmunur á rödduðu og örödduðu tannvaramæltu hljóði í innstöðu kemur varla inn í íslensku fyrr en seint með tökuorðum eins og *sófi* og *slaufa* (sjá Halldór Halldórsson 1979).

<sup>30</sup> Jóhannes hefur þó greinilega í huga einhvers konar morfólógíska skýringu á eðli hendinga.

sem ég hef rekist á til viðbótar við dæmi Jóhannesar fara hér á eftir (fleiri í viðauka C.2):

hæg:slægr (*Áns rímur* I.8; Ólafur Halldórsson 1973b:88)  
flaustr:traust (*Geðraunir* I.33; *Rs* II:176)  
aptr:krapt (*Hjálmþérs rímur* IV.15; *Rs* II:28)  
skeiðr:leið (*Hjálmþérs rímur* XI.37; *Rs* II:77)  
brík:slíkr (*Konráðs rímur* II.31; *Riddara-rímur* 107)  
leik:bleikr (*Sigurðar rímur fóts* IV.50; *Rs* II:313)  
láð:áðr (*Sigurðar rímur fóts* IV.53; *Rs* II:313)

Dæmin eru of mörg til að því verði neitað að hér sé um raunverulegt fyrirbæri að ræða. Þau virðast helst koma fyrir í rímum ortum fyrir miðja 15. öld. Í öllum dæmunum sem ég fann er það /r/ sem stendur utan rímsins. Þetta skýrist líklega af því að /r/ er mjög hljómmikið, sbr. kafla 2. Í öllum dæmunum að ofan nema einu (aptr-krapt) er –r beygingarending og sérstakt morfem. Þetta gæti einnig haft áhrif. Þar sem /s/ virðist vera fremur hljómmikið og getur einnig verið sérstök beygingarending væri ekki óvænt að sjá það í sama hlutverki. Ég hef hins vegar ekki séð annað dæmi um það en það sem Jóhannes fann í Friðþjófs rímum. Höfum þá í huga að /s/ er bæði hljómminna en /r/ og ekki jafnalgennt sem ending. Loks gæti það skipt máli að myndir eins og *bleik(u)r* og *áð(u)r* eru ýmist einkvæðar eða tvíkvæðar.

Eitt dæmi Jóhannesar hefur enn ekki verið rætt, helzt / svellz:

Sturlug fylliz frægðin helz,  
ef fær hann hornið þetta,  
eitrið veiti orma svells  
ætlað er til pretta. (*Sturlaug's rímur* VI.13; *Rs* I:498)

Hér telur Jóhannes að það sé /t/ sem er í utanstöðu. Þetta þykir mér verulega ósennilegt. Hljóðið /t/ er, eins og önnur lokhljóð, mjög hljómlítið og ég finn sjálfur engin dæmi um utanstöðu þess í rími, jafnvel ekki þar sem /t/ er sérstakt morfem. Til dæmis er ekki rímað snjallt-kall, laust-haus, ungt-þung, nefnt-Gefn eða lengt-þveng. Engin dæmi finnast heldur um ást-lás, þess-hest eða les-hest.

Dæmi eins og það í Sturlaug's rímum kemur hins vegar fyrir í alhneptri vísu í háttalykli nokkrum frá síðmiðöldum:

hellz fyri lindi pells (*Háttalykill* 75.8; Jón Þorkelsson 1922–1927:56)

Þessi dæmi minna mjög á /nn/-stofna rímið sem skoðað var í 8. kafla. Þessu hefur Jóhannes enda áttað sig á og hann segir:

utanstaða á *t* í rími, einkum á eftir *ls* og *ns*, sem og á *s* (og *r*) eftir ýmsa stafi, var réttmætt skáldaleyfi. (Jóhannes L. L. Jóhannsson 1924:99)

Hvers vegna ætti utanstaða á /t/ einmitt að gilda í þessum tilteknu klösum? Fyrir því er enginn óháður hvati svo að á endanum verður þessi skýring næstum því jafn *ad hoc* og hin fyrri. Það sem réttara virðist er að utanstaða á /r/ í endarími er raunverulegt fyrirbæri og skýrist af eiginleikum sem við þekkjum annars staðar. Utanstaða á lokhljóði í rími stríðir hins vegar gegn eðli bragreglnanna og er ótæk skýring. Eðlilegri skýring er að til hafi verið framburður á <hellz>, <fannz> o.s.frv. sem endaði ekki á lokhljóði. Sama má segja um gómhljóðsdæmin í kafla 6.8.

## 6.12 Tvö einkennileg dæmi

Björn Karel Þórólfsson taldi að Sörla rímur væru elstar varðveittra rímna enda eru þær fornlegar á marga lund. Við mínar eigin rannsóknir á rímunum hef ég sannfærst um að ýmislegt mæli með þessari skoðun (sjá nánar viðauka A).

Í Sörla rímum kemur fyrir rímað miðmyndardæmi sem ekki á sér hliðstæðu í yngri rímum:

Steinn ok iord reif ætin elldr,  
alldri feck hann gnotg því helldr,  
so sem honum gafz allt til **atz**,  
alldri huilld aa loganvm **sazt**. (Sörla rímur II.26; Rs II:92)

Hér virðast ríma saman *áts* (ef. af no. *át*) og miðmynd sagnarinnar *sjá* í þátíð. Jóhannes L. L. Jóhannsson ræðir þetta dæmi.

En *ts* þarna í *áts* er ekki annað en algeng tillíking (*ts = ss*), sem mjög er tíð í tali, t. d.: „hann keypti sér kapalinn til áss (=áts)“, eða „hann kom til móss (=móts) við mig“, svo skáldið yrkir þarna eflaust rétt eftir framburði fólks á sinni tíð, en við stíklurnar *áss*: *sás(t)* er ekki annað aðgæzluvert en áðurnefnd utanstaða í inni síðari, sem hér er sýnd með svigunum. (Jóhannes L. L. Jóhannsson 1924:98)

Þessari utanstöðuhugmynd hef ég þegar hafnað. Ef áss-sás(s) gæti rímað saman

væri þess að vænta að til væru dæmi eins og ást-lás eða hest-þess en engin slík eru mér kunn og engin nefnir Jóhannes. Hin hugmynd Jóhannesar, um tillíkingu /ts/ í /s/ eða /ss/, er hins vegar ekki fráleit og fær stuðning úr Sigurðar rímum fóts:

Millding hefr af meyju **Knúts**  
mennt og list að fréttu,  
þangað gjörðist furðu **fús**  
fleygir nöðru stétta. (*Sigurðar rímur fóts* II.4, *Rs* II:296)

Við gætum því hugsað okkur að skáldið sem orti Sörla rímur hafi haft framburðinn /ás(s)/-/sás(s)/. Vitanlega mætti einnig hugsa sér framburðinn /áts/-/sáts/. Það er ekki góður siður að fullyrða út frá stöku dæmi enda getur þá alltaf komið til greina að um sé að ræða tilviljanakennda afbökun eða sérvisku eins manns. Hins vegar eru Sörla rímur með allra elstu rímum og hugsanlegt að þær hafi varðveitt máleinkenni sem finnst ekki annars staðar.

Loks verður að sýna hér vísu úr endarímuðu helgikvæði sem kallast *Gjörði í einu* eftir upphafsorðum sínum:

Stendur jn **skriptis**  
stadir **vmskiptis**  
stord Egiptis  
feck sem fyr var spad  
guddoms andi  
eigi vnnstandi  
Herodes brandi  
all med eingils rad. (*Gjörði í einu* 30; *ÍM* I:163)

Jón Helgason skilur <vmskiptis> sem sögn í miðmynd og rökstyður það með því að seinna í sama handriti og sama kvæði standi <hòfs> fyrir *hófst*. Þetta sel ég ekki dýrar en ég keypti það og vil síður draga ályktanir af. Kvæðið er varðveitt í handriti frá 15. öld og getur ekki verið mjög ungt.

## 6.13 Niðurstöður

Niðurstöður þessarar athugunar um sögu miðmyndarendingarinnar má draga saman á eftirfarandi hátt:

- 1) Í /r/-stofna sögnum bendir allt til að /st/ hafi sem miðmyndarending tekið beint við af /sk/.
- 2) Í sérhljóðsstofnasögnum hefur /st/ verið hin almenna miðmyndarending við lok 14. aldar.
- 3) Í /nn/-stofna sögnum og sennilega einnig í gómhljóðsstofna sögnum hefur miðmynd endað á /s/ fremur en /t/ á 15. öld. Skýringin gæti verið að milli stofnsins og endingarinnar hafi komið upp lokhljóð og að samhljóðaklasi með tveimur lokhljóðum hafi einfaldast: finn+st > fintst > fints (sbr. Gunnar Ólafur Hansson 2012:212; Pétur Helgason 1993:29–30).
- 4) Í tannhljóðsstofna sögnum eru vísbendingar um að stofnhljóðin hafi lifað nokkuð lengi, e.t.v. fram á miðja 15. öld.
- 5) Heimildir um miðmynd úr kveðskap frá tímabilinu 1250–1350, aðalumbrotatíma miðmyndarendingarinnar, eru of rýrar til að mikið sé á þeim byggjandi. Þær vísbendingar sem þó má fá úr kvæðum þessa tíma styðja ekki sérstaklega kenninguna um algilda útbreiðslu /st/. Heimildirnar vekja fremur grun um að allómorfið /s/ hafi haft meiri útbreiðslu á þessum tíma en síðar varð.

Niðurstöður um málkerfi og bragkerfi eru eftirfarandi:

I. Utanstaða í endarími er raunverulegt fyrirbæri en virðist fyrst og fremst, og ef til vill eingöngu, eiga við /r/. Þetta kann að vera að einhverju leyti arfur úr dróttkvæðum hætti þar sem endingin /r/ stendur oft utan við rímið sakir þess að /r/ er hljómmikið og oft sérstakt myndan. Þegar kemur fram á rímnaöld er /r/ þetta fulltrúi fyrir sérstakt atkvæði í algengum framburði og hefur það ef til vill rennt frekari stoðum undir þessa hegðun í ríminu.

II. Hugmyndir Jóhannesar L. L. Jóhannssonar um bókmálsrím milli orða eins og <fannz> og <mannz> eru á veikum rökum reistar. Líklegra er að rímið byggist hér á framburðinum.

III. Því verður varla neitað að myndanaskil geti skipt máli í hendingum, að minnsta kosti þegar beygingarending hefst á /s/. Þetta gæti stutt þá hugmynd að (sum) myndanaskil séu sálfræðilega raunveruleg. Ekki réttlætir þetta þó hvaða hlutfirrtu greiningar sem er. Einnig verður að hafa í huga að beygingarendingin /t/ getur ekki staðið utan ríms og bendir það til að hér sé ekki nein almenn regla um myndanaskil heldur e.t.v. eitthvert sértækara fyrirbæri. Alltaf verður auk þess að muna að við þekkjum ekki fornan framburð til fullkominnar hlítar.



## 7. Hrynjandi í íslenskum kveðskap frá síðmiðöldum

### 7.1 Inngangur

Í þessum kafla er sett fram greining á hrynjandi íslensks kveðskapar frá síðmiðöldum. Með hrynjandi á ég við þær reglur sem stýra gerðum og fjölda atkvæða í braglínu. Í nútímakveðskap tekur hrynjandi einkum til þess hvaða atkvæði hafi áherslu og hver ekki. Til forna er áherslan ekki síður mikilvæg en þar er að auki hugað að lengd eða þyngd atkvæðanna.

Ásamt stuðlasetningu og rími er hrynjandi ein af meginstoðum kveðskaparins. Er því eðlilegt að spyrja hvernig samsvörun milli hljóðkerfis og bragkerfis sé háttað í hrynjandinni. Ég held því fram að samsvörunin sé yfirborðsleg, eða með öðrum orðum hljóðfræðilega eðlileg, og að hvergi þurfi að grípa til baklægra gerða til skýringar. Eitt vandamál reynist þó verulega erfitt viðfangs en það er hegðun stoðhljóðsins *u*. Um það er fjallað í hinum umfangsmikla kafla 8 og sá þráður heldur síðan áfram inn í kafla 9 um tónkvæði. Með þessari rannsókn á hrynjandi er því hafin umfjöllun um stærsta viðfangsefni ritsmíðarinnar.

Rannsóknin á hrynjandi er byggð upp þannig að fyrst er farið vandlega í saumana á Ormars rímum, sem prentaðar eru sem viðauki B. Niðurstöðurnar úr þeirri athugun hafa almennt gildi eins og rætt er í framhaldinu. Ormars rímur eru fjórar; rímur I, II og IV eru undir ferskeyttum hætti en ríma III er undir stafhendum hætti. Ekki skiptir miklu máli hvaða hættir eru skoðaðir því að í öllum rímnaháttum gilda sömu grunnreglur um hrynjandi.

### 7.2 Áhersluatkvæði í vísuorði

Áður hefur nokkrum sinnum verið skrifað um hrynjandi rímnahátta. Hér er sú leið farin að greina fyrst hrynjandina frá grunni og bera síðan þá greiningu saman við niðurstöður fyrri fræðimanna.

Þegar vísa undir stafhendum hætti er skoðuð er venjulega augljóst að fjögur áhersluatkvæði eru í hverju vísuorði. Í eftirfarandi vísu úr Ormars rímum hef ég sett táknið | á undan áhersluatkvæðum:

| Ferðin | hans var | furðu | greið,  
| flýtir | sér að | örva | meið,  
| grimmlegur | sýndist | geira | Týr,  
hann | grenjar | upp sem | villi- | -dýr. (*Ormars rímur* III.9)

| Herr lá | fyrir í | höfnum | þar,  
| höldar | fréttu | hverr sá | var,  
er | átti að | ráða | röskri | sveit  
| rekkum | fyrir á | síldar- | -reit. (*Ormars rímur* III.23)

Í ferskeyttum vísu eru fjögur áhersluatkvæði í ójöfnum línum en þrjú í jöfnum:

| Fyrðar | skjóta | fleini | þá,  
| framir og | treysta | megni,  
| heiðan | mátti ei | himininn | sjá,  
fyrir | hvössu | geira | regni. (*Ormars rímur* IV.14)

| Ganga | þeir í | gegnum | lið  
| glaðir og | hreysti | reyna,  
| frægum | trúir eg ei | frændum | við  
| fylking | standa | neina. (*Ormars rímur* IV.18)

### 7.3 Stýfður rímliður

Öll vísuorð í stafhendum hætti og ójöfn vísuorð í ferskeyttum hætti enda á stöku áhersluatkvæði, stýfðum lið. Ég get ekki séð að neinar hömlur séu á byggingu þessa atkvæðis. Þar mega koma fyrir atkvæði án samhljóðs (t.d. *þá*, *frú*) og atkvæði með stuttu sérhljóði og einu stuttu samhljóði (t.d. *þar*, *lið*) jafnt sem efnismeiri atkvæði (t.d. *dýr*, *sveit*, *hann*, *flest*, *nótt*, *stáls*).<sup>31</sup> Einnig koma fyrir atkvæði eins og *dauðr* og *fætr*, sem hafa forna *r*-endingu en um þau er fjallað sérstaklega í kafla 8.

Algengast er að atkvæðið sem um ræðir sé stakt orð en stundum er það seinni hluti samsetts orð (t.d. *geysihægr*, *Ormars rímur* I.9) eða viðskeytið *-leg/-lig* (t.d. *höfðingligr*, *Sörla rímur* I.15). Frá um 1500 kemur það stundum fyrir að

---

<sup>31</sup> Ryan (2011) telur sig greina tölfræðilega tilhneigingu í dróttkvæðum kveðskap til þess að ofurlöng atkvæði (eins og *nótt*) séu notuð á annan hátt en venjuleg löng atkvæði (eins og *sveit*). Ef þetta er rétt kann eitthvað svipað að gilda um rímnahrynjandina. Hins vegar er þar margt sem þyrfti að athuga betur, sér í lagi samloðun milli orða eins og Ryan (2011:428) bendir sjálfur á.

beygingarending beri upp rímið. Björn Karel Þórólfsson (1934:64-65) getur þess til að sú nýjung tengist hljóddvalarbreytingunni og virðist það ekki ósennilegt.

Í elstu rímum kemur það einstaka sinnum fyrir að í stýfðum rímlið komi tvö atkvæði í stað eins og er þá áhersluatkvæðið stutt. Þetta kemur aldrei fyrir í Ormars rímum en hér er dæmi úr öðrum rímnaflökki:

Harður ertu í horn að taka,  
hrekja viltu oss og skaka,  
ekki er víst hvórt allir una  
ekki skaltu þetta gruna. (*Sigmundar rímur* III.20: Rs I:225)

Dæmi um þetta eru aðeins í örfáum rímnaflökum (Björn Karel Þórólfsson 1934:63, sbr. ennfremur Hreinn Benediktsson 2002 [1979]:235).

## 7.4 Óstýfður rímliður

Í ferskeyttum hætti enda ójöfnu vísuorðin jafnan á hnígandi tvílið. Í Ormars rímum eru 145 ferskeyttar vísur og í þeim öllum er þessi hnígandi tvíliður þannig byggður upp að fyrra atkvæðið er langt<sup>32</sup> áhersluatkvæði en seinna atkvæðið er fullkomlega áherslulaust og venjulega beygingarending. Það kemur aldrei fyrir í rímunum að seinna atkvæðið sé ákveðinn greinir eða seinni liður samsetts orðs. Um þetta er nánað fjallað í kafla 9.

## 7.5 Forliður

Oftast hefst vísuorð á áhersluatkvæði en stundum kemur það fyrir að eitt eða tvö áherslulaus atkvæði eru á undan fyrsta risi. Það köllum við forlið og er tíðni hans nokkuð misjöfn eftir stöðu vísuorðsins.<sup>33</sup> Í ferskeyttu rímunum kemur forliður fyrir á þennan hátt:

Fyrsta vísuorð	1 / 145
Annað vísuorð	25 / 145
Þriðja vísuorð	4 / 145
Fjórdða vísuorð	37 / 145

<sup>32</sup> Ýmist er talað um löng eða þung atkvæði og er mér hið fyrra tamara.

<sup>33</sup> Haukur Þorgeirsson 2012a hefur ítarlegri skilgreiningu á forlið og rökstuðning fyrir því að rétt sé að tala um forlið í rímnaáttum en síður í edduháttum.

Það er dæmigert fyrir miðaldarímur að hafa forlið fremur í jöfnum en ójöfnum línunum (Haukur Þorgeirsson 2012a:36).

Í stafhendu rímunni er dreifing forliðar mun jafnari:

Fyrsta vísuorð: 2 / 42

Annað vísuorð: 6 / 42

Þriðja vísuorð: 4 / 42

Fjórdða vísuorð: 4 / 42

Ég hygg að þessi munur tengist setningalegri og hrynrænni uppbyggingu bragarháttanna. Forliður er gjarnan samtenging, nafnháttarmerki, forsetning eða fornafn og yfirleitt eru þessir orðflokkar fremur inni í setningum en við upphaf þeirra. Í ferskeyttum vísunum eru fyrri tvö vísuorðin gjarnan ein setning en seinni vísuorðin önnur setning. Hins vegar er sjaldgæft að setning haldi áfram úr öðru vísuorði yfir í hið þriðja. Í stafhendum (og samhendum) vísunum verður síður séð að skilin milli annars og þriðja vísuorðs séu sterkari en önnur skil. Um orðskipun rímna er nánar fjallað hjá Birni K. Þórólfssyni (1934:224–230). Rót hins setningarfræðilega munar á bragarháttunum hlýtur að liggja í hrynjandinni. Það virðast vera sterk hrynræn skil á eftir öðru vísuorði í ferskeyttum hætti og má tengja það við kenningar um liðfellingu, eins og Kristján Árnason (2002) hefur gert.

Forliður er venjulega eitt atkvæði, hvort sem er langt eða stutt. Stundum er forliður tvö atkvæði og eru þá bæði stutt. Í Ormars rímum kemur þetta tvisvar fyrir (IV.14.4 og IV.21.4) og geri ég þá ráð fyrir að forsetningin *fyrir* eigi sér ekki einkvæða mynd. Um það mætti þó e.t.v. deila (Yelena Sesselja Helgadóttir 2005:24).

## 7.6 Innri bragliðir

Þegar forliðir og rímliðir eru skornir af standa í hverri ferskeyttri vísu eftir 10 áhersluatkvæði og þau áherslulausu atkvæði sem þeim fylgja:

| **Fyrðar** | **skjóta** | **fleini** | þá,  
| **framir og** | **treysta** | megni,  
| **heiðan** | **mátti ei** | **himininn** | sjá,  
fyrir | **hvössu** | **geira** | regni. (*Ormars rímur* IV.14)

Hér verður áhersluatkvæði af þessu tagi ásamt eftirfarandi áherslulausu atkvæði

(einu eða fleirum) kallað innri bragliður. Í hverri ferskeyttri vísu eru sem sagt 10 innri bragliðir. Í hverri stafhendri vísu eru þeir 12. Í Ormars rímum eru 145 ferskeyttar vísur og 42 stafhendar. Við mættum því eiga von á 1954 innri bragliðum og verður hér leitast við að flokka þá. Í 140 bragliðum koma fyrir orð eins og *allur*, *kemur* eða *grimmlegur* sem höfðu endinguna -r í fornu máli. Þar sem ekki er fyrirfram augljóst hversu mörg atkvæði orð af þessu tagi séu í rímunum hentar best að geyma þau þangað til seinna og eru þau athuguð sérstaklega í kafla 8.6. Ennfremur eru vísuorð I.9.1 og IV.11.1 sérstaks eðlis og verða undanskilin að sinni. Eftir standa þá 1808 innri bragliðir.

### 7.6.1 Tvíkvæð orð

Það er strax augljóst að algengasta innihaldið í innri braglið er eitt tvíkvætt orð. Slíkt innihald kemur fyrir í 1157 bragliðum af 1808 eða í 64% tilfella. Undir þessum lið tel ég einnig fyrri hluta samsetninga eins og *ógur-(legt)* eða *geysi-(hægr)*.

Öll 1157 orðin sem um ræðir hafa langt fyrra atkvæði. Orð af því tagi sem koma fyrir í óstýfðum rímliðum eru mjög algeng í innri bragliðum og má taka eftirfarandi til dæmis:

ýta  
höldar  
nefna  
brúðum  
kempur  
ljósri

Athyglisvert er að það kemur aldrei fyrir í Ormars rímum að stýfður rímliður innihaldi orð með ákveðnum greini (sbr. kafla 9) en í innri liðum kemur það alloft fyrir. Nokkur dæmi:

knörrinn  
hjörrinn  
hirðin  
kallinn  
brögðin  
dauðans  
ráðið  
láðin

Seinna atkvæði innri bragliðar er stundum langt, til dæmis:

gullskorð  
drottning  
allopt  
Fraðmars  
buðlungs  
sannlegt

### 7.6.2 Tvö einkvæð orð

Það kemur 337 sinnum fyrir að innri bragliður samanstandi af tveimur einkvæðum orðum. Ég tel hér með tilfelli eins og *-legt var* þar sem fyrra atkvæðið er viðskeyti eða seinni hluti samsetts orðs. Í 336 tilfellum er fyrra atkvæðið langt. Þegar atkvæðalengd er reiknuð verður að gera ráð fyrir *samloðun*, þ.e.a.s. að stuðull seinna orðsins móti lengd fyrra atkvæðisins. Ef seinna orðið hefst á samhljóði getur fyrra orðið haft hvaða uppbyggingu sem er. Til dæmis er fyrra atkvæðið í *við mig* og *á því* langt. En ef seinna orðið hefst á sérhljóði eða h+sérhljóði má fyrra orðið ekki hafa stutt sérhljóð og eitt samhljóð eða langt sérhljóð og ekkert samhljóð. Þannig væru *\*við hann* eða *\*á oss* ekki heppilegir bragliðir.

Til að eftirfarandi bragliðir séu eðlilegir þarf að gera ráð fyrir að fyrra orðið endi á löngu samhljóði:

hverr að  
berr hun  
hverr í  
berr hinn  
fram á (tvisvar) (sbr. Jóhannes B. Sigtryggsson 2011:97–98)  
fram um

Eins og í tvíkvæðu orðunum gerist það oft hér að seinna atkvæðið sé langt. Nokkur dæmi:

finnst mér  
á hvórt  
só stóð  
þó vill  
hann beit  
má þess

Í Ormars rímum kemur einu sinni fyrir að brugðið sé út af þeirri reglu að fyrra atkvæðið sé langt:

| Ormar | vaknar | einkar | fystr,  
| ógur- | -liga til | rómu | lystr,  
| hugsar | **þá að** | hann skal | fljótt  
| hreppa | sigr eða | falla | skjótt. (*Ormars rímur* III.2)

Hér er innri bragliðurinn *þá að* með stuttu fyrra atkvæði. Vísuorðið er ekki tótryggilegt að öðru leyti og er eins í öllum handritum (sjá áfram í kafla 7.6.9).

Til að hafa samanburð hef ég talið bragliðu með tveimur einsatkvæðisorðum í Víga rímum eftir Sveinbjörn Beinteinsson (1945:33–40). Þar eru 68 tilfelli um slíka bragliðu og ef þeim er varpað aftur til fyrra málstigs eru 29 sem hafa stutt fyrra atkvæði. Hlutfallið er þá 29 / 68 eða 43%. Það er því vitanlega engin tilviljun sem ræður því að sá sem orti Ormars rímur hefur gengið framhjá slíkum bragliðum.

Við höfum nú athugað samtals 1494 bragliðu af 1808 eða 83%. Sama regla gildir bæði um þá sem samanstanda af tveimur einkvæðum orðum og þá sem samanstanda af einu tvíkvæðu orði: Fyrri atkvæðið ber áherslu og er langt en seinna atkvæðið er áherslulaust og má vera hvort heldur sem er langt eða stutt. Við getum þá sett fram það líkan að hver bragliður samstandi af tveimur bragstöðum, sú fyrri sterk og sú seinni veik:

Sterk bragstaða = S = eitt langt atkvæði  
Veik bragstaða = V = eitt langt atkvæði **eða** eitt stutt atkvæði

### 7.6.3 Langstofna tvíkvætt orð að viðbættu einkvæðu orði

Það kemur 96 sinnum fyrir að bragliður samstandi af tveimur orðum þannig að hið fyrri sé tvíkvætt með langt fyrri atkvæði en hið seinna sé einkvætt. Þegar litið er á þessa bragliðu sést strax ákveðið mynstur. Hér eru fyrstu tíu dæmin:

færi eg  
ætla eg  
geysa af  
hætti eg  
fengu af

fundu í  
nefni eg  
urðu að  
eyddi hann  
legði í

Í öllum þessum tíu dæmum endar fyrra orðið á áherslulausu sérhljóði og seinna orðið hefst á sérhljóði eða h+sérhljóði. Það sem hér er greinilega á ferðinni er að fyrra sérhljóðið fellur brott (eða sérhljóðin renna saman á einhvern hátt) og eitt atkvæði fellur brott. Þannig er hægt að líta á 94 af þessum 96 bragliðum sem tvíkvæða. Við komum aftur að þeim tveimur sem út af standa í kafla 7.6.5.

Alls hafa 1588 bragliðir af 1808 eða 88% nú verið greindir sem tvíkvæðir. Langflesta þeirra sem eftir standa verður hins vegar að greina þannig að þeir hafi fleiri en tvö atkvæði.

#### ***7.6.4 Stuttstofna tvíkvætt orð að viðbættu einkvæðu orði***

Við höfum 111 dæmi um að bragliður samanstandi af tveimur orðum þannig að það fyrra sé tvíkvætt með stutt fyrra atkvæði en það seinna sé einkvætt. Fyrstu tíu dæmin um þetta eru:

nemi það  
vera í  
gjörunst eg  
gamall og  
búinn í  
hefir af  
koma í  
syni gat  
megi það  
náið að

Auk þess má sýna nokkur dæmi um að seinna orðið hafi langt atkvæði:

faðir minn  
föður míns  
munu þeir  
skulu þess

Hér er greinilega ekki tilefni til að gera ráð fyrir sérhljóðabrottfalli. Við verðum



að álykta að bragliður geti samanstæðið af þremur atkvæðum ef hið fyrsta er stutt. Líta má svo á að fyrstu tvö atkvæðin myndi saman eina sterka bragstöðu. Við getum þá endurbætt líkan okkar af sterkum og veikum bragstöðum:

Sterk bragstaða = S = eitt langt atkvæði **eða** eitt stutt atkvæði og eitt stutt eða langt  
Veik bragstaða = V = eitt stutt atkvæði **eða** eitt langt atkvæði

### 7.6.5 Einkvætt orð að viðbættu tvíkvæðu orði

Það kemur 31 sinni fyrir að bragliður samstandi af tveimur orðum, hinu fyrra einkvæðu og hinu seinna tvíkvæðu. Algengast er þá að fyrra orðið hafi langt atkvæði en seinna orðið tvö stutt atkvæði. Þetta kemur 21 sinni fyrir:

slíkt muni, fram yfir, Hring fyrir, réð honum, fljótt fyrir, þó munu, sögn fyrir, kóngrs yfir, fram yfir, þig fyrir, þá fyrir, ey fyrir, gekk yfir, þér skulið, þér skulið, fram fyrir, þá fyrir, mér skulu, hratt eða, sönn eru, hér hafa

Hér virðist vænlegast að líta svo á að veika bragstaðan, hnigið, hafi klotnað í tvö stutt atkvæði. Við þurfum þá að endurbæta líkanið:

Sterk bragstaða = S = eitt langt atkvæði **eða** eitt stutt atkvæði og eitt stutt eða langt  
Veik bragstaða = V = eitt stutt atkvæði **eða** eitt langt atkvæði **eða** tvö stutt atkvæði

Átta tilfelli eru um að öll atkvæðin séu stutt:

það eru, sat yfir, það eru, þá ena, þú hefir, það hina, son hefir, sló yfir

Þessa bragliðu er hægt að fella undir greininguna með því að líta svo á að sterka bragstaðan klotni milli orða. Sterka bragstaðan í fyrsta dæminu er þá *það e-* og veika bragstaðan er *-ru*. Það er þó ef til vill dálítið óeðlilegt að bragstaða klotni milli orða og það kann að vera ástæða þess að dæmin um þetta eru svo fá.

Bragliðinn *hjó eigi* má greina á sama hátt en nú verður seinna atkvæðið í sterku bragstöðunni langt. Hins vegar passar bragliðurinn *til þeira* ekki inn í greininguna því að þar er annað atkvæðið langt. Aftur er vikið að honum í kafla 7.6.9.

Nú þegar klotfin hnig hafa verið kynnt til sögunnar er hægt að greina liðuna tvo sem eftir stóðu í kafla 7.6.3:

heitir þú  
ýtar um

Hér getum við sagt sem svo að sterka bragstaðan sé fyrra atkvæði fyrra orðsins en veika bragstaðan klofni milli orða. Þetta mynstur er greinilega sjaldgæft og enn kann ástæðan að vera sú að það sé óeðlilegt að bragstaða klofni milli orða. Þetta kann að vera enn óeðlilegra um hnig en ris.

### 7.6.6 Þrjú einkvæð orð

Það kemur 34 sinnum fyrir að bragliður samanstandi af þremur einkvæðum orðum. Í 21 tilfelli er fyrsta atkvæðið stutt:

er eg með, get eg að, sé eg af, frá eg þá, vil eg þér, ei er hin, só hef eg, vil eg þér, á eg að, má eg það, vil eg só, bar eg þá, get eg það, það er hið, mun hann í, só er hann, bar hann í, gaf hann mér, get eg að, bið eg að, frá eg þess

Þessi tilfelli má greina þannig að risið sé klofið. Síðan eru 12 tilfelli þar sem fyrsta atkvæði er langt en annað atkvæði stutt og eru þar klofin hnig:

þeim gef eg, þeim gef eg, fá þú á, þín bið eg, það frá eg, það frá eg, þar skal eð, seg þú af, só frá eg, só frá eg, öll frá eg, þér skal eg

Einn bragliður er með þeim hætti að fyrstu tvö atkvæðin eru löng: *só þeim var*. Hann er hliðstæður við bragliðinn *til þeira* sem áður var nefndur til sögunnar. Þeir falla ekki inn í líkanið sem hér hefur verið notað.

### 7.6.7 Þriggja atkvæða orð

Það kemur 31 sinni fyrir að bragliður samanstandi af einu þríkvæðu orði. Í 21 tilfelli er fyrsta atkvæðið stutt:

faðirinn (x2), risanum, nesinu, loganum, biluðu (x2), hamingjan, bilaði (x2), höfuðið, svaraði, byrina, erendum (x2), himininn, skipunum, balinu (þ.e. slíðrinu), skipinu, logaði, föðurinn

Þessa bragliðu má greina svo að þeir hafi klofin ris. Þá eru eftir tíu tilfelli þar sem fyrsta atkvæðið er langt:

ellegar, sannlega (x3), grimmlega (x2), ellefu (x2), dálega, berlega

Hér greinum við bragliðuna þannig að veika bragstaðan sé klofin.

Það kemur ekki fyrir hér að bæði fyrsta og annað atkvæði séu löng. Slíkan braglið gætum við ekki heldur greint með því líkani sem hér er notað.

### **7.6.8 Fjögurra atkvæða bragliðir?**

Ellefu sinnum koma fyrir bragliðir sem virðast við fyrstu sýn vera fjögur atkvæði. Þegar betur er að gáð er þar eðlilegast að gera ráð fyrir sérhljóðasamruna eða sérhljóðabrottfalli. Eftirfarandi fimm dæmi eru hliðstæð:

trúi eg það  
hefi eg það  
segi eg hann  
trúi eg ei  
trúi eg það

Hér virðist réttast að gera ráð fyrir sérhljóðasamruna og klofnu risi. Það sama gildir um þessi fjögur dæmi:

nú hefi eg  
þá hefi eg  
það trúi eg  
það hefi eg

Loks eru tvö dæmi þar sem hnigið er vísast klofið:

mér hefi eg  
mjög trúi eg

### **7.6.9 Greining á frávikum**

Verkefnið í undanfarandi köflum var að gera grein fyrir 1808 innri bragliðum. Þeir skiptast á eftirfarandi hátt:

Óklofnir bragliðir	1587
Bragliðir með klofnu risi	171
Bragliðir með klofnu hnigi	47
Aðrir bragliðir	3

Bragliðirnir sem ekki falla inn í líkanið eru eftirfarandi:

só þeim var  
til þeira  
þá að

Þessir bragliðir eru frávik og trúlegt að líta megi á þá sem mistök eða braglýti. Í þeim er þó ákveðið mynstur en allir þrír hefjast á stuttstofna einkvæðu orði. Atkvæðalengd slíkra orða ræðst af orðinu sem á eftir kemur. Þessi tvískinnungur kann að valda því að stundum slæðist með bragliðir eins og þessir þrír. Óvarlegt væri þó að fullyrða mikið út frá svo litlum gögnum.

Enn er þó eftir að gera grein fyrir vísuorðum I.9.1 og IV.11.1 en þau voru látin bíða þar til nú:

I.9.1 Gautlandi hefir geysihægr  
IV.11.1 Siklingur gat sex og þrjá

Ef við reynum að skipta þeim í bragliðu gætum við fengið eitthvað þessu líkt út:

Sikling- | -ur gat | sex og | þrjá  
Gautlandi | hefir | geysi- | -hægr

Við sjáum að þessi skipting brýtur mjög í bága við aðra bragliðu í Ormars rímum. Ef *-ur gat* er bragliður hefst hann á áherslulausri beygingarendingu og væri það einsdæmi í rímunum. Í seinna vísuorðinu væri bragliðurinn *Gautlandi* einsdæmi meðal þríkvæðra orða enda eru bæði fyrsta og annað atkvæði löng. Annað einsdæmi væri *hefir* en þar er tvíkvætt orð með stuttu fyrra atkvæði. Það virðist ólíklegt að tvö veruleg frávik séu af tilviljun í sama vísuorðinu og er vert að leita á því skýringa.

Hingað til höfum við litið svo á að í vísuorðum rímnahátta skiptist jafnan á sterkar og veikar bragstöður:

(V) S V S V S V (S)

Við gætum hins vegar hugsað okkur að upphaf vísuorðsins mætti vera öðruvísi, nefnilega svona:

(V) S S V V S V (S)

Ef við gerum ráð fyrir þessum möguleika verður auðvelt að greina vísuorð I.9.1 og IV.11.1. Við gerum þá ráð fyrir að í *Siklingur gat* komi fyrst tvær sterkar bragstöður og síðan tvær veikar. Það sama gildir um *Gautlandi hefir* nema hvað þar er einnig eðlilegt að gera ráð fyrir sérhljóðasamruna.

Ef Ormars rímur væru einar um vísuorð af þessu tagi væri þessi greining býsna vafasöm. En í raun koma vísuorð af þessu tagi af og til fyrir í flestum miðaldarímum. Hér eru nokkur dæmi sem eru alveg hliðstæð:

Ásgarður hét ágæt höll (*Völsungs rímur* I.8.1; *Rs* I:312)  
öflgastur var Ása-Þór (*Völsungs rímur* I.15.3; *Rs* I:313)  
Ingólfur reið einhvern dag (*Sturlaugs rímur* I.35.1; *Rs* I:460)  
Saxlandi réð sjóli ríkr (*Sigurðar rímur þögla* I.6.1; Þorvaldur Sigurðsson 1986:67)  
Frakklandi réð fylkir ríkr (*Sigurðar r. þögla* I.25.1; Þorvaldur Sigurðsson 1986:70)  
Kórónu með kóngstígn bar (*Sigurðar r. þ.* V.9.1; Þorvaldur Sigurðsson 1986:103)  
Sigmundur hljóp öfugur aptr (*Sigmundar rímur* IV.26.1; *Rs* I:234)  
Höfðinginn ferr heldur lágt (*Sigmundar rímur* IV.59.1; *Rs* I:238)  
þúsunda með hjörva bör (*Sálus rímur* V.44.2; *Rs* II:726)  
höfðingjum var höllin fyld (*Sálus rímur* VIII.13.1; *Rs* II:745)  
Kolfrosta er kæru nafn (*Bósa rímur* VI.53.1; Ólafur Halldórsson 1974:82)

Nokkur dæmi sem eru ekki jafngreinilega hliðstæð en falla þó að sama móti:

ætt Háleygja jalla (*Völsungs rímur* I.50.4; *Rs* I:318)  
tólf gimsteinar tígna hann (*Filippó rímur* I.16.1; *Riddara-rímur* 5)  
Björn stallari bystr og reiðr (*Ólafs ríma Haraldssonar* 45.1; *Rs* I:6)

Í næstu tveimur dæmum er fyrsta risið klofið:

höfuðlausu menn höldum við (*Sigmundar rímur* IV.11.3; *Rs* I:232)  
hugar eigandi reynast (*Sigmundar rímur* IV.22.4; *Rs* I:233)

Hér eru tvö vísuorð sem hefjast á forlið. Hið seinna hefur að auki fyrra risið klofið:

í gjörvöllum má eitrið sjá (*Sturlaugs rímur* VII.14.4; *Rs* I:505)  
í Hamarkaupangi hreytir sat (*Sturlaugs rímur* I.12.1; *Rs* I:457)

Eftirfarandi vísuorð má enn fella undir sömu greiningu ef við gerum ráð fyrir að annað risið klofni:

döglingar yfir danskri öld (*Völsungs rímur* I.48; *Rs* I:317)  
Háleygir munu hreppa skamm (*Grettis rímur* V.46.3; *Rs* I:75)

Enn eru þó til vísuorð sem ekki falla inn í mótin og virðist rétt að gera ráð fyrir einu mynstri enn:

V S S V S V (S)

Nokkur dæmi um vísuorð af þessu tagi eru:

í Færeyjum fekk ei þá (*Sigmundar rímur* IV.62.3; *Rs* I:238)  
í dýblizu djúpa settr (*Sálus rímur* V.26.1; *Rs* II:724)  
í uppvexti ekki knár (*Grettis rímur* I.13.3; *Rs* I:44)  
þegar víkingar vaða um land (*Har. r. Hringbs.* I.10.1; Ólafur Halldórsson 1973a:28)  
og hvórtveggi hjálmi prýddr (*Sigurðar rímur fótis* III.43.3; *Rs* II:306)  
hjá geirvörtum garpinn sníðr (*Sálus rímur* XI.38.1; *Rs* II:769)

Þetta mynstur er þó enn sjaldgæfara en mynstrið þar sem vísuorð hefst á tveimur sterkum bragstöðum. Mynstur sem hafa ekki víxlhrynjandi koma oftast fyrir þegar skáldið vill nota þriggja atkvæða orð þar sem fyrstu tvö atkvæðin eru löng. Slík orð rúmast ekki innan trókaískra vísuorða.

#### 7.6.10 Fyrri greiningar

Eftir því sem ég kemst næst var Theodor Wisén (1881) fyrstur manna til að setja fram greiningu á hrynjandi rímnahátta þar sem tillit er tekið til atkvæðalengdar. Hann segir meðal annars:

I rimornas versbyggnad iakttagas för öfrigt qvantitetslagarna fullt ut lika strängt, som i dróttkvætt. (Wisén 1881:V)

Þetta hygg ég að megi til sanns vegar færa og að flestu leyti komumst við Wisén að líkum niðurstöðum. En í nokkrum atriðum tel ég að greining Wiséns sé ónákvæm eða vafasöm. Hann segir réttilega að taka verði tillit til þess hvort eftirfaranda orð hefjist á samhljóða en bætir síðan við öðrum möguleika:

Ursprungligen kort stafvelse kan blifva lång dels genom den position, som stafvelsens slutconsonant bildar med nästföljande ords begynnelseconsonant, dels ock, fast mera sällan, genom en af meningen fordrad tonvigt (Wisén 1881:VI-VII)

Síðan eru talin nokkur dæmi en það eina sem virðist eiga að sýna að stutt atkvæði geti orðið langt vegna merkingar er þetta:

og íþróttir allar þær (*Konráðs rímur* I.27.3; *Riddara-rímur* 95)

Hér hefur Wisén séð fyrir sér að *og* fái þunga áherslu og beri þannig eitt og sér sterka bragstöðu. Þá þarf næsti bragliður að hefjast með öðru atkvæði orðsins *íþróttir*. Þetta stríðir mjög gegn áherslulögmálum tungunnar og mér þykir líklegra að vísuorðið hafi hrynjandina V S S V S V S.

Annað sem Wisén heldur fram er að önnur sterka bragstaðan í vísuorði geti haldist uppi af stuttu atkvæði. Um þetta nefnir Wisén allnokkur dæmi sem við fyrstu sýn styðja þessa hugmynd. Þegar betur er að gáð sést þó að oft má finna betri lesháttu í öðru handriti en því sem fylgt hefur verið.

Til dæmis nefnir Wisén vísuorðið *sætan var af svörunum létt* (*Herburts rímur* III.22.1; *Riddara-rímur* 78) en hér hefur hitt handritið *svanni varð í svörunum léttr*. Annað dæmi er *merkiligan myrgin einn* (*Herburts rímur* III.27.1; *Riddara-rímur* 78) en þar hefur hitt handritið *merkiliga um myrgin einn*. Stundum er einnig hægt að leysa málið með mjög vægri endurtúlkun á textanum. Vísuorðið *brenni loginn rauði* (*Herburts rímur* IV.2.2; *Riddara-rímur* 81) mætti lesa *brenni logi enn rauði* og þá fellur allt í ljúfa löð.

Í Ormars rímum kemur það einnig fyrir að eitt handritið hafi texta þar sem eitthvert risið er borið upp af einu stuttu atkvæði. Þá mun réttis texta yfirleitt vera að leita í hinum handritunum. Til að hrynjandin raskist er oft nóg að eitt smáorð eða beygingarending falli niður og eðlilegt að þetta hendi stundum eftirritara. Hér eru þrjú dæmi:

Þó allur sé eg angri bleikr (*Ormars rímur* I.6.1 S; hin handritin: *sé eg af*)  
Vaki þú, Fraðmar, faðir minn (*Ormars rímur* I.8.1 F<sup>2</sup>; hin handritin: *faðirinn*)  
bið eg að þú brennir allr (*Ormars rímur* II.10.3 SF<sup>2</sup>; W: *biðr eg*)

Eins og sjá má einskorðast dæmi af þessu tagi ekki við annað ris. Hitt er þó rétt að í Ormars rímum kemur einu sinni fyrir að texti allra handrita er sammála um að létt atkvæði beri sterka bragstöðu og það er einmitt í öðru risi (III.2.3: *hugsar þá að hann skal fljótt*). Þetta styður að nokkru leyti hugmynd Wiséns. Það væri

samt allt of glannalega ályktað að það sé almenn regla að annað ris megi berast uppi af stuttu atkvæði. Í Ormars rímum eru 748 vísuorð og það er aðeins í einu þeirra sem stutt atkvæði ber annað risið. Hitt er þó rétt að hafa í huga að annað ris ber stuðla sjaldnar en hin risin og er oft minnst áberandi risið í línunni. Þar ber því sennilega minnst á braglýtum af þessu tagi og ekki ótrúlegt að þau séu heldur algengari þar en annars staðar. Í flestum tilfellum hygg ég þó að fyrirbæri af þessu tagi komi ekki frá skáldunum heldur sé uppruna þeirra að leita í varðveislunni.

Í höfuðverki sínu um germanska bragfræði gerir Eduard Sievers (1893:118-119) grein fyrir rímnaháttum á tveimur blaðsíðum. Hann tekur upp kenningu Wiséns um að annað ris í vísuorði megi vera stutt atkvæði. Einnig segir hann að í rímunum sé hin fjölbreyttilega hrynjandi forns germansks kveðskapar algjörlega horfin. Þetta er rétt að mestu leyti en þó ekki öllu eins og dæmin að ofan sýna. Sievers bendir einnig réttilega á að rímurnar taki reglur um klofin ris og hnig að arfi úr eldri kveðskap. Hið sama má finna hjá Finni Jónssyni (1892:60). Í þessum niðurstöðum felst engin afneitun á evrópskum fyrirmyndum rímnaskáldanna í bragarháttum (sbr. Vésteinn Ólason 1976, 1982:52–82; Jón Samsonarson 1982) og stúl (Davíð Erlingsson 1974).

Björn Karel Þórólfsson er sennilega fyrstur til að benda á að vísuorð í rímum séu ekki alltaf trúkaísk. Hann segir:

Fyrsti og annar bragliður hvers vísuorðs eru oftast með þeirri gerð, sem Sievers og aðrir eftir honum hafa kallað A í fornum háttum ( $\_ / \_ x / \_ / \_ x$ ). Þó ber við í flestum eða öllum háttum, að þessir bragliðir koma heim við E-greinina ( $\_ / \_ x x / \_ / \_$ ). Í rímnaháttunum var, svo lengi sem hið forna hljóðdvalarlögmál gilti í tungunni, önnur samstafa slíkra bragliða ávalt löng, svo að bragliðurinn verður  $\_ / \_ \_ x / \_ / \_$ ; alt af þríkvætt orð og einkvætt: *Ásmundi varð undraleitt* Gr. I, 25; *Beiskjaldi í Belgjardal* Skí. 35 (bæði þessi dæmi úr ferskeyttu). *Fornyrði kvað* flanginn satt Þr. VIII, 19 (stafhent). *Skáldhelgi af skipinu* burt sá skálann breiða Skh. V, 46 (braghent). Bragliðir eins og þessir finnast í miðaldarímum öðruhvoru, og er þetta merkilegt dæmi um þau tengsl, sem eru með rímnabrogum og forníslenskum bragarháttum. (Björn Karel Þórólfsson 1934:58)

Samkvæmt greiningu Björns Karels er það fjórða atkvæðið sem ber annað risið í vísuorðum af þessu tagi. Þetta á ég erfitt með að fella mig við því að þetta er gjarnan áherslulítill sögn (*varð*, *kvað*) eða, það sem verra er, forsetning (*í*, *af*). Í



Ormars rímum getur forsetning því aðeins borið ris að fornafn komi á eftir.<sup>34</sup> Til dæmis eru *við mig* og *á því* gildir bragliðir og er það í samræmi við eðlilega áherslu í nútímamáli.

Á móti mætti vissulega segja að ef litið er svo á að önnur bragstaðan í línunum sé sterk er þar á ferðinni annað atkvæði orðs og ekki er þess að vænta að það beri mikla áherslu. En hér kemur það til sem Björn Karel bendir á að önnur bragstaðan í línunum er löng. Hins vegar má fjórða bragstaðan vera stutt og voru þegar nefnd um það tvö dæmi:

öflgastur **var** Ása-Þór (*Völsungs rímur* I.15.3; *Rs* I:313)  
höfðingjum **var** höllin fylld (*Sálus rímur* VIII.13.1; *Rs* II:745)

Mér þykir því eðlilegast að líta svo á að það sé önnur bragstaðan í vísuorðinu sem beri hið bragfræðilega ris.

Í athugasemd aftan við bók sína bætir Björn Karel við:

Fyrsti og annar bragliður vísuorða undir rímnaháttum geta komið heim við D-greinina hjá Sievers, sbr. fengs aurriða hrauna Fr. II, 49. (Björn Karel Þórólfsson 1934:520)

Í D-greininni eru risin á fyrstu tveimur atkvæðunum svo að hér kemur greining Björns Karels heim við mína. Hins vegar tel ég enga knýjandi ástæðu til að gera greinarmun á vísuorðum eins og *fengs aurriða hrauna* og *Beiskjaldi í Belgjardal*.

Í greiningu sinni á hrynjandi dróttkvæða kemst Kristján Árnason (2000 [1991]) að niðurstöðum sem eru mjög á sama veg og þær sem hér hafa verið reifaðar. Þar skiptir hann dróttkvæðum vísuorðum í þrjá flokka með eftirfarandi hætti:

**A** S V S | V S V Undrask oðlis landa (Þormóður Kolbrúnar., lv. 25.1; *Skj* B I:266)  
**B** S S V | V S V ungr stillir sá milli (Snorri Sturluson, *Háttatal* 1.6; *Skj* B II:61)  
**C** V S S | V S V ok valkøstu vestan (Sturla Þórðars., *Þorgilsdr.* 2.5; *Skj* A II:101)  
(Kristján Árnason 2000a [1991]:41)

Eitt af því sem gerir þessa greiningu sennilega er að samkvæmt henni enda vísuorðin alltaf með sama hætti, V S V, en það er vel þekkt í kveðskap margra þjóða að hrynjandi er reglulegri eftir því sem nær kemur lokum línunnar.

---

<sup>34</sup> Ekki má hér rugla saman forsetningum við eftirsetningar en hinum síðarnefndu er eðlilegt að bera áherslu.

Fulk (2002:341-343) fjallar nokkuð um klofin ris í ferskeyttum hætti og víkur einnig orðum að sérhljóðasamruna. Hann segist ekki leggja í „a digressive quantitative demonstration of the role of elision in Icelandic *rímur*“ (Fulk 2002:342) en segja má að slík röksemdafærsla hafi verið færð fram hér (kafla 7.6.3 og áfram). Meginatriðið hjá Fulk er að klofin ris séu augljós veruleiki í ferskeyttum hætti. Það er víslega rétt.

## 7.7 Aðrir bragarhættir

Greina má íslensk kvæði undir flestum bragarháttum frá síðmiðöldum með sama hætti og Ormars rímur hafa hér verið greindar. Allir rímnahættir falla í stórum dráttum að sama móti og sama má segja um aðra endarímaða bragarháttu. Sem dæmi má taka þessa vísu:

| Snemma | gjörði í | stríði að | standa  
| stála | þollur | landi | á.  
| Sannliga | jók það | seggjum | vanda  
að | samþykkt | margra | ýta | brá.  
| Varð því | eyðir | odds og | randa  
| Orkneyjum að | rýma | frá. (*Magnúsdiktur 7; ÍM II:376*)

Hér eru tvö dæmi um sérhljóðabrottfall í fyrstu línu, eitt dæmi um klofið hnig í þriðju línu, eitt dæmi um forlið í fjórðu línu og sjötta línan er með hrynjandi af B-gerð.

Nokkrir bragarhættir sem tíðkast á síðmiðöldum falla þó ekki undir þessa almennu greiningu. Fyrst skal telja fornyrðislag. Lítum á dæmi um vísur undir fornyrðislagi ásamt greiningu með kerfi Sievers:

Heyrt hafa þjóðir	A3
Þorleifs getið,	A2k
sá hefr drengur búið	C3
í Dana veldi,	C2
hann var manna	A3
mestr í heimi,	A1
þó eg auki það	B
út í heima.	A1

(*Þóruljóð* 1; Haukur Þorgeirsson 2011:213)

Varat sem brynja,	A3
eða bláir hringar,	C2
ísköld of mik	E1
áðan felli,	A1
þás of síður	A3
silkiskyrta	A1
gulli saumuð	A1
gekk fastofin.	D2

(*Ævidrápa Örvar-Odds* 41; *Skj B II*:332)

Seg sælborinn	D2
seggr hvað heitir,	A1
nú hefir fylkis mær	B
frétt hins sanna.	A1
Mér mun tal þitt	A3
að tregabótum,	C2
mjög er stillis mær	B
stödd dauflega.	D2

(*Gullkársljóð* 8; Ólafur Davíðsson 1898:77)

Hér koma fyrir ýmsar línugerðir sem sjást ekki í öðrum ungum kveðskap. Sérstaklega eru það vísuorð af gerð B í kerfi Sievers sem varla er mögulegt að fella undir greiningu Kristjáns Árnasonar. Eðlilegast virðist að gera ráð fyrir að vísuorð eins og *nú hefir fylkis mær* hafi hrynjandi af gerðinni V S V S, eins og Sievers gerði ráð fyrir. Ég tel því ekki að hægt sé að fella fornyrðislag undir kerfi með þrenns konar hrynjandi enda hefur Kristján ekki lagt það til. Enn síður væri vænlegt að fella fornyrðislag undir greiningu Fabb og Halle (2008) þar sem gert er ráð fyrir að áherslulaus atkvæði skipti engu máli. Slíkt kerfi spáir því að ýmiss konar línugerðir sem aldrei sjást séu bragfræðilega tækar. Kiparsky (2009:929) sýnir þetta um Bjólfskviðu og hið sama gildir um norrænan kveðskap.

Í dróttkvæðum hætti er málið allflókið. Gagnrýnendur Kristjáns Árnasonar

hafa bent á að línur af svipaðri gerð og *nú hefir fylkis mæ* koma fyrir í dróttkvæðum hætti. Gade (1993:279; 1995:45) bendir á dæmi eins og *en tolf af glað Gylfa* sem hún telur að rúmist illa innan kerfis Kristjáns. Myrvoll (2009:44) bendir á dæmi hjá Kuhn (1983:141) um B-línur:

í gemlis ham gömlum (*Haustlög* 2.3; *Skj B I:14*)  
vas-a byrgi-Týr bjarga (*Haustlög* 2.7; *Skj B I:14*)  
vas-at Hœnis vinr hönnum (*Haustlög* 3.7; *Skj B I:14*)  
þás ellilyf ása (*Haustlög* 9.3; *Skj B I:16*)

Hér virðist vissulega ekki liggja beint við að ris séu á *í*, *vas-a*, *vas-at* og *þás* eins og kerfi Kristjáns gerir ráð fyrir, fremur en á *ham*, *Týr*, *vinr* og *lyf* eins og Sievers og sporgöngumenn hans mæla fyrir um. Á móti má benda á að línur af gerð B, sem eru algengar í flestum kvæðum undir fornyrðislagi, eru sjaldgæfar í dróttkvæðum hætti, sérstaklega þegar frá líður. Kuhn telur aðeins 45 vísuorð fyrir 1200, þar af aðeins níu frá 12. öld (Kuhn 1983:142). Í *Haustlög* einni saman eru hins vegar fjögur dæmi, en hún er meðal allra elstu kvæða sem varðveist hafa. Oft er litið svo á að dróttkvæður háttur sé til orðinn úr fornyrðislagi og hafi tekið þaðan hina margvíslegu hrynjandi. En hvers vegna er línugerð B algeng í fornyrðislagi, óalgeng í elstu kvæðum undir dróttkvæðum hætti og sárasjaldgæf í yngri kvæðum undir dróttkvæðum hætti? Mér þykir líklegt að Kristján hafi hér verið á réttri leið og að vísuorð með upphafshrynjandina V S V S falli í raun ekki vel að dróttkvæðum hætti.

Annað sem Gade gagnrýnir í kerfi Kristjáns er sú hugmynd að einkvæð stuttstofna orð geti ekki borið ris nema við samloðun, þ.e.a.s. nema að orðið á eftir hefjist á samhljóði. Gade (1993:279; 1995:68) bendir á nokkur mótdæmi úr fornum kveðskap, þar á meðal þessi:

þar kœmr **ó** en æri (*Húsdrápa* 12.1; *Skj B I:130*)  
myndak **ól** at Óðins (Kormákur, lausavísa 61.5; *Skj B I:84*)  
**þat** eitt lifir þeira (Þorvaldur Hjaltason, lv. 2.5; *Skj B I:111*)  
blóð **kom** á þrom þíðan (*Hallfreður, Ólafsdrápa* 14.4; *Skj B I:153*)

Í megindráttum samþykkir Gade þó hugmyndina um samloðun og gerir frekari grein fyrir hvar hún eigi helst heima. Niðurstaða hennar er að setningaskipan skipti máli og samloðun eigi sér sjaldan stað milli setningaskila (Gade 1995:67–71).

Eftir stendur að nokkur dæmi eru í fornum kveðskap um að einsatkvæðisorð

með stuttan stofn beri eitt og sér ris þótt næsta orð hefjist á sérhljóði. Sennilegt virðist að þetta sé vægara frávik frá réttum brag en að fyrra atkvæði tvíkvæðs léttstofna orðs beri ris eitt og sér. Ef til vill er þetta einnig tilfellið í yngri kvæðum, samanber dæmið um *þá að* í Ormars rímum. Í útgáfu sinni á *Íslenskum miðaldakvæðum* gerir Jón Helgason greinarmun á þessum tveimur gerðum fráviks og gefur í skyn að einkvæðu orðin séu hugsanlega minna frávik. Um Ljómur segir hann til dæmis:

Ljómur er utvívlsomt digtet af en mand, der i sit sprog har bevaret den gamle stavelsekvantitet ... Man finder dog i A enkelte mistænkelige eller urigtige tilfælde, hvor en kort stavelse synes at gælde som lang : þegar 7<sup>8</sup> (men jfr. v.l.), níu 9<sup>1</sup> (jfr. dog F. Jónssons udg. s. 13), lofum 17<sup>8</sup> (men jfr. v. l.) ... Lignende eksempler, hvor trykstavelsen dog er et særskilt ord, er : skal eg 268 (o: skal jeg?, jfr. ogsaa v. l.), gef eg 363 ... (Jón Helgason 1936:120)

Þótt samloðunarkenningin sé rétt ber því að hafa í huga að frávik eins og *ol at* koma af og til fyrir allt frá elstu kvæðum.

Spyrja má hvort kerfi Kristjáns Árnasonar henti betur eða verr til að greina dróttkvæðan (og hrynhendan) hátt en kerfi Sievers og sporgöngumanna hans. Svárið kann að fara nokkuð eftir því hvaða hlutverk við ætlum greiningunni. Við fílólogískar og málsögulegar rannsóknir getur hentað vel að hafa sem allra nákvæmast kerfi. Þegar spurt er til dæmis hvað bragfræðin segi um það hvort tiltekið hljóð sé stutt eða langt eða hvort tiltekið vísuorð sé líklegt til að vera afbakað getur hentað vel að hafa nákvæma sundurgreiningu á þeim vísuorðagerðum sem koma fyrir. En það er ekki þar með sagt að nákvæmari kerfin nái endilega betur utan um hrynjandina á einhvern sálfræðilega raunverulegan hátt. Loks verður að hafa í huga að það er varla hægt að tala um kerfi Sievers og fylgismanna hans sem einn hlut því að ýmiss konar munur er á greiningunni hjá Sievers (1893), Kuhn (1983), Gade (1995) og Myrvoll (2009).

Hálfhneptur háttur hefur sérstöðu. E. A. Kock (1933) greindi hann svo að í hverju vísuorði séu þrjú bragliðir. Sá fyrsti er venjulega þrjú eða fjögur atkvæði og sá síðasti er alltaf einkvæður. Sá í miðið er ýmist eitt langt eða tvö stutt. Til dæmis má sýna eina vísu:

Siða geymdi | sjá | maðr  
sjaldan um | barns | aldr,  
uppi vill hann | heims | hopp  
hafa, þegar | til | gaf;  
þegninn lagði | þrátt | magn

þykkju-stórr í | vín- | -drykk,  
gjörðiz hann við | gleði- | -orð  
gálauss um | sitt | mál. (*Mariúvísur* III.3; *Skj* B II:538–539)

Sagnadansar hafa sína eigin hrynjandi og er þar tekið tillit til atkvæðalengdar. Þeim bragarhætti sem hefur tvö vísuorð í erindi má lýsa í stuttu máli á eftirfarandi hátt. Ef línan er fjórir bragliðir er sá síðasti ýmist eitt atkvæði:

Ólafur | reið með | björgum | fram (Jón Helgason 1962:25)  
Þar kom | út ein | álfa- | -mær (Jón Helgason 1962:25)

eða tvö stutt atkvæði:

Eg vil | ei með | álfum | búa (Jón Helgason 1962:26)  
að þú | munir oss | kossinn | spara (Jón Helgason 1962:26)

En einnig eru til línur með þremur bragliðum og þá er sá síðasti tvíkvæður með löngu fyrra atkvæði:

Þar kom | út hin | þriðja (Jón Helgason 1962:25)  
Hún gekk | sig til | arkar (Jón Helgason 1962:26)

Frá síðmiðöldum eru einnig varðveittar nokkrar þulur og þulubrot með býsna óreglulegri hrynjandi. Til dæmis má taka upphafið að Duggals leiðslu:

Ef þú vilt maður hólpinn vera  
þá sá því fræi niður sem þú vilt upp skera:  
allt þat er þú mátt gott ok veizt þér bera  
ver þú skjótur þat at vinna  
þá muntu góða ömbun finna.  
Þetta líf er lítit ok skammt  
ok gengur mönnum mjök misjafnt (Konráð Gíslas. 1860:447; sbr. Cahill 1983:1–2)

## 7.8 Niðurstöður

Mestallan íslenskan kveðskap frá síðmiðöldum hentar vel að greina með kerfi Kristjáns Árnasonar, þar sem gert er ráð fyrir þrenns konar hrynjandi. Einnig þarf að gera ráð fyrir klofnum risum, klofnum hnigum, samloðun, forliðum og brottfalli sérhljóða. Þetta á við um rímnaháttu og flesta aðra endarímaða háttu.

Fornyrðislag hefur fjölbreytilegri hrynjandi og er ef til vill best greint með kerfi í anda Sievers. Dróttkvæðan og hrynhendan hátt má greina hvort heldur sem er með kerfi Kristjáns eða Sievers. Hálfhnepptur háttur hefur sérstöðu en ég hygg að Kock hafi lýst honum nokkurn veginn rétt. Sagnadansar og þulur hafa einnig nokkra sérstöðu en koma lítið við sögu hér.

Samsvörunin milli hljóðkerfis málsins og hrynjandi kveðskaparins virðist að langmestu leyti vera einföld. Hér höfum við ekki séð nein tilfelli þar sem ástæða gæti verið til að gera ráð fyrir að orð hafi annan atkvæðafjölda í baklægri gerð en í yfirborðsgerð, á borð við það sem Zeps (1963) taldi sig greina í lettnesku eða Kiparsky (1968) í finnsku. Að samsetningar eins og *fundu í* eða *urðu að* teljist gjarna tvö atkvæði í brag er eðlilegt að túlka sem svo að þær hafi einnig getað verið tvö atkvæði í töluðu máli, líkt og í nútímaíslenskum framburði (sbr. t.d. Pétur Helgason 1993:46–47).

Eftir er þó að leysa úr vandasamasta verkefninu um hrynjandina en það er að gera grein fyrir bragfræðilegri hegðun orða sem enda á *r* í fornmáli og *ur* í nútímamáli. Þetta er viðfangsefni næsta kafla.





## 8. Stoðhljóðið

### 8.1 Inngangur

Í fornmáli voru til orðmyndir eins og *hestr* og *yingstr* sem höfðu endinguna /r/. Þessi ending var ekki atkvæðisbær í kveðskap:

**hestr** óð lauks fyr Lista (Þórður Sjáreksson, lv. 1.7; *Skj B I:303*)  
hann kom **yingstr** til Óðins (*Ragnars saga V.7.7; Skj B II:256*)

Einnig voru til orðmyndir eins og *tungur*, *bróður* og *önnur* sem höfðu endinguna /ur/. Hún var atkvæðisbær:

ungr véttrima **tungur** (Björn kreppendi, *Magnúsdrápa* 8.8; *Skj B I:406*)  
fróðr vaskliga **bróður** (*Íslendingadrápa* 8.4; *Skj B I:541*)  
þar vas enn es **önnur** (Sighvatur Þórðarson, *Víkingarvísur* 2.1; *Skj B I:213*)

Í byrjun 14. aldar fer að bera á því í handritum að þessar tvær endingar séu skrifaðar á sama hátt, bæði að fornt /ur/ sé ritað <r> og að fornt /r/ sé ritað <ur>. Á sama tíma birtast tilfelli um að fornt /r/ sé atkvæðisbært í kveðskap. Venjulega er litið svo á að orðið hafi hljóðbreyting sem breytti /r/ í /ur/ og endingarnar hafi þar með fallið saman. Þetta er sennilega rétt. Í þessu máli eru þó margar flækjur sem hér er farið í saumana á.

Í kafla 8.2 er fjallað um dreifingu á fornu og nýju /ur/ eins og hún var á 15. öld. Í kafla 8.3 er rætt um fyrri athuganir á þessu efni. Í kafla 8.4 er rætt um kenninguna um atkvæðisbært /r/ í fornmáli. Í kafla 8.5 er fjallað um vitnisburð handritastafsetningar á 15. öld. Í köflum 8.6–8.10 eru sýnd gögn um notkun stoðhljóðsins í kveðskap á tímabilinu 1300–1950 og í kafla 8.11 er reynt að ráða í hvaða breytingar á málkerfinu og bragkerfinu þessi gögn séu til vitnis um. Í kafla 8.12 eru niðurstöður teknar saman. Stoðhljóðsvandamálið er síðan rætt áfram í kafla 9 með hliðsjón af hugmyndinni um tónkvæði í forníslensku.

### 8.2 Dreifing á fornu og nýju /ur/

Í íslensku á 14. öld og síðar hafa mjög margar orðmyndir endinguna /ur/. Þessi ending er ýmist komin úr fornu /r/ eða fornu /ur/ (og fornu /urr/) og er rétt að gera hér fyrst grein fyrir hvaða endingar hafi hvorn upprunann. Fyrst verða talin

upp tilfelli um nýtt /ur/, þ.e.a.s. það /ur/ sem komið er af fornu /r/. Vísað er til beygingarflokka með því að gefa upp einstök orð sem dæmi og er þar að nokkru leyti höfð hliðsjón af *Íslenskri orðhlutafræði* Eiríks Rögnvaldssonar (1990).

### 8.2.1 /ur/ af fornu /r/

Nefnifall eintölu karlkynsorða af eftirfarandi beygingarflokkum:

armur  
dalur  
fjörður  
grautur  
söngur  
vinur  
höfundur  
söfnuður

Nefnifall og þolfall eintölu **sumra** karlkynsorða af eftirfarandi beygingarflokki:

akur

Nefnifall eintölu og nefnifall fleirtölu karlkynsorða af eftirfarandi beygingarflokki:

fótur, fætur

Nefnifall og þolfall eintölu og fleirtölu karlkynsorða af eftirfarandi beygingarflokki:

fingur

Nefnifall og þolfall fleirtölu karlkynsorða af eftirfarandi beygingarflokkum:

feður  
umsitjendur  
bændur

Nefnifall eintölu kvenkynsorða í eftirfarandi beygingarflokkum:

brúður  
æður

Nefnifall, þolfall og þágufall eintölu kvenkynsorða í eftirfarandi beygingarflokkum:

lifur  
fjöður

Eignarfall eintölu, nefnifall fleirtölu og þolfall fleirtölu kvenkynsorða í eftirfarandi beygingarflokkum:

merkur  
víkur

Nefnifall og þolfall fleirtölu kvenkynsorða í eftirfarandi beygingarflokkum:

bækur  
hendur  
mæður

Nefnifall og þolfall eintölu og fleirtölu hvorugkynsorða í eftirfarandi beygingarflokki:

myrkur

Nefnifall eintölu karlkyns flestra lýsingarorða, bæði í framtígi og efstastígi:

góður  
vitrastur  
ríkur  
fölu  
kallaður

Nefnifall karlkyns og kvenkyns eintölu lýsingarorða eins og:

fagur, fögur

Þágufall tveggja lýsingarorða (töluorða):

tveimur  
þrimur

Polfall og þágufall þriggja persónufornafna:

okkur  
ykkur  
yður

Mynd framsöguháttar í þriðju persónu eintölu nútíðar af nokkrum sagnbeygingarflokkum:

telur  
bítur  
býður  
brestur

Miðstig ýmissa atviksorða, til dæmis

betur  
heldur  
lengur  
miður

Ýmis önnur atviksorð, til dæmis:

áður  
aftur  
norður  
niður

Tvær forsetningar:

meður  
viður

Ein samtenging:

eður

Af þessu má sjá að /ur/ í bakstöðu af fornu /r/ hefur mjög víða dreifingu. Það kemur fyrir í svo til öllum orðflokkum og ýmsum beygingarmynstrum. Í nafnorðabeygingu á það fulltrúa í öllum föllum, kynjum og tölum. Verður nú rætt um /ur/ í innstöðu.

Í innstöðu kemur /ur/ af fornu /r/ fyrir í eignarfalli eintölu tveggja karlkyns beygingarmynstra:

akurs  
fingurs

Auk þess í eignarfalli eintölu eins hvorugkynsmynsturs:

myrkurs

Og á hliðstæðan hátt í eignarfalli eintölu karlkyns og hvorugkyns í einum flokki lýsingarorða:

fagurs

Einnig í nefnifalli og þolfalli sömu lýsingarorða í eintölu hvorugkyns:

fagurt

Einnig í öllum beygingarmyndum efstastigs þessa lýsingarorðs:

fegurstur

Í seinni tíð höfum við einnig beygingarmyndir eins og *fagurri*, *fagurrar* og *fegurri* sem munu tilkomnar fyrir áhrifsbreytingu. Hins vegar er /ur/ hljóðrétt þróun í afleiddu nafnorði:

fegurð

Í samsettum orðum af ýmsu tagi kemur /ur/ af fornu /r/ fyrir sem endir fyrri liðar:

eiturörvar  
niðurtroðið  
viturlegur

Nafnorð sem enda á /ur/ í óákveðinni mynd hafa einnig /ur/ í ákveðinni mynd, jafnvel þótt /ur/ komi þá fyrir á undan sérhljóði:

armurinn  
akurinn  
fingurinn  
hendurnar  
fætunir  
brúðurin  
merkurinnar

Í nútímamáli er venjulegt að kvenkyns- og hvorugkynsorð sem hafa /r/ eða /ur/ gegnum alla óákveðnu beyginguna hafi jafnan /r/ í ákveðinni mynd. Þetta hefur þó ekki alltaf verið svo. Orešnik bendir á dæmi um myndirnar *gimburin*, *lifurin*, *næfurin*, *myrkurin*, *dægurin* og *blómsturin* í heimildum frá 17. öld og fram á 20. öld (Orešnik 1972:15–16, 1978:169–170). Í Guðbrandsbiblíu eru orðin sem málið snýst um oftast beygð eins og í nútímamáli en þó koma þar fyrir myndirnar *blómsturið*, *offurið*, *myrkurin* og *blómsturin* (Bandle 1956:157). Þegar komið er aftur til um 1500 verður erfiðara að túlka gögnin því að í mörgum handritum er stoðhljóðið ekki skrifað reglulega. Þess er hér ekki kostur að gera ítarlega úttekt á handritastafsetningu þessara orða en þó er rétt að nefna nokkur dæmi.

Í Ormars rímum koma tvisvar fyrir orð þar sem reynir á atriðið sem um ræðir og í báðum tilfellum er /u/ táknað í Kollsbók (frá 1480–1490):

II.15.2 <myrkurid>  
II.15.4 <haudured>

Í Staðarhólsbók (frá miðri 16. öld) er endir fyrra orðsins ógreinilegur en seinna orðið er skrifað skýrum stöfum <haudurit>. Í AM 146 a 8vo (frá fyrri hluta 17. aldar) stendur hins vegar <myrkrid>, seinna orðið er þar <haugurinn>.

Til að leita kvenkynsdæma hef ég athugað dæmasafn *ONP*. Þar má finna:

<fiodurin> (handrit frá seinni hluta 15. aldar)  
<uigurina> (handrit frá þriðja fjórðungi 15. aldar)

Það sem fyrirfram mætti virðast sennilegt er að hljóðrétt niðurstaða stoðhljóðsbreytingarinnar hafi verið /ur/ í öllum þeim ákveðnu myndum sem um ræðir. Seinna hafi síðan hvorugkyns- og kvenkynsorðin orðið fyrir áhrifsbreytingum. Gögnin sem hér hafa verið skoðuð, þótt lítil séu, benda til að þetta hafi í raun verið svo.

### 8.2.2 /ur/ af fornu /ur(r)/

Hér eru talin upp tilfelli um /ur/ í bakstöðu sem kemur af fornu /ur/ eða /urr/.

Nefnifall fleirtölu veikbeygðra kvenkynsorða:

konur

Þolfall, þágufall og eignarfall af tveimur karlkynsorðum:

föður  
bróður

Þolfall, þágufall og eignarfall af þremur kvenkynsorðum:

móður  
dóttur  
systur

Nefnifall og þolfall eintölu af **sumum** karlkynsorðum sem beygjast eins og *akur*. Hin helstu eru:

fjötur  
jöfur  
kögur  
Lóður  
mösur  
þiður  
öndur

Einnig nefnifall og þolfall tveggja karlkynsorða sem hafa annað eignarfall:

Gizur  
Özur

Nefnifall og þolfall fleirtölu eins hvorugkynsorðs:

sumur

Nefnifall kvenkyns eintölu og nefnifall og þolfall hvorugkyns fleirtölu af fjórum fornöfnum:

önnur  
okkur  
ykkur  
yður

Nefnifall eintölu karlkyns og kvenkynsmynda eins fornafns:

nökkur

Nefnifall og þolfall hvorugkynsmyndar eins lýsingarorðs (töluorðs):

fjögur

Eins og sést kemur /ur/ af fornu /ur(r)/ fyrir í mun færri orðum og beygingarmynstrum en /ur/ af fornu /r/. Venjulega þarf þó ekki að lesa texta lengi til að rekast á fornt /ur/ enda er flokkur veikbeygðra kvenkynsorða stór og sum hinna orðanna mjög algeng.

Fornt /ur/ kemur fyrir í innstöðu í nokkrum myndum nafnorðanna að ofan:

jöfurs  
jöfurinn  
móðurina  
konurnar

Einnig í öllum myndum fornafnsins nökkur:

nökkurir, nökkurar, nökkurum o.s.frv.<sup>35</sup>

Einnig kemur fornt /ur/ vitanlega víða fyrir í rótaratkvæðum:

burt  
spurt  
hurðir

---

<sup>35</sup> Ekki er fyllilega ljóst hversu gamlar myndir með einkvæðum stofni (*nökkr-*) eru, sbr. Ari Páll Kristinsson 1987:31.



### 8.3 Fyrri athuganir

Í þessum kafla er fjallað stuttlega um fyrri athuganir á þróun stoðhljóðsins. Hér er aðeins rætt um helstu rannsóknir og þau rit sem mestu máli skipta fyrir umfjöllunina sem á eftir fer. Ekki er því um að ræða tæmandi sögulega úttekt á umfjöllun fræðimanna um stoðhljóðið. Víða er t.d. farið nokkrum orðum um stoðhljóðið í handritalýsingum og yfirlitsritum án þess að þess sé getið hér.

Fyrsti fræðimaðurinn til að taka þróun /r/ og /ur/ endinga til gagn Gerrar athugunar var Jón Þorkelsson. Byggði hann rannsókn sína bæði á stafsetningu og kveðskap, einkum frá 14. öld. Niðurstaða hans um breytinguna var eftirfarandi:

Þótt framburðrinn væri breyttr, vissu menn, hvernig hinn forni framburðr hafði verið, og með því hinn forni framburðr var talinn rætttr, en hinn nýi rangr, leituðu ritarnir við að rita eptir hinum forna framburði og skáldin að yrkja eptir honum, en hvorugum tókst það fullkomlega, og þeim veitti þetta því erfiðara, sem stundir liðu lengra fram. Á fjórtánda öldinni mun framburðrinn á niðrlagserrinu hafa verið á nokkuru reiki fram að 1380. Þá mun hann hafa verið orðinn hinn sami sem nú (Jón Þorkelsson 1863:31–32).

Veikleiki í rannsókn Jóns er að hann gerði ekki greinarmun á lokum vísuorða og öðrum bragstöðum. Ef skáldin leituðust við að yrkja eftir fornum framburði er erfitt að skilja hvers vegna þeim tókst það svona vel í lokum vísuorða og svona illa annars staðar.

Nú líður langur tími án þess að ný yfirlitsrannsókn sé gerð og láta fræðimenn sér venjulega nægja að vísa í athugun Jóns en bæta litlu við. Þó er vert að nefna hér það sem Jóhannes L. L. Jóhannesson segir um breytinguna en hann leggur áherslu á gildi kveðskaparins:

Rétt eftir 1300 breytist *r* í enda orða, svona alment sagt, í *ur* ... en alla 14. öld út er rithættinum haldið óbreyttum svo fastlega í skjölum um alt landið, að þar koma einungis fáar undantekningar, er sýna framburðinn, svo það er einkum af ljóðum, að sjá má breytinguna, en þar leynir hún sér heldur eigi. (Jóhannes L. L. Jóhannesson 1924:73–74)

Ernst A. Kock dró elstu dæmin um stoðhljóð í kveðskapnum í efa og taldi að það fyrirfyndist ekki í kvæðum Arngríms ábóta eða Einars Gilssonar, né heldur í Lilju eða Pétursdrápu. Ef marka mætti niðurstöður hans sést stoðhljóðið ekki í kveðskap fyrr en seint á 14. öld. Rök Kocks eru rædd í kafla 8.6.1.

Jón Helgason bætir nokkru nýju við umræðuna í umfjöllun um rithátt og málstig handritsins AM 350 fol (skrifað um 1363). Hann segir að skrifarinn greini glögglega á milli fornra /r/-endinga og fornra /ur/-endinga og að þetta bendi til að hann hafi ekki haft stoðhljóðið í máli sínu. Þó sé einnig annar möguleiki fyrir hendi, greinarunur á grundvelli tónkvæðis:

Alt dette synes å vise, at svarabhaktivokalen ikke har eksistert i hans sprog; men fullstendig sikkert er dette ikke. Islandsk diktning fra 15. årh. viser, at skjønt ord som hverfr blev uttalt som to stalveser, forstod man meget godt å holde dem ute fra oprinnelige tostavellesord, sikkert ved hjelp av den musikalske aksent. (Jón Helgason 1926:55)

Stefán Karlsson gerði þessari hugmynd ítarlegri skil í grein sinni *Gömul hljóðdvöl í ungum rímum* (1964). Þar rannsakaði hann *Egils rímur* sem Jón í Rauðseyjum orti 1643. Stefán bendir á að í rímunum séu orð með fornri /r/-endingu einkum notuð í stýfðum vísuorðum og að aðeins séu tvö dæmi um að þau séu rímuð við orð með fornnum /ur/-endingum. Af þessu ræður hann að tónkvæði kunni að hafa verið enn í málinu á dögum Jóns. Um notkun stoðhljóðsins í kveðskap má einnig finna umfjöllun hjá Ólafi Halldórssyni (1973a:14–15) og Kari Ellen Gade (1995:241–242). Þar er þó ekki minnst á tónkvæði.

Næsta meiriháttar rannsókn er MA-ritgerð Ara Páls Kristinssonar, *Stoðhljóðið u í íslensku* (1987). Ari Páll tekur u-innskotið til fræðilegrar umfjöllunar og skoðar frumheimildir að nýju. Hann rannsakar bæði handrit og kveðskap en leggur þó meiri áherslu á handritin. Ari Páll veltir því upp hvort hljóðfræðilegt umhverfi hafi áhrif á tákun stoðhljóðsins og kemst að þeirri niðurstöðu að svo sé. Um þessar hugmyndir er rætt frekar í kafla 8.3.

Af kveðskap rannsakaði Ari Páll fimm rímnaflokkka: *Ólafs rímu Haraldssonar*, *Skáld-Helga rímur*, *Skíða rímu*, *Króka-Refs rímur* og *Ólafs rímur af Rauðúlfs þætti*. Hann telur að sú hefð að nota orð eins og *góðr* í stýfðum vísuorðum hafi stuðst við lifandi /r/-framburð. Þessi framburður var þá valfrjáls í mæltu máli en skyldubundinn í kveðskap. Í rímunum sem Ari Páll skoðaði eru dæmi um samrímanir á fornu /r/ og /ur/ og þótti honum það mæla gegn hugmyndinni um aðgreinandi tónkvæði (Ari Páll Kristinsson 1987:125–126).

Ari Páll skrifaði seinna grein um u-innskotið í *Íslenskt mál*. Þar er hann kominn á þá skoðun að *r* hafi verið atkvæðisbært í málinu áður en stoðhljóðið kom til sögunnar og styður með rökum um eðlilega hljóðskipan (Ari Páll

Kristinsson 1992). Sömu skoðun er að finna hjá Hans Fix (1990). Um þessar hugmyndir er rætt frekar í kafla 8.4.

BA-ritgerð Einars Sigmarssonar, *Í leit að aðgreinandi tónkvæði í íslensku*, fjallar á ný um vitnisburð kveðskaparins. Einar fjallar um þann kveðskap sem Ari Páll og Stefán Karlsson höfðu athugað og telur ýmsa meinbugi á þeirri hugmynd að hann sé til marks um aðgreinandi tónkvæði. Einar segir:

Ekki stendur til að vefengja þau orð Jóns Helgasonar (1926b:55) að í ótilgreindum kveðskap, sem hann tímasetti á 15. öld, sé haldið í sundur tvíkvæðum orðmyndum með eldra *-ur* og stoðhljóðsmyndum með eldra *-r*. Hins vegar er alls ekki knýjandi að túlka það sem vísbendingu um greinarmun tvenns konar tónkvæða enda hafa síðar verið leidd að því rök að stoðhljóðið hafi ekki náð fótfestu hvarvetna um landið fyrr en um miðja 15. öld (Stefán Karlsson 1964:26, 1982:59), jafnvel að innskot þess hafi verið valfrjálst fram á 16. öld (sbr. Ara Pál Kristinsson 1987:127). Dæmi Stefáns Karlssonar (1964) úr *Egils rímum* frá miðri 17. öld eru álitlegri enda var þá lengra um liðið frá því að stoðhljóðsinnskot gekk yfir. Hér hafa þó verið tínd saman rök fyrir því að skáldið hafi fyrnt brag sinn miðað við annan 17. aldar kveðskap, nánar tiltekið forðast að hafa stoðhljóðsmyndir í endarími á móti myndum með eldra *-ur* og látið þær standa í aftasta risi vísuorðs þótt bragarhátturinn heimilaði eða útheimti þar einkvæðar myndir. (Einar Sigmarsson 2000:71)

Einar telur að Jón í Rauðseyjum kunni með ýmsu móti hafa haft veður af eldri framburði, til dæmis með því að lesa fornan kveðskap eftir Egil Skallagrímsson:

Þannig eru rök fyrir því að höfundurinn hafi átt þess kost að lesa dróttkvæði eignuð Agli. Í slíkum brag á stoðhljóð sér ekki samastað ... Hugsast getur að sporgöngumaðurinn hafi freistast til að herma það eftir höfuðskáldinu. (Einar Sigmarsson 2000:44)

Við doktorsvörn Aðalheiðar Guðmundsdóttur 2001 var svolítið rætt um stoðhljóð og tónkvæði. Svanhildur Óskarsdóttir kemst þar skýrt að orði um kjarna málsins:

Annars vegar höfum við hér vísbendingu um reglu (skáldaleyfi) sem heimilar skáldunum að nota orð sem ættu að hafa stoðhljóð sem endaorð í stýfðum vísuorðum. Hins vegar er svo það, að til þess að skáld gætu fylgt þessari reglu urðu þau að vita í hvaða orðum *u*-ið var upprunalegt og í hvaða orðum það var stoðhljóð enda þótt í máli þeirra væri stoðhljóðið komið inn. Tónkvæðistilgátan skýrir þetta síðarnefnda. (Svanhildur Óskarsdóttir 2002:260)

## 8.4 Atkvæðisbært *r*?

Sumir fræðimenn hafa gert því skóna að *r* sé atkvæðisbært í bakstöðu á eftir samhljóði þegar á 13. öld og jafnvel um leið og stóra brottfall er gengið yfir. Ari Páll Kristinsson (1992) styður þetta með rökum um eðlilega hljóðskipan. Hans Fix (1990) færir fram mjög ítarlegan rökstuðning og sérstaklega er mikilsvert að hann fjallar um vitnisburð línuskiptinga í fornum handritum. Verður nú nokkuð rætt um það atriði.

Í fornum germönskum handritum er orðum gjarnan skipt milli lína á stöðum sem virðast samsvara atkvæðaskilum. Eftirfarandi dæmi eru úr gotnesku:

liu-teip  
hunslasta-da  
frijon-dans  
mis-sadedins (Barrack 2010:257–258)

Fix sýndi fram á að mörg norræn handrit fylgja samsvarandi venjum. Til dæmis má sjá eftirfarandi orðaskiptingar úr AM 674a 4to, sem Fix tók til ítarlegrar skoðunar:

kal-lasc  
me-go  
si-þan  
boþor-þe (Fix 1990:174)

Fix sýnir að í sama handriti er orðunum *Alexander* og *almáttigr* skipt svo milli lína:

almatte-gr  
alexan-r (Fix 1990:175)

Af þessu ræður hann að *r*-ið í lok þessara orða sé atkvæðisbært. Sú ályktun er þó ef til vill nokkuð djörf. Í handritinu eru 250 dæmi um að orðum sé skipt milli lína. Ef *r* er atkvæðisbært hefði maður því ef til vill búist við að það kæmi nokkuð oft fram. Fix nefnir 23 tilfelli um að orðum sé skipt eftir orðhlutum fremur en atkvæðum og 8 tilfelli um að meginreglunum um skiptingu orða sé ekki fylgt. Þar á meðal eru þessi fjögur:

go-þs  
ma-rt  
kev-fst  
ostv-rkþ (Fix 1990:175)

Hér dregur Fix ekki þá ályktun að *r* sé atkvæðisbært í *mart* eða að *s* sé atkvæðisbært í *gops*. Ef til vill er þá líka vafasamt að álykta að *r* sé atkvæðisbært í *almattegr*. Fix athugar líka fleiri handrit. Í GKS 1812 4to eru 152 dæmi um línuskiptingar og þar af eru 13 dæmi um að skipt sé milli lína þannig að engin sérhljóð séu í seinni línunni. Dæmin eru þessi:

makle-gr, gec-k, hal-ft, sta-ct, tuN-gl, tuN-gls, hóf-sc, mi-þr, te-kr, ver-þr, da-gr, af-tr, ken-dr (Fix 1990:185–186)

Aftur er það svo að dæmin einskorðast ekki við samhljóðaklasa þar sem /r/ kemur fyrir.

Stærsta handritið sem Fix rannsakar að þessu leyti er Íslenska hómilíubókin. Þar eru 1306 tilfelli um línuskiptingar. Þar af eru eftirfarandi 23 dæmi um að ekkert sérhljóð sé í klasanum eftir skiptinguna:

kalla-sc, fyr-st, dý-rþ, siá-lfr, drý-gt, hef-nd, anda-þs, ky-ns, dý-rþ, óprú-þr, stun-d, hlu-tr, hlu-tr, hir-þd, hat-rs, brió-stz, heN-dr, fyr-str, siá-lfr, héy-rþ, þa-rf, myL-dr, ho-Ld (Fix 1990:187–193)

Enn er það svo að klasarnir eftir línuskiptinguna hafa ýmist meint atkvæðisbært *r* (9 tilfelli) eða ekki (14 tilfelli). Spyrja mætti hvort endingar með meintu atkvæðisbæru *r*-i séu þarna algengari en annars í málinu. Til að kanna þetta valdi ég tvær blaðsíður af handahófi úr Íslensku hómilíubókinni. Fyrir valinu urðu 47r og 95v, báðar skýrar, heilar og snyrtilegar. Á þessum blaðsíðum fann ég til öll orð sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Orðið er að minnsta kosti 4 bókstafir.
2. Í orðinu er nákvæmlega eitt sérhljóð (má vera tvíhljóð).
3. Orðið endar á klasa með tveimur samhljóðum eða fleiri.
4. Á undan sérhljóðinu kemur að minnsta kosti eitt samhljóð.
5. Ekkert er bundið í orðinu.

Þessar kröfur lýsa 19 af 23 orðum í safninu að ofan. Á síðum 47r og 95v eru eftirfarandi dæmi um orð af þessu tagi:

éycr, stulþ, allt, allt, stendr, craftr, scal, véist, allt, véitst, réott, tígn, fegrþ, vegr, vaorn, sagt, synþ, synþ, synþ, hyGGr, muncr, méoddr, lagt, varþ, hins, fúllt, þess, spurþr, létsc, fyrst, háugr, biósc, fyrst, muncr, ungr, váttr, diacn, goþs, vatr, ilmr, svát, staþdr, diacn, vígþr, Féorþr

Hér eru 18 dæmi um orð þar sem kenningin segir að atkvæðisbært *r* myndi síðasta atkvæði á móti 27 dæmum um orð af öðrum toga. Hlutfallið er svipað og í línuskiptu dæmunum. Ég get því ekki séð að línuskiptingin í Hómilíubókinni renni neinum stoðum undir þá hugmynd að *r* hafi verið atkvæðisbært í fornmáli. Það mætti jafnvel segja að línuskiptingin bendi beinlínis til öndverðrar niðurstöður – að *r* hafi ekki verið atkvæðisbært. Eftir því sem ég kemst næst er svipað að segja um hin elstu handritin.<sup>36</sup>

Í annarri rannsókn athugaði Fix línuskiptingar í Uppsala-Eddu. Þar fann hann 13 tilfelli<sup>37</sup> um að orðum sé skipt milli lína þannig að *r* virðist mynda kjarna seinna atkvæðisins. Tilfellin eru þessi:

hred-dr, myr-krs, le-ngr, rav-ckrs, stior-nr, nor-þr, mav-ckr, dry-ckr, þor-þr, gra-mr, biar-tr, skiolldvn-gr, brey-Tr (Fix 1998:27, 29)

Heildarfjöldi orða sem skiptast milli lína er 243. Eftirfarandi 6 dæmi finnast um að atkvæðisbært hljóð vanti í seinni hluta orðs:

sei-nt, hrav-ns, hag-ls, lvkv-zt, api-ls, næ-st (Fix 1998:27)

Hér er hlutfall *r*-dæmanna nokkuð hátt og gæti það verið til vitnis um að fyrir ritara Uppsala-Eddu hafi orð eins og *drykkur*, *gramr* og *bjartr* verið tvö atkvæði. Þetta sýnir þó ekkert um ástand mála fyrir stoðhljóðsbreytinguna því að Uppsala-Edda er skrifuð á öndverðri 14. öld og í henni eru mörg dæmi um að ruglað sé saman /r/ og /ur/ í endingum. Eitt dæmið er meira að segja í listanum að ofan: <stior-nr>. Vissulega hefur ritarinn borið þetta orð fram sem tvö atkvæði en kjarni seinna atkvæðisins hefur verið sérhljóð, eins og hjá öðrum íslenskum málhöfum fyrr og síðar.

Í kveðskap fyrir 1300 verður alls staðar að gera ráð fyrir að *r* sé óatkvæðisbært, hvort sem ort er undir dróttkvæðum hætti, fornyrðislagi eða öðrum háttum (um fornyrðislag sjá t.d. Haukur Þorgeirsson 2010a:312). Það mætti auðvitað ímynda sér að til hafi verið einhvers konar kveðskaparhefð um að bera *r* fram óatkvæðisbært. Slík hefð myndi ekki brjóta í bága við viðmiðin í kafla 1.8. Hvergi er þó skrifað neitt um hefð af því tagi í fornum ritum þar sem búast mætti við að hún væri nefnd. Ólafur hvítaskáld er greinilega mjög

<sup>36</sup> Fix (1990:196) sýnir einnig línuskiptingar úr AM 673b 4to og AM 162A y fol en dæmin eru svo fá að varla verða dregnar af þeim marktækar ályktanir. Í AM 673b 4to virðist stoðhljóð skrifað á einum stað en trúlega eru það aðeins pennaglöp (sbr. Fix 1990:203).

<sup>37</sup> Fix 1998:29 talar um 15 tilfelli en listinn á bls. 27 hefur aðeins 13.

áhugasamur um frávík frá eðlilegu máli í kveðskap en hann gerir athugasemdalaust ráð fyrir að orð eins og *snarpr* og *vaskr* séu ein samstafa. Eins má sjá af *Háttatali* Snorra Sturlusonar að þar er aldrei gert ráð fyrir atkvæðisbæru *r*-i (Jón Þorkelsson 1863:10–13). Nú er auðvitað hægt að hugsa sér að Ólafur og Snorri hafi verið svo háðir latnesk-grískum málfræðilærdómi að þeir hafi ekki getað gert sér í hugarlund að *r* beri atkvæði.<sup>38</sup> En ekki verður því trúað að öll norræn skáld, jafnvel aftur á níundu og tíundu öld, hafi verið undir áhrifum frá stafsetningu og lærðri málfræði.

Með þeirri skoðun að niðurlags-*r* hafi verið óatkvæðisbært mælir þá forn kveðskapur, forn málfræðirit og hugsanlega línuskipting í fornum handritum. Með þeirri skoðun að niðurlags-*r* hafi verið atkvæðisbært eru fyrst og fremst rök um eðlilega hljóðskipan. Mér þykir ekki hafa tekist að sýna fram á að þau rök séu svo sterk að þau vegi ein og sér þyngra en vitnisburður heimildanna.

Samhljóð sem eru óatkvæðisbær þar sem atkvæðis mætti vænta eru vel þekkt í germönskum málum. Nærtækt er að líta á fornensk dæmi. Í Bjólfskviðu kemur það oft fyrir að bera verður orð eins og *wundor* ('undur') eða *winter* ('vetur') fram sem eitt atkvæði þótt þau séu rituð með innskotshljóði í handritinu. Eftirfarandi vísuorð eru dæmi um þetta:

wundordeaðe swealt (*Beowulf* 3037b; Klaeber 1950:114)  
wælfagne winter (*Beowulf* 1128a; Klaeber 1950:43)

Hér eru fræðimenn sammála um að sleppa verður innskotshljóðunum í *wundor* og *winter* til að fá fram bragfræðilega eðlileg vísuorð (E-gerð í kerfi Sievers, sjá t.d. Fulk 1992:66–71; Hutcheson 1995:45–56; Terasawa 2011:53–55). Eitt af því sem menn hafa raunar bent á í umræðu um fornensku er að orð eins og *vatn*, *býsn*, *segl* og *gísl* eru enn einkvæð í íslensku (Fulk 1992:67).

Loks er rétt er að hafa í huga að skynjun okkar á atkvæðafjölda er ekki einhlítt ákvörðuð af hljóðfræðilegum þáttum (Laver 2003:159) og sami hljóðastrengur getur haft mismunandi atkvæðafjölda í eyrum mismunandi hlustenda (Fulk 1992:67–68). Stundum er gerður greinarmunur á hljóðfræðilegum og hljóðkerfislegum atkvæðum (Lass 1984) og það eru hin hljóðkerfislegu atkvæði sem hér eru til umfjöllunar. Þess er því ekki að vænta að hljóðfræðileg rök nægi til að skera úr um málið.

---

<sup>38</sup> Ég held þó ekki að atkvæðisbær samhljóð hefðu verið miðaldamálfræðingum stórkostlega framandi. Þeir vissu til dæmis vel að <i> var ýmist atkvæðisbært eða óatkvæðisbært.

## 8.5 Breytileiki í stafsetningu

Ari Páll Kristinsson (1987) hefur sett fram þá hugmynd að hljóðfræðilegt umhverfi hafi áhrif á tákunun stoðhljóðsins í handritum frá fjórtándu og fimmtándu öld. Þetta er alls ekki fráleit hugmynd. Til dæmis mætti ef til vill búast við því að orðmyndir eins og *vetr* og *vekr* hafi ríkari tilhneigingu til að fá stoðhljóð en orðmyndir eins og *veðr* og *velr* enda mætti hugsa sér að samhljóðaklasarnir /tr/ og /pr/ í bakstöðu séu harðari undir tönn en /ðr/ og /lr/. Einnig mætti hugsa sér að orðmyndir eins og *vetrs* hefðu enn ríkari tilhneigingu til að fá stoðhljóð því að hér eru samhljóð beggja vegna við r-ið. Niðurstaða Ara Páls er sú að þetta sé einmitt raunin. Hann segir:

frá ofanverðri 13. öld og fram á 16. öld er hlutfallslega miklu algengara að tákna stoðhljóð á undan eldra /-r/ sem stóð á milli samhljóða en ella mætti búast við; frá seinni hluta 14. aldar og fram á 16. öld er einnig hlutfallslega töluvert algengara að stoðhljóð sé táknað á undan eldra /-r/ í bakstöðu sem stóð á eftir *p*, *t* eða *k* en á undan eldra /-r/ í bakstöðu sem stóð á eftir öðrum samhljóðum en *p*, *t* eða *k*. (Ari Páll Kristinsson 1987:127)

Af þessu leiðir Ari Páll eftirfarandi niðurstöðu:

Ef breytilega tákun, <r> og <ur>, má þannig m.a. rekja til hljóðfræðilegra skilyrða liggur beinast við að túlka það á þann veg að innskot stoðhljóðs hafi verið valfrjálst í málinu frá ofanverðri 13. öld og fram á 16. öld. Valfrelsið kemur samkvæmt þessu þannig fram að r og ur eru frjáls afbrigði af eldra /-r/; samt er tilhneiging til að taka annað afbrigðið fram yfir hitt við ákveðin hljóðfræðileg skilyrði, þótt ekki sé um fyllidreifingu að ræða. (Ari Páll Kristinsson 1987:127)

Þessar niðurstöður eru athyglisverðar en hér er þó ýmislegt efa orpið. Ari Páll sýnir fram á að í elstu handritum þar sem stoðhljóð kemur fyrir (1275–1350) er mun meira af stoðhljóði milli tveggja samhljóða en búast mætti við. Slík dæmi eru 35 af 58 stoðhljóðsdæmum alls (Ari Páll Kristinsson 1987:49–52). Það er margfalt meira en búast mætti við af tilviljun og líklega er sú skýring Ara Páls rétt að þegar stoðhljóðið kom fyrst til sögunnar hefur kjörlendi þess verið í orðmyndum eins og *hendurnar* og *fegurst*.

Hitt er nokkru óvæntara og kannski ekki alveg jafnljóst að stafsetning stoðhljóðsins um 1500 sé ennþá hljóðfræðilega skilyrt. Í handritum frá tímabilinu 1402–1525 fær Ari Páll eftirfarandi niðurstöður um tákun á fornu /r/ þar sem skilyrði eru fyrir stoðhljóði:



	<r>	<ur>	Alls
C_rC	16	55	71
C_r# {C +sp.rgl.}	100	203	303
C_r# {C -sp.rgl}	592	329	921

(Ari Páll Kristinsson 1987:105)

Hér er stoðhljóðið skrifað í 78% tilfella í innstöðu. Í bakstöðu er það skrifað í 67% tilfella á eftir /p/, /t/ og /k/<sup>39</sup> en aðeins í 36% tilfella á eftir öðrum samhljóðum. Munurinn á tveimur síðasttöldu flokkunum er greinilega meiri en svo að hann skýrist af tilviljun. Hljóðfræðileg skilyrðing gæti skýrt þennan mun en hún er ekki eina hugsanlega skýringin.

Hugsanlegt er að sjónrænir þættir í leturgerðinni ráði nokkru um það hvort stoðhljóðið er táknað eða ekki. Endingin <ur> er yfirleitt bundin fremur en skrifuð fullum fetum og bandið kemur yfir stafinn á undan. Það fer vel á því að setja <ur>-band yfir lága stafi eins og <t> en hentar ekki vel með hærri stafi eins og <k> og <d> eða sérstaklega <l>. Ari Páll gerir sér grein fyrir að grafemískir þættir gætu skipt máli og segir að þeir væru „efni í sérstaka rannsókn“ (Ari Páll Kristinsson 1987:106).

Hér er ekki tóm til að gera ítarlega athugun á skrifaravenjum 15. aldar en þess verður freistað að fá nokkra hugmynd um hvernig landið liggur með því að taka sýnishorn. Ég hef valið af handahófi tvö þeirra handrita sem Ari Páll lagði til grundvallar sinni rannsókn – annars vegar bréf 155 í íslenska frumbréfasafninu og hins vegar handritið AM 343a 4to.

### 8.5.1 Frumbréf 155

Bréfið sem hér um ræðir er ritað 26. febrúar 1417 á Grund í Eyjafirði og er afrit („transkripta bref“) af bréfi frá 1403. Stefán Karlsson bendir á að sama höndin

<sup>39</sup> Þetta eru þau hljóð sem hafa þáttinn +sperrt raddglufa í þáttakerfinu sem Ari Páll leggur til grundvallar. Hann rökstyður allítarlega (1987:21-29) hvers vegna hann telur þessi samhljóð líkleg til að haga sér á sérstakan hátt og verður það ekki endursagt hér. Sá varnagli er sleginn að „jafnvel þótt skylt væri að reikna með því að andstaða *p*, *t*, *k* og *b*, *d*, *g* í inn- og bakstöðu á undan *r* væri upphafin á 14. – 16. öld mætti þó eftir sem áður nota þáttinn +/-sp.rgl. til aðgreiningar með því að setja sem svo að hann vísi til aðgreiningar á einhverju efra og óhlutbundnara stigi í hljóðkerfinu“ (1987:27). Í endursögn minni á niðurstöðum Ara Páls fylgi ég þessari flokkun og ber það ekki að skiljast sem svo að ég telji að lokhljóðið í orðinu *land* hafi endilega haft aðra hljóðfræðilega eða hljóðkerfislega stöðu en lokhljóðið í orðinu *fat*.

finnist á öðru bréfi (númer 163) sem ritað er sama ár. Stórbændurnir Magnús Jónsson (d. 1438) og Loptur Guttormsson (d. 1432) votta bæði þessi bréf og kynni annar þeirra að hafa haldið á pennanum (Stefán Karlsson 1963a:LVII). Fyrir því er þó engin víska.

Samkvæmt rannsókn Ara Páls eru 48 dæmi um forna /r/-endingu í bréfinu og þau skiptast þannig að í fjórtán þeirra er stoðhljóðið táknað en í 34 tilfellum er það ekki táknað. Þetta eru sömu tölur og í minni talningu.

Þegar hljóðfræðilegt umhverfi er skoðað skiptast gögnunum þannig að í innstöðu eru tvö dæmi af þremur (67%) með táknuðu stoðhljóði, í bakstöðu á eftir /p/, /t/ og /k/ eru fimm dæmi af tólf (42%) með táknuðu stoðhljóði og í bakstöðu á eftir öðrum samhljóðum eru aðeins sjö dæmi af 33 (21%) með táknuðu stoðhljóði. Niðurstöðurnar eru, með öðrum orðum, í samræmi við þá hugmynd að meiri ástæða sé til að tákna stoðhljóð í innstöðu og á eftir samhljóðum með þáttinn +sperrt raddglufa.

Í rannsókn sinni heldur Ari Páll orðum með upphaflegu /ur/ aðgreindum frá orðum með stoðhljóði og utan við megingtölfræðina. Þetta er skynsamlegt fyrir margra hluta sakir og verður einnig gert hér. Sérstaklega er vert að benda á að hljóðskipunarreglur koma stundum í veg fyrir að vel henti að nota <r> til að tákna /ur/ í orðum með upphaflegt /ur/. Í bréfinu sem hér um ræðir koma til dæmis fyrir orðmyndirnar <oftekiur> (þrisvar) og <sperrur>. Það væri óheppilegt að skrifa þessi orð með <r> enda fengjust þá myndirnar <oftekir> og <sperrr> sem eru allt annað en skýrar.

Er þá rétt að athuga hvernig stoðhljóðsdæmin í bréfinu skiptast þegar þau eru flokkuð eftir leturgerðarlegum þáttum. Fyrst er að geta þess að þegar stoðhljóðið er táknað er það í öllum tilfellum nema einu gert með bandi. Bandið er krók-err (lat. *r rotunda*) sem kemur fyrir ofan stafinn á undan. Einnig er krók-err notað sem stafur en ekki band víða í innstöðu og bakstöðu. Venjulegt <r> (þ.e.a.s. <r> sem líkist <r> í nútímaprentletri) er einnig notað. Skrifarinn fylgir nokkurn veginn þeirri fornu venju að hafa krók-err á eftir bjúgum stöfum en venjulegt <r> annars. Til dæmis er krók-err á eftir <b>, <d> og <o> í þessum orðum:

- 1.bref
- 1.sigurdr
- 1.halldors

Hins vegar er venjulegt <r> á eftir <h>, <t> og <m> í þessum orðum:

- 1.lopthr
- 2.prestr
- 3.grimmr

Það er hins vegar ekki svo að full samkvæmni sé í þessu. Í orðinu 2.kraankr er til dæmis notað venjulegt <r> á eftir fyrra <k>-inu en krók-err á eftir því seinna. Í handritum frá þessum tíma er hin almenna tilhneiging að notkun á krók-err fer vaxandi og misjafnt hversu samkvæmir sjálfum sér skrifararnir eru um notkun þess (Mårtensson 2011:195, Stefán Karlsson 1982:70).

Ég hef flokkað þá stafi sem koma fyrir þannig að <t> , <f> og <g> eru lágir stafir en <d>, <h> og <k> milliháir stafir. Einnig kemur stoðhljóðið tvisvar á eftir <e> með m-bandí yfir og tel ég það einnig milliháan staf. Eins er <m> með m-bandí, sem einu sinni kemur fyrir, millihár stafur. Menn geta sannfærst um að þessi skipting á bókstöfunum standist með því að skoða myndina af handritinu í útgáfu Stefáns Karlssonar (1963b:122–123). Línunúmerin í listanum hér fyrir neðan vísa til handritsins sjálfs og eru tiltekin í útgáfu Stefáns. Fyrst lítum við á endingar í bakstöðu (ítarefni er í viðauka C.3):

<t>	5 af 8 með stoðhljóði
<f>	5 af 6 með stoðhljóði
<g>	2 af 5 með stoðhljóði
<b>Lágir stafir alls</b>	<b>12 af 19 með stoðhljóði</b>
<d>	0 af 18 með stoðhljóði
<k>	0 af 3 með stoðhljóði
<h>	0 af 2 með stoðhljóði
<e með m-bandí>	0 af 2 með stoðhljóði
<m með m-bandí>	0 af 1 með stoðhljóði
<b>Milliháir stafir alls</b>	<b>0 af 26 með stoðhljóði</b>

Samkvæmt þessari athugun er stoðhljóðið aldrei skrifað á eftir milliháum staf en í 63% tilfella á eftir lágum staf. Grafískir þættir virðast því bjóða upp á góða útskýringu á breytileikanum í táknun stoðhljóðsins í þessu handriti. Kenning um sperrta raddglufu virðist ekki skýra breytileikann jafnvel. Samkvæmt henni er það óvænt að /ur/ sé ekki táknað í orðmyndunum *krankur*, *bækur* og *lýkur* en sé algengt í orðmyndinni *gefur*.

Þrisvar koma fyrir orð sem hafa stoðhljóð í innstöðu í nútímamáli:

- 13.bakstr *jarn*
- 22.silfur *bolla*
- 23.silfur *kross*

Enn dugar grafíska skýringin vel.

### 8.5.2 AM 343a 4to

Handritið AM 343a 4to er talið frá þriðja fjórðungi fimmtánda aldar. Ari Páll rannsakaði úr því upphaf sögunnar um Sálus og Nikanór. Hann fann þar 248 dæmi um fornt /r/ í bakstöðu og skiptust þau þannig að á eftir /p/, /t/ og /k/ voru 92% með táknuðu stoðhljóði. Á eftir öðrum samhljóðum var stoðhljóð aðeins táknað í 48% tilfella. Stafsetning handritsins virðist þá vera í samræmi við hugmyndina um sperrta raddglufu sem ráðandi þátt.

Ég kanna hér sama hluta handritsins og Ari Páll fékkst við en læt duga að skoða ástand mála í bakstöðu. Textinn er gefinn út í stafréttri útgáfu í *Late Medieval Icelandic Romances II* (Loth 1963). Útgáfan er þó ekki bandrétt og hentar því ekki alveg jafnvel til leturrannsókna og útgáfa Stefáns Karlssonar á frumbréfunum. Þó má vel notast við hana og hef ég fylgt útgefandanum um túlkun banda á sama hátt og Ari Páll gerði (Ari Páll Kristinsson 1987:91). Rannsóknin er þó örlítið grófari en sú í fyrri kaflanum og ég hef t.d. ekki athugað hvort <m> sé skrifað fullum stöfum eða með bandi heldur flokkað dæmin í fyrstu atrennu eftir þeim leturtáknum sem notuð eru í útgáfunni. Eins og fram kemur fyrir neðan hef ég síðan gátað nokkur athyglisverð tilfelli eftir á.

Lágir stafir eru, sem fyrr, <t>, <g> og <f> en hér bætast við <m> og <n>. Frá grafísku sjónarhorni henta þessir stafir vel undir band. Milliháir stafir eru <k> og <d>. Á þeim er síður rými fyrir bönd en á lágu stöfunum. Ég flokka <l> sem háan staf. Ekki er hægt að setja band ofan á hann en mögulegt er að setja það til hliðar. Táknun á <r> og <ur> er svipuð og í bréfinu sem áður var skoðað. Bandið <ur> er krók-err yfir línu. Í innstöðu og bakstöðu er <r> táknað ýmist með krók-erri eða venjulegi erri og fer það, a.m.k. í stórum dráttum, eftir gerð stafsins á undan. Þannig má t.d. finna venjuleg <r> á eftir <l>, <æ>, <e> og <f> en krók-err á eftir <d>, <a>, <g> og <o>.

Dreifing stoðhljóðstáknunar eftir undanfarandi bókstaf er með eftirfarandi hætti (nánar í viðauka C.4):

<t>	47 af 47 með stoðhljóði
<g>	10 af 30 með stoðhljóði
<f>	9 af 10 með stoðhljóði
<m>	8 af 9 með stoðhljóði
<n>	1 af 2 með stoðhljóði
<b>Lágir stafir alls</b>	75 af 98 með stoðhljóði
<d>	57 af 125 með stoðhljóði
<k>	5 af 11 með stoðhljóði
<b>Milliháir stafir alls</b>	62 af 136 með stoðhljóði
<l>	0 af 9 með stoðhljóði
<b>Háir stafir alls</b>	0 af 9 með stoðhljóði

Niðurstaðan er að stoðhljóð fer á eftir lágum stöfum í 77% tilvika, á eftir milliháum stöfum í 46% tilfella og á eftir háa stafnum <l> í 0% tilvika. Aftur virðist grafíska skýringin útskýra megnið af breytileikanum. Á eftir <l> kemur aldrei band og á eftir milliháu stöfunum <k> og <d> kemur það í um helmingi tilfella. Það eru helst lágu stafirnir sem þarf að fara nokkrum orðum um.

Það er greinilegt að skrifarinn hefur fyrir fasta reglu að skrifa <ur> á eftir <t> og er hvergi brugðið út af því í textanum sem hér var skoðaður. Það er einnig greinilega almenna reglan að <ur> sé skrifað á eftir lágu stöfunum <f>, <m> og <n>. Frá því eru aðeins þrjár undantekningar og allar reynast eiga sér grafíska skýringu þegar handritið sjálft er skoðað:

14.1 siallfr: Úr línunni fyrir ofan kemur <g> sem hindrar að band henti vel (88r, lína 17). Hér er skrifað krók-err á eftir <f>.

21.23 Rennr: Seinna <n>-ið er táknað með bandi yfir fyrra <n>-ið (89v, lína 22 að neðan). Hér er einnig krók-err, að vísu nokkuð máð.

22.8 harmr: Hér er <ar> skrifað með bandi vinstra megin á <m>-inu. Það hefði verið sóðalegt að hafa líka band hægra megin á <m>-inu (89v, lína 14 að neðan). Stafurinn er krók-err.

En fyrst það kemur stundum fyrir að grafískir þættir koma í veg fyrir að <ur>-band henti vel á eftir <f>, <n> eða <m> má þá ekki gera ráð fyrir að þetta hendi stundum einnig á eftir <t>? Hvernig getur það þá staðist að skrifarinn tákni alltaf stoðhljóð á eftir þeim bókstaf? Skýringin virðist vera sú að þegar band hentar illa á eftir <t> skrifar sá sem heldur á pennanum <ur> fullum stöfum.

Þetta gerist til dæmis í orðinu <setur> í línu 18 á bls. 90r. Þar kemur <f> úr línunni fyrir ofan í veg fyrir að band komist fyrir og skrifarinn ritar þá <ur> fullum stöfum. Skrifarinn hefur því greinilega haft það að stafsetningarreglu að skrifa ekki <r> á eftir <t>.

Eina vandamálið sem enn er órátt er hvers vegna <ur> kemur ekki oftar fyrir á eftir lága stafnum <g> en þar fannst það aðeins í 10 tilfellum af 30. Í fyrsta lagi gæti okkur dottið í hug að þegar samsetningin <gg> kemur fyrir sé hún táknuð með <g> með tvöföldunarhaki fyrir ofan. Þegar handritið er skoðað reynist þetta rétt:

5.15.steinueggr: neðsta lína á síðu 87r  
20.20.leggr: 12. lína á síðu 89v  
21.6.hauggr: 16. lína á síðu 89v  
21.17.hoggr: 23. lína á síðu 89v  
21.23.liggr: 21. lína að neðan á síðu 89v  
34.10.leggr: 6. lína að neðan 91r

Í öllum sex tilfellum er <gg> táknað á þann hátt sem gruna mátti. Á eftir <g>-inu með hakinu er síðan skrifað krók-err.

Ef við sleppum þessum sex dæmum fáum við að stoðhljóð sé táknað á eftir <g> í 10 tilfellum af 24. Það er svipað hlutfall og á eftir <d> en greinilega lægra en á eftir hinum lágu stöfunum. Á þessu hef ég enga sérstaka skýringu. Ef til vill hefur skrifaranum þótt fara sérstaklega vel á því að hafa krók-err á eftir <g>. En jafnvel þótt þetta atriði standi út af er grafíska skýringin sterk því að hún skýrir vel allan annan breytileika í gögnunum. Eins og sýnt hefur verið skýrir hún jafnvel frávik í einstökum orðum.

### **8.5.3 Niðurstöður um handritastafsetningu**

Af þeim tveimur handritum sem skoðuð hafa verið að dæma virðist mjög vænlegt að skýra breytileika í tákun fimmánda aldar handrita á stoðhljóðinu með grafískum þáttum. Sú hugmynd að dreifingin ráðist af því hvort hljóðið á undan hefur þáttinn +sperrt raddglufa virðist hins vegar ekki lofa góðu. Ef hún væri rétt mætti búast við því að stoðhljóðið væri táknað álíka oft á eftir <k> og <t> en það er ekki raunin í gögnunum sem skoðuð hafa verið. Einnig vantar þá alveg skýringu á því hvers vegna stoðhljóðið er algengt á eftir <f>. Reyna mætti að hugsa sér einhverja aðra hljóðfræðilega dreifingu – til dæmis að það skipti

máli hvort á undan kemur öngljóð eða lokhljóð eða samhljóðaklasi. Eða ef til vill hvort næsta orð á eftir hefst á sérhljóði. En engin slík hugmynd sem mér kemur í hug fær stuðning af þeim gögnum sem ég hef skoðað.

Ég get því ekki séð að stafsetning handrita renni stoðum undir þá hugmynd að innskot stoðhljóðs hafi verið breytilegt eftir umhverfi í málinu fram á 16. öld.

## 8.6 Miðaldakveðskapur annar en rímur

### 8.6.1 Kvæði frá 14. öld og hugmyndir Kocks

Í útgáfu Finns Jónssonar á kvæðum 14. aldar er stoðhljóðið að finna sums staðar í kvæðum Arngríms, Eysteins, Einars og Árna og einnig til dæmis í Maríudrápu og Pétursdrápu. Almennt fylgdi Finnur þeirri reglu að rita stoðhljóðið þá og því aðeins að það væri nauðsynlegt til að fá vísuorð sem uppfylla bragreglur. Til dæmis má nefna vísuorð úr Lilju:

**skapaður** góðr ok skein í prýði (*Lilja* 7.3)

Hér er nauðsynlegt að fyrsta orðið sé þrjú atkvæði því að fyrsta atkvæði þess er stutt og fyrsta risið er því klofið. Hér er aftur dæmi um stað þar sem Finnur hefur ekki stoðhljóðið:

**fogr** stórmerkin drottins verka (*Lilja* 5.8)

Hér má einu gilda bragfræðilega hvort stoðhljóðið er til staðar eða ekki í fyrsta orðinu. Í slíkum tilfellum er það ekki ritað í útgáfu Finns.

Ernst A. Kock var hér, eins og víða annars staðar, ósáttur við vinnubrögð Finns. Hann taldi að stoðhljóðið kæmi í raun aldrei fyrir fyrr en í kvæðum Árna ábóta (*NV* §1509). Í þeim tilfellum hjá eldri skáldum þar sem Finnur hefur stoðhljóðið leitaði Kock annarra leiða til að ná fram réttum atkvæðafjölda. Hér verður farið nokkuð í saumana á þessu máli og fyrst athuguð þau tilfelli í Guðmundardrápu Arngríms ábóta þar sem útgáfa Finns (*Skj* B) hefur stoðhljóð. Ég hef stjörnumerkt leiðréttingar Kocks.

*Guðmundardrápa* 5.4

Handrit: þer guðmundr laungu fvndit (*Skj* A II:349)

Finnur: þér Guðmundur lǫngu fundit (*Skj* B II:373)

Kock: þér \*Guðmundi lǫngu fundit (*Skald* II:201)

Kock útskýrir leiðréttingar sínar á þessari vísu og annarri þannig að með þeim vinnist „klarhet i tanke, enkelhet i form och behaglig överensstämmelse mellan de båda diskuterade halvstoferna“ (*NN* §1490, sbr. *NN* §2995 B). Það er gott ef satt er en eftir stendur að það er ekkert málfræðilega, bragfræðilega eða merkingarlega aðfinnsluvert við vísuna eins og hún er í handritinu. Breytingin sem fjarlægir stoðhljóðið virðist því ekki standa á mjög föstum fótum.

#### *Guðmundardrápa 6.5*

Handrit: hoskr biargi oss hóla byskup (*Skj* A II:349)

Finnur: hoskur bjargi oss Hóla-biskup (*Skj* B II:373)

Kock: horskr bjargi oss Hóla biskup (*Skald* II:201)

Hér telur Kock að stoðhljóðið sé óþarft. Til samanburðar má benda á vísuorð eins og 26.2 (*mætt reiknaz þat píslar-vætti*) og 28.4 (*hvarf fjandinn þá niðr í granda*) sem virðast hafa sömu hrynrænu gerð. Það eina sem greinir 6.5 frá slíkum dæmum er að mögulegt er að sérhljóðaúrfelling verði í *bjargi oss*. Ekki eru mér þó kunn rök fyrir því að slíkt sérhljóðasamfall sé skyldubundið og Kock bendir á dæmi um hið gagnstæða. Ég tek því afstöðu með Kock um að telja vísuorð 6.5 ekki innihalda dæmi um bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð.

#### *Guðmundardrápa 15.5*

Handrit: tírprúðr let trúar sæði (*Skj* A II:351)

Finnur: tírprúður lét trúarsæði (*Skj* B II:375)

Kock: \*tírprýðir lét trúar sæði (*Skald* II:203)

Kock rökstyður túlkun sína á vísunni í *NN* §1491 C og leggur til aðra samantekt á henni en Finnur. Ég er raunar sammála Kock um að taka *tungla hválfs* saman með *trúar sæði* fremur en með *tírprúður* en það réttlætir ekki að *tírprúður* sé breytt í *tírprýðir*, né heldur að smáorði (t.d. *enn*, *þá* eða *of*) sé skotið inn í vísuorðið eins og hann leggur einnig til. Það er ekkert athugavert við orðið *tírprúður* hér og engin réttlætning fyrir að breyta því önnur en sú hugmynd Kocks að skáldið hafi aldrei notað stoðhljóðið.

#### *Guðmundardrápa 18.6*

Handrit: elian giarn því helldr uarna (*Skj* A II:352)



Finnur: eljangjarn því heldur varna (*Skj B II:376*)

Kock: eljangjarn því heldr varna (*Skald II:203*)

Eins og Kock prentar vísuorðið er það aðeins sjö atkvæði og bragfræðilega ótækt. Honum hefur sennilega yfirsést vandamálið enda get ég ekki fundið að hann fjalli nokkurs staðar um vísuna. Það virðast ekki vera nein textaleg vandamál í þessari vísu og engar óháðar ástæður til að leiðrétta texta handritsins.

*Guðmundardrápa 33.3*

Handrit: rackr hafði raunar ekki (*Skj A II:354*)

Finnur: rakkur hafði raunar ekki (*Skj B II:380*)

Kock: rakkr \*enn hafði raunar ekki (*Skald II:206*)

Kock útskýrir breytinguna í *NN* §1495 og segir „Värsen emenderas lätt“ en hann nefnir enga óháða ástæðu til að krukka í vísuhelmingnum heldur gerir það aðeins til að forðast stoðhljóðið.

*Guðmundardrápa 53.6*

Handrit: feck guðmundr heiðr af rekkum (*Skj A II:359*)

Finnur: fekk Guðmundur heiðr af rekkum (*Skj B II:385*)

Kock: fekk \*þá Guðmundr heiðr af rekkum (*Skald II:209*)

Aftur nefnir Kock enga ástæðu til að breyta vísunni aðra en stoðhljóðið (*NN* §1509).

*Guðmundardrápa 60.5*

Handrit: uerðr Guðmundr efri iðrðu (*Skj A II:361*)

Finnur: verðr Guðmundur efri jörðu (*Skj B II:387*)

Kock: verðr \*þá Guðmundr efri jörðu (*Skald II:210*)

Kock nefnir að *þá* og *ef* fari oft saman (*NN* §1512) en þetta eru ekki sterk rök til að skjóta inn *þá*. Það er ekkert að vísuorðinu eins og það stendur í handritinu. Niðurstaðan um Guðmundardrápu Arngríms er þá að í henni kemur stoðhljóðið sex sinnum fyrir og alltaf þannig að textinn er ekki að öðru leyti tortryggilegur. Það virðist ekki sérstaklega líklegt að hér sé við varðveisluna að sakast og einfaldara og eðlilegra að túlka gögnin svo að Arngrímur hafi stundum gripið til stoðhljóðsins í kveðskap sínum. Það er ekkert fyrirfram ósennilegt við það enda sést stoðhljóðið víða í handritum á dögum Arngríms.

Næst kemur Lilja og hér verður farið hraðar yfir sögu. Í útgáfu Finns (*Skj B*

II:390–416) er 13 sinnum gert ráð fyrir stoðhljóði í textanum en í útgáfu Kocks (*Skald* II:212–228) er ekkert stoðhljóð. Það flækir nokkuð málið að Lilja er varðveitt í mörgum handritum og oft kemur fleiri en einn lesháttur til greina. Hér verður tekin inn í samanburðinn útgáfa Martins Chase í *Skaldic*.

#### *Lilja 7.3*

Handrit: skapadr godr ok skein j prydi (*Skj* A II:365)

Finnur: skapaður góðr ok skein í prýði (*Skj* B II:392)

Chase: skapaður góðr og skein í prýði (*Skaldic* VII:569)

Kock: skapnaðar góðr ok skein í prýði (*Skald* II:213)

Leiðrétting Kocks (*NN* §1517) styðst ekki við neitt handrit og er ekki sannfærandi.

#### *Lilja 12.3*

Handrit: adam nefndr allz jheíme (*Skj* A II:367)

Finnur: Ádám nefndur, alls í heimi (*Skj* B II:393)

Chase: Ádám nefndur, er alls í heimi (*Skaldic* VII:575)

Kock: Ádam nefndr, er alls í heimi (*Skald* II:214)

Kock (*NN* §1518) og Chase velja hér annan leshátt en Finnur en báðir möguleikar hafa þokkalega góðan stuðning af handritum. Einkennilegt er að Chase hefur stoðhljóð í vísuorðinu þótt það sé óþarft og er það gegn stefnunni sem annars er fylgt í þeirri útgáfu. Það er erfitt að segja hvort stoðhljóðið er upphaflegt hér eða ekki og ég læt þá eldra formið njóta vafans.

#### *Lilja 14.4*

Handrit: bydr þeim j skylldu at hlyda (*Skj* A II:368)

Finnur: býður þeim í skyldu at hlýða (*Skj* B II:394)

Chase: býður þeim í skyldu að hlýða (*Skaldic* VII:579)

Kock: býðr þá þeim í skyldu at hlýða (*Skald* II:214)

Leiðrétting Kocks (*NN* §1519) styðst ekki við neitt handrit og er ekki sannfærandi. Reyndar má sjá af útgáfu Chase að AM 705 4to hefur hér lesháttinn *býðr hann* fyrir *býður* og hefði Kock ef til vill valið þann kost ef Finnur hefði tekið orðamun úr því handriti. En miklu virðist það sennilegra að hér hafi stoðhljóðið verið frá upphafi en að þetta unga handrit hafi eitt varðveitt réttan leshátt.

*Lilja 16.3*

Handrit: sætazt yckr blom at bíta (*Skj A II:368*)

Finnur: sætast ykkur blóm at bíta (*Skj B II:394*)

Chase: sætast ykkur blóm að bíta (*Skaldic VII:581*)

Kock: sætasta ykkur blóm at bíta (*Skald II:214*)

Leiðrétting Kocks (*NN §2629*) styðst ekki við neitt handrit og er ekki sannfærandi.

*Lilja 27.4*

Handrit: gledilígr vm loptten nedri (*Skj A II:372*)

Finnur: gleðiligur í lopt en neðri (*Skj B II:397*)

Chase: gleðiligur í loft in neðri (*Skaldic VII:593*)

Kock: gleðiligur þá í lopt en neðri (*Skald II:216*)

Kock segir (*NN §2629 D*) að vísuorðið sé bragfræðilega rangt eins og það stendur í handritunum og að það hjálpi ekki upp á sakirnar að skjóta inn stoðhljóði í fyrsta orðið. Chase mótmælir þessu og segir að stoðhljóðið sé sannarlega nóg (*Skaldic VII:594*). Ég sé ekki frekar en Kock hvernig stoðhljóðið réttlætist hér af bragnum enda veit ég ekki hvernig *gleðiligur* í gæti gefið tvær þungar bragstöður og tvær léttar. Ég tel þetta því ekki sem dæmi um bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð.

*Lilja 41.8*

Handrit: fæddr madr ec næsta hræddumzt (*Skj A II:377*)

Finnur: fæddur maðr, er ek næsta hræddumz (*Skj B II:401*)

Chase: fæddur maðr, er eg næsta hræddumz (*Skaldic VII:611*)

Kock: fæddr maðr, er ek næsta hræddumz (*Skald II:219*)

Kock segir (*NN §1522*) að stoðhljóðið sé óþarft enda komi það annars staðar fyrir að vísuorð hefjist á tveimur þungum bragstöðum og svo tveimur léttum (línugerð B í kerfi Kristjáns Árnasonar, sjá kafla 7.6.10). Þetta hygg ég að sé rétt.

*Lilja 47.5*

Handrit: pukenn kvaldr ok þeyge þoldí (*Skj A II:378*)

Finnur: púkinn kvaldur þeygi þoldi (*Skj B II:403*)

Chase: Púkinn kvaldr og þeygi þoldi (*Skaldic VII:617*)

Kock: Púkinn kvaldr ok þeygi þoldi (*Skald II:220*)

Hér fylgja Kock (*NN §1524*) og Chase öllum þorra handrita og verður því ekki gert ráð fyrir stoðhljóði.

*Lilja 66.3*

Handrit: *maðr bannse..... (Skj A II:384)*

Finnur: maðr bannsettur allar ættir (*Skj B II:407*)

Chase: maðr bannsettr um allar ættir (*Skaldic VII:637*)

Kock: maðr bannsettr um allar ættir (*Skald II:223*)

Kock (*NN §1528*) og Chase fylgja hér handritunum og verður því ekki gert ráð fyrir stoðhljóði.

*Lilja 66.5*

Handrit: kristr af þier at fann j fystu (*Skj A II:384*)

Finnur: Kristur þik þó, er fant í fystu (*Skj B II:407*)

Chase: Kristr þig þó, er fant í fystu (*Skaldic VII:637*)

Kock: Kristr þik þó, er fant í fyrstu (*Skald II:223*)

Kock (*NN §1529*) telur stoðhljóðið bragfræðilega óþarft og Chase vitnar til Jóns Helgasonar sem var á sama máli. Þeir hafa talsvert til síns máls og verður þetta dæmi því ekki talið.

*Lilja 76.6*

Handrit: *suidir briost ok hefndum kuidir (Skj A II:387)*

Finnur: sviður brjóst ok hefndum kvíðir (*Skj B II:410*)

Chase: sviðir brjóst og hefndum kvíðir (*Skaldic VII:648*)

Kock: sviðir brjóst ok hefndum kvíðir (*Skald II:224*)

Handritin hafa hér ýmist ‘sviðr’ eða ‘svíðir’. Síðarnefndi leshátturinn virðist ekki merkingarlega verri og er auk þess í elsta handritinu. Ég fylgi því Kock (*NN §1530*) í að telja ekki stoðhljóð hér.

*Lilja 82.7*

Handrit: at því míðr se ec þa sidan (*Skj A II:389*)

Finnur: að því minnur sé ek þá síðan (*Skj B II:411*)

Chase: að því minnur sie eg þá síðan (*Skaldic VII:654*)

Kock: at því miðr ek sé þá síðan (*Skald II:225*)

Kock velur leshátt sem aðeins finnst í einu handriti (*NN §2632*) og virðist líkleggra að hér beri að gera ráð fyrir stoðhljóði.

*Lilja 83.3*

Handrit: oleo smurðr veittu at ec uerda (*Skj A II:389*)

Finnur: óleó smurður veit at ek verða (*Skj B II:412*)

Chase: óleo smurður, vænti, að eg verða (*Skaldic* VII:655)

Kock: óleo smurðr enn veit at ek verða (*Skald* II:226)

Kock (*NN* §1531) skýtur inn orði sem á sér ekki stoð í handritunum. Betra virðist að gera ráð fyrir stoðhljóði.

*Lilja* 93.3

Handrit: vindur leiptr ok grænar grundir (*Skj* A II:393)

Finnur: vindur, leiptr ok grænar grundir (*Skj* B II:414)

Chase: vindur, leiftur, grænar grundir (*Skaldic* VII:667)

Kock: vindr ok leiptr sem grænar grundir (*Skald* II:227)

Kock skýtur inn *sem* og bendir á seinni hluta vísunnar þar sem orðið er ítrekað notað á sama stað í upptalningum (*NN* §1532). Mér finnst þó sjálfum fallegra að *sem* sé alls staðar í seinni helmingnum og hvergi í þeim fyrri. Ég get því ekki tekið leiðréttinguna gilda enda styðst hún ekki við neitt handrit. Chase hefur tvö stoðhljóð í línunni en það styðst ekki heldur við neitt handrit. Annað mætti að vísu ætla af orðamuninum í útgáfunni en þar er rangt sagt til um lesháttu handritanna. Textinn í *Skj* B, með einu stoðhljóði, er í samræmi við þorra handritanna og verður hér talinn réttur.

Niðurstaðan af þessari yfirreið er að á sex stöðum í *Lilju* virðist eðlilegast að gera ráð fyrir stoðhljóði (7.3, 14.4, 16.3, 82.7, 83.3, 93.3) og á tveimur stöðum til viðbótar kæmi það a.m.k. til álita (12.3, 76.6). Það virðist ekki trúlegt að á öllum þessum stöðum hafi textinn afbakast enda er *Lilja* býsna vel varðveitt kvæði. Þeirri kenningu Kocks að skáld um miðbik 14. aldar hafi aldrei notað stoðhljóðið ber því að hafna.

### 8.6.2 Stoðhljóðið í hrynendum hætti

Í Guðmundar drápu Árna ábóta taldi Kock (*NN* §1558) sig greina reglu í meðhöndlun –r og –ur. Reglan er á þá leið að –r komi fyrir á undan sérhljóði en –ur á undan samhljóði. Orð sem hefjast á /h/ geta fallið í hvorn flokkinn sem er. Það er rétt hjá Kock að í öllum 57 tilfellum þar sem stoðhljóðið er nauðsynlegt fer samhljóð á eftir. Nokkur dæmi:

3.1 heiður vár ok mjúkust móðir (*Skj* B II:441)

4.1 mildingur sér mána foldar (*Skj* B II:441)

8.5 rót er sterk en leggur lítill (*Skj* B II:442)

20.7 hann mærdi þeir heiðurs orðum (*Skj* B II:446)

24.1 áður hefi ek átt at heiðra (*Skj* B II:446)

46.7 lýður sjá var líkur Júðum (*Skj* B II:452)

Dæmin eru svo mörg að þetta virðist varla geta verið tilviljun. Það ber þó að hafa í huga að tíðni orða sem hefjast á sérhljóði í kveðskap takmarkast af þeim kröfum sem gerðar eru til réttis fjölda ljóðstafa. Til að hafa einhvern samanburð hef ég hef því athugað fáein hrynhend kvæði frá átjándu, níttjándu og tuttugustu öld. Í þeim athugunum sleppi ég að skoða stoðhljóð í lok vísuorðs, meðal annars vegna þess að þá fer ekkert hljóð beint á eftir.

Íslands kvennalof er kvæði eftir Árna Böðvarsson (1713–1776), varðveitt í eiginhandriti. Í 42 hrynhendum vísunum er þar 31 dæmi um bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð. Af þeim fara í 25 tilfellum samhljóð á eftir en í sex tilfellum sérhljóð. Bragarbót Matthíasar Jochumssonar er 13 hrynhend erindi og þar eru fimm tilfelli um nauðsynlegt stoðhljóð, þrjú með samhljóði á eftir en tvö með sérhljóði (Matthías Jochumsson 1900:43–46). Ólafs drápa Ketilssonar eftir Einar Beinteinsson er tíu hrynhend erindi með átta stoðhljóðsdæmum (Einar Beinteinsson 1980:11–13). Þar er eitt dæmi með sérhljóð á eftir, eitt með /h/ og 6 með öðrum samhljóðum.

Ef við ráðum af þessum dæmum að eðlilegt hlutfall samhljóða á eftir stoðhljóði sé um 80% fæst að líkurnar á að fá 57 dæmi um þetta í röð af tilviljun eru um 0,0003% eða svo til engar. Ég verð því að taka undir með Kock um að Árni forðist að nota stoðhljóð á undan sérhljóði.

Það er einnig rétt hjá Kock að alltaf þegar sérhljóð fer á eftir hugsanlega stoðhljóði fer vel á því að sleppa stoðhljóðinu. Fáein dæmi:

1.2 dyggr ok bjartr í mínu hjarta (*Skj* B II:440)

25.1 Brandr qðlaðiz bjartan enda (*Skj* B II:447)

26.5 bátinn fekk nú blessaðs Pétrí (*Skj* B II:447)

37.2 hlíf ok vqðr í sóknum hqðum (*Skj* B II:450)

Ég fæ því ekki betur séð en að greining Kocks á Guðmundar drápu þessari sé rétt. Árni hefur greinilega notað stoðhljóðið á reglubundinn hátt í kvæðinu. Sú spurning hlýtur að vakna hvort regla Árna gildi í öðrum kvæðum en þetta getur verið erfitt að ákvarða. Í Guðmundarkvæði Arngríms, Lilju, Hrynhendu Einars, Maríugrát og Katrínardrápu eru samtals 32 dæmi um bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð. Af þeim hafa fimm sérhljóð á eftir og tvö /h/. Hlutfallið er svipað og búast mætti við ef ekkert þessara kvæða fylgdi reglunni. Sérhljóðsdæmin eru eftirfarandi:

verðr Guðmundur efri jörðu (Arngrímur, *Guðmundardrápa* 60.5; *Skj B II:387*)  
 Baldur eims, er gengu í heimi (*Katrínardrápa* 4.4; *Skj B II:570*)  
 sjálfráður á sik tók dauða (*Katrínardrápa* 9.5; *Skj B II:571*)  
 tálgjarnastur Iðja mála (*Katrínardrápa* 38.6; *Skj B II:578*)  
 hræddr ok skelfdur, at mín græddi (*Katrínardrápa* 47.2; *Skj B II:581*)

Greinilegt er að reglunni er ekki fylgt í *Katrínardrápu* en meiri óvissa gæti ríkt um hin kvæðin. Kock taldi að reglan gilti í *Drápu af Maríugrát* (*NV* §1663) og þar eru vissulega tíu dæmi með henni og engin á móti. Í *Heilagra manna drápu* áleit Kock (*NV* §1763) að reglu *Árna* væri fylgt að öðru leyti en því að stoðhljóð mætti koma fyrir á undan áherslusérhljóði. Það er sama regla og Ólafur Halldórsson (1973a:14–15) taldi að gilti í miðaldarímum og nánar er fjallað um í kafla 8.7.1.

Nú má líta á niðurstöður um tíðni stoðhljóðs í hrynhendum kvæðum í töflu (ítarefni er í viðauka C.5).

Kvæði	Vísuorð	Stoðhljóð	Hlutfall*1000
Lilja	760	6	7,9
Guðmundardrápa Arngríms	512	6	11,7
Hrynhenda Einars	136	2	14,7
Drápa af Maríugrát	400	10	25,0
Katrínar drápa	392	8	20,4
Guðmundardrápa <i>Árna</i>	608	57	93,8
Heilagra manna drápa	153	7	45,8
Milska	696	23	33,0
Heilagra meyja drápa	464	19	40,9
Píslardrápa	188	12	63,8
Rósa	1032	21	20,3
Nikulásdrápa Halls	672	46	68,5
Náð Halls	860	40	46,5
Gimsteinn Halls	972	52	53,5
Píslargrátur	356	19	53,4
<b>Samtals</b>	<b>8201</b>	<b>328</b>	<b>40,0</b>

Hér má sjá að tíðni stoðhljóðsins fer, eins og vænta mátti, nokkuð eftir aldri kvæðanna. Sérstaklega er greinilegt að kvæði Eysteins, Arngríms og Einars hafa lægri tíðni en nokkur yngri kvæðanna. Þegar kemur fram á fimmtánda og sextánda öld er stoðhljóðið orðið skáldunum eðlilegra og þau nota það meira.

Þau kvæði sem mest skera sig úr samtíma sínum eru *Guðmundardrápa* *Árna* og *Rósa*. Kvæði *Árna* hefur verulega hærri tíðni en nokkurt annað kvæði frá

miðöldum og bendir það til þess að hin sérstaka regla sem þar gildir um stoðhljóðið sé ekki notuð í öðrum kvæðum. Í sömu átt bendir að í öllum kvæðum sem hafa fleiri en 12 dæmi um stoðhljóð var eitthvert dæmanna á undan sérhljóði. Að ekkert slíkt dæmi finnist í Lilju, Hrynhendu, Drápu of Maríugrát eða Píslardrápu er því líklega aðeins tilviljun.

Af 328 dæmum um bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð eru aðeins þrjú í lok vísuorðs. Ekkert dæmanna þriggja er eldra en frá seinni hluta 15. aldar og vel kemur til greina að ekkert þeirra sé upphaflegt heldur séu þau öll komin til fyrir afbakanir. En jafnvel þótt öll dæmin væru upphafleg sýna heildartölurnar að í hrynhendum kvæðum fyrir siðaskipti er eitthvað sem hamlar því sterklega að tvíkvæð orð með stoðhljóð í seinna atkvæði séu notuð í lok vísuorða.

Nú er eðlilegt að spyrja hvort tvíkvæð orð sem enda á fornu –ur komi fyrir í lok vísuorða. Um það eru ýmis tilfelli og verða þau sem eru í Lilju gefin sem dæmi:

hjørn ok eld sem merkistjörnur (*Lilja* 10.6; *Skj* B II:393)  
 Svá er líðandi maðr af **móður** (*Lilja* 12.1; *Skj* B II:393)  
 gleðiligt jóð þat skein af **móður** (*Lilja* 33.6; *Skj* B II:399)  
 bæði senn því mey ok **móður** (*Lilja* 34.3; *Skj* B II:399)  
 þykki mér sem nýjung **nökkur** (*Lilja* 39.5; *Skj* B II:401)  
 fulla smán ok flestar **pínur** (*Lilja* 58.3; *Skj* B II:405)  
 hóf hann blóð, þat er tók af **móður** (*Lilja* 67.8; *Skj* B II:408)  
 byrgjaz úti gjafir ok **mútur** (*Lilja* 71.8; *Skj* B II:409)  
 Beiðig nú fyr Mária **móður** (*Lilja* 82.1; *Skj* B II:411)  
 hold ok blóð, er tókt af **móður** (*Lilja* 83.6; *Skj* B II:412)  
 hár ok korn, sem heiðar **stjörnur** (*Lilja* 93.7; *Skj* B II:415)  
 þér býð ek ok þinni **móður** (*Lilja* 96.3; *Skj* B II:415)

Alls eru tilfellin um þetta í hrynhendu kvæðunum 100 talsins. Orðunum sem koma fyrir má skipta í þrjá flokka eins og í eftirfarandi töflu:

Frændsemsorð	63
Fleirtala veikra kvenkynsorða	28
Nökkur(n)+önnur	9
Samtals	100

Í fyrsta flokknum eru orðmyndirnar móður (57), dóttur (4) og bróður (4). Í öðrum flokknum eru tungur (4), stjörnur (4), kvinnur (3), álfur (2), pínur (2), vígslur (2), bárur, glósur, göngur, háfur, klausur, mútur, nunnur, perlur, rentur, síður og sætur. Í þriðja flokknum eru önnur (6), nökkurn (2) og nökkur.



Eins og sjá má er orðmyndin ‘móður’ mjög drjúgur hluti af dæmunum. Maður skyldi því ætla að í kvæðum þar sem mikið er rætt um heilaga guðsmóður séu fleiri dæmi um fornt –ur en t.d. í kvæðum um Guðmund Arason. Þessi tilhneiging sést að einhverju leyti þegar skoðað er hvernig dæmin skiptast milli kvæða.

Kvæði	Vísuorð	Fornt –ur	Hlutfall*1000
Lilja	760	12	15,8
Guðmundardrápa Arngríms	512	0	0,0
Hrynhenda Einars	136	1	7,4
Drápa af Maríugrát	400	7	17,5
Katrínardrápa	392	4	10,2
Guðmundardrápa Árna	608	5	8,2
Heilagra manna drápa	153	4	26,1
Milska	696	11	15,8
Heilagra meyja drápa	464	12	25,9
Píslardrápa	188	2	10,6
Rósa	1032	20	19,4
Nikulásdrápa	672	4	6,0
Náð	860	6	7,0
Gimsteinn	972	8	8,2
Píslargrátur	356	4	11,2
Samtals	8201	100	12,2

Eins og sjá má koma forn –ur fyrir í öllum kvæðum nema Guðmundardrápu Arngríms. Þetta er dálítið áberandi tilviljun því að kvæðið er þokkalega langt en eins og áður var nefnt kann efnisvalið að ráða nokkru um. Kvæði Halls Ögmundarsonar hafa fremur fá dæmi en það væri sennilega oftúlkun að lesa einhverja sögulega þróun í töfluna.

Í hrynhendum kvæðum fyrir siðaskipti eru 100 dæmi um fornt –ur í lok vísuorðs og aðeins þrjú dæmi um stoðhljóð í sömu stöðu. Um miðja sextánda öld verður hins vegar greinilega breyting.

Kvæði	Vísuorð	Nýtt –ur	Hlutfall*1000	Fornt -ur
Blómarós	1220	37	30,3	2
Samtal dauðans og manns	436	18	41,3	1
Tempran guðlegrar réttvísi	480	24	50,0	3
Kvæði um syndir og ósiðu	252	14	55,6	3
Samtals	2388	93	38,9	9

Hér eru fjögur kvæði og ekkert þeirra getur verið yngra en frá 1612. Í öllum fjórum er stoðhljóðið tíður gestur við línulok og margfalt algengara en hið forna

–ur. Ekki er því lengur hægt að sjá greinarmun á þessu tvennu í hrynhendum kveðskap.

### Samantekt á niðurstöðum um hrynhendan hátt

1. Í öllum hrynhendum kvæðum eftir 1300 kemur stoðhljóðið ítrekað fyrir inni í vísuorðum.
2. Í kvæðum frá miðri 14. öld er tíðni stoðhljóðsins fremur lág en er orðin hærri um 1400.
3. Í Guðmundardrápu Árna ábóta er greinilegt að hljóðið sem á eftir kemur hefur áhrif á það hvort stoðhljóðið birtist eða ekki. Ef sérhljóð kemur á eftir finnst stoðhljóðið ekki. Ekki er hægt að staðfesta að sama regla gildi í neinu öðru hrynhendu kvæði.
4. Í öllum kvæðunum forðast skáldin greinilega að nota stoðhljóðið sem síðasta atkvæði í vísuorði, alls kemur slíkt aðeins þrisvar sinnum fyrir í 8201 vísuorði.
5. Skáldin skirrast hins vegar ekki við að nota upphaflegt –ur í lok vísuorðs. Slíkt kemur 100 sinnum fyrir og sést í öllum kvæðum nema einu.
6. Í þeim fjórum kvæðum frá um 1600 sem athuguð voru kemur stoðhljóð oft fyrir í lok vísuorðs eða alls 93 sinnum í 2388 vísuorðum.

#### 8.6.3 Stoðhljóðið í dróttkvæðum hætti

Í dróttkvæðum kveðskap fyrir 1300 er ekki að finna nein örugg dæmi um stoðhljóðið og þetta gildir einnig um kvæðið Líknarbraut og kveðskap Þormóðs Ólafssonar. Í Maríudrápu virðist hins vegar vera eitt dæmi:

heitur glyggranns gætir (*Maríudrápa* 21.1; *Skj B II:501*)

Í kveðskap **Einars Gilssonar** undir dróttkvæðum hætti eru sex dæmi um bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð. Þau eru í vísuorðum 14.3 og 23.7 í **Drápu um Guðmund** og í vísuorðum 13.2, 15.6, 18.5 og 18.7 í **Selkolluvísu**. Nánar er fjallað um þessi tilfelli í kafla 9.

**Pétursdrápa** hefur bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð í vísuorðum 4.2, 10.3, 11.4, 14.2, 15.4, 18.2, 21.2, 22.8, 28.1, 33.6, 37.3, 42.6, 48.8 og 50.8 eða í 14 tilfellum. Í vísuorði 4.2 fer sérhljóð á eftir og í 50.8 fer /h/ á eftir. Í öllum 14 tilfellunum lagfærir Kock textann þannig að stoðhljóð sé ekki nauðsynlegt en

þau vinnubrögð styðjast ekki við skynsamleg rök eða líkindi. Í 42.6 „nauðigur sitt dauðans“ leiðréttir Finnur textann en sú leiðrétting er hvorki nauðsynleg merkingarlega né bragfræðilega (sama hrynmynstur er til dæmis í vísuorði 5.2 „dálígu mér sálar“).

**Vitnisvísur af Maríu** hafa bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð í vísuorðum 14.6 og 22.2. Í hvorugu tilfellinu fer sérhljóð á eftir.

**Maríuvísur I** hafa bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð í vísuorðum 4.6 og 20.4. Í seinna tilfellinu fer sérhljóð á eftir.

**Allra postula minnisvísur** hafa bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð í vísuorði 8.5.

**Heimsósómi** hefur bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð í vísuorðum 1.1, 5.8, 6.8, 7.8, 10.8, 11.3, 18.3, 26.2, 26.3, 26.4, 26.5, 26.6 og 26.8 eða í 13 tilfellum. Í vísuorði 6.8 er sérhljóð á eftir. Í vísuorðum 26.2 og 26.4 er /h/ á eftir.

Hér hafa verið talin 39 dæmi um bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð í dróttkvæðum hætti. Ekkert þeirra er síðasta atkvæði í vísuorði. Hvorugt þeirra kvæða sem hefur mörg dæmi um stoðhljóð fylgir þeirri reglu að hafa ekki stoðhljóð á undan sérhljóði.

Ýmis dæmi má finna um fornt –ur í lokum vísuorða í kvæðum undir dróttkvæðum hætti. Fjöldi þeirra er sem hér segir:

Líknarbraut	2
Gyðingsvísur	0
Maríudrápa	4
Drápa um Guðmund	4
Selkolluvísur	0
Pétursdrápa	3
Maríuvísur I	6
Allra postula minnisvísur	1
Vitnisvísur	4
Heimsósómi	0

Alls eru dæmin 24. Þau skiptast þannig að 18 eru frændsemisorð (‘móður’ kemur 13 sinnum fyrir og ‘dóttur’ 5 sinnum), fjögur eru fleirtölumyndir kvenkynsorða (‘ræður’, ‘mútur’, ‘hálfur’, ‘kvinnur’) og orðmyndin ‘nökkur’ kemur tvisvar sinnum fyrir.

Niðurstöður um dróttkvæðan hátt eru mjög líkar þeim sem áður voru fengnar um hrynhendan hátt, sérstaklega það lykilatriði að greinarmunur er gerður á orðum með fornt –ur og fornt –r. Í kvæðum undir dróttkvæðum hætti eftir siðaskipti er ekki lengur hægt að sjá þennan greinarmun.

#### 8.6.4 Stoðhljóðið í endarímuðum kvæðum

Í útgáfu Jóns Helgasonar á kvæðum frá síðmiðöldum er inngangur að hverju kvæði þar sem m.a. er fjallað um ýmis málsöguleg atriði, þ.m.t. stoðhljóðið. Í þessum kvæðum, sem flest eru endarímuð, kemur það jafnan fyrir að stoðhljóðið sjáist inni í vísuorðum. Venjulega eru orðmyndir eins og *góðr* hins vegar meðhöndlaðar sem einkvæðar væru í lok vísuorða. Með öðrum orðum er þetta atriði með sama hætti og í fornu háttunum. Til dæmis má sýna eitt erindi:

**Mildur** anzar Máriu **kraptr**  
mig heyr þú, sonur minn sæti,  
láttu munkinn lifna **aptr**  
svó löstu sína hann bæti  
hreinsi hann hjartans gæti  
svó öndin mætti yfrið fús  
yðvart byggja háleitt hús  
aldar faðirinn mæti. (*Pétursdiktur* 19, *ÍM* II:126)

Hér er síðan erindi undir öðrum bragarhætti:

Áttu eigi að hræðast  
eg skal vera með þér  
þar munu gumnar græðast  
og ganga að þjóna mér  
verði allt sem vili þinn **bjóðr**  
Jésus seldi Albano smið  
en **allur** fagnar **lýðr**. (*Thómasdiktur* 7, *ÍM* II:317)

Í þessum endarímaða kveðskap hef ég ekki gert neina nákvæma úttekt á notkun forns og nýs /ur/ en dæmi um rugling á þessu tvennu eru að minnsta kosti ekki mörg. Í kvæðinu *Gjörði í einu* bendir Jón Helgason þó á að *bróður* rímar við *góðr* og *bjóðr* og *móður* rímar við *fróðr* og *góðr* (*ÍM* I:158). Kvæðið er reyndar undir mjög erfiðum bragarhætti og virðist það sums staðar hafa hrakið skáldið út í rím sem það hefði ekki annars notað. Jón Helgason segir:

Det vanskellige versemaal med korte linjer og tætte rim har stillet større krav til digteren, end han har været i stand til at efterkomme, og resultatet er flere steder blevet et temmelig meningsløst klingklang. (*ÍM* I:158)

### 8.6.5 Stoðhljóðið í hálfhnepptum hætti

Hálfhnepptur háttur er forn háttur með skothendingum og aðalhendingum líkt og í dróttkvæðum hætti. Hrynjandin er hins vegar gjörólík og nokkuð sérkennileg. Vísuorðin eru alltaf stýfð og síðasta atkvæðið er gjarnan einsatkvæðisorð – t.d. *þrátt, rann, virk, veg, tár*. Á undan síðasta atkvæðinu kemur önnur þung bragstaða, sem ýmist er eitt þungt atkvæði (t.d. *mál, lands, sinn, stóð*) eða tvö létt (*tala, skorin, búin, trega*).

Sérstaklega athyglisvert er að þungu bragstöðurnar tvær geta verið eitt samsett orð, t.d. *höfuðborg, hugdýr, auðmjúk, feginstíð, yfirbót*. Enn merkilegra er þó að í slíkum samsetningum dugar að seinni hlutinn sé viðskeyti (t.d. *sárleik, ranglátr, aumlig, virðing*) og stundum viðskeyti sem kemur dálítið á óvart að sjá í þungri bragstöðu (*syndug, dugnað, huggan, miskunn, töfraðr*). Aldrei kemur þó fyrir að vísuorð endi á tvíkvæðu orði þar sem seinna atkvæðið er beygingarending. Má þá ætla að í fornmáli hafi verið meiri munur á orðapörum eins og *syndug-syndir* en nú er.

Nú er skemmst frá því að segja að orð sem enda á /r/ koma oft fyrir í lok vísuorða í hálfhnepptum hætti. Hér er dæmi um vísu:

#### Erfingja ógndjarfr

öngvan við gulls spöng

getit hafði **góðlátr**,

gjarna vildi ala barn;

hennar í hvert sinn

harmr tók at gjörast **armr**,

önnur þá er frúin fann

fljóðin plaga sín jóð. (*Máríuvísur* II 5; *Skj* B II:533–534)

Nokkur fleiri dæmi um samsett orð sem koma fyrir í lok vísuorðs eru *nauðstaddr, heilráðr, ranglátr, sviptuðr, brigðlyndr* og *lausgeðr*. Ég þekki engin dæmi um það að fornt /ur/ sé notað í lok vísuorðs eins og um fornt /r/ væri að ræða. Ekki er þó mjög mikið varðveitt undir þessum hætti.

## 8.7 Miðaldarímur

### 8.7.1 Innviðir vísuorða

Rétt eins og í hrynendum kvæðum er munur á notkun stoðhljóðsins í lok

vísuorða og inni í vísuorðum. Fyrst verður hér rætt um stoðhljóð inni í vísuorðum. Þar er skemmst frá því að segja að í öllum rímnaflokkum sem mér eru kunnir, einnig hinum allra elstu, kemur stoðhljóðið oft fyrir inni í vísuorðum. Hér eru fáein dæmi úr fornum rímum þar sem nauðsynlegt er vegna bragarháttarins að gera ráð fyrir stoðhljóði.

færum **heldur** fornan þátt (*Sörla rímur* I.10.3; *Rs* II:86)  
fyrir um **Norðurlönd** (*Sörla rímur* I.14.4; *Rs* II:87)  
Fimm hefir **kóngur** kristnað lönd (*Ólafs ríma Haraldssonar* 4.1; *Rs* I:1)  
**Haraldur** talar við garpa (*Ólafs ríma Haraldssonar* 15.2; *Rs* I:2)  
**verður** hönd á venju fús (*Geðraunir* I.3.1; *Rs* II:172)  
**fríður** hilmis arfi (*Geðraunir* I.16.2; *Rs* II:174)  
**lengur** fyst að sinni (*Friðþjófs rímur* I.3.4; *Rs* I:412)  
**bækur** þann veg skýra (*Friðþjófs rímur* I.6.2; *Rs* I:412)  
**Ásgarður** hét ágæt borg (*Völsungs rímur* I.8.1; *Rs* I:312)  
traustir **frændur** vórir (*Völsungs rímur* I.11.4; *Rs* I:313)

Hægt væri að hugsa sér að stoðhljóð væri fátítt í elstu rímum en yrði algengara eftir því sem fram líða stundir. Við lauslegar athuganir hef ég ekki getað fundið þeirri kenningu stuðning. Til að mynda eru dæmi um bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð í Ólafs rímu Haraldssonar 20 í 65 vísu en í fyrri rímu af Skógar-Kristi eru aðeins 11 dæmi um slíkt í 70 vísu.

Þegar rímur eru gefnar út með samræmdri stafsetningu þurfa útgefendur að taka einhverja afstöðu til þess hvernig fara skuli með fornt *-r* og hafa þeir ekki allir gert það á einn veg. Í útgáfu Munchs og Ungers af Ólafs rímu Haraldssonar er farin sú leið að prenta stoðhljóðið aldrei, hvað sem bragfræðinni líður. Þannig er til dæmis 59. vísan prentuð svo:

Fróni er **huldr** fylkir mætr  
**firðr** nauð ok grandí  
líkami konungs var mildr ok mætr  
mánuðr tólf í sandi. (Munch og Unger 1847:128)

Í *Riddara-rímum* segir Wisén hins vegar:

Utan átskilnad begagnar hds. *-r* och *-ur*; i den tryckta texten har den regel blifvit följd, att *-ur* tecknats då det i metriskt afseende bildat stafvelse; eljes har det äldre skrifstättet *-r* bibehållits. (Wisén 1881:XXXIX).

Sem dæmi um þessa aðferð má líta á vísu:

Kappinn **ríðr** með kæru af borg,  
kastala **múgrinn** fæðir sorg,  
ei mun kyrt um qðlíngs sveit,  
þá Artus **kóngur** þetta veit. (*Herburts rímur* III.45; *Riddara-rímur* 80)

Greinilegt er að í fjórða vísuorði er nauðsynlegt að hafa stoðhljóðið en í fyrstu tveimur vísuorðunum veitir bragarhátturinn enga ótvíræða vitneskju og þá ritar Wisén það ekki. Þessa aðferð notuðu einnig Pálmi Pálsson og Finnur Jónsson í sínum rímnautgáfum.

Enn aðrir hafa prentað *ur* alls staðar í endingum, hvort sem bragarhátturinn mælir með því eða ekki. Þannig prentaði den Hoed til dæmis samræmdan texta Hemings rímna. Eftirfarandi erindi er ferskeytt:

Lofðung frá eg, at leikinn **vekur**  
og leggzt at fæði ylgja,  
garpinn **niður** til grunna **rekur**  
og gjörir þar **sjálfur** at fylgja. (*Hemings rímur* IV.7; den Hoed 1928:81)

Nú bendir bragarhátturinn eindregið til þess að stoðhljóðið sé ekki borið fram í lok vísuorða. Hins vegar er greinilegt að stundum verður að gera ráð fyrir því inni í vísuorðum. Eðlilegt er að spyrja hvort það sé alltaf borið fram inni í vísuorðum eða hvort stundum sé því sleppt. Ólafur Halldórsson tók þetta atriði til athuganir í útgáfu sinni á Haralds rímum Hringsbana. Hann segir:

Í Staðarhólsbók, sem er á mun yngra málstigi en Har., er *-ur* algengast í endingum fyrir eldra *-r*, en rímnaskáldið hefur notað *-r* eða *-ur* í endingum (á eftir samhljóði) að mestu eftir ákveðnum reglum. Ernst A. Kock athugaði notkun *-r* og *-ur* í endingum í fáeinum kvæðum frá 14. öld og taldi að þar væri farið eftir þessum reglum: ‘A. icke stavelsebildande framför svagtonig vokal... – B. stavelsebildande framför konsonant och framför starktonig vokal ...’ ‘C. av växlande rytmisk värde framför h...’ Hér er því við að bæta, að *h* er aðeins óráddað aðhvarf þess hljóðs sem á eftir fer, en sömu reglur virðast gilda um *-r* eða *-ur* á undan *h*+samhljóði eða *h*+sérhljóði og á undan samhljóði eða sérhljóði. Ekki verður betur séð en að þessum reglum sé fylgt í Har. (Ólafur Halldórsson 1973a:14)

Til að sýna hvernig hann hugsar sér að þessar reglur komi fram í rímunum prentar Ólafur tvær vísur með samræmdri stafsetningu:

31. **Ræður** þessum ránar fákum rausnar mann;  
Hertrygg nefna hōldar þann;  
**heiður** margan **rekrinn** kann.

34. Harald svarar<sup>40</sup> hjörva lundum **hraustr** ok gegn:  
'**Sigr** er engi á sárum þegn  
seggjum vekja fleina regn.' (Ólafur Halldórsson 1973a:15)

Í útgáfu sinni á Áns rímum bogsveigis segir Ólafur að –r eða –ur sé „notað að mestu eftir sömu reglum“ (Ólafur Halldórsson 1973b:71) og svipað er að segja um Bósa rímur (Ólafur Halldórsson 1974:20) og Vilmundar rímur viðutan (Ólafur Halldórsson 1975:19).

Þetta eru athyglisverðar niðurstöður en Ólafur rökstyður þær ekki sérstaklega enda hefur hann væntanlega talið að þetta liggi í augum uppi séu rímurnar skoðaðar. Líklegt er þó að ýmsir vilji heldur sjá formlegan rökstuðning fyrir þessu. Til að athuga þetta hef ég tekið texta Ormars rímna til skoðunar. Eftirfarandi athugun styðst við greininguna á ferskeyttum hætti í kafla 7 en nú tókum við til athugunar þá 140 bragliðu sem þar voru skildir eftir vegna þess að þeir innihéldu stoðhljóð eða hugsanleg stoðhljóð.

Til upprifjunar er grundvallaratriðið að í kveðskap fyrir siðaskipti skiptir greinarmunur á löngum og stuttum atkvæðum máli. Tveggja atkvæða orð með löngu fyrra atkvæði myndar þá eina sterka bragstöðu og eina veika:

S V  
garpar

Um þetta fundust 1157 dæmi í kafla 7.6.1. Við getum nú bætt 51 dæmi við, þar sem fyrra atkvæðið er langt og seinna atkvæðið er borið upp af stoðhljóði. Dæmin eru eftirfarandi:

allur, efldur, valdur, frægur, kóngur, verður, lýkur, frægur, lengur, ungur, stökkur, fætur, skelfur, fróður, lítur, firður, heldur, dauður, sjálfur, hverfur, reyndur, verður, heiðurs, skeiður, verður, svífur, heiðurs, bræður, ykkur, heiðurs, áður, bræður, beiskur, lengur, fremstur, bræður, sundur, býður, allur, gellur, bræður, lætur, hyggur, sundur, lítur, sjálfur, ungur, bræður, sundur, sjálfur, prýddur

Rifjum nú einnig upp að það kemur fyrir að bragliður samanstandi af tvíkvæðu orði með löngu fyrra atkvæði þar sem aukalegt áherslulaust atkvæði fer á eftir og tvö atkvæði mynda þá veiku bragstöðuna:

---

<sup>40</sup> Bæði fyrstu orðin í línunni eru skammstöfuð. Bragfræðilega væri eðlilegra að lesa *Haraldur svaraði* upp úr skammstöfununum.



S V  
ýtar og

Um þetta fundust aðeins tvö dæmi í kafla 7.6.5. Þar var þess getið til að óeðlilegt hafi þótt að bragstaða klofni milli orða, ekki síst veik bragstaða. En nú bregður svo við að ef orð eins og *áður* eða *fæddur* eru alltaf atkvæðisbær bætast við ein 27 dæmi, til dæmis *áður en* og *fæddur af*. Við sjáum þó strax að í 24 dæmanna hefst seinna orðið á sérhljóði eða h+sérhljóði. Þetta er varla tilviljun og er sterk vísbending um að stoðhljóðið sé ekki borið fram við þessar kringumstæður. Dæmin 24 eru þá eftirfarandi:

áðr en, fæddr af, frægr um, lundr enn, dætr og, grimmr í, heldr að, röskr í, fellr úr, verðr í, fætr hinn, drengr að, Gyrðr og, skelfr og, áðr en, stígr á, apr á, fremstr í, bystr af, sundr að, höggr hann, kátr í, okkr að, silfr að

Eftir standa þá þrjú dæmi sem virðast hliðstæð við þau tvö sem áður voru nefnd:

frægur við  
finnur þú  
leggur þú  
heitir þú  
ýtar um

Hér er áberandi að í þremur tilfellum er *þú* seinna orðið. Þar gæti verið mynstur á ferð. Við skulum líta á vísuorðin sem þeir bragliðir koma fyrir í:

ef heitir þú ekki að hefna mín (I.24.3)  
finnur þú eigi foldu á (III.24.3)  
leggur þú upp á þeira vald (III.35.4)

Eftirtektarvert er að í öllum þremur tilfellum hefst næsta orð á eftir á sérhljóði. Líklega ber þá að gera ráð fyrir að fornafnið sé í líki hengils og verði fyrir sérhljóðasamruna:

ef heitirðu' ekki að hefna mín  
finnurðu' eigi foldu á  
leggurðu' upp á þeira vald

Eftir standa þá aðeins *ýtar um* og *frægur við* sem dæmi um sína tegund bragliða. Þetta er eðlileg niðurstaða og virðist mér að kenning Ólafs Halldórssonar hljóti að vera rétt.

Eftir er að flokka bragliðu þar sem einkvætt orð fer á eftir stuttstofna orði með stoðhljóði. Mér virðist eðlilegt að gera ráð fyrir að fyrra orðið sé því aðeins tvíkvætt að seinna orðið hefjist á samhljóði. Við höfum þá 13 dæmi um að risið sé klofið, þau bætast við dæmin 111 í kafla 7.6.4:

betur mun, sigurs og, fimur við, kemur til, -legur var, maður sem, maður hjó,  
sonur með, kemur þar, maður það, niður sem, getur hér, niður til

Síðan eru 29 dæmi um tvö tvíkvæð orð:

gláðr um, gefr hann, sitr og, tekr og, -legr og, hatr og, kemr á, biðr eg, kveðr hann,  
gefr ei, sonr í, setr á, maðr á, kemr á, veðr hann, dregr hann, biðr hann, getr hann, hefr  
af, hatr og, setr hann, sigr og, vegr í, niðr og, maðr í, niðr í, kemr á, tekr að, sigr er

Bragliðina *sigr eða* og *grimmlegur* ber að flokka þannig að hnigin séu klofin. Þá er aðeins eftir að flokka orð með viðskeyttum greini. Í textanum koma fyrir eftirfarandi orðmyndir sem hafa þungt fyrsta atkvæði, ákveðinn greini og hugsanlegt stoðhljóð:

friðrinn, sonrinn, myrkrið, hauðrið, naðrinn, draugrinn, seggrinn, garprinn,  
naðrinn, maðrinn, kóngrinn, lýðrinn, dólgrinn, kóngrinn, brandrinn, óðrinn,  
móðrinn, brúðrin

Þetta eru 18 tilfelli. Ef stoðhljóð er borið fram í þessum myndum verður að líta svo á að veik bragstaða samanstandi af tveimur atkvæðum. Um það eru annars tíu dæmi í rímunum (sbr. kafla 7.6.7):

ellegar, sannlega, sannlega, sannlega, grimmlega, ellefu, grimmlega, dálega,  
berlega, ellefu, grimmlegur

Eftirtektarvert er að dæmin eru einkum um orð sem eiga sér engar tvíkvæðar beygingarmyndir. Engin dæmi eru um bragliðu eins og *garpana* eða *brandinum* eða *seggjunum*. Það bendir til að skáldið hafi forðast að nota þríkvæðar myndir af þessu tagi ef engin ástæða er til – og notað þá fremur óákveðnar myndir nafnorðanna. Sú skýring virðist þá liggja beint við að orðmyndir eins og *garprinn* og *brúðrin* hafi í raun verið tvíkvæðar í kveðskap.

Þessi athugun á Ormars rímum rennir eindregið stoðum undir kenningu Ólafs Halldórssonar um dreifingu stoðhljóðsins í rímum. Ég hef ekki athugað aðra rímnaflökka á jafnítarlegan hátt en lauslegar athuganir virðast alls staðar benda til sömu niðurstöðu.

Eins og Kock hafði áður bent á gilda svipaðar reglur um dreifingu stoðhljóðsins í hrynhendum kvæðum og líklegt virðist að þetta sé með svipuðum hætti í fleiri bragarháttum. Einhver breytileiki virðist þó vera til staðar. Í kafla 8.6.2 var rætt um regluna sem Kock fann í Guðmundardrápu Árna ábóta. Þar er hvergi að finna stoðhljóð ef næsta atkvæði hefst á sérhljóði, jafnvel þótt það beri áherslu. Þessi regla virðist ekki gilda í rímum, að minnsta kosti gildir hún ekki í Ormars rímum:

- I.29.2 dögling, lengur halda
- II.17.2 lýðum firður öllum
- II.37.3 ýtum hverfur óðar smíð
- IV.34.1 Ormar býður ýtum frið

Meginniðurstaða þessara athugana er þá að afkomandi hins forna /r/ myndar atkvæði inni í vísuorðum rímna, og sennilega flestra bragarháttá, þá og því aðeins að ekki fari beint á eftir viðskeyttur greinir eða áherslulaust orð sem hefst á sérhljóði eða h+sérhljóði. Orðmyndir sem enda á -(u)r haga sér því eins og orðmyndir sem enda á sérhljóði.

### 8.7.2 Lok vísuorða – almenn umfjöllun

Grundvallarreglan við lok vísuorða í miðaldarímum er að stoðhljóðið kemur ekki fyrir. Orðmyndir eins og ‘góðr’ eða ‘sterkr’ koma því fyrir í stýfðum vísuorðum en ekki óstýfðum. Til dæmis er eftirfarandi vísa undir ferskeyttum hætti.

Stillir ofan til strandar **gengr**,  
stolta kvaddi rekka,  
„hvað mun bati að bíða **lengr**  
brullup sitt að drekka?“ (*Ormars rímur* IV.46)

Stoðhljóð getur komið fyrir á undan samhljóðaklasa þegar /r/ er í stofni orða. Ég þekki engin dæmi um slíkar orðmyndir í rími. Hugsanlega skýrist þetta einfaldlega af því að þessar orðmyndir eru fáar og ekki sérstaklega algengar. Þau rímpör sem helst mætti vonast til að sjá eru eftirfarandi:

vitrt – bitrt  
fagrt – magrt  
vitrs – bitrs  
fagrs – magrs

vakrs – akrs  
vigrs – sigrs  
hauðrs – lauðrs  
Baldrs – mjaldrs – aldrs

Ef til vill má hugsa sér að þessi þör séu einhvern veginn ótæk í rími og geti hvorki komið fyrir í stýfðum né óstýfðum vísuorðum. Sem fyrr segir gæti þó verið um tilviljun að ræða.

### 8.7.3 Lok vísuorða í braghendum hætti

Reglan um /r/ í stýfðum vísuorðum gildir í fornum rímum í öllum ferhendum háttum, þ.e.a.s. í ferskeyttu, stafhendu, samhendu, skáhendu og afbrigðum þeirra. Hins vegar virðist ekki á vísan að róa um þessa reglu í háttum sem ekki eru ferhendir. Algengastur þessara hátta er braghent og verður hér litið á allar rímur undir braghendum hætti fyrir siðaskipti. Dæmigerð vísa undir braghendum hætti lítur svona út.

Goðunum fylgja geysimargar geitr og kálfar,  
telst þá ekki tröll og álfar,  
töframenn og völur sjálfar. (*Þrymlur* II.14; *Rs* II:283)

Þegar síðasta atkvæðið er stýft nefnist hátturinn valhent (sjá nánar Vésteinn Ólason 1991):

Sterkliga frá eg að studdi þennan stála brjót,  
lagði saxi í Lóðurs snót,  
laufinn smýgur jörð og grjót. (*Hjálmþérs rímur* VI.18; *Rs* II:40)

Í fornum rímum eru braghend og valhend erindi oft saman í einni rímu.

Í þeim rímnaflokkum frá miðöldum sem hér eru til rannsóknar finnast 46 tilfelli um braghendan eða valhendan hátt og má flokka 39 þeirra á einfaldan átt sem hér greinir.

### Hreinræktuð braghenda (24 tilfelli)

Þrymlur II, Geðraunir VIII, Þrændlur II, Bjarka rímur III, Bjarka rímur VII, Skáldhelga rímur V, Griplur II, Dínus rímur III, Mágus rímur IX, Bósa rímur V, Bósa rímur VII, Vilmundar rímur VI, Vilmundar rímur VIII, Áns rímur VII,

Andra rímur IV, Reinalds rímur VII, Rímur af Mábil sterku VI, Hemings rímur II, Rímur af Þóri Hálegg IV, Andra rímur XIII, Jarlmanns rímur VII, Brönu rímur IV, Brönu rímur XIII og Jónatas rímur III

#### **Hreinræktuð valhenda (6 tilfelli)**

Hjálmþérs rímur VI, Rímur af Haraldi Hringsbana V, Bærings rímur VI, Hrólfs rímur Gautrekssonar V, Reinalds rímur IV, Jarlmanns rímur III

#### **Braghenda og valhenda saman í einni rímu (9 tilfelli)**

Grettis rímur II, Grettis rímur VII, Landrés rímur V, Sturlaug's rímur V, Rímur af Haraldi Hringsbana II, Rímur af Haraldi Hringsbana IV, Ölvis rímur II, Ektors rímur VI, Sigurðar rímur þögla VIII

Nú eru eftir sjö rímur sem ekki falla vel í neinn flokkinn að ofan. Blávus rímur IV eru 58 erindi og 53 þeirra enda greinilega á óstýfðum rímorðum. En erindi 5, 29, 32, 48 og 53 eru því aðeins óstýfð að þar sé gert ráð fyrir stoðhljóði. Til dæmis er sýnd hér 29. vísa:

Þegar í fystu skjöldum skipti skjóminn hvítr  
hræva laukur brynju bítr  
bæði senn og hjálminn slítr. (*Rs* II:629)

Gríms rímur og Hjálmars III eru 30 erindi og 29 þeirra hafa óumdeilanlega óstýfð rímorð. En erindi 9 er því aðeins óstýft að þar sé gert ráð fyrir stoðhljóði. Að sama skapi eru fjórar vísur af 36 í Sigurðar rímum fóts þar sem gera þarf ráð fyrir stoðhljóði í lok vísuorðs ef braghendan á að vera regluleg. Svipað er uppi á teningnum í Sigurðar rímum fóts V, Sálus rímum og Níkanórs IX, Vilmundar rímum XII, Krókarefs rímum VI og Sigurðar rímum þögla IV.

Alls eru sem sagt dæmi úr sjö rímnaflokkum um að stoðhljóðið virðist vera til staðar í lok vísuorðs í braghendum hætti. Ekki er að sjá að þetta gerist frekar í ungum miðaldarímum en gömlum og sem fyrr segir er þetta ólíkt því sem sést í ferhendum háttum.

#### **8.7.4 Tíðni orða með –r í stýfðum vísuorðum**

Á miðöldum koma orð eins og ‘góðr’ venjulega fyrir í stýfðum vísuorðum en ekki veit ég um neitt núlifandi skáld sem hefur þann háttinn á. Fróðlegt væri að

vita hvenær þessi siður lagðist af og hvort það gerðist tiltölulega skyndilega eða smám saman á löngum tíma. Fyrst verða miðaldarímurnar athugaðar. Athuginin á braghendu rímunum gefur tilefni til að ætla að munur geti verið á bragarháttum í þessum efnum og virðist því heppilegast að einskorða athuginina við einn hátt. Ferskeyttur háttur óbreyttur er þar heppilegastur enda er það hefð sem aðeins örsjaldan er vikið út af að a.m.k. ein ríma í rímnaflokki (venjulega sú fyrsta) sé undir þeim hætti. Hér má því fá stórt safn af textum sem nær yfir langan tíma.

Í hverjum rímnaflokki frá miðöldum tók ég allar rímur undir ferskeyttum hætti óbreyttum til athugunar og taldi fjölda vísna sem hafa stýfð rímorð þar sem nútímaframburður hefur stoðhljóð. Þessi fjöldi er sýndur sem hlutfall af heildarfjölda vísna, en þó aðeins þegar sá heildarfjöldi er a.m.k. 60 enda er hlutfallið lítt marktækt þegar vísurnar eru fáar.

Tilfelli þar sem aðeins annað rímorðið hefði stoðhljóð í nútímamáli (t.d. grund-lundr) eru talin með. Í Sörla rímum er ferskeyttur háttur of óreglulegur til að henta þessari rannsókn og er þeim því sleppt. Í yngri hluta Andra rímnna er engin ríma undir ferskeyttum hætti óbreyttum og er þeim því einnig sleppt. Alls eru því 57 rímnaflokkar frá miðöldum í töflunni.

Rímur	Ferskeytt erindi	Stýfð -r	Hlutfall
Ólafs ríma Haraldssonar	65	17	26%
Völsungs rímur	279	39	14%
Friðþjófs rímur	180	27	15%
Þrymlur	29	3	-
Geðraunir	234	35	15%
Sigmundar rímur	71	6	8%
Áns rímur	249	37	15%
Griplur	188	32	17%
Þrændlur	77	10	13%
Dámusta rímur	58	9	-
Virgiless rímur eða Glettudiktur	102	12	12%
Sálus rímur og Níkanórs	206	32	16%
Filippó rímur eða Krítar þáttur	151	25	17%
Klerka rímur eða Klerkaspil	103	24	23%
Dínus rímur	84	9	11%
Blávuss rímur og Víktórs 1–8	204	28	14%
Rímur af Haraldi Hringsbana	86	7	8%
Ólafs r. Tryggvasonar af Indriða þætti	105	13	12%
Skáldhelga rímur	179	22	12%
Rímur af Sigurði fót	135	12	9%
Geiplur	105	15	14%

Geirarðs rímur	241	37	15%
Úlfhams rímur	270	15	6%
Hjálmþjers rímur	394	43	11%
Grettis rímur eða Grettlur	170	23	14%
Herburts rímur eða Herburts þáttur	80	8	10%
Gríms rímur og Hjálmars	41	2	-
Skíða ríma	202	23	11%
Bjarka rímur	53	7	-
Landrjes rímur	136	24	18%
Skikkju rímur	60	8	13%
Konráðs rímur	228	16	7%
Sturlaugs rímur	133	24	18%
Mágus rímur	147	25	17%
Ólafs r. Tryggvasonar af Svöldrarorustu	68	13	19%
Jóns rímur leiksveins	140	16	11%
Sigurðar rímur þögla	251	40	16%
Lokrur	114	11	10%
Hemings rímur	114	25	22%
Bærings rímur 7–12	91	15	16%
Ormars rímur	145	15	10%
Rímur af Ölvi sterka	98	11	11%
Ektors rímur 1–12	275	49	18%
Andra rímur 1–9	388	51	13%
Reinalds rímur	309	48	16%
Rímur af Mábil sterku	164	12	7%
Krókarefs rímur	302	44	15%
Hrólfis rímur Gautrekssonar	65	9	14%
Bósa rímur	171	24	14%
Vilmundar rímur	356	28	8%
Rímur af Þóri Hálegg	109	26	24%
Jarlmanns rímur	197	18	9%
Rímur af Ill, Verra og Verstum	150	16	11%
Brönu rímur	368	42	11%
Skógarkrists rímur	70	7	10%
Ólafs rímur af Rauðúlfs þætti (C)	32	1	-
Jónatas rímur	63	5	8%
Alls	9084	1195	

Má hér sjá að allar miðaldarímur nota orð eins og *góðr* í stýfðum vísuorðum í ferskeyttum hætti. Um þetta eru alls 1195 dæmi og er rétt að sýna nokkur þeirra:

Fjöldi manns að fylkir **dregr**  
frægðarmaðr í hljóði,

seggja liggr í Svíþjóð **vegr**;  
sverðin trú eg þeir rjóði. (*Griplur* VI.35; *Rs* I:404)

Þú munt vilja, þengill **þýðr**,  
þangað feðrum skunda,  
þá gjörir allur landsins **lýðr**,  
lofðung, til þín stunda. (*Geðraunir* II.17; *Rs* II:182)

Þó allur sé eg af angri **bleikr**  
og efldur sárri þínu  
hætti eg á hvórt hringa **eikr**  
hlýða gamni mínu. (*Ormars rímur* I.6)

Kynngimaður sá kunni **galdr**  
kemr að jarðhúsmunna,  
lókrinn mundi lengi **valdr**  
leitir flestar kunna. (*Sigmundar rímur* IV.14; *Rs* I:232)

Röggva kápu er rekkinn **skrýddr**,  
rammlig vigr í hendi,  
og hvórtveggi hjálmi **prýddr**  
og hörðum benja vendi. (*Sigurðar rímur fóts* III.43; *Rs* II:306)

Fetla sneið hinn fráni **ormr**  
fyrða hold og klædi,  
ógurligur var stála **stormr**,  
stundi und af mæði. (*Andra rímur* VIII.83; *Uppskriftir*)

Ein óð drós að drekanum **aftr**,  
dökk reið stafns að leita,  
ætla með sinn kynngikraft  
köppum dauða að veita. (*Hjálmþérs rímur* IV.15; *Rs* II:28)

Tristram hét sá einn var **yngstr**  
og annar Herþegn fríði,  
sá mun verða seggjum **þyngstr**  
og sáru valda stríði. (*Herburts rímur* I.7; *Riddara-rímur* 66)

Eins og sjá má geta ýmsir samhljóðar og samhljóðaklasar komið fyrir á undan endingunni. Ekki verður séð að skáldin forðist neitt sérstakt í þeim efnunum eins og Ari Páll Kristinsson (1987:119) hefur áður bent á.

Ef meðaltöl eru tekin innan hvers tímabils fást eftirfarandi tölur:



1350–1400: 15,8%  
1400–1450: 12,9%  
1450–1500: 13,9%  
1500–1550: 12,3%

Talan fyrir fyrsta tímabilið er nokkuð hærri en hinar en það skýrist aðallega af Ólafs rímur Haraldssonar sem hefur óvenjuhátt hlutfall. Ríman er þó aðeins 65 vísur svo að óvissan er mikil og ekki mikið á hlutfallstölunni byggjandi. Talan fyrir síðasta tímabilið er lítillega lægri en hinar og kann að benda til að þá byrji að fjara undan fyrirbærinu.

Í kafla 8.6.2 voru taldar upp orðmyndir sem enda á fornu –ur og koma fyrir í lok vísuorðs í hrynhendum hætti. Þetta eru tiltölulega fá orð og aðeins tvö þeirra ríma saman – bróður og móður. Hin orðin eiga sér yfirleitt ekki nein rímorð, að því gefnu að orðum með fornu og nýju –ur sé haldið í sundur. Þess er því ekki að vænta að orð sem enda á fornu –ur séu tíðir gestir í endarími í rímnakveðskap til forna. Um rím af slíku tagi eru mér kunnug eftirfarandi tilfelli í rímum fyrir siðaskipti. Hér hef ég leitað í öllum rímum, en gaumgæfilegast í þeim ferskeyttu.

Lóður-bróður-móður (*Áns rímur* VII.67; Ólafur Halldórsson 1973b:169)  
rímur-slímur-grímur (*Bjarka rímur* VII.1; Finnur Jónsson 1904:153)  
Nönnur-önnur (*Brönu rímur* XVI.41; *Uppskriftir*)  
nímur-grímur (*Ektors rímur* XI.4; *Uppskriftir*)  
kempur-hempur (*Grettis rímur* VIII.15; *Rs* I:93)  
bróður-móður (*Lokrur* III.38; *Rs* I:305)  
brekkur-snekkjur (*Ólafs rímur B* II.8; *Rs* I:192)  
ímur-rímur (*Reinalds rímur* XII.34; *Uppskriftir*)

Orðin eru þarna, sem vænta mátti, í stöðu óstýfðra rímorða. Þetta eru aðeins átta dæmi – á móti 100 dæmum í hrynhenda kveðskapnum, sem þó er minni að vöxtum. Sú skýring að fá orð af þessari gerð eigi sér heppileg rímorð dugir þó sennilega til að útskýra dæmafæðina.

Einnig er það til að fornt –ur sé rímað við fornt –r. Ég hef leitað dæma um þetta í öllum rímum fyrir siðaskipti, en sem fyrr gaumgæfilegast í rímum undir ferskeyttum hætti. Mér er kunnugt um fimm tilfelli fyrir 1500, öll í stýfðum vísuorðum:

Mig hefur viljað frænda **flokk**  
firra öllum náðum

og er því skylt að skemmtan **okkur**  
skilist af þeirra ráðum. (*Skáldhelga rímur* II.43; *Rs* II:119)

Roðbert mælti ræsi **viðr**,  
rekkar allir hljóða:  
„hvórt er, dögling, dóttir **yður**,  
dýrust allra fljóða?“ (*Konráðs rímur* II.34; *Riddara-rímur* 107)

Katli er fenginn kostur og **drykkur**,  
kemr hann inn í skála,  
„er sjá hin djarfa, dóttir **ykkur**,  
drós?“, kvað fleygir stála. (*Áns rímur* III.54; Ólafur Halldórsson 1973b:119)

Nú er það bætt að barðist **flokkr**,  
bræðr hans lét eg falla,  
mig skal skati um skipti **okkur**  
skulda ausan kalla. (*Áns rímur* V.30; Ólafur Halldórsson 1973b:138)

Ölvir kippir unda **þiður**  
úr aurnis heitu sári,  
Grímnir tekr að grenja **viðr**  
svó gekk með miklu fári. (*Hjálmþérs rímur* II.26; *Rs* II:15)

Eins og sjá má eru fjögur þessara dæma um eignarfornöfn. Í fornu máli er greinarmunur á *okkr/lykkryðr*, sem eru beygingarmyndir persónufornafna, og *okkur/lykkurlyður* sem eru beygingarmyndir eignarfornafna. Svo er að sjá sem skáldin geri ekki lengur greinarmun á þessu tvennu og meðhöndli orðmyndir úr báðum flokkunum eins og þær hafi fornt –r. Um þetta er nánar fjallað í kafla 8.6. Vísan úr *Hjálmþérs rímum* er einangrað tilfelli en orðið *þiður* kemur annars hvergi fyrir í rímum. Um rím þetta er nánar fjallað í kafla 8.7.

Að öðru leyti er greinilegt að rímur fyrir 1500 gera, eins og kveðskapur undir fornum háttum, greinarmun á fornu –r og fornu –ur við lok vísuorða. Lýsandi dæmi um þetta er að lýsingarorðsmyndinni ‘móðr’ er haldið aðgreindri frá nafnorðsmyndinni ‘móður’ (aukafall af ‘móðir’). Um nafnorðsmyndina eru tvö dæmi í endarími og í bæði skiptin er orðið rímað við önnur orð með fornu –ur:

Kóngi greið þú eð arma jóð er átti **Lóður**<sup>41</sup>  
sætu gjaltu son fyrir **bróður**  
síðan tak þinn fóstra og **móður**. (*Áns r.* VII.67; Ólafur Halldórsson 1973b:169)

<sup>41</sup> Til forna er *Lóður* nefnifallsmynd og *Lóður* þolfallsmynd en á þeim tíma sem hér um ræðir er sá greinarmunur ekki lengur gerður. Sjá nánar kafla 8.7.

Það var bragð með göldrum gjört  
greitt við Sauðungs **bróður**;  
bikkja leið í bekkjar hjört  
buðlungs, fressa **móður**. (*Lokrur* III.38; *Rs* I:305)

Fjölmörg dæmi er um að lýsingarorðsmyndin sé rímuð við orð með fornu –r.  
Hér eru fjögur þeirra.

Talaði Án við tígin þegn  
eð tálmast **róðr**  
þú hefir víst í vópna regni  
vorðið **móðr**. (*Áns rímur* VI.66; Ólafur Halldórsson 1973b:155)

Hitt er sagt að harla **fróðr**  
Hertrygg fjelli sár og **móðr**  
vegrinn þótti virðum stuttr  
var hann þá heim til borgar fluttr. (*Geðraunir* IV.2; *Rs* II:194)

Háldan lítur hjörva **rjóðr**  
hann var bæði sár og **móðr**  
berserkrinn vill brytja þá  
buðlungsson í hlutina þrjá. (*Sigurðar r. þ.* II.53; Þorvaldur Sigurðsson 1986:84)

Haraldur ætlar höggva **óðr**  
hann með grimmd og pínum,  
Filipó var svó furðu **móðr**,  
hann fleygir brandi sínum. (*Filipó rímur* II.17; *Riddara-rímur* 12)

Finna má fleiri dæmi um orðmyndir sem hafa sama framburð nú en er haldið  
aðgreindum í kveðskap fyrir siðaskipti. Þannig er orðmyndin *síður* (ft. af *síða*)  
tvíkvæð í *Gimsteini*:

tíðum út á báðar **síður** (*Gimsteinn* 67.6; *ÍM* I:319)

En lýsingarorðið *síðr* er einkvætt í rímum:

Kyrtil grænan kappinn **sníðr**  
á kálfann frá eg að miðjan **líðr**,  
þriði er rauður, vænn og **víðr**  
valla ofan að hnénu **síðr**. (*Áns rímur* IV.18; Ólafur Halldórsson 1973b:125)

Atviksorðið *síðr* er einnig einkvætt:

Hundrað manna herklætt nú  
horfir upp á væna frú,  
svanninn sat yfir borði **blíðr**  
í burtu hvarf hun eigi að **síðr**. (*Klerka rímur* II.6; *Rs* II:868)

Orðmyndin *álfur* (ft. af *álfa*) er tvíkvæð í Milsku:

sjálfan guð yfir veraldar **álfur** (*Milska* 39.4; *ÍM* I:47)  
sjálfri þér yfir allar **álfur** (*Milska* 87.4; *ÍM* I:58)

En karlkynsorðið *álfr* er einkvætt í rímum:

Ýta sendi á yðvart valld  
undir traust og vegligt halld  
miklu kvað sér menja **álfr**  
meira skipta en væri hann **sjálfr**. (*Blávus rímur* V.23; *Rs* II:636)

Orðmyndin *sætur* (ft. af *sæta*) er tvíkvæð í *Heilagra meyja drápu*:

Látið eigi ljúfar **sætur** (*Heilagra meyja drápa* 33.1; *Skj* B II:590)

En lýsingarorðið *sætr* er einkvætt í rímum.

Virða drótt og vísir **mætr**  
veislu frá eg að stofna **lætr**,  
drykkjinn byrlaz dýr og **sætr**,  
drjúgum gekk svó allt til **nætr**. (*Geiplur* IV.18; *Rs* II:384)

Orðmyndin *hálfur* (ft. af *hálf*) er tvíkvæð í *Pétursdrápu*:

guð sjálfur um þær **hálfur** (*Pétursdrápa* 15.2; *Skj* B II:548)

En lýsingarorðið *hálf* er einkvætt í rímum:

Vanda þar til efnin öll  
einka blíð var motra þöll  
kom til næsta heimrinn **hálf**  
hölda liðs og keisarinn **sjálfr**. (*Sálaus rímur og Nikanórs* VIII.4; *Rs* II.744)

Einnig má benda á tilvik um vannýtta möguleika þar sem rímnaskáld hefðu getað rímað saman –r og –ur hefði þeim þótt það gott rím. Til dæmis er *nökkur* algeng orðmynd en hún er aldrei rímuð við *dökkr*, *sökkr* eða *rökkr*. Eins kemur orðmyndin *kvinnur* margoft fyrir en hún er aldrei í endarími við *vinnr*, *svinnr* eða *finnr* þótt það séu mjög algengar orðmyndir sem ríma oft innbyrðis. Það er aðeins í innrími sem *kvinnur* er gjaldgengt:

Brúðrin príðust það mig þess  
að byrja skyldi eg sónar vess  
um **kvinnur svinnar** kvæða smíð  
kvaddi hun slíks á margan tíð.

(*Sigurðar rímur þögla* XIII.1; Sigurður Þorvaldsson 1986:170)

Oft kemur það fyrir að rímað sé á –ögr:

lögr-fögr (*Friðþjófs rímur* II.2; *Rs* I:418)  
lögr-fögr (*Indriða rímur* III.32; *Rs* I:182)  
mögr-lögr (*Lokrur* III.34; *Rs* I:305)  
lögr-fögr (*Sigurðar rímur þögla* XIV.1; Sigurður Þorvaldsson 1986:172)  
fögr-mögr (*Bærings rímur* IX.12; *Uppskriftir*)  
mögr-lögr (*Geðraunir* XI.59; *Rs* II:265)  
mögr-fögr (*Konráðs rímur* V.7; *Riddara-rímur* 138)  
mögr-fögr (*Konráðs rímur* V.24; *Riddara-rímur* 140)  
fögr-mögr (*Lokrur* IV.18; *Rs* I:309)  
mögr-fögr (*Ólafs ríma Haraldssonar* 18; *Rs* I:3)  
mögr-fögr (*Reinalds rímur* II.4; *Uppskriftir*)  
mögr-fögr (*Völsungs rímur* I.51; *Rs* I:318)

Það kemur hins vegar aldrei fyrir að *fjögur*, *bögur* eða *sögur* taki þátt í slíku rími. Þagnarrök af þessu tagi verða því veigameiri sem heimildirnar eru meiri að vöxtum. Það gengur gegn líkindum að tilviljun valdi því að *bögur* og *sögur* taki ekki þátt í rími því að þetta eru algengar orðmyndir. Rökin eru ekki jafnstærk um *fjögur* því að sú orðmynd er nokkru sjaldgæfari.

Stundum eru þagnarrökin veikari. Skáldin ríma aldrei *sumur* við *hrumr* en lýsingarorðið *hrumr* kemur aðeins tvisvar sinnum fyrir í rímum fyrir 1500. Önnur rímorð eru ekki fyrir hendi og getur þetta því ekki talist sterkur vitnisburður.

Á sextánda öld er fornu –r og fornu –ur enn að mestu leyti haldið aðskildum í rímum en sundurgreiningin er á undanhaldi. Í Króka-Refs rímum er fjórum sinnum rímað saman fornt –r og fornt –ur:

I.60 óhæfur-gæfr (Pálmi Pálsson 1883:58)  
II.61 hæfilátr-átur-bátr-kátr (Pálmi Pálsson 1883:68)  
III.4 tintur-ginntr (Pálmi Pálsson 1883:69)  
IV.49 eigur-deigr-seigr-feigr (Pálmi Pálsson 1883:82)

Erindi VI.36 vísar einnig á nýja tíma:

Traustir frá eg að tvennir þangað tólf menn kómu.  
Bræður tóku að búast við rómu,  
bresta mun þeim vópna **hljómur**. (Pálmi Pálsson 1883:95)

Í Skógar-Krists rímum er eitt dæmi:

Skorðan gekk til skriftarföður<sup>42</sup>  
Skógarkrist við eyra.  
Týrs skal falla tanna lögr,  
taki hann þeir sem heyra. (*Skógar-Krists r.* I.70; Sólveig E. Ólafsdóttir 2006:25)

Og eitt í Jarlmanns rímum:

Sinn móður **bróður** málmarjóðr  
má nú dauðan líta  
spinkar fast með spjótið hvasst  
spennir nöðru ríta. (*Jarlmanns rímur* V.48; *Uppskriftir*)

Eins og áður hefur komið fram er það grundvallarregla í rímum fyrir siðaskipti að orð sem að fornu enda á –r séu í stýfðum vísuorðum. Þó finnast nokkur tími um þau í óstýfðum vísuorðum. Í ferhendum háttum er mér kunnugt um eftirfarandi fjögur tilfelli.<sup>43</sup>

Meistarinn gekk í myrkrið út  
mjög sem annar **drengr**,  
hittir það sem herðir sút,  
hvar hangir **línustrengr**. (*Virgiless rímur* I.26; *Rs* II:847)

---

<sup>42</sup> Til forna voru til samsettar myndir með endingunni *-fǫðr* (Strandberg 2008). Hér er þó vart um slíka mynd að ræða.

<sup>43</sup> Í sömu málheild er mér aðeins kunnugt um eitt tilfelli um einkvæð orð án stoðhljóðs í síðlínnum, Dámusta rímur I.31 vörð-jörð.

Firna-ljótr og að fæstu vel  
er flassi þessi **skaptr**,  
býsna-digr og blár sem hel,  
berr það einginn **aptr**. (*Lokrur* II.9; *Rs* I:295)

Hleypir þá sem harðast má  
hesti geira **raptr**,  
kappinn sá sem kynnt er frá  
kemr að hringnum **aptr**. (*Vilmundar rímur* XIII.36; Ólafur Halldórsson 1975:143)

Tiggi lofast af trausti sín,  
trúr var Þórður **skaptr**,  
„giptu ei, seggrinn, systur þín,  
svinnr, áður eg kem **aptr**“. (*Hrólfs rímur Gautrekssonar* I.57; *Uppskriftir*)

Það er einkennilegt að þrjú af þessum fjórum dæmum skuli innihalda orðið ‘aptr’. Halda mátti að skáldin hefðu einhverja sérstaka tilhneigingu til að líta á það orð sem tvíkvætt. Það er þó enginn skortur á því í rími í stýfðum vísuorðum, jafnvel ekki í sömu rímum og að ofan.

Orða **kraptr** er ekki **skaptr**  
oss til neinna fræða,  
sverða **raftr** um söguna **aptr**  
sjálfa verður að ræða. (*Vilmundar rímur* XIII.8; Ólafur Halldórsson 1975:139–140)

Grár mun rjóðast gilfris **kjaptr**  
ef görpum verður dauðinn **skaptr**  
þó þig styðji kynngi **kraptr**  
kann eg varla að hverfa **aptr**. (*Hrólfs rímur Gautrekssonar* II.17; *Uppskriftir*)

## 8.8 Rímur eftir siðaskipti

### 8.8.1 Lok vísuorða

Eftir siðaskipti gerist það smám saman að dregur úr notkun orðmynda eins og ‘góð(u)r’ í stýfðum vísuorðum en hún færir í vöxt í óstýfðum. Fyrst lítum við á tímabilið 1550–1600:

Nafn skálds	Fæðingarár	Fersk. vísur	Stýfð	Hlutfall	Óstýfð	Hlutfall
Árni Jónsson	-	450	53	12%	0	0%
Magnús prúði	1530	327	23	7%	0	0%
Amicus og Amilius	-	114	12	11%	0	0%
Hallur Magnússon	1536	406	57	14%	0	0%
Einar í Eyðölum	1538	121	8	7%	0	0%
Þórður á Strjúgi	1545	85	7	8%	0	0%
Alls / meðaltal		1503	160	10%	0	0%

Í þeim 1503 vísur sem hér voru skoðaðar fannst ekkert dæmi um –r í óstýfðu vísuorði. Hins vegar hafa öll sex skáldin dæmi um slíkt í óstýfðum vísuorðum. Meðaltaltíðnin er þó nokkru lægri en á fyrri tímaseiðum.

Á tímabilinu 1600–1650 voru 11 skáld athuguð:

Nafn skálds	F.-ár	Fersk vísur	Stýfð	Hlutfall	Óstýfð	Hlutfall
Jón Bjarnason	1560	159	9	6%	0	0%
Ólafur Halldórsson	1568	200	10	5%	0	0%
Jón lærði	1574	124	20	16%	0	0%
Bjarni Borgfirðingask.	1580	104	11	11%	0	0%
Ásmundur Sæmundss.	1585	79	0	0%	7	9%
Einar Guðmundsson	1590	92	11	12%	0	0%
Guðmundur Erlendss.	1595	94	4	4%	0	0%
Pétur Einarsson	1597	164	3	2%	2	1%
Jón Magnússon	1601	64	7	11%	1	2%
Guðmundur Andrés.	1614	77	1	1%	1	1%
Hallgrímur Pétursson	1614	245	7	3%	1	0%
Alls / meðaltal		1402	83	6%	12	1%

Hér er greinilega umbrotatími og athyglisvert hversu mismunandi venjur skáldanna eru. Jón lærði, Bjarni Borgfirðingaskáld og Einar Guðmundsson yrkja í fornum stíl og nota r-endingar óspart í stýfðum vísuorðum en ekki í óstýfðum. Í *Hervarar rínum* eftir Ásmund Sæmundsson er þessu alveg öfugt farið en þar eiga r-endingarnar heima í óstýfðum vísuorðum. Jón Magnússon virðist ekki hika við að nota r-endingar í stýfðum vísuorðum en gerir það að auki einu sinni í óstýfðum vísuorðum.

Athyglisverðustu skáldin á þessu tímabili eru Pétur Einarsson, Guðmundur Andrés og Hallgrímur Pétursson. Allir þrír nota r-endingar bæði í stýfðum og óstýfðum vísuorðum en aðeins einstaka sinnum. Ef til vill hafa þeim þótt orð eins og *góður* óþægilega tvíræð í rími. Það mætti ímynda sér að þá hafi skort forsendur í máltilfinningu sinni til að nota þau í stýfðum vísuorðum en skort forsendur í braghefðinni til að nota þau í óstýfðum vísuorðum.



Á tímabilinu 1650–1700 voru 9 skáld athuguð:

Nafn skálds	F.-ár	Fersk. vísur	Stýfð	Hlutfall	Óstýfð	Hlutfall
Kolbeinn jöklarask.	1600	99	9	9%	7	7%
Eiríkur Hallsson	1614	119	1	1%	10	8%
Páll Bjarnason	1620	80	13	16%	1	1%
Jón Jónsson	1639	100	3	3%	5	5%
Bergþór Oddsson	1639	62	1	2%	1	2%
Steinunn Finnsdóttir	1640	396	3	1%	28	7%
Jón Eggertsson	1643	95	13	14%	5	5%
Þorsteinn á Hæli	1653	100	3	3%	11	11%
Guðmundur Bergþórss.	1657	180	27	15%	9	5%
Alls / meðaltal		1231	73	7%	77	6%

Greinilega er nú almenn venja að nota orð eins og *góður* í óstýfðum vísuorðum og finnast dæmi um það hjá öllum skáldum í úrtakinu. En sá gamli siður að nota þau í stýfðum vísuorðum lifir enn og grípa öll skáldin til hans þótt í mismiklum mæli sé.

Á tímabilinu 1700–1750 voru sex skáld athuguð:

Nafn skálds	F.-ár	Fersk. vísur	Stýfð	Hlutfall	Óstýfð	Hlutfall
Sigmundur Helgason	1657	80	1	1%	4	5%
Þorvaldur Magnússon	1670	108	4	4%	5	5%
Þorlákur Guðbrandss.	1672	80	0	0%	1	1%
Brynjólfur Halldórss.	1676	87	0	0%	6	7%
Benedikt Sigurðsson	1685	101	0	0%	6	6%
Sigurður Ketilsson	1689	69	0	0%	4	6%
Alls / meðaltal		525	5	5%	26	5%

Hér er greinilega mjög tekið að fjara undan þeim sið að nota orðin sem um ræðir í stýfðum vísuorðum enda finnst hann aðeins hjá tveimur af skáldunum sex. Hið sama má sjá á næsta tímabili, 1750–1800:

Nafn skálds	F.-ár	Fersk. vísur	Stýfð	Hlutfall	Óstýfð	Hlutfall
Snorri Björnsson	1710	72	0	0%	12	17%
Árni Böðvarsson	1713	121	0	0%	10	8%
Sveinn Sölvason	1722	105	9	9%	14	13%
Árni Þorkelsson	1730	130	0	0%	14	11%
Þorsteinn Jónsson	1737	92	0	0%	2	2%
Sigurður Pétursson	1759	101	0	0%	5	5%
Alls / meðaltal		621	9	1%	57	9%

Hér er aðeins eitt skáld sem notar orðin í stýfðum vísuorðum en í óstýfðum vísuorðum hefur þeim fjölgað.

Á tímabilinu 1800–1850 voru 10 skáld skoðuð:

Nafn skálds	F.-ár	Fersk. vísur	Stýfð	Hlutfall	Óstýfð	Hlutfall
Magnús í Magnússk.	1763	163	1	1%	24	15%
Gísli Sigurðsson	1772	111	0	0%	2	2%
Hannes Bjarnason	1776	89	0	0%	13	15%
Gísli Konráðsson	1787	111	0	0%	8	7%
Hallgrímur Jónsson	1787	95	0	0%	9	9%
Benedikt Einarsson	1796	78	0	0%	9	12%
Hjálmar Jónsson	1796	176	0	0%	18	10%
Sigurður Breiðfjörð	1798	501	0	0%	53	11%
Davíð Scheving	1802	127	0	0%	14	11%
Jón Grímsson	1804	97	0	0%	5	5%
Alls / meðaltal		1548	1	0%	155	10%

Hjá Magnúsi í Magnússkógum er síðasta dæmið sem fannst í þessari rannsókn um orð með r-endingu í stýfðum vísuorðum. Dæmið er í Bernótus rímum, sem kveðnar voru 1823:

Rúðu brýtur randa **meiðr**,  
 rúm þó hennar fylli,  
 sér út velta gerði **greiðr**  
 greindra ramma milli.

(*Rímur af Bernótus Borneyjarkappa* I.57; Magnús í Magnússkógum 1907:30)

Á tímabilinu 1850–1900 voru sex skáld athuguð:

Nafn skálds	F.-ár	Fersk. vísur	Stýfð	Hlutfall	Óstýfð	Hlutfall
Jónas Gottskálksson	1811	164	0	0%	19	12%
Jón Jónsson	1813	103	0	0%	5	5%
Gunnar Gíslason	1823	67	0	0%	5	7%
Brynjúlfur Oddsson	1824	209	0	0%	16	8%
Ásmundur Gíslason	1832	60	0	0%	7	12%
Sigurður Bjarnason	1841	128	0	0%	17	13%
Alls / meðaltal		731	0	0%	69	9%

Ekkert skáldanna hér sker sig sérstaklega úr.

Síðasta tímabilið sem athugað var er 1900–1950:


Nafn skálds	F.-ár	Fersk. vísur	Stýfð	Hlutfall	Óstýfð	Hlutfall
Sigfús Sigfússon	1855	128	0	0%	16	13%
Magnús Hj. Magnúss.	1873	84	0	0%	17	20%
Pétur Jakobsson	1886	207	0	0%	24	12%
Snæbjörn Jónsson	1887	500	0	0%	41	8%
Einar Beinteinsson	1910	75	0	0%	3	4%
Sveinbjörn Beinteinss.	1924	71	0	0%	11	15%
Alls / meðaltal		1065	0	0%	112	12%

Eins og vænta mátti er þetta tímabil mjög líkt þeim á undan. Hugsanlega má greina aukningu í hlut óstýfðra vísuorða en hún er ekki tölfræðilega marktæk.

Til hagræðis eru meðaltöl hvers tímabils í eftirfarandi töflu.

	Stýfð	Óstýfð
1550–1600	9,7%	0,0%
1600–1650	6,4%	1,2%
1650–1700	7,0%	5,7%
1700–1750	0,8%	4,9%
1750–1800	1,4%	9,4%
1800–1850	0,1%	9,6%
1850–1900	0,0%	9,4%
1900–1950	0,0%	12,0%

Greinilegt er að 17. öldin er mesti umbrotatíminn í þessum efnum. Fyrir hana er það meginregla sem sjaldan er vikið frá að orð eins og *góð(u)r* séu notuð í stýfðum vísuorðum. Eftir hana er meginreglan hins vegar að þessi orð séu í óstýfðum vísuorðum. Samantekt á gögnum úr 4.6.4 og 4.7.1 er í eftirfaranda grafi:



### 8.8.2 Samrímun á fornu /r/ og fornu /ur/

Eftir 1600 má finna ýmis dæmi um að rímnaskáldin rími saman orð með fornu – r og fornu –ur. Í textasafninu sem hér er notað eru eftirfarandi dæmi frá tímabilinu 1600–1650:

píkur-ríkr (Jón lærði, *Ármanns rímur* I.50; Jón Helgason 1948:9)  
 hrúgur-bjúgr (Bjarni borgfirðingaskáld, *Rímur af Flóres og Leó* I.12; *RR* VI:4)  
 hrinur-dynr (*Ræningja rímur* I.80; Jón Þorkelsson 1906–1909:473–474)  
 álfur-sjálfr (Hallgrímur Pétursson, *Rímur af Flóres og Leó* XVI.23; *RR* VI:253)

Auk þess er rétt að nefna eftirfarandi dæmi:

Ljóðað hef eg um landnám nú  
 og lesið um norðurálfu  
 en æðstur þótti um ála frú  
 Óðinn kóngur **sjálfur**. (*Hervarar r.* I.41; *Riimur af Hervøru Angantirsd.* 1777:7)

Samrímarnir af þessu tagi finnast hér og þar hjá skáldum eftir 1600 en eru aldrei verulega algengar einfaldlega vegna þess að hentug rímorð með fornu /ur/ eru ekki svo ýkja mörg. Til að fá gleggri hugmynd um þetta getum við litið á skáld

sem ortu á tímabilinu 1850–1950. Enginn verulegur vafi getur leikið á því að allar framburðarbreytingar sem höfðu áhrif á þessi orð eru þá um garð gengnar.

Eins og lesa má úr töflunum í kafla 8.8.1 eru dæmi um rím með fornu stoðhljóði 181 talsins. Af þeim eru 13 tilfelli þar sem stoðhljóðsendingin rímar við forna /ur/-endingu:

þrætur-mætr (*Ríma af Úlfgæiri sænska* 27; Jónas Gottskálksson 1858:7)  
nýtr-ávitur (*Rímur af Berthold enska* I.54; Jón Jónsson 1874:7)  
fögr-sögur (*Rímur af Ajax frækna* I.16; Ásmundur Gíslason 1881:3)  
fögr-bögun (*Gláms rímur* I.2; Sigfús Sigfússon 1930:3)  
þróttr-dóttur (*Skáldaflotinn* 90; Snæbjörn Jónsson 1949:44)  
fögr-sögur (*Skáldaflotinn* 95; Snæbjörn Jónsson 1949:45)  
Gvendr-lendur (*Skáldaflotinn* 188; Snæbjörn Jónsson 1949:60)  
hróðr-bróður (*Skáldaflotinn* 287; Snæbjörn Jónsson 1949:77)  
fögr-sögur (*Skáldaflotinn* 298; Snæbjörn Jónsson 1949:79)  
fögr-sögur (*Skáldaflotinn* 375; Snæbjörn Jónsson 1949:91)  
fögr-sögur (*Skáldaflotinn* 398; Snæbjörn Jónsson 1949:95)  
sögur-mögr (*Skáldaflotinn* 400; Snæbjörn Jónsson 1949:96)  
góðr-bróður (*Skáldaflotinn* 411; Snæbjörn Jónsson 1949:97)

Hlutfallið 13 af 181 (7%) er ekki hátt og sést af því að töluvert mikið efni þarf til að ganga úr skugga um það hvort skáld rímar saman fornt /r/ og fornt /ur/. En ef svipað hlutfall væri að finna í rímum fyrir 1500 mætti búast við að uppskera þar fleiri en 100 dæmi en ekki aðeins 5 eins og raunin er. Sú niðurstaða stendur því traustum fótum að í fornum rímum sé gerður greinarmunur á /r/ og /ur/.

## 8.9 Gömul eignarfornöfn

Í kafla 8.7.4 voru talin upp fimm dæmi úr rímum fyrir 1500 um að fornt /ur/ væri notað í lok stýfðs vísuorðs og tæki þátt í rími við fornt /r/. Þar af voru fjögur dæmi um eignarfornöfn:

flokk-skemmtan okkur (*Skáldhelga rímur* II.43; *Rs* I:119)  
viðr-dóttir yður (*Konráðs rímur* II.34; *Riddara-rímur* 107)  
drykk-dóttir ykkur (*Áns rímur* III.54; Ólafur Halldórsson 1973b:119)  
flokk-skipti okkur (*Áns rímur* V.30; Ólafur Halldórsson 1973b:138)

Þar sem kveðskapur fyrir 1500 gerir að öðru leyti greinarmun á fornu og nýju /ur/ mætti geta þess til að eignarfornöfnin hafi orðið fyrir einhverri sérstakri

þróun. Þá má spyrja hvort finna megi einhverjar frekari vísbendingar um slíka þróun. Í fyrsta lagi mætti athuga hvort til séu handrit sem skrifa reglulega <ur> fyrir fornt /ur/ nema þegar kemur að eignarfornöfnunum.

Í lýsingum fræðimanna á handritum frá 14. öld hef ég raunar rekist á dæmi um þetta. Í 9. 10. Aug 4to, sagnahandriti frá miðri 14. öld, er gerður greinarmunur á fornu /ur/ og fornu /r/ nema að eignarfornöfnin eru reglulega skrifuð <okkr>, <ykkur> o.s.frv. Aðeins eitt dæmi er annars um <r> fyrir fornt /ur/, í ritmyndinni <fodr>. Annars er /föður/ alltaf ritað með <ur>-endingu (Jón Helgason 1956:VIII). Í AM 219 fol, biskupasagnahandriti frá seinni hluta 14. aldar, er aðeins eitt dæmi um <r> fyrir fornt <ur> og það er í eignarfornafninu <ydr> (Stefán Karlsson 1967:16).

Til að kanna málið betur hef ég athugað öll skjöl í íslenska frumskjalasafninu sem dagsett eru fyrir 1350.<sup>44</sup> Niðurstöður mínar eru eftirfarandi: Af eignarfornafnsmyndunum sem um ræðir kemur aðeins *okkur* fyrir. Ending orðsins er einu sinni skrifað með <or> en fjórum sinnum með <r>:

5.7 ockor insigli  
6.12 okkr innsigle  
11.6 ockr innsigle  
21.8–9 ockr Jnnsigle  
21.10 ockr Jnnsighle

Af öðrum orðum með fornu /ur/ eru 13 sem hefði mátt stafsetja hvort heldur sem er með <r> eða <ur> eftir að endingarnar féllu saman. Í þessum bréfum eru allar 13 myndirnar stafsettar með <ur>:

3.12.föðurligri 6.4.systur 6.6.kelldur 9.4.fodur 9.5.modur 12.3.dottur 12.3.dottur  
13.II.7.stolur 13.II.8.klockur 13.II.10.kistur 13 II.11.krokstikur  
15.22.nockorskona 21.3.broður

Munurinn á stafsetningu eignarfornafnanna og annarra orða er hér sláandi. Okkur gæti dottið í hug að skýra þetta með því að í máli skrifaranna séu /r/- og /ur/-endingarnar fallnar saman en þeir haldi í þá hefð að greina þær sundur í riti og noti til þess sjónminni. Eignarfornafnsmyndirnar verða þá rangritaðar vegna þess að þær ruglast við aukafallsmyndir persónufornafnanna. Við nánari athugun er þetta þó lítt haldbær kenning. Stafsetningarvenja sem grundvallast á sjónminni gæti útskýrt hvers vegna algengar orðmyndir eins og *dóttur* og *föður*

<sup>44</sup> Ari Páll Kristinsson 1987:73 athugar sama efnivið en á nokkuð annan hátt.

eru ritaðar með <ur> en skýrir miklu verr hvers vegna tiltölulega sjaldgæf orð eins og *keldur* og *krókstikur* eru það. Miklu vænlegra er að skýra vitnisburð heimildanna þannig að orðum með fornu /r/ og fornu /ur/ sé enn haldið í sundur en eignarfornafnsmyndirnar hafi sætt sérstakri þróun og þar hafi /ur/ orðið að /r/. Elsta dæmið um frumbréf þar sem <r> stendur fyrir fornt /ur/ annars staðar en í eignarfornafni er frumbréf 29, ritað 1357 (Ari Páll Kristinsson 1987:58).

Við virðumst þá hafa gögn bæði úr stafsetningu og kveðskap sem benda til að eignarfornafnamyndirnar *okkur/ykkur/yður* hafi tekið breytingum, a.m.k. í máli sumra, áður en almennt samfall varð milli orða með fornt /ur/ og fornt /r/. Spyrja má hvers vegna einmitt þessar myndir hafi tekið breytingum. Við getum fyrst velt fyrir okkur mögulegum analógískum þrýstingi.

Eignarfornöfnin stóðu hliðstætt með nafnorðum eins og lýsingarorð gera. Þau höfðu einnig í grundvallaratriðum sömu beygingarendingar og lýsingarorðin. Eignarfornöfnin höfðu *r* í stofni og beygðust líkast lýsingarorðum eins og *snotr* sem einnig höfðu *r* í stofni. Fleirtölubeygingin er sérstaklega lík. Þannig er nf. ft. kk. *snotrir* og *okkrir* en nf. ft. kvk. *snotrar* og *okkrar*. Þolfall og þágufall er einnig hið sama í þessum kynjum. Í hvorugkyni enduðu hins vegar lýsingarorðin á /r/ en fornöfnin á /ur/. Þar hefur áhrifsbreytingin orðið:

nf. kk. ft. *snotrir* drengir : nf. hk. ft. *snotr* börn  
 nf. kk. ft. *okkrir* drengir : X börn; X = nf. hk. ft. *okkr*

Eftir þessa breytingu er fleirtölubeyging fornafnanna eins og fleirtölubeyging lýsingarorðanna í öllum kynjum nefnifalls, þolfalls og þágufalls.

kk.	kvk.	hk.	kk.	kvk.	hk.
nf. <i>snotrir</i>	<i>snotrar</i>	<i>snotr</i>	<i>okkrir</i>	<i>okkrar</i>	<i>okkr</i> (<- <i>okkur</i> )
þf. <i>snotra</i>	<i>snotrar</i>	<i>snotr</i>	<i>okkra</i>	<i>okkrar</i>	<i>okkr</i> (<- <i>okkur</i> )
þgf.	<i>snotrum</i>		<i>okkrum</i>		

Breytingin verður einnig í eintölu kvenkynsins enda er nf. kvk. et. jafnan eins og nf. og þf. hk. ft.:

nf. *snotr* *okkr* (<- *okkur*)  
 þf. *snotra* *okkra*

Hvers vegna tók fornafnamyndin *nökkur* ekki sams konar áhrifsbreytingu? Ástæðan er væntanlega sú að þar er beygingarmynstrið talsvert frábrugðið og

/ur/ gengur í gegnum alla beyginguna. Nf. kvk. et. *nökkur* fær þá m.a. stuðning af nf. kk. et. *nökkurr*.

En hvað með myndina *önnur*? Fornafnið *annarr* hefur svipaða beygingu og eignarfornöfnin og ekki /ur/ gegnum alla beyginguna – mætti þá ekki búast við að það tæki sömu áhrifsbreytingu? Það væri alveg hugsanlegt og kann jafnvel að hafa gerst í einhverjum tilfellum án þess að við höfum heimildir um enda eru engin rímorð með fornu –*önnr* sem gætu gefið okkur kost á að sjá slíka mynd í rími. En athugum beyginguna betur:

	kk.	kvk.	hk.
nf.	aðrir	aðra	önnur
þf.	aðra	aðrar	önnur
þgf.		öðrum	

Hér eru ekki endilega jafngóð skilyrði fyrir áhrifsbreytingu eins og í eignarfornöfnunum. Í gegnum allt beygingardæmið ganga víxl milli /nn/ og /ð/ þannig að /nn/ kemur fyrir á undan sérhljóði en /ð/ á undan /r/. Með áhrifsbreytingu sem breytti *önnur* í *önnr* myndi þetta mynstur raskast. Sama er að segja um eintölubeygingu kvenkynsins:

nf.	fögr	önnur
þf.	fagra	aðra

Það virðist því hugsanlegt að beyging lýsingarorða hafi haft áhrif á beygingu eignarfornafnanna. Það er þó raunar ekki svo að tvíkvæðar myndir í hvorugkyni fleirtölu hafi þurrkast út úr málinu enda höfum við enn lýsingarorð með tvíkvæðar myndir eins og *mikill* og *feginn*. Eitthvað til viðbótar hefur því greinilega komið til.

Vert er að hafa í huga að orðmyndirnar *okkr*, *ykkur* og *yðr* voru þegar til í málinu í beygingu persónufornafnanna og kann það að hafa leikið eitthvert hlutverk í breytingunni. Christian Westergård-Nielsen segir:

The form *yðr* (for *yður*, nom. fem. sing. of the possessive adj. *yð(v)arr*) may possibly have arisen through contamination with *yðr*, dat. of the personal pron. (*þér*) (Westergård-Nielsen 1971:48).

Ekki skal ég þó dæma um þetta enda virðist varla ljóst hvort almenna tilhneigingin er sú að mögulegt samfall ýti undir breytingar af þessu tagi eða



letji þær (sbr. Gessner og Gunnar Ólafur Hansson 2004; Sampson væntanlegt). Þar gætu merkingarlegir þættir skipt máli.

Loks má setja þessar hræringar í samhengi við kenninguna um tónkvæði sem sett er fram í kafla 9. Samkvæmt henni hefði mátt vænta þess að þegar stoðhljóðið kom upp hafi myndir eins og *yð(u)r* og *yður* einkum greinst í sundur með mismunandi tónkvæði. Hugsanlegt er að áhrifsbreytingin sem málið snýst um hafi fremur verið <sup>2</sup>*yður* > <sup>1</sup>*yður* en *yður* > *yðr*. Ég hef hér enga endanlega lausn.

Um 1500 tekur beyging eignarfornafnanna að raskast og á endanum víkja þau fyrir eignarfalli persónufornafna. Þetta ferli hefur Katrín Axelsdóttir rakið allnákvæmlega (Katrín Axelsdóttir 2002; um persónufornöfnin sjá einnig Helgi Guðmundsson 1972). Sérstaklega er sú niðurstaða hennar forvitnileg að þegar breytingin fer af stað eru það myndir *nf. kvk. et. og nf. og þf. hk. ft.* sem fyrstar láta undan (Katrín Axelsdóttir 2002:143). Á þessu leitar hún skýringa og leggur meðal annars til að eftir samfall */r/-endingar* og */ur/-endingar* hafi endingin */ur/* haft of víðtækt hlutverk í beygingarkerfinu og málið leitast við að losna við hana úr ákveðnum beygingarmynstrum (Katrín Axelsdóttir 2002:150–151). Þetta er athyglisverð tilgáta en hún verður ekki rakin frekar hér.

## 8.10 Orðin *þiður* og *Lóður*

Nú þegar gerð hefur verið grein fyrir eignarfornöfnunum er eitt tilfelli eftir ókannað um rím á fornu og nýju */ur/* í rímum fyrir 1500:

Ölvir kippir unda **þiður**  
úr aurnis heitu sári,  
Grímnir tekr að grenja **viður**  
svó gekk með miklu fári. (*Hjálmþérs rímur* II.26; *Rs* II:26)

Orðið *þiður* merkir fuglstegund (orra) og er ekki algengt í íslensku. Þetta er eina skiptið sem ég þekki þar sem það kemur fyrir í rímum. Hvers vegna rímar það hér við orð með fornu */r/*? Mér detta í hug tvær mögulegar skýringar.

Í fyrra lagi má hugsa sér að vísan sé ungt innskot í rímurnar og til komin á 16. öld eftir að rím á fornu og nýju */ur/* tók að tíðkast. Þetta er ekki óhugsandi því að elsta handrit *Hjálmþérs rímna* er *Staðarhólsbók*, frá miðri 16. öld. Það sem helst gæti rennt stoðum undir þessa hugmynd er kenningin *unda þiður*. Sjá má af samhenginu að hún merkir ‘sverð’ en það er óvenjulega að orði

komist og hliðstæð dæmi finnast ekki fyrr en á 16. öld (Björn K. Þórólfsson 1934:134).

Í seinna lagi mætti gæta þess til að orðið *þiður* hafi orðið fyrir áhrifsbreytingu og skipt um beygingarflokk. Beygingardæmin *akr* og *ffötur* eru lík og kynni vel að vera að þetta sjaldgæfa orð hafi hlaupist úr seinni flokknum yfir í þann fyrri.

Þá mætti spyrja hvort beygingarmynstrin *akr* og *ffötur* séu einfaldlega fallin saman í heild og bæði meðhöndluð eins og nefnifall og þolfall eintölu endi á fornu /r/. Þetta reynist ekki vera tilfellið. Að vísu er hér fáum orðum til að dreifa og hvorki *jöfur* né *ffötur* eiga sér rímorð sem myndu gefa kost á að sýna samfall. En orðið *Lóður* kemur alloft fyrir í rímum og hegðar sér greinilega eins og orð með fornu /ur/. Til að sýna þetta hef ég tekið saman upplýsingar um hegðun nokkurra orðmynda í rímum fyrir 1500:

	Stýft endarím	Óstýft endarím	Ekki í endarími
<i>bróður</i>	0	3	70
<i>móður</i>	0	3	37
<i>Lóður</i>	0	1	11
<i>hróðr</i>	9	0	5
<i>góðr</i>	24	0	21
<i>móðr</i> (lo.)	38	0	13

Hér er augljóst að orðmyndin *Lóður* hagar sér eins og *bróður* og *móður* og að skáldin vilja ekki nota þessar orðmyndir í stýfðu endarími.<sup>45</sup> Samanburðarhópurinn *hróðr*, *góðr* og *móðr* (lo.) sýnir að orðmyndir með endinguna –óðr eiga greiðan aðgang að stýfðu endarími.<sup>46</sup> Niðurstaðan er því sú að orðið *Lóður* beygist enn á 15. öld ekki eins og orðið *heiður*.

<sup>45</sup> Um notkun nafnsins *Lóður* í rímum hef ég áður rætt (Haukur Þorgeirsson 2011a). Nefnifallið kemur 11 sinnum fyrir: Áns rímur VII.67, Haralds rímur Hringsbana II.25.2, Haralds rímur Hringsbana III.40.1, Lokrur I.11.3, Lokrur III.15.1, Lokrur III.20.3, Lokrur IV.20.1, Sigurðar rímur þögla XIV.27.3, Sigurðar rímur þögla XIV.38.1, Sigurðar rímur þögla XIV.47.1, Þrymlur I.22.3. Þolfallið kemur einu sinni fyrir: Sigurðar rímur þögla XIV.41.4. Eignarfallið kemur 15 sinnum fyrir – Ektors rímur VI.3.3, Griplur I.47.4, Griplur VI.21.1, Gríms rímur og Hjálmars III.16.2, Gríms rímur og Hjálmars II.35.3, Hjálmpérs rímur II.25.3, Hjálmpérs rímur VI.18.2, Hjálmpérs rímur IX.78.3, Jarlmanns rímur VIII.81.3, Jarlmanns rímur X.6.2, Konráðs rímur VIII.7.2, Sturlaugs rímur V.1.3, Svöldrar rímur IV.34.2, Vilmundar rímur VI.5.2, Þjófa rímur I.8.2.

<sup>46</sup> Orðmyndirnar *óðr*, *fróðr*, *sjóðr*, *bjóðr*, *hljóðr* og *róðr* koma þar einnig fyrir.

## 8.11 Greinarmunur á /r/ og /ur/, málsöguleg túlkun

Hér hefur verið sett fram mikið magn gagna um notkun á –r og –ur í gömlum kveðskap og er nú rétt að gera grein fyrir þeim í málsögulegu ljósi.

Í köflunum á undan var sýnt að við lok vísuorða í kveðskap fyrir siðaskipti er gerður greinarmunur á fornu /r/ og fornu /ur/. Augljósastur er þessi greinarmunur í hrynhendum og dróttkvæðum hætti en gætir einnig í rímum og öðrum kveðskap. Á 16. öld fjarar undan þessum greinarmun og líklega hverfur hann alveg einhvern tíma á 17. öld.

Sú spurning hlýtur að vakna *hvernig* skáldin gerðu greinarmun á endingum orða eins og *fögr* og *sögur* eða *góðr* og *bróður*. Á þessu vandamáli má hugsa sér ýmsar lausnir og verða þær raktar hér ein af annari í eftirfarandi undirköflum. Í hverjum kafla verður ein kenning sett fram og kostir hennar og gallar síðan ræddir.

### 8.11.1 Mállýskumunur?

**Kenning um mállýskumun:** Á fimmtánda öld voru enn til íslenskar mállýskur þar sem stoðhljóðsinnskotið hafði ekki orðið. Kveðskapur sem gerir greinarmun á /r/ og /ur/ skýrist einfaldlega af slíkum mállýskum.

Þessi kenning er ekki í samræmi við gögnin enda er alls engan mállýskumun að sjá í notkun stoðhljóðsins í fimmtánda-aldar-kveðskap. Öll kvæði frá þeim tíma nota stoðhljóðið inni í vísuorðum og öll skáld (eða að minnsta kosti langflest) gera greinarmun á /r/ og /ur/ við lok vísuorða. Kveðskapurinn sýnir því engin merki um stoðhljóðslausu mállýsku. Ef slík mállýska var til hafa þeir sem töluðu hana ekki skilið eftir sig neinn kveðskap. Ekki getur það talist líklegt enda eru kveðskaparheimildir frá fimmtánda öld býsna ríkulegar.

Til að kenningin skýrði gögnin sem eru fyrir hendi þyrftum við að hugsa okkur að skáldin hafi öll þekkt þessa ímynduðu mállýsku en kosið að beita henni aðeins fyrir sig í lok vísuorða. Ég sé enga leið til að bjarga þessari hugmynd.

### 8.11.2 Lærð hefð?

**Kenning um lærða hefð:** Í máli skáldanna var enginn framburðarmunur á orðum með fornar /r/-endingar og fornar /ur/-endingar svo að þör eins og *fögr-*

*sögur* eða *góðr-bróður* mynduðu fullkomið rím í framburði. Hins vegar vissu þeir sem ortu að í skáldskap var hefð að gera greinarmun á þessu tvennu. Þeir sem vildu yrkja gerðu sér far um að læra þennan greinarmun og beittu honum meðvitað í eigin verkum. Greinarmuninn gátu þeir lært af stafsetningu og málfræðilegri kunnáttu.

Þessi kenning kynni að vera girnileg ef það væru aðeins örfá lærð skáld sem gerðu greinarmuninn en allur þorri kveðskaparins léti þennan mun lönd og leið. Þetta er hins vegar alls ekki svo. Til að þessi kenning stæðist þyrftum við að gera ráð fyrir að svo að segja hver maður sem myndaðist við að yrkja væri hluti af hinni lærðu hefð. En erfiðleikarnir við að læra meðvitað reglur um /r/ og /ur/ eru of miklir til að til þess séu nokkur líkindi.

Stafsetning á fimmtánda öld dugar skammt til að læra greinarmun á /r/ og /ur/ því að í henni er sá munur ekki lengur gerður. Hver sá sem vildi læra að yrkja hefði þá þurft að verða sér úti um handrit frá þrettánda eða fjórtánda öld og þæla í gegnum þau til að læra reglur um endingar af. Sú hugmynd nær engri átt enda verður varla einu sinni gert ráð fyrir því að skáldin hafi öll verið læs.

Né heldur er sennilegt að málfræðileg kunnátta hafi fleytt mönnum áfram. Í fyrsta lagi hefur slík kunnátta ekki verið á allra færi og í öðru lagi er alls ekki einfalt að setja fram málfræðilegar reglur sem duga til að greina á milli /r/ og /ur/. Við skulum hugsa okkur nemanda sem vill læra að greina á milli orða með fornu /r/ og fornu /ur/. Í máli hans eru öll þessi orð með /ur/-endingu en einhvern veginn þarf hann að komast að því hver þeirra eiga heima í stýfðum vísuorðum og hver í óstýfðum. Ef litið er á kafla 8.2 sést hversu flókið það er að gera grein fyrir dreifingunni á fornu og nýju /ur/ og erfitt að hugsa sér að einhver hafi haft allan þann lærdóm á takteinum á 15. öld.

Hér væri þó hægt að malda í móinn og segja sem svo að hægt væri að setja fram staðreyndirnar á skilvirkari hátt en gert er í kafla 8.2. Það væri strangt til tekið nóg að gera grein fyrir dreifingu á fornu /ur/ og segja síðan „öll önnur tilfelli um /ur/ eru af fornu /r/“. Væri ekki hægt að setja fram örfáar einfaldar reglur sem næðu yfir þetta? Væri ekki til dæmis einfalt að gera greinarmun á *hestur* og *sögur*? Í rauninni er þetta þó býsna vandasamt. Hugsum okkur eftirfarandi reglu:

Reglutillaga 1: Orðið hefur ekta /ur/ ef það er í fleirtölu. Þannig hefur *sögur* ekta /ur/ en *hestur* ekki.

Þessi regla dugar skammt því að ýmis orð í fleirtölu hafa fornt /r/, t.d. *frændur* og *undur*. Rímnaskáldin skirrast heldur ekki við að nota slík orð sem einkvæð:

Ámæli bregzt jafnan sízt  
öngvan trú eg silfrið lízt,  
nauðigir láta út nökkuð **bændr**,  
níðingar eru vórir **frændr**. (*Prændlur* III.14; *Rs* I:259)

Fyrðum þótti ferlig **undr**  
fljúga um heiminn þaðra,  
hverr klauf annan hölda í **sundr**,  
hverir drápu þar aðra. (*Skíðaríma* 153; *Rs* I:33)

Við gætum þá hugsað okkur annan möguleika:

Reglutillaga 2: Orðið hefur ekta /ur/ ef það er kvenkyns. Þannig hefur *sögur* ekta /ur/.

Þetta gengur ekki heldur því að til eru kvenkynsorð sem enda á fornu /r/, t.d. *brúðr*:

Sylgja nefnist siklings **brúðr**  
Sæfara jalls var dóttir  
herra sá var hraustr og **prúðr**  
heiðrar hann Smálands dróttir. (*Bósa rímur* I.6; Ólafur Halldórsson 1974:37)

Við getum þá reynt að búa til flóknari reglu sem tekur tillit til tveggja málfræðilegra formdeilda:

Reglutillaga 3: Orðið hefur ekta /ur/ ef það er kvenkyns og í fleirtölu.

En þessi regla er enn of víðtæk því að til eru kvenkynsorðmyndir í fleirtölu sem enda á fornu /r/, t.d. *eikr*:

Stillir leit af stríði **bleikr**  
standa hjá sér margar **eikr**  
eigi var leikrinn lýðum hæfr  
lamin er öll af skógi næfr. (*Dínus rímur* II.35; *Rs* II:813)

Til þess að reglan gangi upp þarf hún þess vegna að vera ennþá flóknari, eitthvað á þessa leið:

Reglutillaga 4: Orðið hefur ekta /ur/ ef það er veikbeygt kvenkynsorð í fleirtölu, þ.e.a.s. ef eintalan endar á /a/ í nefnifalli.

Þetta er orðið býsna flókið og skáldin hefðu þurft að læra fleiri reglur. Ein þyrfti að vera á þessa leið:

Reglutillaga 5: Aukaföll frændsemisorða hafa /ur/ en þó aðeins í eintölu og aðeins í myndum sem hafa ekki orðið fyrir i-hljóðvarpi. Þannig hefur þágufallsmyndin *bróður* ekta /ur/ en myndin *bræður* ekki, jafnvel þótt hún sé notuð í þágufalli eintölu.

Það er erfitt að hugsa sér að skáldin hafi verið svona miklir málfræðihestar og svo vandvirk að þeim verði næstum aldrei á mistök við að beita reglunum. Málfræðingar hafa gjarnan óvenjumikla hæfileika til að læra ýmiss konar skrýtnar reglur og fá stundum þá grillu í kollinn að snúnar reglur séu auðlærðar og eðlilegar (Sampson 1980:203). Sá sem þetta ritar var þó lengi að læra hvar formálið hefur /r/ og hvar /ur/ og verður stundum enn á í messunni. Í vinnslu þessarar ritgerðar hafði ég á tímabili tekið eftirfarandi vísu sem dæmi um samrímun á fornu /r/ og fornu /ur/:

Mun það og satt að makligur er  
þér mágur slíkr  
þá sem alla illsku ber  
sem etju tíkr. (*Vilmundar rímur viðutan* XV.33; Ólafur Halldórsson 1975:157)

Hér skráði ég niður að rímað væri *slíkr* við *tíkur* en sá svo nokkrum vikum seinna að ég hefði gert mistök enda tekur orðið *tík* ekki veikri beygingu.

Niðurstaðan er þá sú að hér geti ekki verið um hefð að ræða. Má hér vísa til þess sem sagt er um sundurgreinandi hefðir í kafla 1.8. Hefðbundin kínversk skáld gátu notað fræðirit til að læra bragarreglurnar. Ef svo til öll íslensk skáld hefðu haft einhver rit undir höndum þar sem gerð er grein fyrir reglum um *r* og *ur* mætti ætla að einhver hefðu varðveist en svo er ekki.<sup>47</sup> Hefðbundin frönsk

---

<sup>47</sup> Íslendingar rituðu um bragfræði á tólfstu öld og fram á þá fjórtánda (sbr. Snorra-Eddu og málfræðiritgerðirnar). Áhuginn á þessum málaflokki virðist minnka nokkuð á síðmiðöldum (Guðrún Nordal 2001:45) en hverfur þó ekki eins og meðal annars má sjá af slitrum af

skáld gátu stuðst við stafsetningu til að gera greinarmun sem ekki var í málinu sjálfu. En í íslenskri 15. aldar stafsetningu er einmitt ekki gerður greinarmunur á *r* og *ur*. Forsendur fyrir sundurgreinandi hefð virðast því vart fyrir hendi.

### 8.11.3 Kveðskaparhefð?

**Kenning um kveðskaparhefð:** Í máli skáldanna var enginn framburðarmunur á orðum með fornar /r/-endingar og fornar /ur/-endingar svo að þör eins og *fögr-sögur* eða *góðr-bróður* mynduðu fullkomið rím í framburði. Hins vegar lærðu skáldin það af eldri kveðskap að gera greinarmun á þessu tvennu, jafnvel án þess að gera sér meðvitaða grein fyrir honum.

Í kaflanum á undan var þeirri hugmynd hafnað að kunnátta í stafsetningu og málfræði hafi gert skáldunum kleift að gera greinarmun á fornu og nýju /ur/. En spyrja má hvort skáldin hafi ekki getað lært þennan greinarmun af eldri kveðskap, og þá e.t.v. án þess að gera sér meðvitaða grein fyrir málfræðinni sem að baki liggur. Þessi hugmynd hefur þó einnig mikla galla. Af eldri kveðskap er hægt að læra fordæmi um leyfileg rím en það er miklu erfiðara að læra hvaða rím séu óleyfileg. Hvernig ætti nýtt skáld að læra að ríma ekki saman *sögur* og *fögr*? Það þyrfti að álykta eitthvað á þessa leið:

Ég hef heyrt tíu rímnaflökka og í engum þeirra er rímað saman *sögur* og *fögur* þótt þessar orðmyndir ættu að ríma saman samkvæmt minni máltilfinningu. Bæði orðin eru líka nokkuð algeng. Það hlýtur að vera einhvers konar hefð sem mælir gegn því að þessi orð séu rímuð saman og réttast að ég fylgi þeirri hefð.

Til þess eru engin líkindi að skáld taki eftir mynstrum af þessu tagi og dragi af þeim ályktanir, meðvitað eða ómeðvitað. Enn ólíklegra er að allir sem yrkja kvæði geri það. Það verður heldur ekki séð að skáldin forðist að koma fram með ný rím. Hér er erindi:

---

Edduhandriti (Haukur Þorgeirsson 2010b) og þeim háttalyklum sem kenndir eru við Loft Guttormsson (Jón Þorkelsson 1922–1927:16–66) og Jón Maríuskáld (*ÍM* II:203–219). Frá tímanum eftir siðaskipti er einnig nokkurt efni til (Þórunn Sigurðardóttir 2008). Þótt ýmislegt hafi vísast glatast er ekki vænlegt að hugsa sér að á síðmiðöldum hafi verið til útbreidd handbók sem engar menjar séu nú um og hvergi vísað til í varðveittum heimildum.

Spáðu mér engra, Herjans **hötr**,  
hrakferða, kvað Skíði,  
elligar skal eg, þinn digri **dröttr**,  
dubba þig, svó svíði. (*Skíðaríma* 60; *Rs* I:20)

Ég þekki ekkert annað dæmi frá miðöldum um að orðmyndirnar *hötr* eða *dröttr* séu notaðar í rími. Ef kenningin sem hér um ræðir væri rétt gæti maður ímyndað sér að skáldið hefði verið hrætt við að nota þetta rím. „Hvað ef þetta stríðir einhvern veginn gegn hefðinni? Gæti verið að *höttur* sé eitt af þessum orðum sem má ekki nota í lok stýfðra vísuorða?“.

Hér hefur þeirri hugmynd verið hafnað að greinarmunur á /r/ og /ur/ í kveðskap fyrir siðaskipti grundvallist eingöngu á hefð. Þar með er alls ekki sagt að hefðir leiki ekkert hlutverk í notkun stoðhljóðsins í skáldskap. Það er til dæmis auðvelt að hugsa sér hefð sem er eitthvað á þessa leið:

Orð sem enda á /ur/ má nota í lok óstýfðra vísuorða og er þá /u/-ið ekki borið fram.

Þetta væri einföld regla að tileinka sér og auðvelt að læra hana af eldri kveðskap. En hefðarregla af þessu tagi útskýrir engan veginn hvernig gerður er greinarmunur á fornum og nýjum /ur/-endingum.

#### 8.11.4 *Baklæggar myndir?*

**Kenning um baklæggar myndir:** Í máli skáldanna var enginn framburðarmunur á orðum með fornar /r/-endingar og fornar /ur/-endingar svo að þör eins og *fögr-sögur* eða *góðr-bróður* mynduðu fullkomið rím í framburði. En reglur um það hvaða orð mætti hafa við lok vísuorða í kveðskap miðuðust ekki við yfirborðsgerðina heldur dýpri gerð í hljóðfræðilegri útleiðslu. Í þessari dýpri gerð var munur á orðum með fornu /r/ og fornu /ur/.<sup>48</sup>

Í generatífum lýsingum á nútímaíslensku hefur oftast en einu sinni verið gert ráð fyrir hljóðkerfisreglu sem býr til innskots-u á undan baklæggu #r# í bakstöðu. Samkvæmt þessari kenningu eru sumar /ur/-endingar í íslensku #ur# í baklægri gerð en aðrar #r# í baklægri gerð. Ef þetta væri rétt lýsing mætti hugsa sér að hún ætti einnig við fimmtánda aldar íslensku. Síðan mætti áfram hugsa sér að

---

<sup>48</sup> Fleiri en einn málfræðingur hefur nefnt þennan möguleika við mig en ég vil sérstaklega þakka Höskuldi Þráinssyni fyrir að setja hann skýrt fram og benda á ákveðinn galla við hann í bréfi til mín 7. febrúar 2012.



skáld á 15. öld hafi getað greint milli tvenns konar /ur/-endinga í djúperð og byggt á honum í kveðskap.

Við skulum nú líta á hvaða rök hníga að því að sum /ur/ séu ## í baklægri gerð. Eiríkur Rögnvaldsson hefur lagt til að helstu rökin megi sækja í hegðun tökuorða á borð við *bíll*, *móral*, *skandall* og *fónn*. Hann segir:

Stofn þeirra (sem kemur fram í þf. et.) er #bíl-#, #móral-#, #skandal-#, #fón-#, og samsvarar u.þ.b. þeim myndum sem þau hafa í málunum sem þau eru tekin úr. Þegar þessi orð eru tekin inn í málið aðlagast þau íslensku beygingakerfi, og eitt af því sem þau þurfa þá að gera er að fá endingu í nf. et. Í fljótu bragði mætti virðast að þar væri um þrjá möguleika að ræða: Í fyrsta lagi *-i*-endingu, þ.e. veika beygingu; og raunar hefur *skandall* stundum myndina *skandali*. Í öðru lagi mætti svo búast við að þessi orð gætu fengið *-ur*-endingu, sem er væntanlega algengasta ending í nf. et. kk.; og í þriðja lagi gætu þau fengið [dl/dn]-endingu eins og þau orð með sams konar stofngerð sem fyrir eru í málinu. Eins og við vitum er þetta það síðastnefnda það sem yfirleitt gerist, en *-ur*-ending kemur aldrei fyrir (nema þá hjá börnum sem ekki eru búin að ná fullkomnu valdi á málkerfinu). Hvernig á að skýra það að algengasta endingin skuli ekki koma fyrir? (Eiríkur Rögnvaldsson 1993:73)

Um dæmið skandall/skandali er rétt að hafa í huga að veikbeygða orðið virðist vera tekið úr dönsku (d. *skandale*) en sterkbeygða orðið úr ensku (e. *scandal*). Við leit á timarit.is finnst veika nefnifallsmyndin þegar 1905 en sterka myndin ekki fyrr en 1962 og þá í lýsingu á bandarískri kvikmynd. Eftir 1970 er sterka myndin mun algengari. Hér virðist því ekki um það að ræða að sami efniviður hafi fengið tvenns konar beygingu heldur að danska orðið hafi fallið að veikri beygingu en enska orðið að sterkri. Þetta er þó ekkert úrslitaatriði. Eiríkur heldur áfram:

Við skulum athuga að hljóðskipunarreglur málsins banna ekki að orð með þessa stofngerð fái *-ur*-endingu; það sýnir ft. kvenkynsorða eins og *mílur*, *trjónur* o.fl. Í þessum orðum er hins vegar engin ástæða til að gera ráð fyrir *u*-innskoti (a.m.k. ætti það sér ekki sögulega réttlætingu), svo að ekki virðist óeðlilegt að skýra þessa mismunandi hegðun endinganna með því að segja að í baklægri gerð sé *-ur*-endingin í nf. et. kk. ekki sama eðlis og *-ur* í nf. ft. kvk., þótt yfirborðsformið sé hið sama. (Eiríkur Rögnvaldsson 1993:73)

Athugum að hér er vísað til beygingarlegra þátta en hugmyndin er eigi að síður að um hrein hljóðkerfisleg fyrirbæri sé að ræða. Enn segir Eiríkur:

Athugum næst að sterk ending og veik virðast ekki útiloka hvor aðra; það sýna tvímyndir eins og *skandall* og *skandali*, *hólmur* og *hólmi* (og raunar einnig *halur* og *hali*; þótt merkingin sé þar mismunandi er stofngerðin sú sama, og sýnir það að bæði veik og sterk ending gengur á sama stofninn). Hins vegar virðist aðeins ein sterk ending koma fyrir á hverjum stofni. *-r*, *-ur* og [dl/dn] útiloka hver aðra. Það mætti hugsa sér að skýra það með því að þar væri í raun og veru um eina og sömu endinguna að ræða í baklægri gerð. (Eiríkur Rögnvaldsson 1993:73)

Hér er rétt að staldra við orðin *sterk beyging* og *veik beyging* sem hefð er fyrir að nota í beygingarlýsingum germanskra mála. Ég hygg að venjulega sé litið svo á að þetta séu flokkunarfræðileg orð sem ekki sé ætlað að vísa til neins sérstaks í málvitundinni. Hér virðist hins vegar lagt til að málnotandinn ætti að hafa tilfinningu fyrir því að sterkbeygð karlkynsorð eigi að eiga eitthvað sameiginlegt í nefnifalli eintölu og að hægt sé að gera grein fyrir þessu með hljóðkerfislegum reglum. Ekki er að sama skapi lagt til að það sé eitthvað hljóðkerfislegt sem gerir það að verkum að sterkbeygða orðið *fugl* endi á *-i* í þágufalli eintölu en sterkbeygða orðið *stóll* geri það ekki. Né heldur er hér lögð til hljóðkerfisleg lausn á því að sterkbeygða orðið *vinur* endi á *-ar* í eignarfalli eintölu en sterkbeygða orðið *dynur* endi á *-s* í sama falli. Það sem Eiríkur leggur hér til grundvallar er því alls ekki að orð sem taka sterkri beygingu eigi að hafa sömu baklægu endingar í öllum föllum.

Almenna hugmyndin sem að baki liggur er að þegar beygingarendingar sem hafa sömu merkingu eru í fyllidreifingu sem ræðst af hljóðfræðilegu umhverfi sé mögulegt að þær séu dregnar af sömu endingu í baklægu gerð. Þessi almenna hugmynd er til dæmis notuð til að rökstyðja að fleirtöluendingar ensku orðanna *cat* og *dog* séu eins í baklægri gerð þótt yfirborðsgerðin sé mismunandi ([s] og [z]). Gefum nú Eiríki aftur orðið. Hann skoðar hugsanlega afleiðslu fjögurra orða sé gert ráð fyrir því sem á undan var lýst:

baklæg gerð	#bíl-r#	#fón-r#	#sal-r#	#vin-r#
samlögun	#bíl-l#	#fón-n#	- - -	- - -
frálíking	#bíd-l#	#fód-n#	- - -	- - -
<i>u</i> -innskot	- - -	- - -	#sal-ur#	#vin-ur#
yfirborðsgerð	[bidl]	[foudn]	[sa:lYr]	[vI:nYr]

(Eiríkur Rögnvaldsson 1993:74)

Frá sögulegu sjónarmiði virkaði samlögunarreglan sem hér er gert ráð fyrir aðeins þegar langt sérhljóð kom á undan samhljóðaklösunum. Til að hún geti virkað frá samtímalegu sjónarmiði verður þá ekki betur séð en að afkomendur

fornra langra og stuttra sérhljóði þurfi enn að falla á eðlilegan hátt í tvo flokka. Eiríkur Rögnvaldsson telur að fornu löngu hljóðin hafi sameiginlegan þáttinn [+þan] en fornu stuttu hljóðin hafi [-þan] (Eiríkur Rögnvaldsson 1993:76).

Nú er rétt að nefna aðra möguleika til að skýra gögnin sem kynnt hafa verið. Það er vissulega rétt að ákveðinn regluleiki birtist í dreifingu nefnifallsendinga sterkbeygðra nafnorða. En í stað þess að hugsa sér að hann skýrist af samtímalegum hljóðkerfisreglum má telja að hann eigi sér sögulegar skýringar. Upphaflega höfðu orðin sem um ræðir vissulega sömu nefnifallsendingu en síðan urðu ýmsar sögulegar hljóðbreytingar og sú sameiginlega ending er löngu fallin í gleyskunnar dá. Þau rök sem Eiríkur Rögnvaldsson færir gegn þessari túlkun er að ný tökuorð falla að hinu forna mynstri og við fáum *bíll* en ekki \**bílur*. Þetta er rétt en þarf ekki að skýra með virkum hljóðkerfisreglum. Í staðinn má álíta að málnotendur móti beygingu tökuorða eftir líkum orðum sem fyrir eru í málinu. Þannig er *bíll* beygt eins og *fill*, *tónn* eins og *prjónn* og svo framvegis. Kosturinn við þessa skýringu er að við þurfum hvort sem er að gera ráð fyrir henni til að skýra mynstur sem greinilega er ekki hægt að skýra með hljóðkerfislegri djúpgærd. Tökuorðin *grafík*, *lýrik*, *pólitík*, *lógík*, *músík*, *dramatík*, *epík* og *traffík* taka öll eignarfallsendinguna –ur í eintölu. Hvers vegna kemur endingin –ar aldrei fyrir í þessum orðum þótt hún sé útbreiddari og algengari meðal veikbeygðra kvenkynsorða? Skýringin er einfaldlega að fyrir í málinu eru kvenkynsnafnorð sem enda á –ur í eignarfalli og –ík í öðrum föllum (*vík*, *tík*, *brík*, *flík*) og málnotendur hafa fellt tökuorðin að því mynstri.<sup>49</sup> Hér er enginn kostur á baklægri skýringu og engin nauðsyn á henni heldur. Að sama skapi er engin nauðsyn til að skýra endingar tökuorða eins og *bíll* eða *fónn* með hljóðkerfisreglum og baklægum myndum.

Víkjum þá aftur að baklægju skýringunni. Enn hefur ekki verið útskýrt hvers vegna málnotendur ættu að gera ráð fyrir #-r# í baklægri gærd. Hugmyndin er að sú ending sé sótt í sterkbeygd karlkynsorð eins og *mór* sem hafa nefnifall-

---

<sup>49</sup> Þegar 1651 bendir Runólfur Jónsson á það mynstur að kvenkynsorð sem enda á –ík eða –eik í nf. et. endi á –ur í nf. ft. (Guðrún Kvaran 1993:132). Um samband stofngærdar og beygingar er rækilega fjallað hjá Margréti Jónsdóttur (1988-1989b, 1993) og Eiríki Rögnvaldssyni (1990, 2001). Margrét Guðmundsdóttir (2008:44-47) ræðir atriði af þessu tagi frá sjónarhóli málkunnáttu og máltöku. Það er einmitt mikilvægt að gera sér grein fyrir að þessar reglur móta beygingu nýrra orða. Þegar ég spyr fólk, „hér er ein lítill *strík* og margar litlar?“ fæ ég svarið *stríkur*. Þegar ég spyr, „hér er ein lítill *staug* og margar litlar?“ fæ ég svarið *staugar* (sbr. *laug*, *flaug* og *taug*). Reglur af þessu tagi eru sem sagt frjóar og hluti af málvitundinni en þær eru ekki hljóðkerfisreglur í skilningi reglumálfræðinnar. Gunnar Ólafur Hansson 1999 tekur fyrir mjög athyglisvert vandamál af þessu tagi.

sendinguna –r í yfirborðsgerð. Til þess að kenningin gangi upp er nauðsynlegt að sama stofngerð fái alltaf sömu endinguna. En eins og Orešnik (1978:167) bendir á er misbrestur á þessu. Karlkynsorðin *skór* og *skógur* eru eins í nefnifalli nema hvað annað hefur r-endingu og hitt hefur ur-endingu. Eiríkur Rögnvaldsson (1981:38) leggur til þá lausn á þessu vandamáli að *skógur* og *skór* hafi mismunandi stofna í baklægri gerð. Stofninn í *skógur* endar þá á /ʏ/ sem fellur brott úr yfirborðsgerð nefnifallsins og kemur þá reyndar ekki fram sem slíkt í neinni beygingarmynd orðsins. Deilt hefur verið um hvort svo hlutfirrtar lausnir séu líklegar til að endurspegla málkunnáttuna en Eiríkur nefnir reyndar að eitthvað kunni að eima eftir af raddaða önghljóðinu í framburði. Ef til vill myndi þá hljóðarunan sem stafsett er *ógu* í *skógur* vera borin fram öðruvísi en sú sem stafsett er *óu* í *flóuð* en það get ég raunar ekki heyrt á eigin framburði.

Setjum sem svo að komast megi framhjá þeim erfiðleikum sem hingað til hafa verið nefndir. Enn eru þó fleiri ljón í veginum. Ef sterkbeygð karlkynsorð hafa öll sömu endingu í baklægri gerð nefnifalls eintölu, hvers vegna eru sum þeirra þá endingarlaus á yfirborðinu? Eiríkur skýrir endingarleysi orða með stofn sem endar á *r* eða *s* með reglu sem fellir út *r* á eftir þessum hljóðum (Eiríkur Rögnvaldsson 1993:74–75). Hann gefur í skyn að einhver hliðstæð regla skýri endingarleysi orða eins og *fugl*, *vagn*, *stafn* og *gafn* (Eiríkur Rögnvaldsson 1993:76–77). En þá á enn eftir að skýra hvers vegna tökuorð eru stundum endingarlaus í nefnifalli eintölu þótt þau hafi enga þeirra stofngerða sem nefndar hafa verið. Hvers vegna segjum við *stúdent* en ekki *\*stúdentur* og *Jón* en ekki *\*Jónn*?

Orðið *hvoll* er síðan enn eitt vandamál fyrir djúpu hljóðkerfisskýringuna. Sérhljóðið í stofninum er [-þan] en samt fáum við [dl]-endingu í nefnifalli. Sögulega skýringin er að til forna var sérhljóðið langt og orðið var *hváll*. En ef hljóðkerfisskýringin væri rétt mætti ætla að beygingin hefði sjálfkrafa breyst þegar sérhljóðið breyttist og orðið fengið sömu beygingu og *bolur* og *Kolur*. Ef við héldum fast við djúpu skýringuna yrðum við að túlka þetta þannig að orðið *hvoll* beygist í rauninni ekki eins og *bíll* heldur sé það eindæmaorð með óreglulega beygingu. Það væri þá hljóðbeygingarregla sem gæfi nefnifallið [dl] í *hvoll* en hljóðkerfisreglur sem gefa nefnifallið [dl] í *bíll*. Ekki er heldur ljóst hvernig skýra ætti nefnifall lýsingarorðanna *klénn* og *penn* en væntanlega verður þar einnig að gera ráð fyrir óreglulegri beygingu.<sup>50</sup>

<sup>50</sup> Margrét Jónsdóttir (1988-1989a:50) segir að erfitt sé að skýra hvers vegna íslenska hefur *penn* en ekki *\*penur*. En skýringin er á þessa leið: Þegar tökuorðið *klénn* kom inn í málið á

Enn má spyrja hversu líklegt það sé að málnotandinn ákvarði að orðmyndirnar sem um ræðir hafi –r í baklægri gerð út frá þeim tiltölulega fáu orðum sem hafa –r í yfirborðsgerð. Það verður ekki séð að beygingardæmið *mór-mó* standi sérstaklega föstum fótum í málinu. Þegar á 14. öld eru mörg dæmi um að –r sé komið inn í stofninn. Til sýnis má benda á nokkur dæmi úr miðaldarímum:

Margur trúði á **málma Freyr**  
milding galdra lista,  
sér vænti hvern er af vópnum deyr,  
Valhöll muni þeir gista. (*Völsungs rímur* I.20; *Rs* I:314)

Beit þá ekki á **bauga Týr**  
bitra gýgur spanga  
Vilmund hamri að halnum snýr  
höggið skall við vanga. (*Vilmundar rímur* IX.25; Ólafur Halldórsson 1975:110)

Sé eg minn bundinn Beislu **þeyr**  
böls við harminn stinna  
má því engi málma Freyr  
mér til náða vinna. (*Hjálmþérs rímur* XI.25; *Rs* II:76)

Ríður framm á **rauðum jór**  
rykkir sverði löngu  
hans var eigi harmrinn sljór  
og hrökk í stáli öngu. (*Bærings rímur* IX.16; *Uppskriftir*)

Látum þetta þá duga um nefnifallsendingu karlkynsorða og hugsum okkur að hægt sé að komast fram hjá öllum þeim vandamálum sem nefnd hafa verið og leiða sterk rök að því að þessi ending sé #r# í baklægri gerð. Hugsum okkur einnig að málið hafi verið eins að þessu leyti á 15. öld og að skáldin hefðu getað haft aðgang að þessari baklægu gerð. Væri þetta nóg til að skýra greinarmun á fornu /r/ og fornu /ur/ í kveðskap frá síðmiðöldum? Alls ekki. Við þyrftum einnig að sýna fram á að allar aðrar nýjar /ur/-endingar séu einnig #r# í baklægri gerð. Það gæti orðið erfitt eins og kafli 8.2.1 ber með sér. Sumt gæti að vísu gengið upp. Til dæmis hefur sagnbeygingin skyldar myndir eins og *bý-býr* við hliðina á myndum eins og *flýt-flýtur*. Af slíkum hliðstæðum væri hægt að

---

14. öld hafði það langt sérhljóð og reglan sem úthlutaði endingu nefnifallsins miðaðist þá enn við sérhljóðalengd. Þegar tökuorðið *penn* kom inn í málið á 19. öld miðaðist reglan um endingarnar ekki lengur við sérhljóðalengd eða neinn tiltekinn annan þátt eins og [+þan] heldur við myndir orða sem fyrir voru í málinu. Þar með fékk *penn* sömu endingu og *klénn* enda hafa orðin sama sérhljóð í nútímamáli.

ímynda sér að málvitundin drægi þá ályktun að hér væri sama ending í baklægri gerð.

Margt er þó miklu erfiðara. Hvernig ætti málnotandinn til dæmis að draga þá ályktun að orðmyndirnar *tveimur* og *þrimur* séu #tvei-mr# og #þri-mr# í baklægri gerð?

Skaut úr landi skeiðum **þrimr**  
skerðir nöðru fitja;  
milding hugðist mælsku-fimr  
mágs og dóttur vitja. (*Völsungs rímur* IV.2; *Rs* I:332)

Það eru engin orð sem hafa –mr sem yfirborðsendingu þágufalls fleirtölu og vandséð hvaða ástæður málnotandinn gæti hugsanlega haft til að álykta um hana. Helsta vonin væri e.t.v. að hugsa sér að málnotandinn dragi þá almennu ályktun að /ur/-ending í yfirborðsgerð sé #r# í baklægri gerð nema sérstök ástæða sé til að áætla annað. Þessi sérstaka ástæða væri væntanlega u-hljóðvarp.<sup>51</sup> Það yrði mjög flókið mál að koma þessu heim og saman og aldrei held ég að það yrði sannfærandi. En til að gera langa sögu stutta myndi jafnvel þetta ekki duga til að útskýra aðgreiningu forns og nýs /ur/ í kveðskapnum. Allar beygingarlegar upplýsingar málkerfisins og öll a/ö-víxl sem þar eru myndu ekki duga til að greina á milli orðsins *Lóður* og orða eins og *heiður*. Beygingin er alveg eins á yfirborðinu og vandséð hvernig málnotandinn gæti þá gert ráð fyrir mismunandi endingum í baklægri gerð. Þó eru þessi orð meðhöndluð á mismunandi hátt í kveðskapnum.

Loks má spyrja: Ef munurinn á baklægu /r/ og /ur/ var aðgengilegur skáldunum á fimmtánda öld, hvers vegna er hann ekki aðgengilegur okkur sem nú lifum? Enginn nútímamaður getur svarað því út frá máltilfinningu hvaða /ur/-endingar eru #ur# í baklægri gerð og hverjar eru #r# í (meintri) baklægri gerð. Til þess að svara slíkum spurningum þarf formlega menntun í málfræði. En ef kenningin sem hér hefur verið lögð til væri rétt gátu öll skáld á 15. öld svarað spurningum af þessu tagi í verki. Hvað var það þá sem breyttist á 16. öld? Við því hef ég ekkert svar. Mér þykir því ljóst að kenningin um #r# í baklægri gerð nái ekki að skýra greinarmun á fornu /ur/ og /r/ í skáldskap fyrir 1500.

---

<sup>51</sup> Ég hef annars staðar rökstutt að u-hljóðvarp í íslensku sé beygingarlegt fyrirbæri fremur en hljóðkerfislegt (Haukur Þorgeirsson 2012b). Sjá einnig ítarlega umfjöllun hjá Jóni Símoni Markússyni 2012.

Nú hefur verið litið á kenningar þess efnis að enginn framburðarmunur hafi verið á orðum með fornar /r/-endingar og fornar /ur/-endingar. Allar virðast þessar hugmyndir mjög ósennilegar. Er þá nærtækt að álykta að í rauninni hafi verið einhver framburðarmunur á orðunum og verður nú litið á slíkar kenningar.

### 8.11.5 Atkvæðisbært *r*

**Kenning um atkvæðisbært *r*:** Í máli skáldanna var framburðarmunur á orðum með fornar /r/-endingar og fornar /ur/-endingar svo að þör eins og *fögr-sögur* eða *góðr-bróður* mynduðu ekki fullkomið rím í framburði. Munurinn fólst í því að seinna atkvæðið í orðum með fornu /r/ var atkvæðisbært *r* [r]. Í kveðskapnum var hefð fyrir því að bera þetta *r* ekki fram atkvæðisbært í lok vísuorða eða að minnsta kosti að túlka það ekki sem atkvæðisbært. Það var einnig óatkvæðisbært í framburði í skáldskap þegar sérhljóð kom á eftir. Á 16. öld varð hljóðbreyting þar sem *r* breyttist í *ur* og þar með hverfur greinarmunurinn úr skáldskapnum.

Þessa kenningu hafa áður sett fram Klaus Johan Myrvoll og Trygve Skomedal. Þeir segja:

Men her ligg det nærare å tolka varianten *-ur* for eldre *-r* som syllabisk *-r* og at det er grunnen til at han ikkje rimar på gamal *-ur*. Diktet „Ljómur“ av biskop Jón Arason frå tidleg på 1500-talet tek til med lina: *Hæstur heilagrandi* (Jón Helgason 1936: 122). Her tel den gamle endingi *-r* som staving fyre konsonant, men ikkje fyre vokal, og soleis er det gjennom heile diktet. Det ser ut som syllabisk og asyllabisk variant av /r/. (Myrvoll og Skomedal 2010:72)

Norsku fræðimennirnir hafa hér áttað sig á sama atriði og Ernst A. Kock og Ólafur Halldórsson áður (sbr. kafla 8.6.2 og 8.7.1). Það er vel þekkt fyrirbæri, meðal annars úr indóevrópskum málum, að sama hljóðanið getur verið ýmist atkvæðisbært eða óatkvæðisbært eftir því hvort á eftir fer sérhljóð eða samhljóð. Ef við hugsuðum okkur að þetta gildi í Ormars rímum gætum við skrifað tvö vísuorð svona:

- I.16.3 fremdar örr og **frægr** um mart
- I.19.3 því bar **frægr** flesta mennt

Hér er orðið *frægr* í báðum tilfellum með sömu hljóðönum en hljóðaumhverfið ræður því að /r/ kemur fram sem [r] í fyrra tilfellinu en [r̥] í seinna tilfellinu.

Til að þessi kenning gangi upp hljótum við að gera ráð fyrir að niðurlags-*r* hafi ekki verið atkvæðisbært fyrir 1300 (sbr. kafla 8.4) en þá hafi orðið hljóðbreyting sem jók atkvæði við orð eins og *fiskr* og *fögr*. Veikleikar þessarar kenningar eru einkum tveir:

Ef breytingin á fjórtánu öld fól ekki í sér að stoðhljóð bættist við í niðurlagi orða, hvers vegna er þá slíkt hljóð táknað í stafsetningunni? Hvers vegna taka menn að stafsetja niðurlag orða eins og *góðr* og *bróður* á sama hátt? Hvers vegna verður <ur> fyrir valinu til þess að tákna *r*? Hefði ekki verið eðlilegra að halda stafsetningunni óbreyttri? Er það tóm tilviljun að /r/ skuli seinna renna saman við /ur/?

Ef þessi kenning væri rétt má lýsa þróun mála með þessum hætti:

	fyrir 1300	u.þ.b. 1300–1550	eftir 1550
/r/	/r/ táknað <r>	/r/ táknað <r> eða <ur>	/ur/ táknað <ur>
/ur/	/ur/ táknað <ur>	/ur/ táknað <r> eða <ur>	/ur/ táknað <ur>

Þetta virðist ekki ganga vel upp. Einhverja skýringu vantar á því hvers vegna /r/ er skrifað <ur> löngu áður en það rennur saman við /ur/.

Loks má benda á að orðmyndir eins og *seggrinn* og *lýðrinn* virðast vera tvö atkvæði í rímnakveðskap (sbr. kafla 8.7.1) og er það í samræmi við hugmyndina um atkvæðisbært /r/. En hvers vegna eru þær þá ritaðar eins og þær séu þríkvæðar (t.d. <segguen> og <lyduren>) í Kollsbókartexta Ormars rímna)?

### 8.11.6 Tvenns konar *u*

**Kenning um tvenns konar *u*:** Í máli skáldanna var framburðarmunur á orðum með fornar /r/-endingar og fornar /ur/-endingar svo að þör eins og *fögr-sögur* eða *góðr-bróður* mynduðu ekki fullkomið rím í framburði. Munurinn fólst í því að sérhljóðið í endingunni var mismunandi, til dæmis má hugsa sér að nýja sérhljóðið hafi verið [ə]. Í kveðskapnum var hefð fyrir því að [ə] væri ekki borið fram, eða að minnsta kosti ekki túlkað sem atkvæðisbært, í lok vísuorða. Því var einnig sleppt í framburði þegar sérhljóð kom á eftir *r*-inu. Á 16. öld rann [ə] saman við gamla *u*-ið og þar með hverfur greinarmunurinn úr kveðskapnum.<sup>52</sup>

Þessi kenning lendir í svipuðum vandræðum og sú á undan. Hér þurfum við aftur að gera ráð fyrir að /r/ og /ur/ renni saman í stafsetningu löngu áður en þau

<sup>52</sup> Ég þakka Bjarka Karlssyni fyrir að verja þessa kenningu í samtali við mig.



renna saman í framburði. Hvers vegna var nýja sérhljóðið jafnan skrifað á sama hátt og /u/? Hefði ekki mátt búast við einhverju flökki í stafsetningunni? Einhver skrifari hefði aukinheldur getað tekið upp á því að aðgreina hljóðin – t.d. þannig að <o> sé notað fyrir nýja hljóðið en <u> áfram fyrir það gamla. Þess finnast engin merki í varðveittum handritum. Við yrðum þá að segja sem svo að nýja sérhljóðið hafi í huga málnotenda greinilega mest líkst þeim hljóðum sem þegar voru táknud með <u>, þ.e.a.s. /u/ og /ú/, en þó ekki fallið saman við /u/ fyrr en seinna.

Ég sé ekkert sem útilokar að þessi kenning geti verið rétt. Það verður þó vart sagt að hún hafi á sér mjög sennilegan eða eðlilegan blæ.

### 8.11.7 Breytilegur framburður

**Kenning um breytilegan framburð:** Í máli skáldanna var stundum framburðarmunur á orðum með fornar /r/-endingar og fornar /ur/-endingar svo að þör eins og *fögr-sögur* eða *góðr-bróður* mynduðu ekki alltaf fullkomið rím í framburði. Munurinn fólst í því að orð eins og *góðr* voru stundum borin fram með /ur/-endingu og stundum með /r/-endingu. Orð eins og *bróður* voru hins vegar alltaf borin fram með /ur/-endingu.

Nú er það vissulega til, og raunar ekki óalgengt, að orð séu borin fram ýmist með tilteknu hljóðani eða án þess og að til séu sams konar orð þar sem þetta sama hljóðan er skyldubundið. Til dæmis má taka framburð eftirfarandi orðmynda í máli höfundar (sbr. einnig Kristján Árnason 2000b:89):

farnir	alltaf með [r]
barnið	ýmist með [r] eða án <sup>53</sup>
þornið	aldrei með [r] <sup>54</sup>

Einnig má nefna /h/-ið í fornöfnunum *hún* og *hann*:

Ég sá'ana á ballinu í gær.  
Ég sá hana á ballinu í gær.

<sup>53</sup> Vera kann að *r*-afbrigðið af *barn* sé upphaflega ofvöndun eða stafsetningarframburður en ég hygg að ég noti það núna nokkurn veginn jöfnum höndum við *r*-lausa afbrigðið án þess að sérstök tilgerð komi til.

<sup>54</sup> Ég man að ég var hissa þegar ég sá þetta orð fyrst stafsett *þorn* einhvern tíma á unglingsárum. Áður hafði ég aðeins séð það, svo ég tæki eftir, stafsett *þ* og aldrei hugleitt að það gæti haft *r* í framburði. Þó býður íslensk stafsetning varla upp á neina aðra leið til að stafsetja þetta orð ef það er skrifað fullum stöfum.

Fyrri setningin er það sem almennt væri sagt en seinni setningin er eðlilegt mál ef sérstök áhersla er á fornafninu. Til samanburðar má skoða þessar setningar:

Ég sá hana og hænu í gær.

\*Ég sá'ana og hænu í gær.

Hér verðum við að hafa /h/, hvort sem áhersla er á orðinu eða ekki. Seinni setningin er ótæk.

Er hugsanlegt að ending orða eins og *góðr* eða *þrimr* hafi hagað sér á þennan hátt og ýmist verið borin fram með /u/ eða án? Hvernig hefur þá dreifingin verið? Fyrst má hugsa sér að /ur/ og /r/ hafi verið í frjálsri dreifingu eins og framburðarafbrigðin af *barn*. Þetta þykir mér mjög ólíklegt enda má þá lítið út af bregða í máltökunni til að endingin ruglist ekki saman við það /ur/ sem alltaf er /ur/. Líklegra væri að dreifingin væri skilyrt við einhverjar hljóðkerfislegar aðstæður, eins og /hana/ og /ana/ að ofan. Hverjar ættu þær hljóðkerfislegu aðstæður að vera? Væntanlega einhverjar í líkingu við þær sem við sjáum í kveðskapnum – að /u/ komi fyrir ef næsta orð hefst á sérhljóði en annars ekki. Menn hefðu þá sagt:

Hann var þá **móðr** og lúinn.

Hann stóð þá **móður** við steininn.

En orð með fornu /ur/ hefðu verið meðhöndluð öðruvísi:

Þar voru **konur** og karlar.

Þar voru **konur** með börn.

Þetta er sú hegðun sem virðist ríkja inni í vísuorðum og hún er hliðstæð við það hvernig orð sem enda á sérhljóða koma fram (sbr. kafla 7.6.3). Orðin með sérhljóðunum haga sér á sama hátt í mæltu máli nú á dögum og hafa eflaust einnig gert það þá. Væri þá ekki út í hött að telja að orðin sem enda á –(u)r hafi haft sama eiginleika.

Þessi skýring á aðgreiningu tvenns konar ur-endinga virðist vænlegri en þær sem lýst er í köflunum á undan. Enn eru þó varla öll kurl komin til grafar. Hvers vegna hafa 15. aldar rit stafsetningarmyndir eins og <lyduren> og hvers vegna er sú orðmynd þríkvæð í nútímamáli? Í kveðskapnum er svo að sjá að *lýðrinn* sé tvíkvæð orðmynd og væri það hljóðkerfislega eðlilegt. Má þá draga í efa að það sem virðist hljóðkerfislega eðlilegt í kveðskapnum endurspegli hér hið talaða mál.

Það er ekki síður óvænt að orðmyndir eins og *góð(u)r* skuli vera einkvæðar í lok vísuorða en þar væri hljóðkerfislega eðlilegt að stoðhljóðið kæmi fram. Eiga þessar orðmyndir eitthvað sameiginlegt með einkvæðum orðmyndum frá samtímalegu sjónarmiði?

Enn virðist því ástæða til að leita frekari skýringa á hegðun stoðhljóðsorðanna.

### 8.11.8 Tónkvæði

Stungið hefur verið upp á því að íslenska hafi haft aðgreinandi tónkvæði og að með því hafi mátt greina í sundur orð eins og *móðr* og *móður* eftir að endingar þeirra féllu saman. Um þessa hugmynd er svo margt að segja að fjallað er um hana í sérstökum yfirkafla, kafla 9.

## 8.12 Niðurstöður og samantekt

Fyrir 1300 hafði íslenska /r/-endingu á eftir samhljóði í mörgum myndum ýmissa beygingarmynstra. Vitnisburður kveðskapar og mállýsinga bendir eindregið til að þessi ending hafi verið óatkvæðisbær. Línuskiptingar í handritum virðast ekki mæla á móti þessu. Hér verður því talið að endingin hafi sannarlega verið óatkvæðisbær.

Um 1300 gerist tvennt í einu:

- a) Endingarnar /ur/ og /r/ taka að ruglast saman í stafsetningu.
- b) Endingin /r/ verður atkvæðisbær í kveðskap.

Eðlilegasta túlkunin á þessum staðreyndum er að stoðhljóð hafi skotist inn í /r/-endinguna og hún þar með fallið saman við /ur/-endinguna. Það sem flækir málið hins vegar er að orðmyndir eins og *góðr* verða aðeins atkvæðisbærar inni í vísuorðum og varla nema að eftirfarandi orð beri áherslu eða hefjist á samhljóði. Orðmyndir eins og *móður* (aukaföll af *móðir*) eru hins vegar tvíkvæðar eins og að fornu.

Textasafnið er svo stórt að útilokað er að greinarmunur orða með fornu /r/ og fornu /ur/ skýrist af tilviljun. Lagt hefur verið til að greinarmunurinn skýrist af mállýskumun, hefð eða baklægum gerðum. Enginn þessara möguleika virðist ganga upp. Niðurstaðan er þá að einhver munur hafi verið í framburði á orðum með fornu /r/ og fornu /ur/. Sá möguleiki er skoðaður að endingarnar sjálfar hafi

haft mismunandi framburð þótt þær hafi fallið saman í stafsetningu. Þetta kemur til greina en engin skýring af þessu tagi virðist þó mjög sannfærandi. Í næsta kafla er þetta mál skoðað áfram og þá með hliðsjón af tónkvæði.

Í kringum siðaskiptin virðist munur á orðum með fornt /r/ og fornt /ur/ hverfa að öllu eða mestu leyti úr skáldskapnum. Hér er talið að þetta endurspegli breytingu í málinu þannig að ekki sé framar neinn framburðarmunur á orðum eins og *móðr* og *móður*. Á 17. öld er líklegast að málið sé að þessu leyti orðið eins og það er nú. Enn er þó hefð fyrir því í skáldskap að orð sem enda á /ur/ geti staðið í stýfðum vísuorðum eins og /u/ sé ekki borið fram. Skiptir þá ekki máli hvort endingin er komin af fornu /r/ eða fornu /ur/. Þessi hefð fjarar smám saman út og er horfin að kalla um 1800.<sup>55</sup>

---

<sup>55</sup> Heimir Pálsson (2008:52) nefnir, eftir ábendingu frá Stefáni Karlssyni, að á rímnalagaplötu nokkurri (*Íslenzkur arfur söngva: Íslenzk rímnalög* 1971) séu vísur eftir Jón Arason sungnar með stoðhljóðslausu lagi. Ég hef hlustað á þessa upptöku og vissulega virðist kvæðamaðurinn, Símon Jóh. Ágústsson (1904–1976), stundum sleppa stoðhljóði í rímorðunum. Skynja ég þá *r*-ið sem atkvæðisbært. Ég veit þó ekki hvort þetta er beinlínis forn arfur eða kannski fremur tilraun lærðs manns (Símon var prófessor við Heimspekideild) til að taka tillit til eldra málstigs.

## 9. Tónkvæði

### 9.1 Inngangur

Í þessum kafla heldur þráðurinn úr stoðhljóðsumfjölluninni áfram. Rökstutt er að skýra megi hegðun stoðhljóðsins með því að íslenska fyrri alda hafi haft aðgreinandi tónkvæði líkt því sem er í norsku og sænsku. Með þessu má einnig skýra fleiri kveðskaparfyrirbæri.

### 9.2 Norrænt tónkvæði og dreifing þess

Í flestum norskum og sænskum mállýskum er gerður greinarmunur á tvenns konar tónkvæði eða orðtónum, fyrra og seinna tónkvæði. Umdeilt er hvort annað þessara fyrirbæra sé merkt í orðasafni og þá hvort (Wetterlin 2010, Riad 2009). Í dönsku er samsvarandi munur á orðum með og án raddglufuprengingar (*stød*). Yfirleitt er talið að danska raddglufuprengingin hafi þróast úr aðgreinandi tónkvæði en aðrar skoðanir hafa þó einnig verið settar fram (Lieberman 1976, 1982; Lorentz 2002).

Mikið hefur verið rætt og deilt um upphaf aðgreinandi tónkvæðis í norrænum málum og er sú deila ekki útkljáð enn (Kock 1901; Oftedal 1952; Öhman 1967; Elstad 1980; D’Alquen og Brown 1992; Riad 1998, 2000a, 2000b, 2003, 2005; Lorentz 2002; Bye 2004). Eitt umdeilt atriði er hvenær tónkvæði varð aðgreinandi hluti af hljóðkerfinu. Sú skoðun hefur lengi notið mestrar hylli að þetta hafi gerst seint á víkingaöld eða jafnvel enn síðar (um 1000–1300) en aðrir hafa gert því skóna að þetta gerist þegar á frumnorrænum tíma. Tengt vandamál sem einnig hefur verið umdeilt er hvort aðgreinandi tónkvæði hafi horfið í íslensku og færeysku eða hvort það hafi aldrei fyrirfundist í þeim málum.

Í grundvallaratriðum dreifast tónkvæði og raddglufuprenging á hátt sem er fyrirsegjanlegur út frá atkvæðafjölda í norrænu. Tvíkvæð orð í norrænu hafa afkomendur með seinna tónkvæði í sænsku og norsku og án raddglufuprengingar í dönsku. Nokkur dæmi:

norræna *brunnit*  
sænska *brunnit* (seinna tónkvæði)  
nýnorska *brunne* (seinna tónkvæði)  
danska *brundet* (án raddglufuprengingar)

norræna *tunga*  
sænska *tunga* (seinna tónkvæði)  
nýnorska *tunge* (seinna tónkvæði)  
danska *tunge* (án raddglufuprengingar)

norræna *hundarnir* (*hundar+nir*)  
nýnorska *hundane* (seinna tónkvæði)  
sænska *hundarna* (seinna tónkvæði)  
danska *hundene* (án raddglufuprengingar)

Ýmis orð sem voru einkvæð í norrænu hafa eignast tvíkvæða afkomendur í yngri málunum með tilkomu stoðhljóðs. Þessi orð hafa fyrri tónkvæði í sænsku og norsku og raddglufuprengingu í dönsku.

norræna *fingr*  
nýnorska *finger* (fyrri tónkvæði)  
sænska *finger* (fyrri tónkvæði)  
danska *finger* (með raddglufuprengingu)

norræna *vápn*  
nýnorska *våpen* (fyrri tónkvæði)  
sænska *vapen* (fyrri tónkvæði)  
danska *våben* (með raddglufuprengingu)

Orð sem voru tvíkvæð í norrænu hafa þó afkomendur með fyrri tónkvæði og raddglufuprengingu ef seinna atkvæðið var ákveðinn greinir:

norræna *hundinn* (*hund+inn*)  
nýnorska *hunden* (fyrri tónkvæði)  
sænska *hunden* (fyrri tónkvæði)  
danska *hunden* (með raddglufuprengingu)

Til eru ýmis lágmarkspör þar sem mismunandi tónkvæði er hið eina sem greinir á milli tveggja orðmynda. Til dæmis má sýna eftirfarandi lágmarkspar úr sænsku:

<sup>1</sup>*anden* = *öndin* (*önd+in*)  
<sup>2</sup>*anden* = *andinn* (*andi+nn*)

Hér er tónkvæði sýnt með tölustaf fyrir framan orðmynd. Bæði orðin eru með greini en á norrænu málstigi var fyrri orðið einkvætt án greinis, og fær þá fyrri tónkvæði, en síðara orðið var tvíkvætt án greinis, og fær þá seinna tónkvæði.

Til að skýra þessa samsvörun dreifingar og atkvæðafjölda er greinilegt að tónkvæði hlýtur að eiga uppruna sinn í þáttum sem voru til staðar snemma á síðasta árþúsundi. Stoðhljóð kom upp í orðum eins og *fingr* þegar á þrettánda öld og yngri en það getur aðgreiningin ekki verið. Viðskeyttur greinir er venjulegur hluti af norrænum málum í elstu rituðum heimildum og hefur ef til vill orðið það mun fyrr (Barnes 2005:178–179).

Enginn skynsamlegur efi getur leikið á því að í fornorsku var einhvers konar aðgreining í málinu, sennilega yfirsneiðarleg, sem á sér afkomendur í mismunandi tónkvæði í nútímanorsku. Aðgreiningin nær að minnsta kosti aftur til þrettánda aldar og sennilega lengra aftur í tímann. Það er þó vissulega galli að eiga ekki beinar heimildir um tónkvæði að fornu og deila má um hversu rétta og skýra mynd við fáum af því með ályktunum byggðum á máli allra síðustu alda. Efahyggjumaður gæti til dæmis bent á að norræna hafði mun fleiri beygingar en nútímamálin á meginlandinu. Getum við verið viss um að dreifingarreglan um einkvæð og fleirkvæð orð hafi náð yfir beygingarmyndir sem ekki eru lengur til og því ekki heimildir um?

Gegn þessari mótbáru má benda á að til eru norskar og sænskar mállýskur sem hafa varðveitt nokkru meira af beygingarkerfinu en stöðluðu málin og þar sem athugunum verður við komið styðja þær þessa dreifingarreglu. Til dæmis má nefna málfæri Uppdals í Noregi þar sem greinarmunur þekkist á nefnifalli og þágufalli ákveðins forms með eftirfaranda hætti:

<sup>1</sup>/h̥a:se/ < *húsit* (*hús+it*)

<sup>2</sup>/h̥a:se/ < *húsinu* (*húsi+(i)nu*)

Þróun tónkvæðisins er hér hljóðrétt. Í flestum mállýskum er greinarmunur þessara tveggja mynda horfinn einfaldlega vegna þess að þágufall er horfið sem beygingarformdeild (Enger 2013:12).

### 9.3 Þriðja málfraeðiritgerðin

Nýlega hafa Klaus Johan Myrvoll og Trygve Skomedal (2010) rökstutt að forníslenska hafi haft aðgreinandi tónkvæði með sama hætti og fornorska og að þessi aðgreining hafi skipt máli í skáldskap. Til vitnis um þetta er *Þriðja málfraeðiritgerðin* eftir Ólaf Þórðarson (um 1210–1259). Í þessari ritsmíð er fjallað um ýmis mál- og stílfraeðileg atriði og þau skýrð með dæmum úr norrænum kveðskap. Lærdómur þessi byggist mjög á latneskum fyrirmyndum,

einkum á verkum eftir Priscianus og Donatus sem aftur sóttu mjög í grísk málfræðirit.

Forngríska hafði aðgreinandi tónkvæði sem grísku málfræðingarnir lýstu þannig að hvert sérhljóð gæti haft þrenns konar tónfall. Latína hafði ekki aðgreinandi tónfall af þessu tagi en latnesku málfræðingarnir voru svo trúir hinum grísku fyrirmyndum sínum að þeir reyndu eigi að síður að beita hinni þrískiptu tóngrein til að lýsa eigin máli. Ólafur Þórðarson fræðist síðan um þetta latneska kerfi og beitir því áfram á norrænt mál. Í greinargerð Ólafs er þá gert ráð fyrir að *hljóðsgrein* (lat. *accentus*) geti verið þrenns konar - *hvöss* (lat. *acutus*), *þung* (lat. *gravis*) og *umbeygileg* (lat. *circumflexus*). Þessar gerðir eru táknaðar með mismunandi merkjum yfir sérhljóðunum, til dæmis **á**, **à**, og **â**.

Lýsingarnar á þessum mismunandi hljóðsgreinum eru dálítið grautarlegar í handritunum. Myrvoll og Skomedal (2010:82) leggja til að Ólafur fylgi í upphafi ritgerðarinnar hinum latnesku fyrirmyndum út í æsar en átti sig síðar betur á eðli tónkvæðis í norrænu og breyti þá greiningu sinni að nokkru leyti. Það kemur ekki á óvart að nokkur ruglingur verði þegar hinni grískættuðu tónkvæðislýsingu er beitt á norrænu enda er varla við því að búast að norrænn framburður hafi verið sérstaklega líkur grískum, jafnvel þótt bæði málin hafi haft aðgreinandi tónkvæði. Það bætir ekki úr sök að milliliðurinn skuli vera latína, sem greinilega hafði ekki aðgreinandi tónkvæði. Frekari ruglingur skapast síðan við það að misræmi er í notkun hljóðsgreinatáknanna í eftirritunum enda hafa þeir sem afrituðu textann ekki endilega skilið vel það sem þeir skrifuðu.

Það sem Myrvoll og Skomedal benda á sem sterkustu sönnunina fyrir því að Ólafur hafi lýst einhverju raunverulegu með athugasemdum sínum um hljóðsgrein er dæmi sem hann tekur þar sem vitnað er til vísu:

Um viðrlagning hljóðs-greinar verðr barbarismus sem Skraut-Oddr kvað:

Ef væri Bil báru  
brunnins logs sú er unnum  
opt geri ek orða skipti  
einrænliga á bænum.

Hér er bænum sett fyrir bænum. (Finnur Jónsson 1927:45–46)

Stílhugtakið *barbarismus* nær yfir ýmiss konar orðaleiki og frávik frá eðlilegu máli sem fyrir koma í kveðskap. Hér er greinilega einhvers konar orðaleikur á



ferð en vísuhelmingurinn er eigi að síður auðskilinn. „Bil báru brunnins logs“ er dæmigerð kvenkenning og merkinguna í heild mætti endursegja svo: „Ef konan sem ég ann væri á bænum. Oft skipti ég sérviskulega á orðum.“ Það sem öllum sem um þennan kveðskap hafa skrifað ber saman um er að leikið sé með orðin *bæn* (í þágufalli fleirtölu) og *bær* (í þágufalli eintölu með greini). Konan er annaðhvort heima á bænum eða hún liggur á bæn.

Ólafur lítur greinilega á *bænum* og *bænum* sem lágmarkspar sem greinist í sundur með hljóðsgrein. Um þetta segir Finnur Jónsson: „udtalen kan have været en lille smule anderledes i det ene end i det andet tilfælde; det er man uden midler til at påvise“ (Finnur Jónsson 1927:93). Myrvoll og Skomedal (2010:90) benda aftur á móti á að tónkvæði að skandinavískum hætti útskýrir fullkomlega framburðarmun á þessum orðmyndum. Eins og sýnt er í kafla 9.2 hafa þær orðmyndir seinna tónkvæði sem voru tvíkvæðar á norrænu málstigi, nema að seinna atkvæðið sé viðskeyttur greinir. Það getur varla neinn vafi leikið á því að í fornorsku mynduðu þær orðmyndir sem um ræðir lágmarkspar, þannig að *bænum* af *bæn* hafði seinna tónkvæði (eða forvera þess) og *bænum* af *bær* hafði fyrra tónkvæði (eða forvera þess). Fyrst málum var svo háttað í fornorsku liggur í augum uppi að skilja beri dæmið úr Þriðju málfræðiritgerðinni (sem öll miðast við íslenskt mál og íslenska lesendur) þannig að forníslenska hafi haft sams konar tónkvæði. Höfum auk þess í huga að á þrettánda öld eru íslenska og norska svo líkar tungur og samgangur milli þeirra svo mikill að til eru handrit sem fræðimenn geta ekki ákvarðað hvort Íslendingur eða Norðmaður hafi skrifað (Stefán Karlsson 1978:91). Enn á 14. öld má líta svo á að íslenska sé „í hópi norskra mállýskna“ (Stefán Karlsson 1993:21).

Rök Myrvolls og Skomedals eru mjög sannfærandi og ég fellst á þau. Ólafur Þórðarson segir berum orðum að íslenska hafi haft aðgreinandi tónkvæði og sýnir lágmarkspar sem er í fullkomnu samræmi við það sem við vitum um aðgreinandi tónkvæði í fornorsku. Margt hafa menn haft fyrir satt í sögulegri málfræði með veikari og óbeinni rökum en þetta.

## 9.4 Tónkvæði í fornum skáldskap

Síðustu tvö atkvæði hvers vísuorðs í dróttkvæðum hætti eru venjulega eitt

tvíkvætt langstofna orð.<sup>56</sup> Myrvoll og Skomedal benda á að til forna hlýtur þetta orð að hafa seinna tónkvæði enda tíðkast ákveðinn greinir lítt í kveðskap fyrr en á þrettánda eða fjórtánda öld. Þeir álykta að bragarhátturinn hafi beinlínis krafist þess að hér væri seinna tónkvæði. Það sem flokkast sem *barbarismus* í vísu Skraut-Odds er þá að framburður skáldsins er <sup>2</sup>*bænum*, vegna bragarháttarins, en merkingin sem hann hefur í huga er <sup>1</sup>*bænum*. Hér er því vikið frá eðlilegu máli eins og í öðrum dæmum Ólafs um *barbarismus*.

## 9.5 Tónkvæði sem útskýring á stoðhljóðsvandamálinu

Nú hefur nógu mikið verið sagt um norrænt tónkvæði til að hægt sé að taka upp þráðinn úr 8. kafla. Markmiðið er sem fyrr að útskýra hina sérstöku hegðun orðmynda með fornu og nýju *ur* í kveðskap síðmiðalda.

**Kenning um aðgreinandi tónkvæði:** Í máli skáldanna var framburðarmunur á orðum með fornar /r/-endingar og fornar /ur/-endingar svo að þör eins og *fögr-sögur* eða *góðr-bróður* mynduðu ekki fullkomið rím í framburði. Munurinn fólst í einhvers konar yfirsneiðarlegum þætti sem á sér ættingja í norsk-sænsku tónkvæði og danskri raddglufuprengingu. Þannig myndu orðmyndir eins og *fögur* og *góður* hafa framburð í ætt við fyrra tónkvæði en orðmyndir eins og *sögur* og *bróður* framburð í ætt við seinna tónkvæði. Á 16. öld hverfur aðgreinandi tónkvæði úr málinu og þar með hverfur greinarmunurinn úr kveðskapnum.

Þessi kenning hefur margt til síns ágætis. Ef við samþykkjum kenningu Myrvolls og Skomedals um tónkvæði í forníslensku leiðir það af sjálfu sér að greinarmunur var í framburði á <sup>2</sup>*móður* og <sup>1</sup>*móður* (< *móðr*). Það verður þá auðskiljanlegt hvernig skáldin geta gert greinarmun á slíkum orðmyndum í kveðskap. Einnig verður það auðskiljanlegt að í ritmáli sé enginn greinarmunur. Í dönsku, norsku og sænsku hefur aldrei tíðkast að gera greinarmun á rituðum orðmyndum eftir tónkvæði eða raddglufuprengingu. Loks verður það skiljanlegra að orðmyndir eins og <sup>1</sup>*góður* séu notaðar í rími eins og einkvæð orð. Þær hafa ekki haft sama tónkvæði og „eðlileg“ tvíkvæð orð heldur sennilega eitthvað í líkingu við tónkvæði einkvæðra orða.

---

<sup>56</sup> Helsta undantekningin er þegar vísuorð endar á þríkvæðu orði, sjá Helgi Skúli Kjartansson 2011.

## 9.6 Ríma orð með ólíku tónkvæði?

Ef við hugsum okkur að íslenska hafi einhvern tíma haft tónkvæði með svipuðum hætti og norska er hægt að gera sér í hugarlund að vísa eins og þessi hér hefði ekki hljómað rétt:

Skálda-Lása skipið gekk,  
skútan sú var <sup>1</sup>**fögur**;  
löngum meðbyr lítinn fjekk,  
lifa um það <sup>2</sup>**sögur**. (*Skáldaflotinn* 375; Snæbjörn Jónsson 1949:91)

Hér ríma saman orð sem hefðu haft ólíkt tónkvæði. Það hlýtur síðan að að vera bragfræðilegt atriði hvort mismunur í tónkvæði þykir ónýta rím eða ekki. Skáld sem tala sama málið gætu vel ort þannig að annað rími óhikað saman orðmyndir með mismunandi tónkvæði en hitt sniðgangi slík rím. Þetta sjáum við glögg í sænsku. Flest sænsk skáld hafa látið sér vel líka að ríma saman orð með ólíku tónkvæði. Jönsson-Steiner og Lahiri (2008:43) taka eftirfarandi dæmi úr kvæði eftir Hjalmar Gullberg (1898–1961):

Romeo, Julia, Isolde, <sup>1</sup>**Tristan**  
var mer i våra farföräldrars smak.  
Vi har satt romantik på svarta <sup>2</sup>**listan**.  
Släpp ljus och luft i unkna sovgemak. (Jönsson-Steiner og Lahiri 2008:43)

Eigi að síður er til að minnsta kosti eitt skýrt dæmi um skáld sem gerði þá kröfu að rímorð hefðu sama tónkvæði, Anders Nicander (1707–1781). Nicander skrifaði bók um bragfræði þar sem fram kemur að það sé ekki gott að ríma saman orð með „olika Accent“ (Jönsson-Steiner og Lahiri 2008:17). Er þetta raunar, að Þriðju málfræðiritgerðinni frátalinni, elsta heimild sem greinir frá aðgreinandi tónkvæði í norrænu máli. Nicander fylgdi þeirri reglu í eigin kveðskap að ríma aðeins saman orð með samsvarandi tónkvæði.

Við sjáum þá að skáld geta ýmist hunsað tónkvæði eða tekið tillit til þess og hlýtur slíkt að ákvarðast af smekk og hefð. Ætla má að í íslenskum kveðskap síðmiðalda hafi verið rík hefð fyrir að taka tillit til tónkvæðis þegar kom að orðmyndum eins og <sup>1</sup>*góður* eða <sup>2</sup>*móður*. Til að orð gætu rímað saman þurftu þau að hafa sams konar tónkvæði, eins og hjá Anders Nicander. Til viðbótar er hefðarregla sem segir að orð sem enda á -ur en hafa tiltekinn yfirsneiðarlegan þátt eigi að meðhöndlast eins og þau endi á -r í lok vísuorðs. Í norsku og sænsku hafa orð eins og <sup>1</sup>*heder*, sem til eru orðin úr einkvæðum orðum, svipað tónafar

og einsatkvæðisorð. Við getum hugsað okkur að sama hafi gilt í íslensku og að það hafi gert fyrrnefnda hefðarreglu eðlilega. Í ferskeyttum hætti hefur þá verið rímorð með fyrra tónkvæði í ójöfnum línunum og seinna tónkvæði í jöfnum línunum:

Báru hið skæra brenda <sup>1</sup>vell  
 bjartar silki <sup>2</sup>Nönnur,  
 samið með guðvef, silki og <sup>1</sup>pell  
 svó var hver sem <sup>2</sup>önnur. (*Brönu rímur XVI.41; Uppskriftir*)

Þó allur sé eg af angri <sup>1</sup>bleikr  
 og efldur sárri <sup>2</sup>pínu  
 hætti eg á hvort hringa <sup>1</sup>eikr  
 hlýða gamni <sup>2</sup>mínu. (*Ormars rímur I.6*)

## 9.7 Ákveðinn greinir

Í kaflanum á undan lagði ég til að í ferskeyttum hætti gildi bragfræðileg hamla sem krefst þess að rímorð í óstýfðum vísuorðum hafi seinna tónkvæði. Þannig eru orð eins og <sup>2</sup>Nönnur og <sup>2</sup>önnur leyfð en orð eins og <sup>1</sup>bleikur og <sup>1</sup>eikur bönnuð. En ef þessi hugmynd er rétt ætti hún einnig að hafa áhrif á tvíkvæð orð sem eru mynduð af einkvæðu orði með viðskeyttum greini. Þannig ættu skáldin að forðast rím eins og <sup>1</sup>böndin - <sup>1</sup>löndin eða <sup>1</sup>hundinn- <sup>1</sup>lundinn eða <sup>1</sup>hundinn - <sup>2</sup>bundinn. Til að prófa þessa tilgátu hef ég talið fjölda rímpara þar sem a.m.k. annað orðið hefur ákveðinn greini hjá hverju skáldi í ferskeyttu málheildinni. Niðurstöður eru eftirfarandi fyrir skáld eftir siðaskipti:

Nafn skálds	Fæðingarár	Vísur	Greinir	Hlutfall
Árni Jónsson	-	450	0	0,0%
Magnús prúði	1530	327	0	0,0%
Amicus og Amilius	-	114	0	0,0%
Hallur Magnússon	1536	406	1	0,2%
Einar í Eyðölum	1538	121	0	0,0%
Þórður á Strjúgi	1545	85	1	1,2%
Jón Bjarnason	1560	159	0	0,0%
Ólafur Halldórsson	1568	200	1	0,5%
Jón lærði	1574	124	3	2,4%
Bjarni Borgfirðingaskáld	1580	104	0	0,0%
Ásmundur Sæmundsson	1585	79	0	0,0%
Einar Guðmundsson	1590	92	1	1,1%
Guðmundur Erlendsson	1595	94	0	0,0%

Pétur Einarsson	1597	164	2	1,2%
Jón Magnússon	1601	64	0	0,0%
Guðmundur Andrésón	1614	77	2	2,6%
Hallgrímur Pétursson	1614	245	0	0,0%
Kolbeinn jöklaraskáld	1600	99	0	0,0%
Eiríkur Hallsson	1614	119	3	2,5%
Páll Bjarnason	1620	80	0	0,0%
Jón Jónsson	1639	100	1	1,0%
Bergþór Oddsson	1639	62	0	0,0%
Steinunn Finnsdóttir	1640	396	0	0,0%
Jón Eggertsson	1643	95	0	0,0%
Þorsteinn á Hæli	1653	100	3	3,0%
Guðmundur Bergþórsson	1657	180	3	1,7%
Sigmundur Helgason	1657	80	1	1,3%
Þorvaldur Magnússon	1670	108	0	0,0%
Þorlákur Guðbrandsson	1672	80	0	0,0%
Brynjólfur Halldórsson	1676	87	1	1,1%
Benedikt Sigurðsson	1685	101	2	2,0%
Sigurður Ketilsson	1689	69	5	7,2%
Snorri Björnsson	1710	72	1	1,4%
Árni Böðvarsson	1713	121	2	1,7%
Sveinn Sölvason	1722	105	2	1,9%
Árni Þorkelsson	1730	130	2	1,5%
Þorsteinn Jónsson	1737	92	1	1,1%
Sigurður Pétursson	1759	101	5	5,0%
Magnús í Magnússkógum	1763	163	4	2,5%
Gísli Sigurðsson	1772	111	2	1,8%
Hannes Bjarnason	1776	89	4	4,5%
Gísli Konráðsson	1787	111	0	0,0%
Hallgrímur Jónsson	1787	95	5	5,3%
Benedikt Einarsson	1796	78	2	2,6%
Hjálmar Jónsson	1796	176	4	2,3%
Sigurður Breiðfjörð	1798	501	17	3,4%
Davíð Scheving	1802	127	7	5,5%
Jón Grímsson	1804	97	5	5,2%
Jónas Gottskálksson	1811	164	7	4,3%
Jón Jónsson	1813	103	5	4,9%
Gunnar Gíslason	1823	67	1	1,5%
Brynjólfur Oddsson	1824	209	10	4,8%
Ásmundur Gíslason	1832	60	1	1,7%
Sigurður Bjarnason	1841	128	7	5,5%
Sigfús Sigfússon	1855	128	12	9,4%
Magnús Hj. Magnússon	1873	84	4	4,8%
Pétur Jakobsson	1886	207	17	8,2%


Snæbjörn Jónsson	1887	500	33	6,6%
Einar Beinteinsson	1910	75	4	5,3%
Sveinbjörn Beinteinsson	1924	71	2	2,8%

Fyrir siðaskipti er ákveðinn greinir svo sjaldgæfur í endarími að óþarfi er að setja gögnin upp í töflu. Eitt dæmi er um fyrirbærið í Geðraunum, Dámusta rímum, Filippó rímum, Sigurðar rímum þögla, Brönu rímum, Skógar-Krists rímum og Króka-Refs rímum. Tvö dæmi eru í Skíða rímu.

Þegar meðaltalstölur fyrir tímabil eru reiknaðar fæst eftirfarandi niðurstaða.

Tímabil	Fjöldi rímpara	Rímpör með greini	Hlutfall
1350–1400	1294	1	0,1%
1400–1450	2670	2	0,1%
1450–1500	3237	3	0,1%
1500–1550	1820	3	0,2%
1550–1600	1503	2	0,1%
1600–1650	1402	9	0,6%
1650–1700	1231	10	0,8%
1700–1750	525	9	1,7%
1750–1800	621	13	2,1%
1800–1850	1548	50	3,2%
1850–1900	731	31	4,2%
1900–1950	1065	72	6,8%

Sýna má niðurstöðurnar með myndrænum hætti:



Hvernig er rétt að skýra þessi gögn? Notkun ákveðins greinis í rímstöðu var greinilega mjög lítil í elstu rímum en fór síðan vaxandi eftir því sem leið á. Þetta gæti bent til að breyting á tónkvæði leiki eitthvert hlutverk. Líklega er þó ekki síður um að ræða stílfærðilega breytingu. Munurinn á rímum um 1800 og rímum um 1900 er allmikill en hæpið væri að túlka hann svo að þar hafi orðið breyting á málinu, fremur en stílnum. Líklegt er að skáldin hafi smám saman vanist á að nota rím með ákveðnum greini oftar.

En hvers vegna var rím af þessu tagi upphaflega svona sjaldgæft? Svarið liggur ekki í því að ákveðinn greinir yfirleitt hafi verið sjaldgæfur. Þegar í elstu rímum er hann algengur, og tvíkvæð orð með greini koma fyrir í öllum bragstöðum þar sem þeirra væri að vænta nema í endarími. Eftirfarandi dæmi eru úr Ólafs rímu Haraldssonar:

33.1 <b>Herrinn</b> drífr á hilmis fund	(fyrsti tvíliður ójafnrar línu)
18.3 hann lét <b>stálin</b> stinn og fögr	(annar tvíliður ójafnrar línu)
58.3 maður tók sýn fyrir <b>merkin</b> slík	(þriðji tvíliður ójafnrar línu)
10.4 og <b>ríkið</b> kóngi verja	(fyrsti tvíliður jafnrar línu)
50.2 buðlungs <b>höndin</b> mæta	(annar tvíliður jafnrar línu)

Svarið liggur ekki heldur í því að þau orð með greini sem fyrir koma í miðaldarímum vanti heppileg rímorð. Til dæmis myndi *stálin*, hér að ofan, ríma við *málin* en báðar þessar orðmyndir koma ítrekað fyrir í fornrímunum. Eins ættu *merkin* að ríma við *verkin*, *ríkið* við *líkið* og *höndin* við *löndin* og *böndin*. Þetta eru allt algengar orðmyndir í miðaldarímum en þær koma aldrei fyrir í rími fyrr en í seinni tíð. Það er því greinilega einhver sérstök hamla sem gildir um þriðja tvílið jafnrar línu, það er að segja rímið. Áður hafði verið lagt til að slík hamla útskýri hvers vegna orð eins og *góður* geta ekki fyllt þennan tvílið. Þá hömlu mætti orða svo:

**Hamla T:** Kvenrím í ferskeyttum hætti er með þeim hætti að tvö tvíkvæð orð ríma saman og verða bæði að hafa seinna tónkvæði.

Myndi hamla T útskýra hegðun ákveðna greinisins? Það er að minnsta kosti greinilegt að hamla af þessu tagi mundi mjög draga úr möguleikunum á því að nota ákveðnar myndir nafnorða í rímstöðu.

Til dæmis og útskýringar fara hér á eftir rímpörin úr fyrstu *Gláms rímu* eftir Sigfús Sigfússon (1855–1935) þar sem ákveðinn greinir er notaður. Ég hef merkt orðin eftir því sem ætla mætti að tónkvæði þeirra hafi verið í eldra máli, ef íslenska hefur haft tónkvæði að norskum hætti:

<sup>2</sup>glapið - <sup>1</sup>skapið  
<sup>1</sup>fjöllin - <sup>1</sup>tröllin  
<sup>1</sup>fjöllin - <sup>1</sup>tröllin  
<sup>1</sup>skilin - <sup>1</sup>gilin  
<sup>1</sup>rólin - <sup>1</sup>jólin  
<sup>2</sup>fegin - <sup>1</sup>vegin  
<sup>1</sup>halnum - <sup>1</sup>dalnum  
<sup>2</sup>alinn - <sup>1</sup>dalinn  
<sup>1</sup>sólin - <sup>1</sup>jólin  
<sup>2</sup>skólinn - <sup>1</sup>jólin  
<sup>?</sup>þannin - <sup>1</sup>manninn  
<sup>1</sup>sanninn - <sup>1</sup>manninn

Við sjáum að ekkert þessara rímpara er í samræmi við hömlu T því að a.m.k. annað rímorðið hefur alls staðar fyrra tónkvæði. Hins vegar er einnig mögulegt að ríma með ákveðnum greini án þess að brjóta gegn T. Til þess þurfa orðin sem hafa ákveðinn greini að vera einnig tvíkvæð án greinis. Til dæmis brýtur rímpanið <sup>2</sup>*gaman* – <sup>2</sup>*framann* ekki gegn hömlunni því að <sup>2</sup>*frama* (þf. af *frami*) er tvíkvæð orðmynd og hefur síðara tónkvæði.



Við sjáum þá að það er ekki nóg að telja fjölda rímpara með greini heldur verður einnig að gæta þess að athuga hversu hátt hlutfall þeirra er í samræmi við T. Niðurstöðurnar úr þeirri athugun eru eftirfarandi:

	Rím með greini alls	Í samræmi við hömlu T	Hlutfall
um 1400	3	3	100%
um 1500	6	4	67%
um 1600	11	2	18%
um 1700	19	3	16%
um 1800	63	9	14%
um 1900	103	9	9%

Eftir siðaskipti er greinilegt að rímpör í samræmi við hömluna eru í miklum minnihluta. Fyrir siðaskipti gætir hins vegar tilhneigingar til að þau fáu rímpör með greini sem fyrir koma uppfylli hömluna. Dæmin í rímum fyrir 1550 eru eftirfarandi:

Verðr oss ekki vegrinn beinn  
að veita Yggjar <sup>2</sup>**fengið**,<sup>57</sup>  
fimmtigu hafa mér fyst og einn  
fast í móti <sup>2</sup>**gengið**. (*Geðraunir* II.1; *Rs* II:179)

Lofðungs þegn á land upp gekk,  
lítr hann snarpligt <sup>2</sup>**mengið**,  
segir þá hörðum hilmis rekk  
að honum sé orlof <sup>2</sup>**fengið**. (*Dámusta rímur* I.47; *Rs* II:777)

Buðlung höggur bauga Njörð,  
búinn er drengjum <sup>2</sup>**vóðinn**;  
höfuðin mæltu er hrotu á jörð:  
„hvar er enn gamli <sup>2</sup>**Óðinn**?“ (*Filippó rímur* II.9; *Riddara-rímur* 10–11)

Halrinn þakkar herra vín:  
„hafi þér guðs laun, <sup>2</sup>**Óðinn**.“  
En hann greip fyr eyrun sín,  
sem að honum færi <sup>2</sup>**vóðinn**. (*Skíða ríma* 110; *Rs* I:27)

Hilditönn réð hlaupa upp þá  
og hristi á sér <sup>2</sup>**bjálfann** -  
„Hverr veit, nema hrottinn sá  
höggvi kónginn <sup>2</sup>**sjálfan**.“ (*Skíða ríma* 130; *Rs* I:30)

<sup>57</sup> Hér er *fengi* nafnorð í hvorugkyni.

Stólpi hverr var stór og harðr  
er stendur út í <sup>1</sup>**sundið**  
stáli glæstr og víða varðr  
og vænu jární <sup>2</sup>**bundið**. (*Sigurðar rímur þögla* I.38)

Hvórki af þessu hreiðrinn vex  
Háldan þér né <sup>2</sup>**gengið**  
því árin fimm en önnur sex  
irpan hafði <sup>2</sup>**fengið**. (*Brönu rímur* VII.46; *Uppskriftir*)

Ef þú vilt þér ágætleg  
auðar fylgi <sup>2</sup>**blíðan**  
skaltu fara að skrifta þig  
skjótt og iðrast <sup>2</sup>**síðan**. (*Skógar-Krists rímur* I.66; Sólveig E. Ólafsdóttir 2006:24)

Aukast munu hér efnin dýr  
ætla eg þetta <sup>2</sup>**grána**  
skálann reisti skjalda Týr  
skjóttliga fram við <sup>1</sup>**ána**. (*Króka-Refs rímur* I.55; Pálmi Pálsson 1883:57–58)

Túlkun mín á þessum gögnum er eftirfarandi: Fyrir siðaskipti gildir hamla T í ferskeyttum hætti. Hún útilokar að stórum hluta rím með ákveðnum greini en þó ekki að öllu leyti. Rím með ákveðnum greini er þá mjög sjaldgæft og sá sem lærir að yrkja getur vel fengið það á tilfinninguna að rétt sé að forðast það, jafnvel án tillits til tónkvæðis. Þannig verður til stílfræðileg hamla sem afleiðing af málbragfræðilegri hömlu.

Um 1600 er líklegt að aðgreinandi tónkvæði sé að hverfa úr málinu. Þá gera skáldin ekki greinarmun á rími eins og <sup>2</sup>*fengið* – <sup>2</sup>*mengið*, sem hamla T leyfði, og <sup>2</sup>*búna* – <sup>1</sup>*trúna* sem T leyfði ekki. Eftir situr samt sú stílfræðilega tilhneiging að rím með greini sé óheppilegt svo að það er enn sjaldgæft. Eftir því sem aldirnar líða dofnar þessi stílfræðilega tilhneiging og rím með greini verður eðlilegra.

## 9.8 Tvö orð

Samkvæmt hömlu T er nauðsynlegt að rímorð í kvenrími hafi seinna tónkvæði. Þetta myndi mæla móti því að tvö einkvæð orð geti myndað rímið eins og hér er:

Mörg þar sýndist sigling glæst  
svo ei meiri <sup>1</sup>**leit** <sup>1</sup>**jeg**;

hvern að bar við himin hæst  
húinn naumast <sup>1</sup>veit <sup>1</sup>jeg. (Snæbjörn Jónsson, *Skáldaflotinn* 64)

Ef rím af þessu tagi væri algengt fyrir siðaskipti myndi það mæla gegn tónkvæðistúlkuninni. Þetta er þó ekki svo. Í ferskeyttu málheildinni fundust alls 17 dæmi um rím af þessu tagi í 8626 vísum eftir siðaskipti. En fyrir siðaskipti er ekkert dæmi í 9084 vísum. Hér hefur því greinilega orðið breyting sem aftur er í samræmi við þá kenningu að hamla T hverfi á 16. öld. Elsta dæmið er í Pontus rímum Magnúsar prúða:

Fyrst Appolló hörpu hljóð  
hæða og gabba <sup>2</sup>flester,  
þá mun skylt að skemmta þjóð  
skvaldri því, sem <sup>1</sup>vest <sup>1</sup>er. (*Pontus rímur* X.6; *RR* X:113)

## 9.9 Aðrir bragarhættir

Kenning Myrvolls og Skomedals var að hamla T gildi í dróttkvæðum hætti á 13. öld. Það kæmi þá ekki á óvart að hún gildi enn í þeim bragarhætti á 14. og 15. öld.

Ákveðinn greinir í síðustu bragstöðu kemur aldrei fyrir í Líknarbraut, Gyðingsvísu, Maríudrápu, Drápu um Guðmund, Selkolluvísum, Maríuvísum I, Allra postula minnisvísu eða Vitnisvísu. Hann kemur einu sinni fyrir í Pétursdrápu 42.6 <sup>2</sup>*dauðans*, sem ekki brýtur gegn T. Í Heimsósóma er eitt hugsanlegt dæmi í vísu 8 en handritin eru þar ekki á einu máli svo að ég læt það tilfelli liggja á milli hluta. Gögnin virðast því í samræmi við tilgátuna.

Í kvæðum undir hrynhendum hætti eru hins vegar allnokkur dæmi um að orð með ákveðnum greini og fyrri tónkvæði komi fyrir í síðasta tvílið vísuorðs. Í Lilju má til dæmis finna <sup>1</sup>*orðin* (3.6), <sup>1</sup>*krössinn* (49.7, 54.4, 60.2), <sup>1</sup>*sárin* (87.3) og <sup>1</sup>*tárin* (91.6). Dæmin eru svo mörg að því verður vart trúað að skáldið hafi sérstaklega forðast þau. Það virðist því vafasamt að hamla T hafi haft fullt gildi í hrynhendum hætti. Þetta þarf ekki að vera svo undarlegt enda getur hver bragarháttur haft sín sérkenni. Hugsanlega hefur verið einhver sérstök áhersla á síðasta tvíliðnum í ferskeyttum hætti og dróttkvæðum hætti – en ekkert tilsvarendi í hrynhendum hætti. Ef til vill hafa kvæðin verið kveðin eða sungin við tiltekin lög eða stemmur. Í raun vitum við lítið sem ekkert um hvernig kveðskapurinn var fluttur.

Það sem gæti virst alvarlegra vandamál fyrir tónkvæðiskenninguna er að í hrynhendu kvæðunum koma orð eins og <sup>1</sup>*góður* ekki fyrir í síðasta tvílið. Ef hamla T gildir ekki í bragarhættinum, hver er þá ástæðan fyrir þessu? Væntanlega sú að til er hefðarregla sem segir að orð sem enda á -ur en hafa fyrra tónkvæði eigi að meðhöndlast eins og þau endi á -r í lok vísuorðs. Þessi hefðarregla hefur síðan gilt í hrynhendum hætti þótt hamla T geri það ekki.

Það er að minnsta kosti ljóst að orð eins og <sup>1</sup>*góður* og orð eins og <sup>1</sup>*sárin* eru ekki að öllu leyti hliðstæður. Það sem líkt er og ólíkt má setja upp með eftirfarandi hætti:

	<sup>1</sup> <i>góður</i>	<sup>1</sup> <i>sárin</i>
Einkvætt á undan áherslulausu orði sem hefst á sérhljóði	já	nei
Getur staðið í karlrími í ferskeyttum hætti	já	nei
Getur staðið í síðasta tvílið ferskeytts háttar	nei	nei
Getur staðið í öðrum tvíliðum ferskeytts háttar	já	já

Einnig eru vísbendingar um að allir rímnahættir hegði sér ekki eins og ferskeytt. Í braghendum rímum fyrir siðaskipti eru fjögur dæmi um rím með ákveðnum greini en aðeins eitt þeirra er í samræmi við hömlu T:

<sup>2</sup>*fengið* - <sup>2</sup>*mengið* (no.) - <sup>2</sup>*gengið* (*Áns rímur* VII.16)  
<sup>1</sup>*þráttið* (no.) - <sup>2</sup>*játti* - <sup>2</sup>*átti* (*Bjarka rímur* VII.9)  
<sup>2</sup>*bundið* - <sup>2</sup>*fundið* - <sup>1</sup>*sprundið* (*Reinalds rímur* VII.36; *Uppskriftir*)  
<sup>2</sup>*hónum* - <sup>2</sup>*vónum* - <sup>1</sup>*sjónum* (*Prændlur* II.4; *Rs* I:253)

Þetta minnir á sérstaka hegðun braghends háttar með tilliti til stoðhljóðsins sem lýst er í kafla 8.7.3. Nærtækt er að álykta að hamla T hafi aldrei gilt í braghendum hætti sem aftur hefur væntanlega eitthvað með það að gera hvernig vísur undir honum hafa verið fluttar.

Í öðrum rímnaháttum eru sex dæmi um ákveðinn greini fyrir siðaskipti. Fimm þeirra eru í samræmi við hömlu T:

<sup>2</sup>*allan* - <sup>2</sup>*skallann* (úrkast, *Bjarka rímur* V.25; Finnur Jónsson 1904:144)  
<sup>2</sup>*bráðan* - <sup>2</sup>*kláðann* (úrkast, *Bjarka rímur* V.56; Finnur Jónsson 1904:148)  
<sup>2</sup>*annan* - <sup>2</sup>*skjannann* (úrkast, *Bjarka rímur* V.57; Finnur Jónsson 1904:148)  
<sup>2</sup>*mengið* (no.) - <sup>2</sup>*gengið* (fersk. frumframh., *Bjarka r.* VIII.6; Finnur Jónss. 1904:161)  
<sup>2</sup>*mengið* (no.) - <sup>2</sup>*fengið* (skáhent, *Brönu rímur* V.32; *Uppskriftir*)  
<sup>2</sup>*falli* - <sup>1</sup>*kallinn* (skáhent, *Vilmundar rímur* X.31; Ólafur Halldórsson 1975:116)

Ef til vill hefur þá hamla T gilt í flestum rímnaháttum. Þó er að athuga að í skáhendri vísu er að finna elsta dæmi sem ég þekki um að tvö einkvæð orð séu notuð í kvenrími:

Æru snauðr, ekki blauðr  
öflga kappa <sup>1</sup>vann <sup>1</sup>hann  
loðinn sem sauðr, lýtr á hauðr  
lagðrinn hverr um <sup>2</sup>annan. (*Ektors rímur XII.51; Uppskriftir*)

Dæmið er aðeins eitt og Ektors rímur eru ekki meðal elstu rímna. Ég dreg því enga sérstaka ályktun af því.

## 9.10 Hálfhnepptur háttur og samsett orð

Í kafla 8.6.5 var fjallað um hegðun stoðhljóðsins í hálfhnepptum hætti og þessi vísa sýnd sem dæmi:

Erfingja **ógndjarfr**  
öngvan við gulls spöng  
getið hafði **góðlát**,  
gjarna vildi ala barn;  
hennar í hvert sinn  
harmr tók at gjörast **armr**,  
önnur þá er frúin fann  
fljóðin plaga sín jóð. (*Mariúvísur II.5; Skj B II:533–534*)

Hér kemur upp ákveðið vandamál fyrir tónkvæðistúlkunina. Áður hefur því verið haldið fram að Íslendingar hafi vanist því að tvíkvæð orð með fyrra tónkvæði og *ur*-endingu geti verið einkvæð í kveðskap, þannig að <sup>1</sup>*góður* og <sup>1</sup>*góðr* skiptist á eftir atvikum.

Ef við hugsum okkur að íslenska hafi haft orðtóna með sama hætti og norska og sænska hafa nú á dögum er þó ekki ljóst hvernig útskýra á að þríkvæð orð eins og *ógndjarfur* eða *góðlátur* verði tvíkvæð í kveðskap. Samkvæmt norsk-sænska fordæminu ættu samsetningar af þessu tagi að hafa síðara tónkvæði. En orðmyndir eins og *stjúpmóður* eða *salkonur* ættu einnig að hafa síðara tónkvæði. Hvernig ætti þá að vera hægt að halda þessu tvennu aðgreindu í hálfhnepptum kveðskap? Við þessu hef ég tvö hugsanleg svör.

Í fyrra lagi má hugsa sér að þessum orðmyndum hafi alls ekki verið haldið aðgreindum og það sé aðeins tilviljun að við höfum ekkert dæmi um orðmynd

eins og \**stjúpmóðr* í lok vísuorðs. Vissulega er ekki mikið magn af kveðskap varðveitt undir hættinum en þó er það nógu mikið til að mér þyki þessi kenning heldur ósennileg.

Í öðru lagi getum við litið aftur á rímið í verkum Anders Nicanders. Eins og rætt var í kafla 9.6 tók Nicander tillits til tónkvæðis í rímorðum. Tvíkvæð orð verða einfaldlega að hafa sama tónkvæði, til dæmis <sup>1</sup>*dygden* - <sup>1</sup>*bygden* eða <sup>2</sup>*knutit* - <sup>2</sup>*slutit*. En í samsettum orðum er málið flóknara. Lítum á nokkur dæmi:

<sup>2</sup>*Göthaland* - <sup>1</sup>*band*

<sup>2</sup>*undantag* - <sup>1</sup>*lag*

<sup>1</sup>*forfära* - <sup>2</sup>*skära*

<sup>2</sup>*tillbeder* - <sup>1</sup>*neder* (Jönsson-Steiner og Lahiri 2008:23-24)

Hér ríma saman orð sem hafa ólíkt tónkvæði. En skýringin virðist vera að Nicander notar samsettu orðin í rími eins og hann mundi nota síðari hluta þeirra. Þannig rímar <sup>2</sup>*tillbeder* við <sup>1</sup>*neder* af því að <sup>1</sup>*beder* hefur fyrra tónkvæði, <sup>1</sup>*forfära* rímar við <sup>2</sup>*skära* af því að <sup>2</sup>*fära* hefur seinna tónkvæði og svo framvegis.

Á sama hátt mætti hugsa sér að *ógndjarfr* sé tvíkvætt við línulok vegna þess að <sup>1</sup>*djarfr* er einkvætt við línulok. En hvað með orð eins og *góðláttr* þar sem seinni hlutinn er viðskeyti? Hvernig gæti skáldið haft eitthvað á tilfinningunni um það? Þetta er mér ekki ljóst. Nicander notar raunar viðskeyti í rími og rímar saman <sup>1</sup>*lycksaligheten* og <sup>2</sup>*veten* eins og \**heten* hafi seinna tónkvæði. Skýringin á þessu er ekki heldur augljós (Jönsson-Steiner og Lahiri 2008:27).

Hugsanlega hefur tónkvæði í forníslensku verið með þeim hætti að *góðlátur* og *stjúpmóður* hafi ekki haft sams konar tónagang (sjá þó næsta kafla). Einnig er ekki loku fyrir það skotið að í sænsku Nicanders hafi tónkvæði ekki verið með nákvæmlega sama hætti og í nútímasænsku. En hér verður að skilja eftir lausan enda.

## 9.11 Einar Gilsson

Í Ólafs rímu Haraldssonar eftir Einar Gilsson eru 20 dæmi um bragfræðilega nauðsynlegt stoðhljóð. Ríman er 65 ferskeyttar vísur. Í kveðskap undir dróttkvæðum hætti eftir sama skáld eru aðeins 6 dæmi í 61 dróttkvæðri vísu. Búast mætti við um 30 dæmum miðað við tíðnina í rímunni. Þetta gæti bent til að Einar hafi reynt að forðast stoðhljóðið í dróttkvæðum kveðskap, en ekki fullkomlega tekist það.

Við gætum hugsað okkur að Einar hafi forðast að nota tveggja atkvæða orð með fyrra tónkvæði. Slík orð koma ekki fyrir að fornu og skáldið gæti haft á tilfinningunni að þau séu einhvern veginn ekki við hæfi í bragarhættinum. En það er ekkert óeðlilegt við þriggja atkvæða orð með seinna tónkvæði, þannig orðmyndir voru alltaf til. Dæmin sex um stoðhljóð hjá Einari eru öll í þríkvæðum eða fjórvæðum orðum:

**Ófeigur** hlaut augum (Kvæði um Guðmund 14.3; *Skj B II:422*)  
þar er **Guðmundur** greindi (Kvæði um Guðmund 23.7; *Skj B II:424*)  
**hyrbíðendur** fríðir (*Selkolluvísur* 13.2; *Skj B II:437*)  
seims **verkendur** merki (*Selkolluvísur* 15.6; *Skj B II:438*)  
áðr **hreytendur** hétu (*Selkolluvísur* 18.5; *Skj B II:439*)  
at **Guðmundur** grandí (*Selkolluvísur* 18.7; *Skj B II:439*)

Það er ekkert óeðlilegt við orðmynd eins og <sup>2</sup>*verkendur* (< <sup>2</sup>*verkendr*), hún er til dæmis alveg eins uppbyggð og þágufallsmyndin <sup>2</sup>*verkendum*.

Í sama kveðskap eru aðeins tvö dæmi um orðmyndir með ákveðnum greini, hvorugt er tvíkvætt orð með fyrra tónkvæði:

**svanninn** átta spanna (Kvæði um Guðmund 36.8; *Skj B II:428*)  
**fláræðin** þau bæði (*Selkolluvísur* 2.6; *Skj B II:434*)

Þessi dreifing stoðhljóðsins í verkum Einars gæti þó vel verið tilviljun enda finn ég ekkert tilsvarendi í öðrum kvæðum frá svipuðum tíma. Ef *verkendur* og *verkendum* eru alveg hliðstæðar orðmyndir er aukinheldur erfitt að skýra þá hegðun stoðhljóðsins í hálfhnepptum hætti sem lýst var í kaflanum á undan.

## 9.12 Niðurstöður

Hér á undan hefur verið sýnt fram á þrens konar breytingar á kvenrími í ferskeyttum hætti. Í elstu rímum geta orð eins og *góður*, *ríkið* og *veit eg* myndað allra innri tvíliðu bragarháttarins en ekki tvíliðinn í endaríminu. Á seinni öldum geta orð af þessu tagi hins vegar vel staðið í endarími.

Sú túlkun á þessu sem hér er lögð til er að íslenska hafi haft aðgreinandi tónkvæði, að minnsta kosti fram á 16. öld, og að í ferskeyttum hætti hafi gilt sú bragfræðilega krafa sem hér er kölluð hamla T. Þessi eina hamla útskýrir hvers vegna <sup>1</sup>*góður*, <sup>1</sup>*ríkið* og <sup>1</sup>*veit* <sup>1</sup>*eg* eru slæmir eða ótækir rímtvíliðið. Ef hafna ætti þessari skýringu þyrfti að finna aðrar betri sem útskýra sömu staðreyndir. Það hefur mér ekki tekist.

Af vitnisburði Þriðju málfræðiritgerðarinnar að dæma hefur íslenska haft tónkvæði. Myrvoll og Skomedal túlka dæmið um <sup>1</sup>*bænum* og <sup>2</sup>*bænum* þannig að hamla T hafi gilt um niðurlag dróttkvæðra vísuorða. Þetta er sannfærandi túlkun og það er skammt skref frá henni til þess að gera ráð fyrir að hamla T hafi færst yfir á ferskeyttan hátt þegar hann kom til sögunnar. Við þurfum því ekki að gera ráð fyrir neinu sem ekki hefur óháðan hvata til að skýra mjög mikið af gögnum. Aðrar tilraunir til að skýra sömu gögn (sjá kafla 8.11) eru í sjálfum sér ósennilegar eða fela í sér *ad-hoc*-tilgátur um fornan framburð.

Ég lít því svo á að kenningin um íslenskt tónkvæði og áhrif þess á kveðskap sé þungum rökum studd. Því er þó ekki að neita að hér eru eftir nokkur vafaatriði og lausir endar, sér í lagi er notkun stoðhljóðsins í hálfhnepptum hætti veik hlið á þeirri kenningu sem hér er haldið fram. Vonandi munu frekari rannsóknir varpa ljósi á það sem nú er óljóst. Eitt skoðunarvert atriði er mögulegt samband tónkvæðis við hljóðdvöl. Af kveðskap að dæma virðist tónkvæði hverfa úr málinu á sama tíma og greinarmunur á þungum og léttum áhersluatkvæðum. Þetta gæti bent til að þessar breytingar hafi verið tengdar á einhvern hátt, gagnstætt því sem almennt virðist hafa gilt í meginlandsmálunum (sbr. Kristján Árnason 1980:69–76).



## 10. Niðurstöður

Hér hef ég dregið saman helstu niðurstöður ritsins um samband bragkerfis og málkerfis. Niðurstöður um einstök málsöguleg atriði má hins vegar sjá í hverjum kafla fyrir sig.

### 10.1 Baklægar gerðir

Í þessari ritsmíð hefur miklu rými verið varið til að fjalla um þá kenningu úr reglumálfræði að til séu bragfræðileg fyrirbæri sem grundvallast á baklægum hljóðkerfisgerðum eða einhverju stigi í hljóðkerfislegri útleiðslu á milli baklægrar gerðar og yfirborðsgerðar. Kenningar hafa verið settar fram í riti um að þessa sjáist stað bæði í stuðlum og hendingum í íslensku. Auk þess hefur mér verið bent á að með þessari aðferð megi skýra atriði í hrynjandinni sem tengjast stoðhljóðinu.

Um hendingar sem vitnisburð um baklægar gerðir er fjallað í kafla 5 en um stuðla í köflum 3 og 4 og um hrynjandi í köflum 7 og 8. Í öllum tilfellum hef ég hafnað þeirri kenningu að eitthvað í skáldskapnum verði best skýrt með baklægum gerðum.

Nú má spyrja hvort hér hafi ekki of mikið verið sagt. Þótt gallar kunni að finnast í ákveðnum tilfellum er ekki kenningin um baklægar gerðir sterk á heildina litið? Svo tel ég ekki vera heldur þvert á móti – eftir því sem fleiri dæmi eru skoðuð virðist kenningin veikari. Væri það ekki skrytið að rím stýrðist af baklægum gerðum – en aðeins í einstaka afmörkuðum tilfellum? Hvers vegna er *u*-hljóðvarp eina hljóðkerfisreglan sem skáldin sleppa þegar rímið er ákvarðað? Og hvers vegna gildir þetta aðeins fram á 12. öld þótt generatífir málfræðingar geri ráð fyrir að *u*-hljóðvarp sé virk hljóðkerfisregla allt til þessa dags?

Í reglumálfræðinni er gert ráð fyrir mörgum hljóðkerfisreglum í íslensku og baklægu gerðirnar eru oft býsna langt frá yfirborðsgerðinni. Ef djúpgerðir hefðu áhrif á kveðskapinn væru því mjög mörg tækifæri til að sjá slík áhrif. Raunin er hins vegar önnur eins og sést þegar dæmin er skoðuð. Lítum á vísu:

Sigurður frá eg að sýndist fríðr,  
sjaldan var hann í lyndi blíðr,  
liðaðist hár í lokka **bleikt**,  
leikið hefur sá mörgum **seigt**. (*Sigmundar rímur* III.3; *Rs* I:223)

Í reglumálfræðinni væri gert ráð fyrir að seinna rímarið í vísunni væri #bleik-t# og #seig-t# í baklægri gerð.<sup>58</sup> Miðað við slíkar baklæggar gerðir mætti ef til vill ætla að #bleik-t# og #veik-t# rímuðu saman en rímuðu ekki við #seig-t# og #deig-t#. Þetta er hins vegar ekki tilfellið, öll þessi orð ríma saman. Ég veit ekki heldur til að neinum þyki *bleikt-seigt* verra rím en *bleikt-veikt*.

Lítum á aðra vísu:

Endast orð, en auðar skorð  
alla kvaddi með hýrlig orð;  
hefst þar **dans** um kvenna **krans**,  
kom þar meir en þúsund **manns**. (*Pontus rímur* XIII.63; *RR* X:155)

Baklægu gerðir rímorðanna í seinni hlutanum ættu að vera #dans-r#, #krans# og #mann-s#. Mismunurinn kemur ekki í veg fyrir að orðin rími saman og gerir rímið ekki heldur verra. Sama má segja hér:

Bósi sté á brúðar fót  
og blíðliga augum **renndi**,  
þetta gjörði Þrúðr á mót  
þýðum brodda **sendi**. (*Bósa rímur* VI.24; Ólafur Halldórsson 1974:78)

Baklægu gerðir rímorðanna eru væntanlega #renn-ði# og #sendi# (eða #sendi-i#). Þau ríma þó fullkomlega saman.

Einnig má skoða hendingar í dróttkvæðum:

**sæll** til hæstrar **hallar** (*Allra postula minnisvísur* 7.7; *Skj* B II:560)

Hér rímar #sæl-r# vandræðalaust við #hall-ar#.

Ef yfirborðsgerðirnar ríma verður ekki séð að það skipti skáldin nokkurs staðar máli að djúpgerðirnar rími ekki. Ef orð ríma ekki í yfirborðsgerð hjálpar

---

<sup>58</sup> Ég miða hér að mestu leyti við framsetninguna hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1993) en í flestum generatífum greiningum á íslensku er gert ráð fyrir svipuðum baklægum gerðum og þar. Vitanlega er þó nokkurn mismun að finna. Gibson (1997) greinir til dæmis myndir eins og *dagur* og *lönd* talsvert öðruvísi en Eiríkur.

það heldur ekki þótt djúperðirnar gætu virst ríma. Þannig rímar #há-t# (lo. hk. et.) ekki við #bát# heldur við #sátt# (no.) og #sátt-t# (lo. hk. et.). Eins rímar #her-r# (no. nf. et.) við #sjer# en ekki við #verr#. Svona mætti lengi telja.

Ekki er það heldur svo að hrynjandi stýrist af atkvæðafjölda í baklægri gerð. Orðmyndirnar *kvæðum* (no. þgf. ft.) og *köllum* (so. vh. nt.) eru tvö atkvæði í öllum skáldskap en ekki þrjú og fjögur atkvæði eins og djúperðirnar #kvæði-um# og #kalla-i-um# gætu bent til.

Það virðist ósennilegt að baklægur gerðir skipti í langflestum tilfellum engu máli í kveðskapnum – en komi við sögu í einstaka afmörkuðum tilfellum. Ég get ekki séð neina sannfærandi skýringu á þeirri ósamkvæmni. Þó yrði að taka kenninguna til greina ef þau fyrirbæri sem skýrð hafa verið með baklægum gerðum væri ómögulegt að útskýra öðruvísi. Þetta er alls ekki tilfellið enda eru jafnan til aðrar vænlegar skýringar.

Ég get því ekki fallist á að íslenskur kveðskapur veiti kenningum um sálfræðilegan raunveruleika baklægra gerða neinn stuðning.

## 10.2 Formgerðarkenningar

Formgerðarsinnar hafa sett fram þá kenningu að hljóðön sem taka þátt í hlutleysingu þyki líkari en önnur hljóðön. Þessi kenning hefur síðan verið notuð til að skýra atriði í íslenskum kveðskap.

Upphaflega virtist mér þessi hugmynd sennileg og hafa nokkurt skýringargildi. Eftir því sem ég hef athugað málið betur hefur þó trú mín á hana minnkað. Til að tvö hljóð taki þátt í eiginlegri hlutleysingu þurfa þau að hafa alla hljóðkerfisþáttu sameiginlega nema einn. Þau eru þá í flestum tilfellum hljóðfræðilega lík. Þessi hljóðfræðilegu líkindi gera það án efa vænlegra að ríma hljóðin saman. Hin forsenda þess að hljóð taki þátt í hlutleysingu er að dreifing þeirra sé þannig að þau komi ekki bæði fyrir í sérhverju hljóðkerfislegu umhverfi. Mér þykir ekki hafa verið sýnt fram á að þessar dreifingarlegu staðreyndir skipti máli í rími eða í því hvaða hljóð málnotendum þykja lík. Ég sé ekki heldur að neitt í íslenskum skáldskap veiti þessari kenningu skýran stuðning.

Hreinn Benediktsson setti fram þá kenningu að rím /a/ og /o/ í aðalhendingum skýrist af því að hljóðönnin taki þátt í hlutleysingu. Í kafla 5 bendi ég á nokkra erfiðleika við þá túlkun. Einnig mætti hugsa sér að stuðlun uppgómmæltra og framgómmæltra hljóða, sem rædd er í kafla 3, skýrist af því að munurinn á /k/ og

/c/ sé hlutleystur í ákveðnu umhverfi. Ég er þó lítt trúaður á þessa hugmynd. Vandinn er að það er mjög algengt í íslensku og öðrum tungumálum að hljóðön sem aðgreinast með einum hljóðkerfisþætti komi ekki fyrir í nákvæmlega sama umhverfi. Þetta virðist þó ekki hafa nein fyrirsjáanleg áhrif í bragfræðinni. Við stuðlum ekki saman [v] og [f] þótt dreifing þessara hljóða sé að nokkru leyti fyrirsjáanleg. Mér þykir *móðga – blíðka* ekki vera rétt skothending þótt dreifing [ð] og [p] sé að mestu leyti fyrirsjáanleg. Mér þykir rímið *slaufa – laufa* ekki sérstaklega gott og raunar sennilega verra en t.d. *laufa – rauða*.

Kenningin um hlutleysingu í bragnum virðist því lenda í sömu vandræðum og kenningin um baklægu gerðirnar. Þessar kenningar spá fyrir um ýmislegt sem ekki gerist. Þau fyrirbæri sem kenningarnar eiga að skýra verða betur skýrð á aðra vegu.

### 10.3 Stafsetning

Í þessari bók er víða rætt um þá stoð sem kveðskaparhefðir geta haft af stafsetningunni. Stuðningur af þessu tagi virðist liggja í augum uppi og ég veit ekki til að neinn hafi dregið í efa að hann sé raunverulegt fyrirbrigði. Til dæmis hlýtur sá siður að ríma fornafnið *það* við orðmyndir eins og *sat* að hafa fengið stuðning af hinni íhaldssömu ritmynd <þat>.

Hér hef ég haldið því fram að stuðlun framgómmlætra og uppgómmlætra hljóða styðjist við þá staðreynd að þessi hljóð eru táknuð á sama hátt í stafsetningu. Eins þykir mér einsýnt að stuðlun hljóðanna [ç], [ŋ], [r̥], [l̥], [x] og [h] styðjist við að öll hljóðin eru rituð með upphafs-*h*.

Sú hugmynd hefur einnig komið fram að stafsetning geti valdið því að ólík hljóð rími saman án þess að fyrri hefð komi til. Ef til vill má finna dæmi um þetta í einhverjum tungumálum en mér þykja þau íslensku dæmi sem stungið hefur verið upp á lítt sannfærandi (kafla 6.10).

Þetta breytir því ekki að ég tel stafsetninguna mikilvæga til að styðja við hefðir í skáldskapnum. Ég hef sjálfur ort kvæði þar sem *hv* er stuðlað við *h* en *kv* við *k* og það byggist vitanlega á því að ég hef lært í stafsetningu að gera greinarmun á *hv* og *kv*. Stafsetningin er eins konar greining á hljóðkerfi málsins og margt bendir til að hún hafi áhrif á málvitund þeirra sem læra hana. Ekki kemur þá á óvart að hennar sjái merki í kveðskap.

## 10.4 Hljóðfræðileg líkindi

Kenning Trubetzkoy's var að málnotendum þættu hljóð lík ef andstæðan milli þeirra væri einhvers staðar hlutleyst í málinu. Rannsóknir skortir til að sýna fram á að þetta sé rétt. Það sem hins vegar hefur verið greinilega sýnt fram á með rannsóknum er að málnotendum þykja hljóð lík *ef þau eru lík*. Þessa sér stað í skáldskap með því að lík hljóð ríma saman miklu oft en ólík.

Greinilegt er að þetta gildir í íslenskum kveðskap, ekki síður en í rúmenskum eða japönskum. Skoðum vísu:

Ólafur reið með björgum fram,  
villir hann, stillir hann,  
hitti hann fyrir sér álfarann,  
þar rauður loginn brann,  
blíðan lagði byrinn undan björgunum fram. (*Ólafur liljurós 1*)

Í viðlaginu rímar saman *hann*, *brann* og *fram*. Þetta er gott rím því að /n/ og /m/ eru lík hljóð. Okkur finnast þau ekki lík vegna þess að dreifing þeirra sé að einhverju leyti fyrirsjáanleg (þótt það sé satt) né heldur vegna þess að þau tengist í virkum hljóðkerfisreglum (þótt það sé líka satt) heldur vegna þess að þau *eru* lík. Með öðrum orðum er ekki mikill munur á þeim hljóðeðlisfræðilegu greinimerkjum sem mannlegur hlustandi notar til að greina hljóðin að. Líkindin sjást til dæmis af því að við eigum erfitt með að greina muninn þegar orð eru stöfuð upphátt. „Sagðirðu *enn* eins og í *Nonni*?“ er spurning sem ég hef oft tekið mér í munn.

Lítum á brot úr nýrri texta:

Hvert barn sem fæðist í dag  
á minni og minni möguleika að lifa.  
Hver þrítugur maður í dag  
er með falsaðan miða. (*Híróshíma*, Utangarðsmenn)

Hér ríma saman *lifa* og *miða*. Ástæðan hefur greinilega ekkert að gera með baklægur gerðir, hljóðkerfisreglur eða hlutleysingu – enda eru [v] og [ð] ekki tengd neinum slíkum böndum. Lausnin er einfaldlega að [v] og [ð] eru fremur lík hljóð og því fer ekki illa á því að þau standi saman í rími.

## 10.5 Hefð

Ég hygg að enginn ágreiningur sé um að hefðir leiki hlutverk í skáldskap. Dæmin um skáld með *kv*-framburð sem stuðla *hv* við *h* sýna hvað íhaldssemi og hefðarreglur geta vegið þungt.


Þau fyrirbæri sem menn hafa útskýrt með djúpum hljóðkerfislegum rökum verða einnig skýrð sem hefðir. Ein helsta ástæða þess að mér þykja hefðarskýringarnar betri er að við höfum mörg óumdeild og óræk dæmi um að hefðir skipti máli í skáldskap. Hins vegar hef ég ekki séð nein ótvíræð dæmi um að baklæggar gerðir eða hlutleysing skipti þar máli. Þegar margar skýringar koma til greina er eðlilegt að halla sér að þeim sem hafa sannað sig annars staðar en vantroysta þeim sem hvergi tekst að færa sönnur á.

En nú má spyrja: Ef hefðir eru svona mikilvægar í skáldskap, er þá nokkur leið að treysta vitnisburði hans í málsögu? Má ekki alltaf eiga von á því að það sem sjáist í kveðskapnum sé ekki eðlilegt mál höfundanna heldur vöndull af ýmiss konar furðulegum hefðum? Ég hygg að ástandið sé raunar ekki svo slæmt. Hvert tilvik verður að skoða fyrir sig en það eru takmörk fyrir því hvers konar hefðir eru lífvænlegar. Hér hef ég gert greinarmun á samfellandi og sundurgreinandi hefðum. Sundurgreinandi hefðir verða að styðjast við stafsetningu, handbækur eða annað slíkt. Þær eru íþyngjandi fyrir skáldin og ólíklegt að þau geti og kjósi öll að halda þeim við í langan tíma. Hér má til dæmis benda á þau skáld sem hafa þrátt fyrir allt stuðlað *hv* við *k*.

Þegar hljóðbreyting veldur því að tvær einingar í málinu renni saman má vænta að þess sjáist fljótt merki í skáldskapnum. Dæmi um slíkar breytingar eru samruni *y* og *i* eða *æ* og *æ*. Jafnvel þótt einhverjir amist við að hljóðönnin falli saman í kveðskap (sbr. Jón Helgason 1970) er mjög á brattan að sækja fyrir slíka íhaldsmenn. Í aldaðir hefur ekkert íslenskt skáld gert greinarmun á *y* og *i* eða *æ* og *æ* í kveðskap.

Þegar hljóðbreyting veldur því hins vegar að ein eining í málinu klofnar í tvær dugar samfellandi hefðarregla til að viðhalda gömlum síðum. Slíkar reglur eru auðlærðar og til þæginda fyrir skáldin, skyldi því engan undra að þær geta orðið lífseigar. Hér verður nú litið aftur á nokkur tilfelli og reynt að sýna fram á almennar tilhneigingar.


a) Einhvern tíma á norrænu eða frumnorrænu málstigi klofnaði hljóðanið /k/ í /k/ og /c/:



*Fónemið /k/ sundrast í /k/ og /c/*

Hér er /c/ ný eining í kerfinu svo að engin hefð var fyrir hendi um að /c/ væri eining í kveðskapnum. Skáldin hafa til þessa dags haldið /c/ og /k/ í sama jafngildisflokki.

b) Í frumnorænu stuðluðu öll orð með sérhljóðsupphafi saman og er það eðlilegt ástand samkvæmt kenningunni um tómstuðlun (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:143–145). Síðan verða hljóðbreytingar sem valda því að ýmis orð sem áður hófust á sérhljóða fá /j/ að upphafshljóði. Fyrir þessa breytingu var ekkert upphafs-/j/ til og engin hefð fyrir hendi um að /j/ væri sérstakur flokkur í stuðlun. Skáldin héldu sérhljóðunum og /j/ öldum saman í einum jafngildisflokki.




*Sum orð sem áður hófust á sérhljóða fá upphafið /j/*

Hvers vegna leið stuðlun *j* við sérhljóða undir lok en stuðlun uppgómmæltra og framgómmæltra hljóða ekki? Við því á ég ekkert einhlítt svar. Ef til vill væri það líka til of mikils mælst að ætlast til að kenning geti spáð fyrir um hvort samfellandi hefðarregla lifir í 500 ár eða 1000 ár. Slíkt er væntanlega að einhverju leyti háð tilviljunum og jafnvel duttlungum einstakra manna.

En lítum nú á tilvik þar sem samfellandi hefðarregla kemur ekki upp:

c) Í frumnorænu stuðluðu, sem fyrr segir, öll orð með sérhljóðsupphafi saman.


Hins vegar stuðluðu orð sem hófust á /w/ saman í öðrum flokki.<sup>59</sup> Síðan verður hljóðbreyting sem veldur því að ýmis orð sem áður hófust á /w/ (t.d. \*wulfaz) fá sérhljóðsupphaf:



*Sum orð sem áður hófust á /w/ glata því*

Hér verður það ekki að reglu, að minnsta kosti ekki í varðveittum kveðskap, að orð sem hefjast á sérhljóði og orð sem hefjast á /w/ liggi í einum jafngildisflokki. Í málkerfinu og bragkerfinu eru til sömu flokkar og áður og breytingin felst aðeins í að sum orð færast úr einum flokki í annan.

d) Í kafla 5 er rætt um *a* og u-hljóðvarp af *a*:




*Frumnorrænt a klofnar í a og o*

Þessi mynd er hliðstæð við myndirnar í a) og b) og niðurstaðan er sú sama – hljóðin haldast í einum bragfræðilegum jafngildisflokki. Þessi hefð virðist síðan hverfa nokkuð skyndilega þegar *o* og *ø* renna saman. Ein leið til að tákna hljóðþróunina væri svona:

<sup>59</sup> Sbr. áletrunina á Tune-steininum, frá um 400, þar sem <wiwaz>, <woduride>, <witada> og <worahto> stuðla saman (Þórhallur Eypórssón 2012:10).






*Frá frum norrænu fyrir u-hljóðvarp til 1200*

Hér höfum við mynd hliðstæða við þá í c) og líka sömu niðurstöðu og þar – *a* og *ö* eru ekki í sama jafngildisflokki eftir breytinguna. Myndin er að vísu ekki fullkomlega hliðstæð nema við lítum svo á að *ö* (útkoman úr samruna *o* og *ø*) sé sama eining og *ø*.


e) Í kafla 4 er rætt um stuðlun orða sem hefjast á <h> í ritmáli. Enn getum við athugað þróunina frá frum norrænu:



*Frá frum norrænu til íslensku með hv-framburði*

Hér höfum við mynd sem er hliðstæð við myndirnar í a), b) og d) nema hér klofnar fónemið ekki í tvennt heldur í sex hluta. Lykilatriðið er að engin þessara sex eininga var til fyrir í málinu. Því er vandræðalítið að halda þeim öllum í einum jafngildisflokki.

Ef við skoðum hins vegar íslensku með kv-framburði fáum við eftirfarandi mynd:



*Frá frum norrænu til íslensku með kv-framburði*

Hér var *k* til fyrir í kerfinu en ekki hin hljóðin. Þess vegna er eðlilegt að [h], [l̥], [ŋ], [r̥] og [ç] haldist í einum jafngildisflokki en [k<sup>h</sup>] sé í öðrum flokki. Til eru skáld sem yrkja eftir hv-framburði með aðstoð stafsetningarinnar en ekkert skáld hefur stuðlað saman [h] og [k<sup>h</sup>].

**Viðmiðunarregla 1:** Ef tvö fónem renna saman í eitt er eðlilegt að allur greinarmunur hverfi úr skáldskapnum. Sundurgreinandi hefðarreglur eru sjaldgæfar. Dæmi: Samruni *y* og *i*, samruni *æ* og *oe*.

**Viðmiðunarregla 2:** Ef fónem getur af sér nýtt fónem sem ekki var til fyrir í málinu er eðlilegt að bæði haldist í einum bragfræðilegum jafngildisflokki í lengri eða skemmri tíma. Samfellandi hefðarregla viðheldur fornum stíl. Dæmi: Jafngildi *a* og *o*, stuðlun *j* við sérhljóða, jafngildi framgómæltra og uppgómæltra hljóða, jafngildi [h], [l̥], [ŋ], [r̥], [ç] og [x]. Ef til vill einnig rím nefkveðinna og munnkveðinna hljóða í aðalhendingum.

**Viðmiðunarregla 3:** Ef sumir fulltrúar tiltekins fónems renna inn í annað fónem er eðlilegt að fónemin myndi áfram tvo flokka í bragkerfinu. Samfellandi hefðarregla gæti orðið til en hennar er ekki sérstaklega að vænta. Dæmi: Breytingar eins og kné > hné og hvalur > kvalur ollu því ekki að *k* og *h* rynnu saman í stuðlun. Brottfall *w* í orðum eins og \*wulfaz gerðu það ekki að almennri reglu að *w* stuðlaði við sérhljóð.

Með viðmið af þessu tagi í huga held ég að ekki sé svo vandasamt að nota kveðskap sem heimild í málsögu. Sannarlega koma þó einnig upp flókin tilvik sem ekki verða auðveldlega afgreidd með þumalfingursreglum. Hegðun orða með stoðhljóði er dæmi um það.

## Viðauki A – Heimildir

### A 1. Inngangur

Í bók þessari er vísað í ýmiss konar skáldskap og þarf venjulega ekki að fara mörgum orðum um einstök kvæði og höfunda þeirra enda er hér ritað um málfræði fremur en bókmenntasögu. Rannsókn verður þó aldrei traustari en undirstaðan sem hún byggist á og er því rétt að nokkrum meginatriðum um heimildirnar og notkun mína á þeim sé haldið til haga.

Sérstaklega verður ekki hjá því komist að fjalla um um tímabilið 1300–1550 sem hér kemur mikið við sögu. Frá þessu tímabili eru fá kvæði sem hægt er að tímasetja og tengja við þekktu nafngreinda höfunda og er það bagalegt fyrir málfræðinga sem vilja nota kveðskap sem sögulega heimild.

Í kafla A.2 er fjallað um skáldskap fyrir 1300, í köflum A.3–5 um kvæði og rímur tímabilsins 1300–1550 og í kafla A.6 er yfirlit um þær rímur eftir siðaskipti sem ég hef notast við.

### A 2. Kveðskapur fyrir 1300

Um fornan kveðskap hef ég mest notað dróttkvæðaútgáfu Finns Jónssonar (*Skj*) en einnig haft hliðsjón af útgáfu Kocks (*Skald*) og hinni nýju fjölhöfundaútgáfu (*Skaldic*) þar sem hún hrekkur til. Til Eddukvæða hef ég vísað með útgáfu Kuhns (1962) en haft til hliðsjónar óútkomna rafræna útgáfu Konungsbókar á vegum Stofnunar Árna Magnússonar. Um aldur og eðli gamals kveðskapar má að mestu vísa til bókmenntasögurita, t.d. *Íslenskrar bókmenntasögu I* í ritstjórn Vésteins Ólasonar (1992) en enn má hafa mikið gagn af ítarlegum eldri ritum eins og hinni miklu bókmenntasögu Finns Jónssonar (1920–1924).

Í þessari rannsókn er við lýði sögulegt viðhorf til skáldskaparins enda er til skoðunar framvinda í málsögu og bragsögu. Mér er þó sannarlega ekki ókunnugt um að síðustu ár hafa mjög tíðkast samtímalegar eða nýfílólogískar rannsóknir á kveðskap þar sem áhersla er lögð á texta handrita eins og hann er varðveittur í hverju handriti fyrir sig og samhengi hans í samtíma hinna varðveittu handrita (sjá t.d. Males 2011b).<sup>60</sup> Saman við þessa stefnu fer gjarnan

---

<sup>60</sup> Um nýju textafræðina í íslensku samhengi má ekki síst mæla með skrifum Sverris Tómassonar (2002) og umræðum við doktorsvörn Aðalheiðar Guðmundsdóttur (Glauser

áhugi á frjósemi kvæða í munnlegri geymd og efasemdir um tilraunir til að aldurssetja kvæði eða komast að sem upphaflegastri gerð þeirra (sjá t.d. Gísla Sigurðsson 1998) ásamt efasemdum um að forn kvæði séu kennd til réttra höfunda (sjá t.d. Males 2011a og umfjöllun hjá Jónasi Kristjánssyni 2006).

Í ljósi þessarar umræðu vakna margar aðferðafræðilegar spurningar sem rétt er að þeir sem beita hefðbundari rannsóknaraðferðum svari. Hér er þó ekki rými til annars en að drepa á örfá atriði. Fyrst er að segja að ekkert í niðurstöðum mínum byggist á því að eitthvert tiltekið kvæði sé fullkomlega varðveitt eða nákvæmlega frá þeim tíma sem heimildir greina frá. Söguleg rannsókn sem tekur til mikils efnis gerir aðeins þá kröfu að meginlínur í varðveislu og aldurssetningu kvæða séu nálægt hinu sanna í þeim heimildum sem notaðar eru.

Í annan stað er það ekki alltaf úrslitatriði fyrir málfræðinga hvort kvæði var heldur ort á 10. öld eða á 12. öld af skáldi sem kunni til hlítar að beita fornum máleinkennum. Lykilatriðið í rannsóknum af þessu tagi er að *fornleg einkenni fara saman*. Þannig eru það sömu kvæðin sem hafa *a* og *o* í aðalhendingum (Hreinn Benediktsson 2002a [1963]), mikið af fylliorðinu *um/of* (Fidjestøl 1999), ákveðnar gerðir af hrynjandi fremur en aðrar (Gade 2001, Myrvoll 2009:186–187), ákveðna skipun hendinga fremur en aðra (Þorgeir Sigurðsson 2010) og þannig mætti áfram telja (Jónas Kristjánsson 1972:114–122). Í kafla 2.8 legg ég til að mynda til að stuðlasetning í Lokasennu byggist á arfi úr frumnorænu. Sú skýring mundi ekki falla úr gildi þótt einhverjum tækist að sýna fram á að kvæðið væri ort á 12. öld eftir eldfornum fyrirmyndum.

### A 3. Nafngreind skáld 1300–1550

Sem fyrr segir er tímabilið 1300–1550 veigamikið í þessu riti og fjalla ég hér fyrst um þann kveðskap frá þeim tíma sem tímasettur verður með ytri rökum. Hann er því miður ekki mikill að vöxtum. Þegar ég segi að kvæði sé tímasetjanlegt með ytri rökum á ég við að það sé með þokkalega traustum hætti eignað nafngreindum höfundi sem vitað er að uppi var á tilteknum tíma. Einnig felli ég það hér undir ef kvæði er tímasetjanlegt af því að það fjalli um þekktu sögulega viðburði frá samtímalegu sjónarhorni.

Frá 14. öld eru fjögur nafngreind skáld sem eitthvað verulegt er varðveitt eftir og tvö til viðbótar sem einnig er rétt að nefna.

---

2002, Svanhildur Óskarsdóttir 2002). Sérstaklega vil ég benda á vörn Aðalheiðar á hugtökum eins og *villa* og *misskilningur* (Aðalheiður Guðmundsdóttir 2002:277–278).

Fyrstan má telja Þormóð prest Ólafsson, um hann er það helst vitað að 1338 sigldi hann utan (Finnur Jónsson 1924:20). Eftir Þormóð eru varðveitt 84 vísuorð af kveðskap undir dróttkvæðum og hrynhendum hætti.

Næstur er Arngrímur Brandsson sem var ábóti í Þingeyrarklaustri 1350–1362 (Sigurdson 2011:58). Árið 1345 orti hann hrynhenda drápu um Guðmund Arason (Finnur Jónsson 1924:8–9). Þrjár dróttkvæðar vísur um Guðmund telur Finnur einnig til verka Arngríms og er kveðskapurinn þá 512 vísuorð alls þegar vísuorð í stefjum eru ekki talin oftast en einu sinni.

Sá sem orti Lilju er kallaður Eysteinn í mörgum heimildum en um hann er lítið vitað og vandséð hverju trúa ber. Almenn sátt virðist þó ríkja um að Lilja sé ort á mjög svipuðum tíma og Guðmundardrápa Arngríms (*Skaldic* VII:554–555). Lilja er 100 erindi og vísuorð án endurtekninga eru 760.

Sex runhendur vísur (48 vísuorð) eru eignaðar Snjólfvi nokkrum sem orti um Grundarbardaga. Ekkert er vitað um Snjólf en fundurinn á Grund varð 1361.

Einar Gilsson er það nafngreinda 14. aldar skáld sem mest er varðveitt eftir að kveðskap. Einar var orðinn fulltíða 1339 og gegndi lögmannsembætti 1367–1369 (Finnur Jónsson 1924:13; sjá einnig Sigurdson 2011:79). Eftir hann liggja kvæði um Guðmund Arason undir dróttkvæðum og hrynhendum hætti. Einnig orti hann Ólafs rímu Haraldssonar. Alls eru þetta 884 vísuorð.

Síðasta 14. aldar skáldið er Árne Jónsson. Um hann er það eitt vitað að hann varð ábóti á Munkaþverá 1370 og sigldi utan 1379 (Finnur Jónsson 1924:14). Eftir Árna liggur hrynhend drápa um Guðmund Arason og tvö vísnaþrot, alls 642 vísuorð.

Þótt vonum minna sé vitað um ævi og störf þessara sex skálda má skipta þeim þannig niður að Þormóður, Arngrímur og Eysteinn tilheyri fyrri hluta 14. aldar en Snjólfur, Einar og Árne seinni hlutanum. Þetta er nokkurs virði.

Næsta tímansetjanlega skáld á eftir Árna er Hallur Ögmundarson. Hallur kemur fyrst við skjöl 1501 og er þá orðinn prestur. Árið 1539 lætur hann af prestskap að Stað í Steingrímsfirði en kemur enn fram sem brúðkaupsvottur á Reykhólum 1554 (Vésteinn Ólason 1993:306). Eftir Hall liggja þrjú hrynhend helgikvæði: Náð, Gimsteinn og Nikulásdrápa; eitt hálfhneppt kvæði: Mikaelshlokkur og tvö endarímuð kvæði: Maríublóm og Sælust sjóvar stjarna. Alls eru þetta 3655 vísuorð eða mun meiri kveðskapur en varðveittur er eftir nokkurt íslenskt skáld fram að þessu.

Samtímamaður Halls er Jón biskup Arason (1484–1550). Ýmis kvæði eru eignuð Jóni en margar heimildirnar standa á veikum grunni. Svo er um Ljómur og Niðurstigningsvísur sem eignaðar eru Jóni í nokkrum handritum frá 1670 og

síðar. Mörg handritin nefna engan höfund og þeirra á meðal eru þau elstu. Enn yngri er heimildin fyrir því að Krossvísur séu eftir Jón. Eins og Jón Helgason bendir á er lítið á þessu byggjandi:

[T]að vísir seg í nógvum fœrum, at tann kunnleiki sum Íslendingar í seinnaparti av 17. øld hœvdu um yrkjarar frá tíðarskeiðinum framman undan trúbótina, er merkiliga ringur, og tær upplýsingar sum teir geva um tílík evni eru yvirhœvur ikki álítandi. Jón Arason var tað best kenda skaldið frá katólskari tíð, og eftirtíðin hevði lyndi til at geva honum meir enn hann átti av røttum. (Jón Helgason 1945:22)

Kvæðin Píslargrátur (376 hrynhend vísuorð) og Davíðsdiktur (300 vísuorð undir endarímuðum hætti) eru eignuð Jóni biskupi í Vísnaþók Guðbrands frá 1612. Þetta er eldri heimild og áreiðanlegri en aðrar sem koma til greina og verður hér haft fyrir satt að þessi tvö kvæði séu eftir Jón en önnur látin liggja milli hluta.<sup>61</sup> Einnig eru allnokkrar lausavísur (174 vísuorð undir ýmsum háttum) eignaðar skáldinu. Samtals eru þetta 850 vísuorð.

Jón Hallsson kemur fyrst við skjöl 1495 og síðast 1538. Eftir hann er varðveitt Ellikvæði, 176 endarímuð vísuorð. Hallur og Jónarnir tveir eru einu nafnkunnu skáldin frá fyrri hluta 16. aldar sem kvæði eru varðveitt eftir. Eitt kvæði til viðbótar frá þessu tímabili er þó tímasetjanlegt með ytri rökum en það er kvæði um Ögmund biskup sem varðveitt er í AM 713 4to.

Kvæðið um Ögmund er, eftir efni þess að dæma, ort eftir að Ögmundur biskup gerði Gissur Einarsson að eftirmanni sínum 1539. Það getur ómögulega verið ort eftir að Ögmundur var handtekinn sumarið 1541 og er raunar varla ort eftir 1540. Það má því tímasetja með meiri nákvæmni en flest íslensk kvæði fyrir síðaskipti. Ekkert er vitað um höfund kvæðisins. Hann talar um Stefán biskup (d. 1518) eins og dauði hans sé honum í fersku minni og er þá trúlegt að hann hafi ekki verið mjög ungur maður 1540. Hér verður því lítið svo á að verk fjögurra skálda megi með ytri rökum færa til tímabilsins 1500–1550.

Varla er hægt að segja að nokkrum kvæðum öðrum en þau sem hér hafa verið talin verði með ytri rökum fundinn staður á tímabilinu 1300–1550. Sér í lagi er 15. öldin myrkri hulin. Það bætir lítið úr þótt kvæði séu eignuð tilteknum mönnum ef ekkert er vitað um þá menn. Svo er til dæmis um Skáld-Svein þann sem orti Heimsósóma eða Vitulus vates sem orti Völsungs rímur og Katrínardrápu, við höfum aðeins nöfnin tóm. Kvæði eru eignuð Lopti

<sup>61</sup> Það er þó e.t.v. fullmikið sagt hjá Jóni Helgasyni að þetta séu „[t]ær tvær yrkingar sum vit hava vissu fyri at Jón Arason hevur gjørt“ (Jón Helgason 1945:22).

Guttormssyni, Jóni Pálssyni og Gunna Hólaskáldi en heimildirnar eru of ungar og veikar til að á þeim sé byggjandi. Um Sigurð blind gildir bæði að engar traustar heimildir eru um ævi hans og hitt að mjög er óvíst hvaða kveðskapur sé réttilega eignaður honum. Svona mætti áfram telja.

Ein leið til að meðhöndla þennan vanda er að sleppa fimmtánda öldinni úr rannsóknum (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:116). Hér verður hins vegar farin sú leið að nota kveðskapur sem ekki verður tímasettur með ytri rökum og reyna eftir megni að finna honum stað með innri rökum.

Innri rök um tímasetningu kvæða eru einkum málsöguleg og bókmenntasöguleg. Hér þarf að gæta þess að ef málsöguleg rök eru notuð til að tímasetja kvæði getur orkað tvímælis að nota síðan tímasetningu kvæðisins til að aldursgreina tiltekna málbreytingar. Hætta er á því að röksemdafærslan lendi í hring. Hér má þó hafa í huga að ýmis málsöguleg atriði eru tímasetjanleg með stafsetningu handrita og rýfur það vítahringinn. Einnig skiptir það máli að kvæði séu tímasett með tilliti til margra málsögulegra atriða en ekki aðeins eins. Þegar rætt er um aldur einhverrar tiltekinnar málbreytingar út frá tilteknum kvæðum er þá aðeins um hringrökfærslu að ræða ef það tiltekna atriði hefur vegið þungt í aldursgreiningu kvæðanna. Oft skiptir afstæður aldur innan kvæðasafns meira máli en algildur aldur í árum talið.

Upphaflega hafði ég ráðgert að birta hér ítarlega greinargerð um aldursgreiningu íslensks kveðskapar fyrir síðaskipti. Þetta reyndist þó svo umfangsmikið efni að ekki var rúm fyrir það að sinni. Í staðinn er hér aðeins ágrip af niðurstöðunum og fáein orð um einstaka rímnaflökka.

Þau bragfræðilegu og málsögulegu aldurseinkenni sem ég hef tekið mið af eru ekki síst rím *il/lei* við *y/ý/ey*, rím *e* við *é*, rím *r* við *rr*, rím *álólo* við *vá*, *j*-stuðlun, *s*-stuðlun, notkun ákveðins greinis, tökuorð, hegðun stoðhljóðsins, hljóðdvalarbreytingin, lögmál Craigies, klofning í öðru risi, lögmál Kuhns og notkun á forlið. Sumt af þessu á vitanlega aðeins við tiltekna kveðskapargreinar.

#### **A 4. Hrynhend og dróttkvæð kvæði 1300–1550**

Frá tímabilinu 1300–1550 eru 15 varðveitt kvæði undir hrynhendum hætti. Ég hef raðað þeim í aldursröð með eftirfarandi hætti:

Lilja (Eysteinn)  
Guðmundardrápa (Arngrímur ábóti)

Hrynhenda (Einar Gilsson)  
Drápa af Maríugrát  
Katrínar drápa  
Guðmundardrápa (Árni ábóti)  
Heilagra manna drápa  
Milska  
Heilagra meyja drápa  
Píslardrápa  
Rósa  
Nikulásdrápa (Hallur Ögmundarson)  
Náð (Hallur Ögmundarson)  
Gimsteinn (Hallur Ögmundarson)  
Píslargrátur (Jón Arason)

Kvæði undir dróttkvæðum hætti eru 10. Ég hef raðað þeim svo:

Líknarbraut  
Gyðingsvísur  
Maríudrápa  
Drápa um Guðmund (Einar Gilsson)  
Selkolluvísur (Einar Gilsson)  
Pétursdrápa  
Maríuvísur I  
Allra postula minnisvísur  
Vitnisvísur  
Heimsósómi

Ekkert í þessum uppröðunum er í verulegu ósamræmi við niðurstöður fyrri fræðimanna.

Kvæðin sem hér hafa verið talin eru öll nema eitt gefin út hjá Finni Jónssyni (*Skj*) og Jóni Helgasyni (*ÍM*). Heimsósómi er ekki til í fræðilegri útgáfu en ég hef borið saman texta kvæðisins í AM 713 4to, Sth. mbr. 23 4to og Vísnaþók Guðbrands.

## A 5. Rímur fyrir siðaskipti

Að fyrirmynd Björns Karels Þórólfssonar hef ég hér raðað rímnaflökkum í afstæða aldursröð og skipt þeim að auki í fjögur tímabil. Ég hef gert tilraun til að láta tímabilin standa á aldarhelmingum. Þessu verður þó að taka með miklum fyrirvara enda er næstum engum föstum punktum til að dreifa.



Jafnframt upplýsingum um aldursröðun mína og Björns Karels tiltek ég hér lengd rímnanna og þá útgáfu sem ég hef notað. Á stöku stað get ég einnig um aðrar útgáfur eða nýlegar fræðigreinar um einstaka rímnaflokka.

### **Elsta skeið (u.þ.b. 1350–1400)**

Rímur: Sörla rímur

Aldursröð: 1 (HÞ), 1 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:85–111

Fjöldi vísna: 204 vísur í 6 rímum, ferskeyttur háttur er hér óreglulegur

Rímur: Ólafs ríma Haraldssonar

Aldursröð: 2 (HÞ), 2 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:1–8

Fjöldi vísna: 65 vísur í einni rímu, allar ferskeyttar

Rímur: Sigmundar rímur

Aldursröð: 3 (HÞ), 10 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:222–247

Fjöldi vísna: 194 vísur í 4 rímum, þar af 71 ferskeyttar

Rímur: Völsungs rímur

Aldursröð: 4 (HÞ), 3 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:311–347

Fjöldi vísna: 279 vísur í 6 rímum, allar ferskeyttar

Rímur: Friðþjófs rímur

Aldursröð: 5 (HÞ), 5 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:411–450

Fjöldi vísna: 311 vísur í 5 rímum, þar af 180 ferskeyttar

Rímur: Þrymlur:

Aldursröð: 6 (HÞ), 8 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:278–288

Sjá einnig: Jón Helgason 1975

Fjöldi vísna: 78 vísur í 3 rímum, þar af 28 ferskeyttar

Rímur: Geðraunir

Aldursröð: 7 (HÞ), 9 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:170–284

Fjöldi vísna: 719 vísur í 12 rímum, þar af 234 ferskeyttar

Rímur: Griplur

Aldursröð: 8 (HÞ), 26 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:351–408

Fjöldi vísna: 365 vísur í 6 rímum, þar af 188 ferskeyttar

Rímur: Áns rímur

Aldursröð: 9 (HÞ), 40 (BKÞ)

Útgáfa: Ólafur Halldórsson 1973b

Sjá einnig: Ólafur Halldórsson 1977

Fjöldi vísna: 545 vísur í 8 rímum, þar af 249 ferskeyttar

### **Annað skeið (u.þ.b. 1400–1450)**

Rímur: Þrændlur

Aldursröð: 10 (HÞ), 11 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:248–273

Fjöldi vísna: 205 vísur í 5 rímum, þar af 77 ferskeyttar

Rímur: Dámusta rímur

Aldursröð: 11 (HÞ), 12 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:771–800

Fjöldi vísna: 230 vísur í 4 rímum, þar af 58 ferskeyttar

Rímur: Úlfhams rímur

Aldursröð: 12 (HÞ), 7 (BKÞ)

Útgáfa: Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001:3–37

Fjöldi vísna: 270 vísur í 6 rímum, allar ferskeyttar

Rímur: Ólafs rímur Tryggvasonar af Indriða þætti

Aldursröð: 13 (HÞ), 6 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:166–182

Fjöldi vísna: 105 vísur í 3 rímum, allar ferskeyttar

Rímur: Virgiless rímur eða Glettudiktur  
Aldursröð: 14 (HÞ), 16 (BKÞ)  
Útgáfa: *Rs* II:843–858  
Sjá einnig: Gísli Sigurðsson og Mitchell 2008  
Fjöldi vísna: 102 vísur í 2 rímum, allar ferskeyttar

Rímur: Sálus rímur og Níkanórs  
Aldursröð: 15 (HÞ), 20 (BKÞ)  
Útgáfa: *Rs* II:687–769  
Fjöldi vísna: 593 vísur í 11 rímum, þar af 206 ferskeyttar

Rímur: Filippó rímur eða Krítar þáttur  
Aldursröð: 16 (HÞ), 21 (BKÞ)  
Útgáfa: *Riddararímur* 3–61  
Fjöldi vísna: 429 vísur í 8 rímum, þar af 151 ferskeytt

Rímur: Klerka rímur eða Klerkaspil  
Aldursröð: 17 (HÞ), 35 (BKÞ)  
Útgáfa: *Rs* II:859–893  
Fjöldi vísna: 240 vísur í 5 rímum, þar af 103 ferskeyttar

Rímur: Dínus rímur  
Aldursröð: 18 (HÞ), 33 (BKÞ)  
Útgáfa: *Rs* II:801–823  
Sjá einnig: Jónas Kristjánsson 1960:lviii–lx  
Fjöldi vísna: 169 vísur í 4 rímum, þar af 84 ferskeyttar

Rímur: Blávuss rímur og Víktórs 1–8  
Aldursröð: 19 (HÞ), 14 (BKÞ)  
Útgáfa: *Rs* II:604–684  
Sjá einnig: Jónas Kristjánsson 1964:lxxv–lxxxii  
Fjöldi vísna: 415 vísur í 8 rímum, þar af 204 ferskeyttar

Rímur: Rímur af Haraldi Hringsbana  
Aldursröð: 20 (HÞ), 37 (BKÞ)  
Útgáfa: Ólafur Halldórsson 1973a  
Fjöldi vísna: 287 vísur í 6 rímum, þar af 86 ferskeyttar

Rímur: Skáld-Helga rímur

Aldursröð: 21 (HÞ), 25 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:105–162

Sjá einnig: Ólafur Halldórsson 1978:255–256.

Fjöldi vísna: 384 vísur í 7 rímum, þar af 179 ferskeyttar

Rímur: Rímur af Sigurði fót

Aldursröð: 22 (HÞ), 19 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:288–324

Fjöldi vísna: 281 vísa í 6 rímum, þar af 135 ferskeyttar

Rímur: Geiplur

Aldursröð: 23 (HÞ), 28 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:357–390

Fjöldi vísna: 231 vísa í 4 rímum, þar af 105 ferskeyttar

Rímur: Geirarðs rímur

Aldursröð: 24 (HÞ), 23 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:473–528

Fjöldi vísna: 415 vísur í 8 rímum, þar af 241 ferskeytt

Rímur: Hjálmpjers rímur

Aldursröð: 25 (HÞ), 13 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:1–80

Sjá einnig: O'Connor 2000

Fjöldi vísna: 627 vísur í 11 rímum, þar af 394 ferskeyttar

Rímur: Grettis rímur eða Grettlur

Aldursröð: 26 (HÞ), 22 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:43–100

Sjá einnig: Guðvarður Már Gunnlaugsson 2000:53–55

Fjöldi vísna: 478 vísur í 8 rímum, þar af 170 ferskeyttar

### **Priðja skeið (u.þ.b. 1450–1500)**

Rímur: Herburts rímur eða Herburts þáttur

Aldursröð: 27 (HÞ), 27 (BKÞ)

Útgáfa: *Riddararímur* 65–88

Fjöldi vísna: 165 vísur í 4 rímum, þar af 80 ferskeyttar

Rímur: Gríms rímur og Hjálmars

Aldursröð: 28 (HÞ), 18 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:114–131

Fjöldi vísna: 138 vísur í 4 rímum, þar af 41 ferskeytt

Rímur: Skíða ríma

Aldursröð: 29 (HÞ), 29 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:10–40

Fjöldi vísna: 202 vísur í einni ferskeyttri rímu

Rímur: Bjarka rímur

Aldursröð: 30 (HÞ), 24 (BKÞ)

Útgáfa: Finnur Jónsson 1904

Fjöldi vísna: 405 vísur í 8 rímum, þar af 53 ferskeyttar

Rímur: Landrjes rímur

Aldursröð: 31 (HÞ), 30 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:392–471

Sjá einnig: Louis-Jensen 1992

Fjöldi vísna: 563 vísur í 9 rímum, þar af 136 ferskeyttar

Rímur: Skikkju rímur

Aldursröð: 32 (HÞ), 31 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:326–353

Fjöldi vísna: 189 vísur í 3 rímum, þar af 60 ferskeyttar

Rímur: Konráðs rímur

Aldursröð: 33 (HÞ), 32 (BKÞ)

Útgáfa: *Riddararímur* 91–171

Fjöldi vísna: 550 vísur í 8 rímum, þar af 228 ferskeyttar

Rímur: Sturlaugs rímur

Aldursröð: 34 (HÞ), 34 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:455–513

Fjöldi vísna: 408 vísur í 7 rímum, þar af 133 ferskeyttar

Rímur: Mágus rímur

Aldursröð: 35 (HÞ), 36 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:530–601

Fjöldi vísna: 536 vísur í 9 rímum, þar af 147 ferskeyttar

Rímur: Ólafs rímur Tryggvasonar af Svöldrarorustu

Aldursröð: 36 (HÞ), 17 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:185–212

Fjöldi vísna: 170 vísur í 5 rímum, þar af 68 ferskeyttar

Rímur: Jóns rímur leiksveins

Aldursröð: 37 (HÞ), 15 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* II:825–841; Kálund 1910

Fjöldi vísna: 140 vísur í 3 rímum, þar af 140 ferskeyttar

Rímur: Sigurðar rímur þögla

Aldursröð: 38 (HÞ), 50 (BKÞ)

Útgáfa: Þorvaldur Sigurðsson 1986

Fjöldi vísna: 675 vísur í 14 rímum, þar af 251 ferskeytt

Rímur: Lokrur

Aldursröð: 39 (HÞ), 4 (BKÞ)

Útgáfa: *Rs* I:290–309

Sjá einnig: Haukur Þorgeirsson 2008

Fjöldi vísna: 145 vísur í 4 rímum, þar af 114 ferskeyttar

Rímur: Hemings rímur

Aldursröð: 40 (HÞ), 51 (BKÞ)

Útgáfa: Hoed 1928

Fjöldi vísna: 414 vísur í 6 rímum, þar af 114 ferskeyttar

Rímur: Bærings rímur 7–12  
Aldursröð: 41 (HÞ), 41 (BKÞ)  
Útgáfa: *Uppskriftir*  
Fjöldi vísna: 260 vísur í 6 rímum, þar af 91 ferskeytt

Rímur: Ormars rímur  
Aldursröð: 42 (HÞ), 44 (BKÞ)  
Útgáfa: Sjá viðauka  
Fjöldi vísna: 187 vísur í 4 rímum, þar af 145 ferskeyttar

Rímur: Rímur af Ölvi sterka  
Aldursröð: 43 (HÞ), 45 (BKÞ)  
Útgáfa: *Uppskriftir*  
Fjöldi vísna: 291 vísa í 6 rímum, þar af 98 ferskeyttar

Rímur: Ektors rímur 1–12  
Aldursröð: 44 (HÞ), 46 (BKÞ)  
Útgáfa: *Uppskriftir*  
Fjöldi vísna: 852 vísur í 12 rímum, þar af 275 ferskeyttar

Rímur: Andra rímur 1–9  
Aldursröð: 45 (HÞ), 47 (BKÞ)  
Útgáfa: *Uppskriftir*  
Fjöldi vísna: 703 vísur í 9 rímum, þar af 388 ferskeyttar

Rímur: Reinalds rímur  
Aldursröð: 46 (HÞ), 48 (BKÞ)  
Útgáfa: *Uppskriftir*  
Sjá einnig: Einar G. Pétursson 1998 I:435–438  
Fjöldi vísna: 671 vísa í 12 rímum, þar af 309 ferskeyttar

Rímur: Rímur af Mábil sterku  
Aldursröð: 47 (HÞ), 49 (BKÞ)  
Útgáfa: Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir 2004  
Fjöldi vísna: 507 vísur í 9 rímum, þar af 164 ferskeyttar

## **Fjórða skeið (u.þ.b. 1500–1550)**

Rímur: Bósa rímur

Aldursröð: 48 (HÞ), 38 (BKÞ)

Útgáfa: Ólafur Halldórsson 1974

Fjöldi vísna: 603 vísur í 10 rímum, þar af 171 ferskeytt

Rímur: Hrólfs rímur Gautrekssonar

Aldursröð: 49 (HÞ), 43 (BKÞ)

Útgáfa: *Uppskriftir*

Fjöldi vísna: 263 vísur í 5 rímum, þar af 65 ferskeyttar

Rímur: Króka-Refs rímur

Aldursröð: 50 (HÞ), 42 (BKÞ)

Útgáfa: Pálmi Pálsson 1883

Fjöldi vísna: 494 vísur í 8 rímum, þar af 302 ferskeyttar

Rímur: Vilmundar rímur

Aldursröð: 51 (HÞ), 39 (BKÞ)

Útgáfa: Ólafur Halldórsson 1975

Sjá einnig: Kuhn 2000

Fjöldi vísna: 1143 vísur í 16 rímum, þar af 356 ferskeyttar

Rímur: Rímur af Þóri Hálegg

Aldursröð: 52 (HÞ), 52 (BKÞ)

Útgáfa: *Uppskriftir*

Fjöldi vísna: 356 vísur í 9 rímum, þar af 109 ferskeyttar

Rímur: Andra rímur 10–13

Aldursröð: 53 (HÞ), 53 (BKÞ)

Útgáfa: *Uppskriftir*

Fjöldi vísna: 236 vísur í 4 rímum, engin ferskeytt

Rímur: Jarlmanns rímur

Aldursröð: 54 (HÞ), 54 (BKÞ)

Útgáfa: *Uppskriftir*

Fjöldi vísna: 960 vísur í 12 rímum, þar af 197 ferskeyttar



Rímur: Rímur af Ill, Verra og Verstum  
Aldursröð: 55 (HÞ), 55 (BKÞ)  
Útgáfa: Guðrún Jónsdóttir 2006  
Fjöldi vísna: 282 vísur í 4 rímum, þar af 150 ferskeyttar

Rímur: Brönu rímur  
Aldursröð: 56 (HÞ), 56 (BKÞ)  
Útgáfa: *Uppskriftir*  
Fjöldi vísna: 1187 vísur í 16 rímum, þar af 368 ferskeyttar

Rímur: Skógar-Krists rímur  
Aldursröð: 57 (HÞ), 57 (BKÞ)  
Útgáfa: Sólveig Ebba Ólafsdóttir 2006  
Fjöldi vísna: 150 vísur í 2 rímum, þar af 70 ferskeyttar

Rímur: Ólafs rímur af Rauðúlfs þætti (C)  
Aldursröð: 58 (HÞ), 58 (BKÞ)  
Útgáfa: *Rs I:215–221*  
Fjöldi vísna: 47 vísur í 2 rímum, þar af 32 ferskeyttar

Rímur: Jónatas rímur  
Aldursröð: 59 (HÞ), 59 (BKÞ)  
Útgáfa: Jorgensen 1997  
Sjá einnig: Jorgensen 1990  
Fjöldi vísna: 192 vísur í 3 rímum, þar af 63 ferskeyttar

## A 6. Aldur einstakra rímnaflokka

Sörla rímur eru hér taldar elstar allra varðveittra rímna. Hið sama gerði Björn Karel Þórólfsson í sínu höfuðverki og rökstuddi svo:

Það teljum vjer öruggast merki um aldur Sörlarímna, að mál þeirra er svo fornlegt og eðlilegt um leið, að vart munu neinar rímur aðrar hafa þetta hvorttveggja til jafns við þær. (Björn Karel Þórólfsson 1934:297)

Við þetta er því að bæta að í Sörla rímum er s-stuðlun meiri en í nokkrum öðrum rímum og svo mikil að hún virðist hafa verið skáldinu alveg eðlileg.

Þetta bendir til að rímurnar séu ekki yngri en frá miðri 14. öld. Óyggjandi er það þó auðvitað ekki.

Sigurður Nordal hélt því fram við doktorsvörn Björns Karels að Ólafs ríma Haraldssonar væri eldri en Sörla rímur (Doktorsvörn Björns K. Þórólfssonar 1934). Björn Karel virðist síðan hafa fallist á þetta (Björn Karel Þórólfsson 1950:182; sbr. einnig Vésteinn Ólason 1979:81).

Það sem helst hefur þótt unglegt við Sörla rímur er að í þeim eru notaðir fleiri bragarhættir en einn enda hafa menn talið það einkenni á elstu rímum að þær séu allar ortar undir ferskeyttum hætti. Þessu er þó vart að treysta nema fleiri einkenni bendi í sömu átt. Sérstaklega virðast mér Jóns rímur leiksveins ekki fornlegar að máli þótt þær séu allar ferskeyttar. Úlfhams rímur eru fornlegri en hafa þó ekki nein afgerandi fornleg einkenni (ítarlegast er fjallað um aldur Úlfhams rímna hjá Aðalheiði Guðmundsdóttur 2001). Á heildina litið þykir mér vart að byggja mikið á einhæfni eða fjölbreytni í bragarháttum og hef ekki látið þetta atriði ráða úrslitum um Sörla rímur.

Hitt skal þó viðurkennast að Sörla rímur eru fremur illa varðveittar og þesslegar að hafa skolast eitthvað til í munnlegri geymd, til þess benda ekki síst gallar á stuðlasetningu. Ólafs ríma Haraldssonar er betur varðveitt og sennilega tryggari fulltrúi fyrir rímnakveðskap á elsta stigi.

Í verkum Finns Jónssonar og Björns Karels Þórólfssonar er litið á Sigmundar rímur og Þrændlur sem einn rímnaflokk. Þetta er þó greinilega rangt eins og Ólafur Halldórsson (1987:cxviii–clii) hefur sýnt fram á. Af þessum tveimur flokkum munu Sigmundar rímur eldri enda er furðumikið um fornleskjulegt mál í þeim, t.d. *ér* (III.48), *járn*<sup>62</sup> (IV.10) og *knátti* (V.45).

Almennt gildir að auðveldara er að dæma um aldur rímnaflokka eftir því sem þeir eru lengri. Hér og hjá Birni Karel eru Þrymlur og Geðraunir taldar álíka gamlar og til elstu rímna. Þessi niðurstaða er þó talsvert öruggari um Geðraunir sem eru greinilega fornlegri en nokkur annar langur rímnaflokkur. Sérstaklega er athyglisvert að þar eru *e* og *é* aldrei rímuð saman. Einnig eru þó til langir rímnaflokkar sem erfitt er að meta. Hjálmpérs rímur eru þar fremstar í flokki og kann þar slæm varðveisla að ráða miklu.

Ólafur Halldórsson telur Áns rímur ortar snemma á 15. öld (Ólafur Halldórsson 1973b:74) og getur það vart verið langt frá hinu sanna. Hér hef ég talið Áns rímur og Griplur til elstu rímna vegna þess að í þeim er skýr

---

<sup>62</sup> Um orðið *járn* sjá Jón Axel Harðarson 2011. Ólíkt Jóni Axeli tel ég að vísu að norræna hafi raunverulega átt myndina *jarn* við hlið *íarn* og (síðar) *járn*. Ekki er þó rými til að rökstyðja þetta hér.

aðgreining bæði á *é* og *e* og á *r* og *rr* í lok orða. Þær virðast þó yngri að orðfæri en aðrar rímur sem ég tel til þessa tímabils. Í Áns rímum kemur fyrir sögnin *ské* (VIII.2) og í Griplum koma fyrir orð eins og *par* og *plaga*.

Ólafur Halldórsson telur Bósa rímur ortar um 1500 (1974:21) og virðist það sennilegt hvort sem það er rétt eða ekki að þær séu ortar fyrir Ara Helgason á Höfða í Þverárhlið (Ólafur Halldórsson 1974:125–126). Þorvaldur Sigurðsson telur Sigurðar rímur þögla geti „varla verið ortar síðar en á síðasta fjórðungi fimmtándu aldar, eða skömmu fyrir 1500“ (Þorvaldur Sigurðsson 1986:28) og sér í lagi að þær séu eldri en Bósa rímur (Þorvaldur Sigurðsson 1986:27–30). Ég fellst á þetta.

Finnur Jónsson telur Lokrur til elstu rímna og segir:

Rimerne er godt digtede, og de er helt igennem affattede i ferskeytt, hvilket tyder på, at de er meget gamle; også sproget peger i den retning; en enkelt gang (III, 29) findes et rim som *þreytt: meitt*, hvilket er et unøjagtigt rim, hvis det ikke ligefrem er en fejl. (Finnur Jónsson 1924:36)

Lítið hald er í þessum rökum. Það er ekki rétt að rímurnar séu allar undir ferskeyttum hætti enda er hin fyrsta stafhend. Né heldur er það rétt að *þreytt-meitt* í III.29 sé eina dæmið um unglegt rím, við höfum einnig *þreyta-sveita* í III.24. Á heildina litið virðist mér líkleggra að Lokrur séu frá fimmtándu en fjórtándu öld.

Jón Þorkelsson (1922–1927:147–151) taldi að Vilmundar rímur væru eftir Orm Loftsson, sem kemur við bréf fyrir miðja 15. öld. Sama skoðun er uppi í rímnariti Björns Karels Þórólfssonar (1934:408–410) þar sem Ormur er notaður sem vegastika í tímatalinu. Seinna komu fram röksemdir sem sýna að þetta stenst ekki (Ólafur Halldórsson 1975:23–24). Ólafur Halldórsson (1975:24) taldi rímurnar ortar „ca. 1530–1540“ og getur það vart verið langt frá hinu rétta.

Ólafur Halldórsson telur að Haralds rímur Hringsbana séu „e. t. v. ortar um 1400 og naumast síðar en um 1450“ (Ólafur Halldórsson 1973a:17). Rímið *eyða–meiða* í vísu I.10 myndi þó benda til heldur yngri aldurs og vafasamt að leiðrétting í *eyða–deyða* eigi rétt á sér (Ólafur Halldórsson 1973a:8).

Ýmsar rímur eru eignaðar Sigurði blind (sjá síðast Ármann Jakobsson væntanl.) en heimildir eru misvísandi og lítið hald í þeim. Björn Karel Þórólfsson (1934:431–440) rökstuddi að Reinalds rímur og Mábilar rímur væru þær rímur sem með mestum sannni mætti eigna Sigurði. Ég hef framkvæmt stílmælingarlega athugun (með búnaðinum sem lýst er hjá Eder o.fl. 2013) sem rennir frekari stoðum undir að þessir tveir rímnaflokkar séu eftir einn höfund.

## A 7. Rímur eftir siðaskipti

Eftir siðaskipti eru mjög margir rímnaflokkar varðveittir og stór hluti þeirra er eignaður nafngreindum skáldum. Ekki er því mikið vandamál að finna kveðskap frá tilteknum tíma. Í þessum kafla er lýst safni (málheild) af rímum undir ferskeyttum hætti frá hverri hálföld á bilinu 1550 til 1950. Ég hef einskorðað safnið við einn bragarhátt til að textarnir séu sem sambærilegastir að gerð.

Eftir hvert skáld í safninu hef ég tekið að minnsta kosti 60 vísur en oft töluvert fleiri. Frá hverju tímabili hef ég tekið að minnsta kosti sex skáld. Gögnin eru sett fram á sama hátt og í kafla A.5.

### Seinni hluti 16. aldar

Skáld: Heimildir eru um að sá hafi heitið Árni Jónsson sem orti Hálfðanar rímur en um þann mann er ekkert vitað. Björn K. Þórólfsson (1934:466–475) taldi að sami maður hafi ort Rollants rímur af Ferakutsbardaga og yngri hluta Bæringsrímna. Réð hann þetta meðal annars af máleinkennum rímnanna. Hér verður þetta haft fyrir satt.

Tími: Björn K. Þórólfsson taldi líklegt að rímurnar sem um ræðir væru ortar á mélinu 1550–1570.

Rímur í rannsókn: Rollants rímur af Ferakutsbardaga I, Bærings rímur I, Hálfðanar rímur Eysteinsonar I, V, IX, X og XII.

Heimild: *Uppskriftir*.

Sjá einnig: Foote 1997, Foote 2004

Fjöldi vísna: 450

Skáld: Magnús prúði (1531–1591) (*RR X:x*)

Rímur í rannsókn: Pontus rímur I, VI, X, XI

Tími: Rímurnar munu ortar á árunum 1564–1566 (*RR X:x*).

Útgáfa: *RR X*: 3–16, 62–72, 112–136.

Fjöldi vísna: 327

Skáld: Höfundur Amicus rímna er ekki kunnur.

Rímur í rannsókn: Amicus rímur I, XII

Útgáfa: Kölbing 1884:189–192, 226–229.

Fjöldi vísna: 114

Skáld: Hallur Magnússon (f. skömmu eftir 1530, d. 1601)

Rímur í rannsókn: Sjálfdeilur I–VII

Heimild: Afskrift Jóns Þorkelssonar í Lbs 2030 4to.

Fjöldi vísna: 406

Skáld: Einar í Eydölum (1539–1626)

Rímur í rannsókn: Júditar rímur I, Esterar rímur I.

Tími: Rímurnar eru prentaðar í Vísnaþók Guðbrands sem gefin var út 1612.

Ekki er ljóst hvorum megin við aldamótin Einar orti þær og hér er því fæðingarár Einars látið ráða um að telja hann til 16. aldar skálda.

Útgáfa: Jón Torfason og Kristján Eiríksson 2000:147–150; 169–173.

Fjöldi vísna: 134

Skáld: Þórður á Strjúgi

Rímur í rannsókn: Fjósa ríma, Rollants rímur XVIII:62–80.

Útgáfa: *RR* IX:1–10; Björn Karel Þórólfsson 1934:489–490.

Fjöldi vísna: 85

### **Fyrri hluti 17. aldar**

Skáld: Jón Bjarnason (1560–1634)

Rímur: Tobías rímur I, Síraks rímur I.

Tími: Rímurnar eru prentaðar 1612.

Útgáfa: Jón Torfason og Kristján Eiríksson 2000:182–187, 360–364.

Fjöldi vísna: 159

Skáld: Ólafur Halldórsson (um 1568–1614)

Rímur: Pontus rímur XIV (sem ekki skal rugla saman við rímu með sama auðkenni eftir Pétur Einarsson).

Útgáfa: *RR* X:369–397

Fjöldi vísna: 200

Skáld: Jón lærði (1574–1658)

Rímur: Ármanns rímur I, VIII.

Tími: Rímurnar eru kveðnar 1637 (Jón Helgason 1948:XIX).

Útgáfa: Jón Helgason 1948:1–11, 79–89.

Fjöldi vísna: 124

Skáld: Bjarni Borgfirðingaskáld (f. um 1575–1580, d. um 1655–1660) (*RR* VI:xix)

Rímur í rannsókn: Rímur af Flóres og Leó I

Tími: Ekki er kunnugt hvenær Bjarni orti rímurnar en hér verður hann talinn til fyrri hluta 17. aldar.

Útgáfa: *RR* VI:3–18 .

Fjöldi vísna: 104

Skáld: Ásmundur Sæmundsson (fæddur um 1585, enn á lífi 1649)

Rímur: Hervarar rímur I

Útgáfa: *Riimur af Hervøru Angantirsdottur* 1777:3–12.

Fjöldi vísna: 79

Skáld: Einar Guðmundsson (f. um 1590, d. eftir 1648)

Rímur í rannsókn: Skotlands rímur I

Útgáfa: Craigie 1908:28-43.

Fjöldi vísna: 92

Skáld: Guðmundur Erlendsson

Rímur í rannsókn: Ræningja rímur I

Útgáfa: [Jón Þorkelsson] 1906–1909:465–475.

Fjöldi vísna: 94

Skáld: Pétur Einarsson (1597–1666)

Rímur í rannsókn: Pontus rímur XIV (ekki sama og ríma Ólafs Halldórssonar), XXX.

Útgáfa: *RR* X:156–167, 353–365

Fjöldi vísna: 164

Jón Magnússon (1601–1675)

Rímur í rannsókn: Bileams rímur I

Útgáfa: *Peirrar Litlu Psalma og Vijsna Bookar Sijdare Parturenn 1757:A1–A6.*

Fjöldi vísna: 64

Skáld: Guðmundur Andrésón (líklega fæddur 1610–1615, d. 1654) (*RR II:x*)

Rímur í rannsókn: Persíus rímur I

Tími: Rímurnar eru sennilega ortar á árunum 1642–1646 (*RR II:xi*)

Útgáfur: *RR II:3–14*

Fjöldi vísna: 77

Skáld: Hallgrímur Pétursson 1614

Rímur í rannsókn: Rímur af Flóres og Leó XVI, Króka-Refs rímur I, Rímur af Lykla-Pétri og Magelónu I.

Tími: Rímur af Flóres og Leó mun Hallgrímur hafa ort 1647 (*RR VI:xiv*) og hinar líklega á svipuðum tíma (*RR VII:xvii*).

Fjöldi vísna: 245

### **Síðari hluti 17. aldar**

Kolbeinn jöklaraskáld (f. 1597–1600, d. eftir 1667 og varla fyrr en eftir 1680) (*RR I:xxi–xxiii*)

Rímur í rannsókn: Sveins rímur Múkssonar I

Tími: Ekki er vitað hvenær Sveins rímur voru ortar en Grettis rímur Kolbeins voru ortar 1658.

Útgáfa: *RR I:3–17.*

Fjöldi vísna: 99

Eiríkur Hallsson (1614–1698)

Rímur í rannsókn: Hrólfs rímur kraka I, XI

Tími: Ekki er beinlínis vitað hvenær Eiríkur orti Hrólfs rímur en ætla má að það hafi hann gert seint á ævinni. Rímur af Páli postula orti hann 1672 (*RR IV:xvii*) og Samsonar rímur fagra um 1674 (*RR IV:xx*).

Útgáfa: *RR IV:3–12, 105–112.*

Fjöldi vísna: 119

Páll Bjarnason (f. um 1620 eða síðar)

Rímur í rannsókn: Ambáles rímur I

Tími: Lítið er vitað um ævi Páls en allt bendir til að rímurnar séu ortar á seinni hluta sautjándu aldar (*RR V:ix–xx*).

Útgáfa: *RR V:3–14*.

Jón Jónsson (f. um 1639, d. fyrir 1703)

Rímur í rannsókn: Trójumanna rímur I, XXX.

Tími: Rímurnar voru kveðnar 1682.

Heimild: Lbs 3623 4to.

Fjöldi vísna: 100

Bergþór Oddsson (f. um 1639, enn á lífi 1703)

Rímur í rannsókn: Rímur af Úlfi Uggasyni I, Rímur af Remundi Rígarðssyni

Heimildir: Lbs 1634 4to, Finnur Sigmundsson 1966:400

Fjöldi vísna: 62

Steinunn Finnsdóttir (fædd 1640–1641, enn á lífi 1710) (*RR III:x*)

Tími: Ekki er kunnugt hvenær Steinunn orti rímurnar.

Rímur í rannsókn: Hyndlu rímur I, V; Snækóns rímur I, IV.

Útgáfa: *RR III:3–12, 44–64, 67–77, 96–112*.

Sjá einnig: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 1996

Fjöldi vísna: 396

Jón Eggertsson (f. um 1643, d. 1689) (*RR XI:v–vii*)

Rímur í rannsókn: Blómsturvalla rímur I

Tími: Blómsturvalla rímur eru ortar 1659 (*RR XI:viii*)

Útgáfa: *RR XI:3–19*

Fjöldi vísna: 95

Skáld: Þorsteinn á Hæli (f. 1653, d. eftir 1729)

Rímur í rannsókn: Sigmundar rímur Brestissonar I, XV:1–14

Tími: Handritið er skrifað 1694

Heimild: AM 137 8vo (eiginhandarrit)

Fjöldi vísna: 100



Skáld: Guðmundur Bergþórsson (1657–1705)

Rímur í rannsókn: Rímur af Olgeiri danska I, Rímur af Otúel I, Rímur af Ferakut Bálantssyni I (mansöngur).

Heimildir: Guðmundur Bergþórsson 1947:1–13, Lbs 2452 4to, Craigie 1952:273–276, 279–282.

Fjöldi vísna: 180

### **Fyrri hluti 18. aldar**

Skáld: Sigmundur Helgason (1657–1723)

Rímur í rannsókn: Rímur af Sigurði þögla I

Heimild: JS 60, 4to

Fjöldi vísna: 80

Skáld: Þorvaldur Magnússon (1670–1740)

Rímur í rannsókn: Rímur af Þórði hræðu I

Heimild: Lbs 1009, 4to

Fjöldi vísna: 108

Skáld: Þorlákur Guðbrandsson (um 1672–1707)

Rímur í rannsókn: Úlfars rímur I.

Heimild: Þorlákur Guðbrandsson og Árni Böðvarsson 1834:3–13.

Fjöldi vísna: 80

Skáld: Brynjólfur Halldórsson

Rímur í rannsókn: Rímur af sniðugum þjóf I

Heimild: Lbs 2215, 8vo

Fjöldi vísna: 87

Skáld: Benedikt Sigurðsson (f. um 1685, á lífi 1735)

Rímur í rannsókn: Hemings rímur I

Útgáfa: Fellows Jensen 1962:65–78.

Fjöldi vísna: 101

Skáld: Sigurður Ketilsson (1689–1730)

Rímur í rannsókn: Pantaleons rímur I

Tími: Rímurnar voru ortar 1715.

Heimild: Ég las rímurnar eftir ÍB 52 4to með hliðsjón af JS 48 4to og ÍB 268 8vo.

Fjöldi vísna: 69

### **Seinni hluti 18. aldar**

Skáld: Snorri Björnsson (1710–1803)

Rímur í rannsókn: Rímur af Arnljóti Upplendingakappa I

Útgáfa: Snorri Björnsson 1833:3–14.

Fjöldi vísna: 72

Skáld: Árni Böðvarsson (1713–1776)

Rímur í rannsókn: Þorsteins rímur uxafótar I, Brávalla rímur I.

Tími: Þorsteins rímur voru ortar 1755 (*RR VIII:cxxxv*), Brávalla rímur voru ortar 1760 (*RR VIII:clxxix*).

Útgáfur: Árni Böðvarsson 1858:3–12; *RR VIII:1–8*.

Fjöldi vísna: 121

Skáld: Sveinn Sölvason (1722–1782)

Rímur í rannsókn: Rímur af Gissuri jarli XVI

Tími: Rímurnar eru ortar 1769

Útgáfur: Sveinn Sölvason 1800:211–226

Fjöldi vísna: 106

Skáld: Árni Þorkelsson (um 1730–1801)

Rímur í rannsókn: Reisurímur II

Tími: Talið er að rímurnar séu ortar ekki síðar en 1770. Þær eru um drukknun Eggerts Ólafssonar 1768.

Útgáfa: Hannes Þorsteinsson 1921–1923:164–181.

Fjöldi vísna: 131

Skáld: Þorsteinn Jónsson (1737–1800)

Rímur í rannsókn: Rímur af Blómsturvalla Köppum I

Útgáfa: Þorsteinn Jónsson 1834:3–12

Fjöldi vísna: 92

Sigurður Pétursson (1759–1827)

Rímur í rannsókn: Stellurímur I

Tími: Talið er að Stellurímur séu ortar veturinn 1791–1792.

Útgáfa: Sigurður Pétursson 1844:3–18

Fjöldi vísna: 101

### **Fyrri hluti 19. aldar**

Skáld: Magnús í Magnússkógum (1763–1840)

Rímur í rannsókn: Rímur af Bernótus Borneyjarkappa I, XV

Tími: Rímurnar voru ortar 1823.

Útgáfa: Magnús í Magnússkógum 1907:23–35, 190–199.

Fjöldi vísna: 163

Skáld: Gísli Sigurðsson (1772–1826)

Rímur í rannsókn: Rímur af Jóhanni Blakk I

Tími: Rímurnar voru ortar 1814.

Útgáfa: Gísli Sigurðsson. 1908:3–17.

Fjöldi vísna: 111

Skáld: Hannes Bjarnason (1776–1838)

Rímur í rannsókn: Rímur af Skanderbeg Epirótarkappa I

Tími: Rímurnar voru ortar 1825.

Útgáfa: Hannes Bjarnason 1861:3–9.

Fjöldi vísna: 89

Skáld: Gísli Konráðsson (1787–1877)

Rímur í rannsókn: Rímur af Hervöru og Heiðreki konungi I

Útgáfa: Bragi Halldórsson 2008:34–46.

Fjöldi vísna: 111

Skáld: Hallgrímur Jónsson (1787–1860)

Tími: Rímurnar voru ortar 1833.

Rímur í rannsókn: Rímur af Þórði hreðu I

Útgáfa: Hallgrímur Jónsson 1907:3–12.

Fjöldi vísna: 95

Skáld: Benedikt Einarsson (1796–1859)  
Rímur í rannsókn: Rímur af Gesti Bárðarsyni I  
Tími: Rímurnar voru ortar 1835.  
Útgáfa: Benedikt Einarsson 1908:1–13  
Fjöldi vísna: 78

Hjálmar Jónsson (1796–1875)  
Rímur í rannsókn: Göngu-Hrólfis rímur I og XXII  
Útgáfa: Hjálmar Jónsson 1884:3–8, 98–102  
Sjá einnig: Eysteinn Sigurðsson 1987, Vignir Árnason 2013  
Fjöldi vísna: 176

Skáld: Sigurður Breiðfjörð (1798–1846)  
Rímur í rannsókn: Rímur af Högna og Héðni I, Svoldar rímur I, Rímur af Ásmundi og Rósu I, Rímur af Hans og Pétri I, Emmu ríma, Núma rímur II, Gunnars rímur II  
Tími: Rímurnar voru ortar á tímabilinu 1819-1841.  
Útgáfa: Sigurður Breiðfjörð 1961–1973: I:3–9, II:3–13, III:123–132, 163–170, 201–213, IV:14–26, VI:13–22  
Fjöldi vísna: 501

Skáld: Davíð Scheving (1802–1842)  
Rímur í rannsókn: Elenóru rímur I, II.  
Útgáfa: Davíð Scheving 1837:3–19  
Fjöldi vísna: 127

Skáld: Jón Grímsson (1804–1870)  
Rímur í rannsókn: Rímur af Stývarð ráðgjafa og Gnír bónda I  
Útgáfa: Jón Grímsson 1909:3–15  
Fjöldi vísna: 97

## **Seinni hluti 19. aldar**

Skáld: Jónas Gottskálksson (1811–1869)  
Rímur í rannsókn: Ríma af Úlfgeiri sænska  
Útgáfa: Jónas Gottskálksson 1858:3–30  
Fjöldi vísna: 164

Skáld: Jón Jónsson (1813–1892)  
Rímur í rannsókn: Rímur af Berthold enska I  
Útgáfa: Jón Jónsson 1874:3–11.  
Fjöldi vísna: 103

Skáld: Gunnar Gíslason (1823–1898)  
Rímur í rannsókn: Rímur af Ajax keisarasynti I  
Útgáfa: Gunnar Gíslason 1899:1–11  
Fjöldi vísna: 67

Skáld: Brynjúlfur Oddsson (1824–1887)  
Rímur í rannsókn: Dáta-ríma  
Tími: Ríman er um atburði sem gerðust 1851–1852.  
Útgáfa: Brynjúlfur Oddsson 1869:1–20  
Fjöldi vísna: 209

Skáld: Ásmundur Gíslason (1832–1889)  
Rímur í rannsókn: Rímur af Ajax frækna I  
Útgáfa: Ásmundur Gíslason 1881:1–11  
Fjöldi vísna: 60

Skáld: Sigurður Bjarnason (1841–1865)  
Rímur í rannsókn: Rímur af Bæringi fagra I; Rímur af Án bogsveigir I  
Útgáfa: Sigurður Bjarnason 1859:3–11; Sigurður Bjarnason 1919:5–14  
Fjöldi vísna: 128

## **Fyrri hluti 20. aldar**

Skáld: Sigfús Sigfússon (1855–1935)  
Rímur í rannsókn: Gláms rímur I  
Tími: Rímurnar voru ortar í febrúar 1912  
Útgáfa: Sigfús Sigfússon 1930:3–26  
Fjöldi vísna: 128

Skáld: Magnús Hj. Magnússon (1873–1916)

Rímur í rannsókn: Rímur af Gull-Þóri I, Rímur af Fjalla-Eyvindi I

Tími: Rímur af Gull-Þóri voru ortar 1901–1902 en Rímur af Fjalla-Eyvindi 1903.

Útgáfa: Lbs 2271 8vo, Magnús Hj. Magnússon 1914:3–6

Fjöldi vísna: 84

Skáld: Pétur Jakobsson (1886–1958)

Rímur í rannsókn: Orrustan á Bolavöllum

Tími: Rímurnar voru fyrst prentaðar 1936.

Útgáfa: Pétur Jakobsson 1951

Fjöldi vísna: 207

Skáld: Snæbjörn Jónsson (1887–1978)

Rímur í rannsókn: Litið í Natanssögu, Skáldaflotinn (fyrstu 425 vísurnar)

Útgáfa: Snæbjörn Jónsson 1949:11–23, 29–100

Fjöldi vísna: 500

Skáld: Einar Beinteinsson (1910–1978)

Rímur í rannsókn: Smalarímur I, Snotrurímur I.

Tími: Smalarímur voru ortar 1941 en Snotrurímur 1942

Útgáfa: Einar Beinteinsson 1980:90–96, 122–126

Fjöldi vísna: 75

Skáld: Sveinbjörn Beinteinsson (1924–1993)

Rímur í rannsókn: Víga rímur I, Arnkels rímur I

Útgáfa: Sveinbjörn Beinteinsson 1945:33–40, 90–93

Fjöldi vísna: 71

## Viðauki B – Ormars rímur

### B 1. Handrit Ormars rímna

Ormars rímur eru rímnaflokkur frá 15. öld. Í þeim er sagt frá kappanum Ormari Fraðmarssyni sem tekst á við risann Bjarkmar og föðurbræður hans, Gyrð og Atla. Með risavígunum hefnir Ormar föður síns og eignast að auki konungsdóttur og konungsríki.

Efni Ormars rímna er einnig til í norrænum sagnadönsum og hafa menn getið þess til að allt megi þetta rekja til glataðrar fornaldarsögu. Einhver tengsl eru milli Ormars rímna, Hervarar sögu og Úlfhams rímna. Ég fjalla hér ekki frekar um efni rímnanna en vísa til fyrri fræðirita (Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001:ccxvii-ccxviii; Mitchell 1991:155, 161; Sønnerholm<sup>63</sup> 1982; Jonsson o.fl. 1978:255; Einar Ól. Sveinsson 1956; Björn Karel Þórólfsson 1934:416-418; Liestøl 1915:110–136). Rímurnar hafa ekki verið gefnar út áður en danska endursögn með nokkrum tilvitnunum má finna hjá Grundtvig (1862:775–777).

Ormars rímur eru varðveittar í þremur gömlum rímnahandritum; Kollsbók (W), Staðarhólsbók (S) og AM 146 a 8vo (F<sup>2</sup>). Kollsbók er rituð „nálægt 1480-1490“ (Ólafur Halldórsson 1968:xxxvj), Staðarhólsbók um miðja 16. öld (Schott 2010:29–37; Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001:xxxix-xxxiv) og 146 um miðja 17. öld (Björn Karel Þórólfsson 1934:9-10). Þar sem við vitum að W er eldra en S og að S er eldra en F<sup>2</sup> eru strax ýmsir möguleikar um samband handritanna útilokaðir en margir standa þó eftir.

Björn Karel Þórólfsson (1934:416) segir að F<sup>2</sup> sé komið frá W en gerir, að því er virðist, ráð fyrir að S sé það ekki. Þessi ættfærsla kemur ekki vel heim og saman við gögnin. Það kemur þrífaldlega fyrir að S og F<sup>2</sup> standa saman um leshátt gegn W. Að vísu er þar oft um að ræða smælki sem tveir ritarar gætu vel breytt á sama hátt af tilviljun. Ekki er það heldur sterk sönnun að S og F<sup>2</sup> standi saman þegar W hefur leshátt sem er bragfræðilega rangur eða merkingarlega skrýttinn. Eftir því sem dæmin eru fleiri verður þó erfiðara að vísa þeim öllum á bug. Nokkur sterkustu dæmin eru eftirfarandi:

---

<sup>63</sup> Sønnerholm (1982) bendir á að danskar uppskriftir sagnadansins séu miklu eldri en hinar norsku og leggur til að efnið hafi borist frá Íslandi til Danmerkur og þaðan til Noregs. Aðrir, t.d. Einar Ól. Sveinsson (1956:71), hafa talið kvæðið ort í Noregi og berast þaðan til Danmerkur. Þetta er angi af almennari aðferðafræðilegum ágreiningi, sjá Sønnerholm 1984 og Vésteinn Ólason 1984.

- I.30.1 gacktu] *skalltu* SF<sup>2</sup>
- II.21.1 rammann] *hínn ramma* SF<sup>2</sup>
- II.31.2 malma] *menía* SF<sup>2</sup>
- II.33.4 þat sliofazt] *hann slíofgízt* SF<sup>2</sup>
- III.35.1 bæta] *bioda* SF<sup>2</sup>
- III.41.2 roskleg] *uasklíg* SF<sup>2</sup>
- III.41.4 uekia] *auka* SF<sup>2</sup>
- III.42.2 stad] *slag* SF<sup>2</sup>
- IV.30.3 hrytur] *þytur* SF<sup>2</sup>
- IV.33.1 Þegar] *Þar* SF<sup>2</sup>

Það er ekki síður merkileg vísbending að í vísnum III.11–13 hefur W fjögur innskotsvísuorð en þeirra sér hvorki stað í S né F<sup>2</sup>. Þó er enginn hæðarleikur að átta sig á því að einmitt þessi vísuorð séu innskot ef Kollsbók er ein til vitnis.

Hér verður því talið mjög ólíklegt að F<sup>2</sup> sé runnið frá W en S sé sjálfstætt. Nákvæmlega sömu röksemdir hníga gegn því að S sé runnið frá W en F<sup>2</sup> sé sjálfstætt. Á sama hátt fær það ekki staðist að S og F<sup>2</sup> séu bæði komin frá W á óháðan hátt. Enn má þó spyrja hvort S og F<sup>2</sup> séu komin frá W gegnum sameiginlegan millilið. Þetta mundi skýra hvers vegna S og F<sup>2</sup> standa oft saman um lesháttu. Ekki skýrir þetta þó hvers vegna innskotið í þriðju rímu vantar í S og F<sup>2</sup>. Seinna munu auk þess koma fram önnur rök gegn þessari ættfærslu.

Aldursins vegna gæti F<sup>2</sup> verið runnið frá S en margir leshættir sanna að þetta er ekki svo í raun. Órækasta sönnunin eru vísur I.29 og IV.3. Þær vantar í S en eru bæði í W og F<sup>2</sup>.

Niðurstaðan er þá að W, S og F<sup>2</sup> hafa öll textagildi. Þá koma enn fjórir möguleikar til greina: a) Öll handritin eru runnin á sjálfstæðan hátt frá erkiritinu, b) W og S eiga sameiginlegan millilið, c) W og F<sup>2</sup> eiga sameiginlegan millilið, d) S og F<sup>2</sup> eiga sameiginlegan millilið.

Í tilfelli a höfum við þrjúgreina ættartré en í tilfellum b–d höfum við tvígreina ættartré. Þegar fræðimenn standa frammi fyrir slíku vali er það nokkuð almenn tilhneiging að hallast fremur að tvígreina möguleikunum (sjá t.d. Haugen 1997). Þetta kemur meðal annars til af því að það er venjulega hægt að finna einhverja góða lesháttu í hverju handriti sem ekki eru í hinum tveimur. Þetta má skýra þannig að hin handritin eigi sameiginlegan millilið þar sem þessir góðu leshættir hafa afbakast. Hinn möguleikinn kann þá að gleymast en hann er að í einu handritinu séu vel heppnaðar lagfæringar sem ekki eru í hinum.

Í handritum Ormars rímna má vissulega finna dæmi um að eitt handritið hafi álitlegan leshátt en hin tvö handritin sama vonda lesháttinn. Sérstaklega er það F<sup>2</sup> sem oft býður upp á lesháttu sem eru merkingarlega eða bragfræðilega betri en



það sem stendur í W og S. Fjórum sinnum kemur það fyrir (I.39.3–4, II.4.1–2, IV.28.2–4, IV.62.3–4) að stuðlasetning er röng í WS en rétt í F<sup>2</sup>. Það kemur einnig alloft fyrir að textinn í WS er þvælinn eða vafasamur en texti F<sup>2</sup> skýr og eðlilegur. Loks er erindaröðin hér og hvar önnur í F<sup>2</sup> og stundum rökréttari. Lengi vel var ég þeirrar skoðunar að F<sup>2</sup> hefði varðveitt upphaflegan texta í a.m.k. sumum þessara tilfella og að W og S hefðu afbakanir gegnum sameiginlegan millilið. Á endanum hef ég þó horfið frá þessari túlkun og þykir nú nærtækast að skýra alla lesháttu af þessu tagi sem vel heppnaðar leiðréttingar í F<sup>2</sup>.

Það er augljóst að textinn í F<sup>2</sup> er víða leiðréttur og þetta á einnig við um staði þar sem W hefur hið upphaflega Vísu IV.40 prenta ég svona:

Skurði hvergi á skipinu þraut  
af skíru gulli brenndu,  
\*logaði gervöll líra braut  
er lægis hestar \*renndu.

Hér kemur fyrir orðið *líri* sem merkir sjófugl (skrofu eða eitthvað slíkt). Í fornum kveðskap er sær stundum kenndur til fugla (Meissner 1921:97) og þótt þetta tíðkist lítt í rímum (Björn K. Þórólfsson 1934:110) verður ekki betur séð en að hér sé dæmi. Þar sem orðið *líri* er sjaldgæft og þessi kenningagerð er það líka er þó ekki óvænt að eftirritarar hneigist til að breyta þessum texta. Handritin hafa:

W: <lira braut>  
S: <lyda braut>  
F<sup>2</sup>: <linna laut>

Í F<sup>2</sup> er hér komin auðskiljanleg gullkenning í stað hinnar torskiljanlegu sækkenningar. Mér finnst liggja beinast við að sækkenningin sé hið upphaflega og að í F<sup>2</sup> gæti hér, og miklu víðar, tilhneigingar til að lagfæra textann.

Eitt sem er til marks um að W, S og F<sup>2</sup> séu komin hvert sína leið frá erkiritinu eru staðir þar sem handritin hafa hvert sinn texta. Þessa staði liggur yfirleitt beinast við að skýra þannig að eitthvað tormelt hafi staðið í erkiritinu. Nokkur helstu dæmin verða nú tiltekin. Vísu IV.52 prenta ég svona:

Allvel hefir þú orð þín efnt  
undir lézt þú svíða,  
föður þíns hefir þú fullvel hefnt  
fregnast mun það víða.

Þriðja vísuorðið er á þessa leið í handritunum:

W: <fodur þins hefer þu fulluel hefnt>

S: <fodur þins hefur þu fradmars hefnt>

F<sup>2</sup>: <og med frægdum fódurs þyns hefnt>

Hér er nærtækt að hugsa sér að í erkiritinu hafi aðeins staðið *föður þins hefir þú hefnt*. Til að fylla vísuorðið og fá þriðja ljóðstafinn hafa W, S og J farið þrjár mismunandi leiðir: <fulluel>, <fradmars> og <frægdum>.

Í vísu IV.28 hef ég gert eftirfarandi tilraun til að endurgera erkiritið:

Atli \*hugðist Ormar þá

æru og lífi svipta,

\*hyggur skjótt með geirnum blá

honum í tvó nam skipta.

Seinni tvö vísuorðin eru svo í handritunum:

W: <hoggur skíott med geirnum bla / honum j tuo nam skipta>

S: <ætla skíot med geíren bla / honum j tuo at skípta>

F<sup>2</sup>: <higgur skiott med hiórnum bla / honum j sundur skipta>

Merkingarlega er textinn í W ekki heppilegur enda nær það engri átt að Ormar sé þarna höggvinn í spað. Textinn í S og F<sup>2</sup> er merkingarlega betri en hvers vegna fáum við tvær mismunandi útgáfur af merkingarlega góðum texta? Hugsanlega vegna þess að erkiritið hafi haft þann afkárlega texta sem ég endurgeri fyrir ofan. Annar möguleiki er að *í tvó* hafi staðið í erkiritinu en verið lagfært í W (og F<sup>2</sup>?) vegna þess að það er bragfræðilega slæmur texti. Hvað sem öðru líður er stuðlasetningin gölluð bæði í W og S. Ólíklegt er að F<sup>2</sup> hafi þar upphaflegan texta, fremur hefði mátt búast við *hjörvi*. Líklegt er að F<sup>2</sup> hafi hér átt við textann til að koma stuðlasetningunni í lag. Þeirri breytingu er síðan fylgt eftir með því að *geirinn* í vísunni á eftir er orðinn *sverðið* í F<sup>2</sup>.

Það virðist nærtæk skýring á þessum mismunandi lesháttum að texti vísuorðanna tveggja hafi verið afbakaður í erkiritinu og eftirritarar reynt að berja í brestina á mismunandi hátt.

Vísu IV.13 prenta ég svona:

Hér varð \*ekki á höggum bið,

hörðu kastað grjóti,


öðru megin var Ormars lið  
\*\*allvel snýst \*á móti.

Fjórða vísuorð er með eftirfarandi hætti í handritunum:

W: <all snyzt j motj>  
S: <allt snyzt þeim áá mote>  
F<sup>2</sup>: <allvel snijst ä möte>

Hér þykir mér líklegt að W varðveiti best texta erkiritsins. Í S og F<sup>2</sup> hefur verið bætt við atkvæðum til að fylla vísuorðið en ekki á sama hátt. Í vísunum II.37 og IV.24 virðast vera svipuð dæmi um að W varðveiti vöndan texta úr erkiriti en S og F<sup>2</sup> hafi lagað hann hvort á sinn hátt.

Niðurstaða mín um samband handritanna er þá þrjúgreina ættartré:



#### *Skyldleiki elstu handrita Ormars rímna*

Þessi niðurstaða hefur í för með sér að hægt er að endurgera erkiritið \*X nokkuð nákvæmlega. Þegar tvö handrit standa saman gegn hinu þriðja munu þau venjulega hafa þann texta sem var í \*X. Elsta handritið er W og það virðist einnig vera trúast frumritinu.<sup>64</sup> Því er sjálfsagt að leggja það til grundvallar. Þegar S og F<sup>2</sup> standa saman um annan leshátt hef ég yfirleitt tekið hann fram yfir, jafnvel þegar það er ekki sérstaklega til bóta. Alltaf verður þó að hafa í huga viðmiðið *lectio difficilior potior* og þann möguleika að tveir ritarar breyti texta á sama hátt.

Þegar ég hef leiðrétt W til að endurgera leshátt sem einhver líkindi eru til að hafi verið í \*X auðkenni ég leiðréttinguna með einni stjörnu. Í vísunum IV.13 og IV.36 hef ég tekið lesháttu F<sup>2</sup> fram yfir það sem ætla má að hafi staðið í \*X og eru þessar leiðréttingar auðkenndar með tveimur stjörnum. Í vísu III.10 hef ég ritað *ór* þótt <ur> standi í öllum handritum og er það auðkennt á sama hátt.


<sup>64</sup> Ég er, með öðrum orðum, sammála Ólafi Halldórssyni (1968:xvj) um að texti Kolls bókar af Ormars rímum sé betri en texti annarra handrita.

Að öðru leyti hef ég ekki reynt að endurgera upphaflegri texta en fyrirfannst í \*X.

Erkiritið \*X hefur haft vísuorð með gallaðri stuðlasetningu í vísu I.39, II.4, IV.28 og IV.62, vafasamri hrynjandi í vísu III.2 og trúlega IV.13 og vondu eða engu rími í vísu II.37. Hér og hvar hafa verið vísur með mótsagnakenndri eða ruglingslegri frásögn. Það er að vísu ekki svo að frumrit séu alltaf villulaus en þessir annmarkar eru nokkuð margir til þess að líklegt sé að \*X hafi verið frumrit. Sérstaklega er vísa II.37 ankannanleg og þessleg að tvær vísur hafi blandast saman við afritun. Til samanburðar má benda á meðferðina á vísu I.43 í S. Seinni hluti hennar hefur fallið niður en í staðinn komið seinni hluti af vísu II.1. Ef til vill hefur ritari \*X gert svipaða villu og hlaupið yfir hinn upphaflega seinni helming af vísu II.37. Í staðinn hefur væntanlega komið seinni hlutinn af því sem verið hefur vísa II.38. Sé þetta rétt til getið eru tveir vísuhelmingar glataðir úr rímunum á þessum stað.

Sumir ágallarnir í \*X eru hins vegar með þeim hætti að þeir gætu hafa komið til í munnlegri geymd. Ég hef áður fjallað um að stuðlasetning virðist ekki varðveitast sem best í munnlegri geymd (Haukur Þorgeirsson 2010a:323–324) og gæti það átt við hér. Allt eru þetta þó getgátur.

Ormars rímur eru varðveittar í nokkrum handritum frá um 1800. Þetta eru AM 951 4to, Lbs 470 4to, Lbs 705 4to og Lbs 2160 4to. Þessi handrit hef ég ekki kannað til hlítar en sambandi þeirra virðist þannig háttað að 705 er eftirrit af 2160. Eftirritið hefur svolítið gildi því að 2160 er sums staðar illa farið. Handritin 2160 og 470 eru systurhandrit og hafa sameiginlegar villur sem ekki eru í 951. Hins vegar eru villur í 951 sem ekki hafa verið í forriti 2160 og 470. Ættartréð er því tvígreina í þetta sinn:



*Skyldleiki yngri handrita Ormars rímna*

Texti þessara ungu handrita er kominn mjög langt frá því sem eldri handritin hafa. Björn Karel Þórólfsson (1934:416) segir að þau séu komin frá Kollsbók en það getur ekki verið rétt. Þau sýna greinilegan skyldleika við  $F^2$  en geta ekki verið komin frá því handriti einu því að sumir leshættir þeirra eru upphaflegri en texti  $F^2$ . Það mætti hugsa sér að \*Y og  $F^2$  hefðu átt sameiginlegt forrit (og væri þá meginættartréð tvígreina eftir allt saman) en líklegra þykir mér að \*Y hafi haft blandaðan texta úr  $F^2$  og S. Þetta þyrfti þó nánari rannsóknar við en hana hef ég ekki gert að sinni af tveimur ástæðum. Annars vegar er texti ungu handritanna svo frábrugðinn texta W að rétt væri að prenta hann sérstaklega en ekki sem orðamun við W. Hins vegar er ljóst að hvernig sem skyldleika handritanna er háttað er greinilegt að texti ungu handritanna hefur annaðhvort ekkert eða mjög lítið gildi til að endurgera fornan texta Ormars rímna.

Kollsbók er varðveitt í hertogabókasafninu í Wolfenbüttel og hef ég ekki séð hana eigin augum heldur notast við ljósprentið (Ólafur Halldórsson 1968). Síðurnar sem Ormars rímur eru skrifaðar á eru að langmestu leyti skýrar og auðlæsilegar í ljósprentinu. Á örfáum stöðum eru þó torlesin orð. Þar hef ég haft til hliðsjónar AM 387 fol, sem er uppskrift á Kollsbók frá miðri 19. öld. Staðarhólsbók er til ljósprentuð (Munksgaard 1938) og notaði ég fyrst ljósprentið en gátaði síðan fáeina torlesna staði í handritinu sjálfu. Við lestur á  $F^2$  sá Árnastofnun mér góðfúslega fyrir vönduðum ljósmyndum.

Á Árnastofnun er einnig varðveitt uppskrift Guðna Kolbeinssonar á texta rímnanna (*Uppskriftir*). Þá uppskrift hef ég ekki skoðað og verður Guðna ekki kennt um neinar villur í minni útgáfu.

Þessari útgáfu er þannig háttað að fyrst birtist stafréttur texti Kollsbókar, síðan orðamunur og að lokum endurgerður texti með samræmdri stafsetningu. Þar sem vitnað er stafrétt í handritin fylgi ég að mestu þeirri uppskriftarhefð sem kennd er við Árnastofnanirnar (Jóhannes B. Sigtryggsson 2005:267–268) en upplausn banda er auðkennd með skáletri.

Að lokum má spyrja hvort yfirleitt sé einhver ástæða til að reyna að endurgera sem upphaflegastan texta Ormars rímna. Væri ekki jafngott, í anda nýju filólógíunnar, að rannsaka texta eins tiltekins handrits ofan í kjölinn? Því er til að svara að hér er ætlunin að nota Ormars rímur sem heimild um málkerfi og bragkerfi skáldsins sem orti þær, sennilega einhvern tíma nálægt miðri fimmtánda öld. Þetta markmið næst að sjálfsögðu ekki fullkomlega en það virðist eðlilegt að framfylgja því eftir því sem mögulegt er.



## B 2. Kollsbókartexti Ormars rímna

### *Fyrsta ríma*

1. Brudum færi eg berlíngs fley  
bratt *med* nyum ode  
gilldann ætla eg geira þey  
ad geysa af vízku stodi.

2. Hauldar fa þar hird er kat  
harda sorgar hlecke  
þat eru ferleg firnna lat  
fínzt mier til þeira ecki.

3. Hoskuzt neme þat hringa ey  
og huer ad audrum suanna  
so skal ungum audar frey  
allar biarger banna.

4. Veít eg alldri verre sman  
vera j briosti hrejnu  
enn þat frette fallda ran  
at fyrdar kuidi neínu.

5. Er eg *med* aollu eínkes uirdur  
af ungum brikum spiallda  
giorunzt eg badi gamall og stirdur  
get eg at slikt muní vallda.

6. Þo allur sie eg af angri bleikur  
efldur sarre pinu  
hætti eg aa huort hrínga eikur  
hlyda gafni mínu.

7. Hitt skal blídka byte stals  
betur mun sidar ganga  
þui skal geymí glotta mals  
gladur *vm* æfi langa.

8. Bralla verdur buenn j mat  
berlíngs knorr en fride

æ mun vid mǫg ein huer kat  
alldri true eg þat lide.

9. Gautlandi hefer geysi hægur  
og gumnum att ad styra  
var uid yta aur og frægr  
hann atti drottning dyra.

10. Valdur attj uiser | hier  
vænni borg ad rada  
haoldar nefna hring firi mier  
hreyti fofnís lada.

11. Doggling ol vid dyri fru  
blida dottur eína  
asa heiter audar bru  
a sion ber hun hreína.

12. Burdug hefer af bokum list  
bauga lofnín sníalla  
kænne þiona klæda rist  
konga dætur og jalla.

13. Hueriu fliodi fegra var  
fallda níft en suínna  
lyder fengu af liosre þar  
langa naud og stínna.

14. Þui var likt sem sol at sia  
seima gefn enn rika  
hauldar fundu jheíme þa  
henni aungua lika.

15. Ormar nefne eg audar þor  
en mun koma jkuædi  
hann mun auka afrek stor  
adur en lykur fræde.

16. Sia uar fæddur af fridre art  
fleyger nodru stiga



fremdar aur *og frægur um mart*  
furdu giarn *til uiga.*

17. *Hans hníe faderen folldv at*  
*fleína lundur enn sníallí*  
*eíngi uisse yta þat*  
*huer olli fradmars fallí.*

18. *Saxi híet sia sueíní ann*  
*sigur er giarn ad uínna*  
*frægan hafdi fostrad hann*  
*fradmars arfa enn suínna.*

19. *Systursyni gat sínum kent*  
*saxj lister allar*  
*þui bar frægur flesta ment*  
*fram firi kempur sníallar.*

20. *Eitthuert sínn at seíma þor*  
*sat yfer driuckiu bordum*  
*gaur kom jnn so geysistor*  
*med grimdar þungum ordum.*

21. *Grimmur jlund og geysiknarr*  
*geck uid kylfu eina*  
*sia var atian alna har*  
*og ollu uerre at reyna.*

22. *Gefur hann stadar aa golfi þa*  
*og galer upp á mengi*  
*hirden situr og horfer a*  
*heilsa red honum eíngi.*

23. *Þessi giorer at gorpum skóll*  
*og ganar at eínu sæti*  
*so kom þuss i þengels hóll*  
*þat eru eíngí mætj.*

24. *Sezt hann ofan a seggi þria*  
*so þeim var bued til nauda*

fyrðar urdu að foluvm na  
og fengu bradan dauda.

25. Fulla hefer að fæðu lyst  
flagd j þessu sinni  
eyddi hann meira vín og vist  
en virdar legdi j mínni.

26. Sidan geck og sikling fann  
suipter nodru lada  
þa tok kall að kuedia hann  
kata fra eg þa bada.

27. Seg þítt nafn ed sikling kuad  
og sanna ætlun þína  
fylke munttu fræða um þat  
fliott firi beidni mina.

28. Biarkmar nefna bragnar mig  
branda kann eg rioda  
kongur attu kior uid þig  
kosti vil eg þier bioda.

29. Skalttu eigi dyra dottur þín  
dogglíng leíngur hallda  
eg skal sækia silki hlín  
en seggium daudan giallda.

30. Ellegar gacktu einn vid mig  
odda leik at heyia  
þo munu fleiri fysa þig  
að fre[st]ja helldur að deyia.

31. Ræsi þotti raden uond  
ríett með aungum sanne  
treystezt ualla at reisa rønd  
vid rommum galldra manni.

32. Þeim gef eg dyra dottur min  
dogglíng ried að mæla

ed flagde veiter fulla pín  
þui fyrda hygst hann tæla.

33. Fai sa bædi fremd og dad  
er frelsar vífed sníalla  
þeim gef eg bædi lond og lad  
og lausa aura alla.

34. Sannlega kom su sogn firi mig  
segger þogdu leíngi  
haollda veit þat huer æ sig  
hans uar like eingen.

35. So stod ogn af aorfa þund  
otta slo yfer flesta  
segger uilía þo suínt sie sprund  
sinum dauda fresta.

36. Biarkmar tekur og byster sig  
hia brognum | ræses sníollum  
uilía kappar kiosa mig  
til kongs yfer gautum óllum.

37. Nu hefe eg sikling sagda þier  
sanna ætlun mina  
þa hefe eg fylker hier med mier  
huergi j romu duína.

38. Ormar hlyddi um eína stund  
ungur meider suerda  
reidilegur og roskur j lund  
raun mun apui uerda.

39. Stockur fram yfer stillis bord  
styrer nodru lada  
sa vill frelsa fallda skord  
sier til sigurs og dada.

40. Mier hefi eg ætlad menia lín  
kuad meider stínnra spiota

biarkmar *skalttu* af *brandi* mín  
*bradan* dauda *hliota*.

41. Eg *skal veria* víf *um* stund  
so *uirdar* megi þat *líta*  
*skyfa* þig *firi hrafn og hund*  
ef *hiorren* nær ad *bita*.

42. *Risanum kom* þa *reidi* j *briost*  
*riett* af *ordum slikum*  
*hugsar* þa *firi hatur og þiost*  
ad *hefna garpi rikum*.

43. *Skilde* so *med skotnum þeim*  
*skiott mun fridurenn mínne*  
*hier skal falla* j *fræda geim*  
*fiolnis bior hinn stínní*.

### ***Önnur ríma***

1. [Þ]egar ad *dreingium dicketan* stor  
*dyrum fellur* ur *mine*  
*sterkann* ætla eg *berglíngs bior*  
ad *blanda* j *audru sínne*.

2. *Skalldum þiker skemtan* mest  
ad *skyra mansongs kuædi*  
þat ma *orka yndesbrest*  
*og afla þungrar mæde*.

3. Þar *skal huerfa hrygdum fra*  
*hreyter nodru skeria*  
*greinum hitt ad ormar a*  
*vnga brudi veria*.

4. En mun *verda agtad til*  
*hvad efnad verdur* j *kuædi*  
ei er *hín vnga menia bil*  
*míog vid biarkmars ædi*.

5. Þegar að segger suarta natt  
sannlega lita allar  
hefer sig vt fra holda drott  
þa hermenn suofu sníaller.

6. Geck hann fram þar fírrezt sut  
fímur vid geíren biarta  
unz hann kemur a annes vt  
eína nott so suarta.

7. Frodur leit þar fodur síns haug  
fram æ nesenu standa  
sia uar fus að fínna draug  
fleyger styrkra randa.

8. Vaki þu fradmar faderenn min  
fínnzt þínn líke varla  
sannlega er hier sonuren þínn  
suara þu halinum sníalla.

9. Fleína tyr uar furdu bradur  
fyser en at kalla  
þumben kueda sem adur  
þat tru eg nægia varla.

10. Ef þu villt eigi kuad þegninn sníallur  
þessum annsuor veita  
bidur eg að þu brenner allur  
j bruna og laoganum heíta.

11. Þo skal eg kuad þorna briotur  
þig til sagna neyda  
uist sie þier enn uesti þriotur  
uerra enn eg kann beída.

12. Haf þu þa ena hæstu þin  
holdar vesta hliota  
nema þu anncer ordum min  
eyder stínnra spiota.

13. Skemdar kallen skrittu afætur  
skíott er annar uerre  
alldri fa þu aa angri bætur  
audna bid eg þín þuerre.

14. Nema þu anncer ordum mín  
en er eg bid þig mæla  
fader mín stattu aa fætur þín  
fiarre munttu oss tæla.

15. Grimlega skelfur griot og folld  
giordi myrkurid mesta  
hefi eg þat frétt at hrærdezt molld  
haudured tok ad bresta.

16. Dregst aa fætur hin daudi þa  
med dyrum hiallta vende  
fylker litur foluan na  
fodur sínn ormar kende.

17. So hef eg leíngi leged j haug  
lydum firdur aollum  
fystezt l eíngí ad fínna draug  
fyr af gorpum sníollum.

18. Virdar hier med vopnín þunn  
vilia alanded heria  
birta vil eg þier brogden ny  
brude a eg ad ueria.

19. Hvassann villdeg hialma níotur  
hrottan af þier þiggía  
mier mun eigi kuad malma briotur  
meír a audru liggia.

20. Bysn er j huers beida kann  
beyger styrkra randa  
attu frægur vid fullann sann  
fiolda nyrra branda.

21. Eg skal riufa rammann haug  
og randa nadur en sækia  
hrædazt ecke enn harda draug  
horfer nu til klækia.

22. Sannazt ma eg þat seía þier  
suínum malma balldri  
helldur vard sa heppen mier  
hiallta leren alldri.

23. Garpar ei so goda hlif  
geir níe bryníu eíga  
feigum gefur eigi fyrdum lif  
þa folke er lagad at deyía.

24. Dapra feck ek daudans pín  
dreíngur at uopna hialldri  
ef heiter þu ecki at hefna mín  
hrottan fær þu alldri.

25. Seg þu mier huer sæfde hal  
med suerde vaskann tiggia  
vil eg so heill eg hefna skal  
hratt eda daudur liggia.

26. Biarkmar rise er brognum skædur  
bioda vill þier pínu  
fader hans atti fræga brædur  
fallí olli mínu.

27. Taktu nu uid hrotta hier  
halnum draugurenn trude  
eg ma synia einkes þier  
arfi mín hín prude.

28. Birting nefna bragnar þann  
brand ad þu hefer fengid  
bar eg þa jafnan blodgan hann  
er biludu adrer dreínger.

29. Ellefu sattu að m*ier* senn  
urdu íx að falla  
alla uilldu afrekx menn  
ytar þessa kalla.

30. Gyrdur og atli garpar t*ueir*  
gengu að m*ier* til nauda  
segger undan settu þ*eir*  
sialfur feck eg dauda.

31. Beid eg all*dri* betri ferd  
af blidum malma ball*dri*  
gaftu m*ier* ed goda suerd  
get eg þat launad all*dri*.

32. Þottu farer vm flest aoll lond  
og fysezt stort að vinna  
huergi munttu hiallt rond  
jheíme slikann finna.

33. Jafnan munttu branden bla  
bera að vopna hialld*ri*  
hann er ríett sem silfur að sia  
seie eg þat sliofazt all*dri*.

34. Sittu nu med sæmd og skraut  
segguren huerjum frægri  
m*ier* mun hentt að hallda j*burt*  
hart æ þessu dægri.

35. Far þu sveinn med sæmd og pris  
seier sia garpuren*n* mesti  
heillenn sie þ*ier* hardla vis  
en hamingian all*dri* bresti.

36. Bragning kemur til borgar heím  
buenn til hreysti uerka  
hefer j*hendi* hræfa teín  
og hiallta nadur enn sterka.



37. Þat hefe eg frett at fleína tyr  
for j bryníu síða  
ytum huerfur odar smíd  
agtj þeir sem vilia.

### ***Priðja ríma***

1. [Þ]ar skal hefiaz hrodur en mín  
holdar fara til vopna sín  
bagnar attu at beriazt tueir  
biladi huorgi at rioda geir.

2. Ormar uaknar éinkar fystur  
ogurlega til romu lystur  
hugsar þa at hann skal fliott  
hrepa sigur eda falla skiott.

3. Budlungs sonur j bryniu for  
bædi uar su uid og stor  
setur æ hofuded hialmínn bla  
hermanlegur uar kappenn sia.

4. Meyan biort af mædi og þra  
milldings kuidde falle þa  
angrar þat hína ungu fru  
at ormar atti at beriazt nu.

5. Reckum þotte hann reyndur litt  
þo raded tæki hann furdu | frit  
atta og siau uar ara þa  
afrekk madur sem greínazt ma.

6. Ormar hefer sig vt af borg  
ærna baru frurnar sorg  
j burtu skamt fra budlungs holl  
biarkmar verdur senn æ voll.

7. *Heidurs madur* æa holmj bidur  
holdum syndezt kappenn stridur  
bragnar líta biarkmars ferd  
bila mun huorgi at ríoda suerd.

8. Laden skelfur og lopten aoll  
lasta maduren kemur æa voll  
grimlega vedur hann grund til hnia  
garpa sueiten horfer æa.

9. Ferden hans var furdu greid  
flyter ser at órua meid  
grimlegur syndezt geira tyr  
hann greniar vpp sem uille dyr.

10. Þat fra eg ytum auka styr  
ormar atte at hoggua fyrr  
bilade eigi bauga þor  
birtíng dregur hann slidrum ur.

11. Ormar reiddi branden bla  
birting þann eg sagde fra  
<greidde risanum ramlegt haugg  
randa þor j benia dogg>  
listar madur hio læred a  
so lækner eingi græda ma.

12. Biarkmar rise med bol og pin  
beggia miste fota sín  
þar fra eg deya dolgen þann  
dreingi bidur hann heyia hann

13. fradmarson med fremd og skraut  
fyrda hefer hann leysta þraut.  
Konguren gledzt og kappa lid  
keypti óllum monnum frid  
<meyian biort og milldings þiod  
mætan lofode hiorua riod.>

14. Ormar talar vid unga fru  
eg uil hefna fodur mins nu

mægiast *eigi uid* millding fyrr  
enn *meire* aukezt randa styr.

15. Þella suarade þorns *med* dad  
þat er hid mesta happa rad  
lattu falla at folldu þa  
er fôdur þinn redu londum fra.

16. Ogurlegt uar ormars lid  
eigi munu þeir bíoda frid  
hundrat skeida herren skal  
hleypta fram af fiska sal.

17. Dreke sa e[inn] er audling aa  
dyrstan feck j heíme þa  
hann skal setía hlunnum af  
hilmer þenna ormar gaf.

18. Ormar kuadde kong og mey  
kappen adur enn stigur a fley  
gullskord epter graten var  
garpar fara til strandar þar.

19. Skatnar stigu aa skordu dyr  
skeidum þegar aa ægen snyr  
hallda sidan hofnum fra  
holdar uínda segl vid ra.

20. Byrena all uel brognum gaf  
bar þa skeidur ut aa haf  
seggium uerdur sigling greid  
suifur fram vm fiska leid.

21. Kemur þar logx at lyduren ma  
litla ey firi stafní sia  
heidurs madur bad harla fliott  
hallda þangad sína drott.

22. Geyse mart uar garpa lid  
glediazt tok þa ormar uid

*til bad hallda hafna þar  
herra sa sem rander skar.*

23. *Her la firi jhofnum þar  
haoldar fretta huer sa uar  
er atti ad rada roskre sueit  
reckum firi aa sildarreit.*

24. *Brognum rada brædur tueir  
bader ueittu orma leir  
fínnur þu eigi folldu aa  
frægri menn enn bada þa.*

25. *Eyder hann med eggú flest  
alldri kuodu aa sigri brest  
holdar þeir uid hardan þrott  
heria einn veg dag sem nott.*

26. *Gyrd og atla greíne eg þier  
garpsens segdu heite mier  
huert er yduars herra nafn  
hann mun kunna at sedia hrafn.*

27. *Ormar ungi ytum rædur  
all opt veiter línna glædur  
hann uill feiga herra þa  
er holdum sagder þu adan fra.*

28. *Vann hann einn med uopnum þann  
uestan feck j heimí mann  
adur geck yfer lond og lad  
listar manne er kringt vm dad.*

29. *Garpar fundu gumna þa  
gyrd og atla og sogdu fra  
hier er einn med afl og megn  
yckur þorer at strida jgegn.*

30. *Bilar hann ecki bragdit neítt  
brodur son hefer yckarn deytt*

uær siaum þa gæfu aa gilldum mann  
getu uer ecki sigrad hann.

31. Bader annca brædur þa  
beiskur mun hann j fleína þra  
þier skulit aptur a ormars fund  
ytar fara jsamri stund.

32. Þier skulid bota beida hann  
bragna huer sem míukazt kann  
ef getur hann biarkmar gulli bætt  
gunnar fai þa fulla sætt.

33. Ef þegnen eigi vill sem vær  
uon er þess ad kappenn fær  
dalega mun þa daudans þin  
dreingurenn hliota af þriozku sín.

34. Holdar fundu heidurs mann  
hæuersklega þeir kuoddu hann  
erendum skila sem eg vil tia  
ormar giorde at hlyda a.

35. Ef brædrum uilltu bæta seím  
svo badum like frændum tueim  
lad og gocz og lyda halld  
leggur þu aa þeira valld.

36. Fylgia lattu fallda laut  
frestazt mun þa branda þraut  
þa skal eydazt odda þra  
ormar tok at reidazt þa.

37. Skiota fær þu skaumm og þin  
ef skilar þu leingur erendum þín  
hefur af öllum hatur og spíe  
en hreppid huorki vif níe fie.

38. Skulu eigi frurnar fretta heím  
at fyrdum legge eg brendan seím

fýrr *skal* huer jfleina þra  
falla nídur sem odazt ma.

39. Badum seg þu brædrum þat  
at bragnar skulu nu riett j stad  
vasker auka vopna þra  
uirdar reyní huer at ma.

40. Garpar fundu gunna þa  
gyrd og atla og sogdu fra  
so er hann gíarn æ geira þra  
garpnum eíngi hamla ma.

41. At morni setur hann malma dogg  
megum þa reyna roskleg hogg  
garpar buízt vid branda hrid  
berlega uill hann uekia strid.

42. Badum likar brædrum þat  
þo budlung auki odda stad  
þar skal luka lioda sal  
lyda heren beriazt skal.

### ***Fjórða ríma***

1. [Þ]AR *skal* ed fiorda fiolnes vin  
af fræda byrgi renna  
bragnar fara j bryníur sín  
biarta geira spenna.

2. Fyrdar stigu æ fagra ey  
framer og treysta megni  
þar *skal* sterkan stala þey  
stofna j orua regní.

3. Hrauster baru hauldar þa  
handes uoder sterkar  
beggia gengu budum fra  
budlungs þioder merkar.

4. Fradmars arfi furdu uar  
frestur sínna sueina  
huorki bar hann i hrotta skar  
hialm nie brynú neína.

5. Bert uar under budlungs lif  
þa bragnar neyttu randa  
þo vill fremstur j fleina drif  
en frægi ormar standa.

6. Ormar talar vid yta nu  
alluel treyster hiarta  
mier skal hlifa en hoska fru  
hilmís mæren biarta.

7. Þegar at brædur birtíng sa  
bader giordu ad fretta  
huersu fecktu branden bla  
brognum seg þu af letta.

8. Fader min sagdi sanlegt fra  
huer segginn rjed fra | londum  
gaf hann mier sidan branden bla  
buenn med orma strondum.

9. Eíngan fra eg þess idrazt mann  
so ytar mætte fínna  
þo bragar hafe nu berserk þann  
med brandi nad at vínna.

10. Unnu þeir j hrotta þra  
hóldar skulu þess giallda  
ellefu soktu ytar þa  
eyde grænna skiallda.

11. Siklingur gat ví og þria  
suæft med geirnum stínna  
nídínglegt uar næsta þa  
at níflung þeim at vínna.

12. Þa uar bryníad beggia lid  
bued ad auka hillde  
huorer tueggíu horfa uid  
þa herenn beriazt skylldi.

13. Hier uard eigi æ hoggum bid  
hordu kastad griote  
odru megin uar ormars lid  
all snyzt j motj.

14. Fyrdar skiota fleíni þa  
framer og treysta megni  
heidan matti ei hímenenn sia  
firi hussu geira regní.

15. Su stod ogn af orfa flaug  
ad eydduzt kempur sníallar  
broddar fengu j blode laug  
biludu hlifar allar.

16. So fra eg geysta ganga fram  
gillda hiorua runna  
huorer tueggju j hrotta glam  
hialma snida kunna.

17. Brædur lata bryndan geir  
biarta hialma snída  
ormars folki eyddu þeir  
ytar um uollen uida.

18. Ganga þeir j gegnum lid  
glader og hreysti reyna  
frægum tru eg ei frændum uid  
fylking standa neina.

19. Ormar uegur j aurua þra  
og eyder kempum sníollum  
ber hín liosi lofdung sia  
langt af gorpum sníollum.



20. Mæker sa sem millding ber  
ma þat folkid Iya  
hann beit eigi hialma uer  
enn hrisluleggi nya.

21. Segginn huern er suerded snart  
sa hlaut dauda at þiggía  
þui uard folkid furdu mart  
firi fylke þeim at liggia.

22. Uirdum giordezt nu uarla fritt  
uilldi hann fradmars hefna  
fram firi brædra merkid mitt  
millding giorer at stefna.

23. Budlung lætur brynú skod  
biortum hialmum mæta  
j midian legg tok manna blod  
ma þess eigi þræta.

24. Millding klauf i malma þra  
marga skioll'd'u græna  
hlifde eí meira brynía bla  
bragna enn silked græna.

25. So fra ek gramson ganga fram  
giorer hann aungu at hlifa  
brædra ried hann merkes mann  
j midíu sundur at skyfa.

26. Hitti hann gyrd j geira  
get eg at alluel uegni  
ormar reidde branden bla  
bystur af öllu megni.

27. Hoggur hann ofan j hialmen bla  
hals med geirnum frida  
bukín nídur og brynú þa  
birtíng ríed ad snída.

28. Atlí hugdi ormar þa  
æru og life suipta  
hoggur skíott med geirnum bla  
honum j tuo nam skipta.

29. Listar madur j lopt upp stock  
liosum pryddur dadum  
geiren nidur j sannden saukk  
segx ad hondum badum.

30. Ormar sier at atli lytur  
epter gylldu suerde  
bysna haugg aa buken hrytur  
bita tru eg þat uerde.

31. Mæker kemur aa mídian hrygg  
míog tru eg bryniu leste  
atla vard eí emman dygg  
óll fra eg sundur bresti.

32. Bírrting þegar j blodi stendur  
buknum sundur skiptí  
emman sneideztt óll j sundur  
hann atla lifi suiptí.

33. Þegar la epter dolguren daudur  
drepenn af ormars hondum  
vise dæmdeztt ualld og audur  
vif med storum londum.

34. Ormar bydur ytum frid  
epter brædra dauda  
so feck fylker frækid lid  
og fagra hrínga rauda.

35. So líet græda garpa flíott  
gofga menn og dyra  
sem allur hefde eínne drott  
audling att ad styra.

36. Skiolldung þa fra skipunum ridur  
skatner aller hlyda  
hann feck nogar geíma glædur  
og gullaz líní þyda.

37. Bragnar hirda bryníu troll  
j balenu gellur tomu  
seggia drottín særezt aoll  
so var lyktad romu.

38. Epter stekan stala hreim  
er hafde fengid  
fagran sigur og flædar eím  
full vel hefer nu gengid.

39. Ormar giorezt med ytum þeim  
ecki lengi at bida  
gramson vill j gautland heím  
grædís hestum rida.

40. Skurdi huergi æ skipenu þraut  
af skiru gulli brendu  
logade logade geruoll lira braut  
er lægis hestar bendu.

41. Millding talar uid menged þa  
mier skulu aller fylgia  
hirde ei þo hlaupí oss æ  
hless en kallda bylgia.

42. Halldi oss eíngi haolda fra  
æ hlunna dyrum hesti  
segger bid eg at seglen bla  
saman a jodrum festí.

43. Flotí uar þesse furdu breidur  
frurnar ganga ad lita  
hafdi hann auked c skedur  
huergi seglen slíta.

44. So *geck jnn* æ siklings hafn  
segl *var upp vid* huna  
stiller litur *streingia hrafn*  
og stafni gulli buna.

45. Aodling kende ormars ferd  
*eigi uar* kyrt *med* aollu  
*kongur enn sialfur* klæddezt *gerd*  
katur j *sínne* hóllu.

46. Stiller ofan til strandar *gengur*  
stollta kuadde *recka*  
*huad* mun bati at bida *lengur*  
brullup sítt ad *drecka*.

47. Ormar hefer þu *vnnid* þraut  
*en mig* leyst ur *uanda*  
*þui skal* suínnuzt *seima* laut  
sofna þier *vid* anda.

48. Lofdung sialfur leiddi heim  
*listar mann til* hallar  
*bruder* prydzat *brendum* seím  
bratt og *gledíazt* allar.

49. Æsa geck æ ormars fund  
*aoll uar* skopud j *snille*  
kuaddi *dyran doglings* kund  
datt var þeira j *milli*.

50. Frygdugt uifed *frettí* j stad  
*frægdar mann hinn sníalla*  
*huersu hann* liet *hilldi* at  
*heliar dreíngi* falla.

51. Seier *hann* allt hid *sanna* fra  
*sætu* þegar *med* blida  
*huersu hann* giordi *brandi* bla  
*brædur* sundur *snida*.

52. Alluel hefer þu ord þin efnt  
under liezt þu suida  
fodur þins hefer þu fulluel hefnt  
fregnast mun þat vida.

53. Ormar talar uid æsu nu  
ungur reyni skiallda  
bezter ockur at bída tru  
og brullup ockart halda.

54. Brudur en tekur ad glediazst nu  
burt er modur en kalldi  
mun þat eigi er mællti fru  
mest aa ydru ualldi.

55. Aflad hefer þu vnnar bals  
eigj þarftu ad harma  
þier skal eg leggja um liufan hals  
líosa mina arma.

56. Viser baud til ueiclu j stad  
uirdum jnan landa  
heilan manud holdum þat  
hofid skyllði standa.

57. Hal þar aungan hryggan leit  
holdar silke[d d]rogu  
ormar græddi yta sueit  
audur velli nogu.

58. Ormar ungi og ægæt fru  
unnuzt | þegar med blida  
seggium ueittu sefrings bru  
so nam ueiclan lida.

59. Faer uar honum ad frækleik jafn  
feck hann gull ed rauda  
hann tok aud og audlings nafn  
epter kongsens dauda.

60. Sonu gat *hann uid silke ey*  
*saxxe og fradmar heita*  
*alluel kunnu j orua sky*  
*unda nodrum beita.*

61. Suerded atte seíma tyr  
*sina æfe alla*  
*budlungs uar so brandurenn dyr*  
*birtazt ma þat uarla*

62. Siklíngs uar so *suerded* beitt  
*sónn eru æ þui mínne*  
*milldings hio eigi meír en eítt*  
*haugg til manz ad sínne.*

63. Ecke getur hier *odur enn mín*  
*allra hans snilldar uerka*  
*fradmar epter foduren sínn*  
*feck þann branden sterka.*

64. Folked ma nu frægdum prytt  
*fara ad jdium sínum*  
*hier hafa ytar ollum hlyt*  
*ormars rimum mínum.*

65. Reystar hefe eg rimur far  
*raun míaug eigi hagnar*  
*þui skal durnis dreggen klar*  
*detta nidur til þagnar.*

### B 3. Orðamunur

W = Kollsbók, Cod. Guelf. 42. 7. Aug. 4to

S = Staðarhólsbók, AM 604 d 4to

F<sup>2</sup> = AM 146 8vo

387 = AM 387 fol (eftirrit af W)

#### *Fyrsta ríma*

1.1 Brudum] Brudunum F<sup>2</sup>

1.1 berlíngs] bæríngs S

1.2 bratt *med*] beint af F<sup>2</sup>

1.3 gilldann] gilla F<sup>2</sup>

1.4 ad] ÷ F<sup>2</sup>

1.4 stodi] siöde F<sup>2</sup>

2.1 þar] + *er* S; þä F<sup>2</sup>

2.2 hlecke] becke F<sup>2</sup>

2.4 fínzt] og fínz S; suo finst F<sup>2</sup>

2.5 *til þeira*] til þess F<sup>2</sup>

3.2 ad] af F<sup>2</sup>

3.3 audar] orfa F<sup>2</sup>

4.1 alldri] ecki F<sup>2</sup>

5.1 *med aollu*] þui næsta F<sup>2</sup>

5.1 eínkes] eínkís SF<sup>2</sup>

5.3 giorunzt] giorézt SF<sup>2</sup>

5.3 eg] ÷ S

5.4 eg] ÷ S

6.1 af] ÷ S

6.2 efldur] og efldur SF<sup>2</sup>

6.3 huort] ad F<sup>2</sup>

6.4 gafni] gamne SF<sup>2</sup>

7.1 byte] beiter F<sup>2</sup>

7.3 geymí] gæter S; geymer F<sup>2</sup>

7.3 glotta mals] grundar bälS F<sup>2</sup>

7.4 gladur] gadur S

8.1 Bralla] Bradla S

8.1 Bralla *verdur*] Beint *mun verda* F<sup>2</sup>

8.2 berlíngs] bæríngs S

8.3 mvn] sennilega ætti að lesa <munu> fremur en <mun> í S til að fylla vísuorðið

8.3 míg eín huer] audgrund S

- 9.1 Gautlandi hefer] Fyrer gautlande ried F<sup>2</sup>
- 9.2 gramur med þegna skyra F<sup>2</sup>
- 9.2 og] ÷ S
- 9.3 frægr] gladur S
- 9.4 hann atti] ö.r. S; ätte F<sup>2</sup>
- 10.1 Gilldur ätte geyra hlier F<sup>2</sup>
- 10.1 hier] ser S
- 10.2 vænni] glæstri F<sup>2</sup>
- 10.3 nefna] nefndu F<sup>2</sup>
- 10.4 fofnís] ofnis F<sup>2</sup>
- 11.2 blida dottur] ö.r. SF<sup>2</sup>
- 11.3 audar bru] agiæt su F<sup>2</sup>
- 12 Vísan er á eftir 14 í F<sup>2</sup>.
- 12.1 hefer] hefur SF<sup>2</sup>; Héðan af er brigða milli *hef(ur)* og *hefi(r)* ekki getið í orðamun.
- 12.2 lofnín] loggnín SF<sup>2</sup>
- 12.3 kænne] kærur S
- 12.3 klæda] kirtla F<sup>2</sup>
- 13.1 fegra] fegri SF<sup>2</sup>
- 13.4 naud] neid F<sup>2</sup>
- 14.2 seima] silke F<sup>2</sup>
- 14.2 rika] huijta F<sup>2</sup>
- 14.2 enn] hinn S; Laus greinir hefur oft <h> í S án þess að þess sé hér eftir getið í orðamun.
- 14.3 hauldar fundu] huorge matte F<sup>2</sup>
- 14.4 aungua lika] jafna lijta F<sup>2</sup>
- 15.1 audar] orfa F<sup>2</sup>
- 15.2 kuædi] fræde F<sup>2</sup>
- 15.3 auka] syna S
- 15.4 fræde] kuæde F<sup>2</sup>
- 16.1 Sia] Sa SF<sup>2</sup>. Hin handritin hafa oft <sa> þar sem W hefur <sia> án þess að þess sé hér eftir getið í orðamun. Á þessum tíma virðist litið á *sá* og *sjá* sem tvímyndir (Katrín Axelsdóttir 2003:56–57).
- 17.1 faderen] fadurinn S
- 17.2 enn sníallí] áá híaalle S
- 17.4 fradmars] framars SF<sup>2</sup>
- 18.2 sigur er] sæmder F<sup>2</sup>
- 18.3 frægan] Fyrst skrifað <frægur> í W en leiðrétt; frægur SF<sup>2</sup>
- 18.3 hann] þann F<sup>2</sup>
- 18.4 fradmars] framars SF<sup>2</sup>
- 19.1 sínum] sijdann F<sup>2</sup>
- 19.4 firi] yfer SF<sup>2</sup>
- 20.1 seíma] orfa F<sup>2</sup>
- 20.2 sat yfer] ö.r. F<sup>2</sup>
- 20.2 driuckiu] dryckiu SF<sup>2</sup>
- 21.2 geck] hann geck S



- 21.3 sia var atian] atiän var sa F<sup>2</sup>  
 21.4 og] en S  
 22.1 stadar] stad S  
 22.2 galer] gälde F<sup>2</sup>  
 23.1 Þessi giorer at] Giörde hann ädur F<sup>2</sup>  
 23.3 so] sa F<sup>2</sup>  
 23.4 eru] voru F<sup>2</sup>  
 25.1 æ] af S  
 25.4 legdí j mínni] skjra kinne F<sup>2</sup>  
 25.4 legdí] leggí S  
 26.2 nodru] ofnis F<sup>2</sup>  
 26.4 fra] tru F<sup>2</sup>  
 27.1 ed] at SF<sup>2</sup>  
 27.2 ætlun] ætlan F<sup>2</sup>  
 27.4 beidni] bedne S  
 27.4 mina] sína S  
 28.2 rioda] ríode S  
 28.3 kior] kost S  
 28.4 kosti-þier] eg kann eigi fleire at S  
 29 ÷ S - Erindi 28 er neðst á síðu og erindi 30 efst á næstu síðu.  
 29.1 dyra] Stafirnir <dy> eru skýrir en bandið gæti verið hvað sem er; dyrri 387; dyra F<sup>2</sup>  
 29.3 hlín] lin F<sup>2</sup>  
 29.4 en] eda F<sup>2</sup>  
 30.1 gacktu] skalltu SF<sup>2</sup>  
 30.2 leik at] leikin S; drijfu F<sup>2</sup>  
 30.3 fleiri] flestir F<sup>2</sup>  
 30.4 fre[st]a] fresta SF<sup>2</sup>; orðið er að hluta til ólæsilegt í W; fara 387  
 30.4 ad] enn F<sup>2</sup>  
 31.2 aungum] fullum F<sup>2</sup>  
 31.3 treystezt] hann treyste F<sup>2</sup>  
 31.3 ualla] ecki S  
 32.1 gef] gefur S  
 32.3 ed] sem F<sup>2</sup>  
 32.4 þui] er F<sup>2</sup>  
 32.4 hann] at SF<sup>2</sup>  
 33.1 Fai] Fær F<sup>2</sup>  
 33.1 bædi] badi S  
 33.2 er] sem F<sup>2</sup>  
 33.3 bædi] lijka F<sup>2</sup>  
 33.3 lond] lond S; lond F<sup>2</sup>  
 34.2 segger] at segger S  
 34.3 æ] vmm F<sup>2</sup>  
 34.4 at hans er like (lijkin F<sup>2</sup>) eingi SF<sup>2</sup>  
 35.1 So] Su F<sup>2</sup>

- 35.1 aorfa þund] audarlund F<sup>2</sup>  
 35.1 þund] Sérhljóðið gæti verið annað í S, það er klesst en virðist hafa tvo brodda.  
 35.2 otta] ad otta F<sup>2</sup>  
 35.3 suínt] synt F<sup>2</sup>  
 36.1 og byster] ad bista F<sup>2</sup>  
 36.3 uilia] uilíe S; huort vilia F<sup>2</sup>  
 37.1 eg] ÷ F<sup>2</sup>  
 37.2 ætlun] ætllann SF<sup>2</sup>  
 37.3 þa hefe eg] hefeg þa F<sup>2</sup>  
 37.4 huergi] at huergi S; sem huerge F<sup>2</sup>  
 38.2 meider] reiner F<sup>2</sup>  
 38.3 reidilegur] reiduglegur SF<sup>2</sup>  
 39.1 Stockur] Stock hann F<sup>2</sup>  
 39.2 styrer] styfer S  
 39.4 sier] füs F<sup>2</sup>  
 40.2 kuad] ÷ S  
 40.4 dauda] daudann SF<sup>2</sup>  
 41.2 megi] mega S  
 41.3 skyfa] enn skjifa F<sup>2</sup>  
 42.1 þa] so S; su F<sup>2</sup>  
 42.1 briost] briostí S  
 42.2 riett] recks F<sup>2</sup>  
 42.3 firi hatur] med hatre F<sup>2</sup>  
 42.4 hefna] + ä F<sup>2</sup>  
 43.3–4 sterkann ætla eg berlíngs bior / blanda j odru sínne S (sbr. II.1)  
 43.3 j] ÷ F<sup>2</sup>  
 43.3 geim] grein F<sup>2</sup>  
 43.4 fiolnis] og fiólnis F<sup>2</sup>

### **Önnur ríma**

- 1.2 dyrum fellur] driugum lijdur F<sup>2</sup>  
 1.3 berglíngs] <berlíngs> í fyrra skiptið sem þetta vísuorð er skrifað í S, <bærlíngs> í seinna skiptið; berlíngs F<sup>2</sup>  
 1.4 ad] ÷ S í fyrra skiptið sem þetta vísuorð er skrifað; ÷ F<sup>2</sup>  
 2.1 þiker] þiker þat SF<sup>2</sup>  
 2.3 orka] auka F<sup>2</sup>  
 2.4 þungrar] þunga S  
 3.1 Þar] Þui F<sup>2</sup>  
 3.1 hrygdum] hrigguum F<sup>2</sup>  
 3.3 greínum] greine eg F<sup>2</sup>  
 3.4 brudi] + at SF<sup>2</sup>  
 4.1 agtad] ínna S; ad jnna F<sup>2</sup>  
 4.2 efnad verdur] ackta þarf F<sup>2</sup>  
 4.3 ei er] skrifað er ei í W en með leiðréttingarmerkjum yfir; ei uar S

- 4.3 vnga] mæta F<sup>2</sup>  
4.3 menia] audar S  
5.3 hefer] hann hefur F<sup>2</sup>  
5.3 holda drott] holdum bratt S  
5.4 þa] þar F<sup>2</sup>  
6.1 þar] og F<sup>2</sup>  
6.1 fírrezt] furist F<sup>2</sup>  
6.2 vid] med F<sup>2</sup>  
6.4 eína] vmm eina F<sup>2</sup>  
7.1 leit] + hann S  
7.1 þar] þä F<sup>2</sup>  
7.3 sia] þesse F<sup>2</sup>  
7.4 styrkra] stælltra F<sup>2</sup>  
7.4 randa] branda SF<sup>2</sup>  
8.1 Vaki] Vakir F<sup>2</sup>  
8.1 fradmar] frammar SF<sup>2</sup>  
8.1 faderenn] fader F<sup>2</sup>  
8.2 líke] liken SF<sup>2</sup>  
8.4 halnum] garpnum F<sup>2</sup>  
9.2 fyser] og fyser SF<sup>2</sup>  
9.3 kueda] kuad hann þeíga S; fra eg þeigia F<sup>2</sup>  
9.4 nægia varla] skrifað <varla nægia> í W en leiðréttingarmerki yfir <nægia>; nægiast valla F<sup>2</sup>  
10.2 annsuor] andsuor S  
10.3 bidur eg] bideg SF<sup>2</sup>  
10.4 laoganum] loganum SF<sup>2</sup>  
11.1 Þo] Suo F<sup>2</sup>  
11.1 þorna briotur] seima niotur F<sup>2</sup>  
11.2 sagna þig til neida F<sup>2</sup>  
11.2 neyda] Í S er fyrst skrifað orð með einföldu i (e.t.v. leída eða veída en fyrsti stafurinn er óeðlilegur og þvílíkur að einn stafur hafi verið hálfleiðréttur í annan) en síðan leiðrétt úti á spássíu í neyda.  
11.4 uerra] verr F<sup>2</sup>  
12.1 ena] enn S; hinu F<sup>2</sup>  
12.2 holdar] er holdar F<sup>2</sup>  
12.4 eyder] kuad eydir F<sup>2</sup>  
13.1 skrittu] skrítt þu S; skrijdту F<sup>2</sup>  
13.2 skíott er] skal þier F<sup>2</sup>  
13.2 er] mun S  
13.4 audna] audnan SF<sup>2</sup>  
13.4 bid eg þín] skrifað bid þín eg í W en með leiðréttingarmerkjum yfir; þin bíd eg SF<sup>2</sup>  
14.2 en er eg bid] en bid eg SF<sup>2</sup>  
15.2 myrkurid] myrkur hid S; myrkrid F<sup>2</sup>  
15.3 hrærdezt] hrædíz S

- 15.4 *haudured*] *haugurinn* F<sup>2</sup>  
16.1 *daudi*] *dockuí* S  
16.3 *litur foluan na*] *likur fradmar þa* S  
16.4 *fodur*] *og fodur* S  
16.4 *ormar*] *giorlla* S  
17.1 *leged*] *lifad* F<sup>2</sup>  
17.2 *firdur*] *firdum* S; *furtur* F<sup>2</sup>  
17.3 *fystezt eíngí*] *fyst hefr onguomm* F<sup>2</sup>  
18.1 *þunn*] *þunn* SF<sup>2</sup>  
18.2 a] *eí* S  
18.2 *heria*] *uería* S  
18.3 *ny*] *kunn* SF<sup>2</sup>  
18.4 *brude*] *firi brudi* S  
18.4 *ueria*] *hería* S  
19.1 *eg*] + *kuad* F<sup>2</sup>  
19.1 *níotur*] *briotur* S  
19.2 *af*] *ad* F<sup>2</sup>  
19.3 *mier mun*] *mun mier* S  
19.4 *meir*] *meira* S  
20.1 *huers beida kann*] *kuad beiter stäls* F<sup>2</sup>  
20.3 *ad þu faer med fullnad mäls* F<sup>2</sup>  
20.4 *filkir nyia branda* F<sup>2</sup>  
21.1 *rammann*] *hínn ramma* SF<sup>2</sup>  
21. *Vísan er á eftir 22. vísu í* F<sup>2</sup>.  
21.4 *horfer*] *og horfir* F<sup>2</sup>  
22.1 *eg*] ÷ S  
22.1 *þier*] *hier* F<sup>2</sup>  
22.2 *malma*] *menia* F<sup>2</sup> (sbr. II.31.2)  
22.3 *helldur*] *harla* F<sup>2</sup>  
22.3 *vard*] *uar* SF<sup>2</sup>  
22.4 *hiallta leren*] *hrottan leír eg* S; *hrottan liæ eg þier* F<sup>2</sup>  
23.1 *ei*] *eigu* S; *eige* F<sup>2</sup>  
23.2 *eíga*] <e> með <ia>-bandi fyrir ofan í S  
23.3 *gefur*] *vinnur* F<sup>2</sup>  
23.3 *eigi*] *ei* S  
23.4 *folke*] *folk* S  
23.4 *lagad*] *laged* S; *lagt* F<sup>2</sup>  
24.1 *daudans*] *daudan* S  
24.2 *at*] *af* S  
24.4 *fær þu*] *færdu* F<sup>2</sup>  
25.1 *Seg þu*] *Seigdu* F<sup>2</sup>  
25.1 *sæfde*] *suæfde* S; *suæde* F<sup>2</sup>  
25.3 *vil eg so*] *suo vil eg* F<sup>2</sup>  
25.4 *eda*] *edur* S  
26.2 *bioda*] *er bioda* S

- 27–28. Þessar vísur koma á eftir 30 í F<sup>2</sup>.
- 27.1 Taktu] Tak þu S
- 27.2 halnum] Orðið er ógreinilegt í S og hefur trúlega. verið leiðrétt úr <halurinn> í <halnum>.
- 27.2 draugurenn] dreingurinn F<sup>2</sup>
- 27.3 einkes] einskes SF<sup>2</sup>
- 28.2 ad] er S
- 28.3 þa] ÷ F<sup>2</sup>
- 28.4 er] þa F<sup>2</sup>
- 28.4 adrer] allir F<sup>2</sup>
- 29.1 sottu ad mier] ad mier soktu S
- 29.3 alla] allir F<sup>2</sup>
- 29.4 ytar] yta S
- 30.1 Gyrd og atla greine eg tueir (leiðrétt úr <tuo>) F<sup>2</sup>
- 30.3 särer vndann soktu þeir F<sup>2</sup>
- 30.4 sialfur] en síalfur S
- 30.4 feck] hrepte F<sup>2</sup>
- 31 Kemur á eftir 33 í F<sup>2</sup>.
- 31.1 alldri] ecki F<sup>2</sup>
- 31.2 blidum] biortum F<sup>2</sup>
- 31.2 malma] menía SF<sup>2</sup>
- 32.1 Þottu] Þo þu SF<sup>2</sup>
- 32.3 hiallt rond] híallta uond SF<sup>2</sup>
- 32.4 slikann] betra F<sup>2</sup>
- 33.1 munttu] mätta F<sup>2</sup>
- 33.2 at] j SF<sup>2</sup>
- 33.2 vopna] stala F<sup>2</sup>
- 33.3 hann er ríett] þui hann er F<sup>2</sup>
- 33.4 þat sliofazt] hann slíofgízt SF<sup>2</sup>
- 34.1 skraut] kurt F<sup>2</sup>
- 34.3 jburt] áá braut S; ä burt F<sup>2</sup>
- 34.4 hratt þui lijdur ad dægri F<sup>2</sup>
- 35.1 Far þu] Fardu F<sup>2</sup>
- 35.2 seier sia] serttu S
- 35.4 en] og F<sup>2</sup>
- 36.1 Bragníng kemur] Bragnings kom F<sup>2</sup>
- 36.2 hreysti] snilldar F<sup>2</sup>
- 36.3 hefer] hann hefur F<sup>2</sup>
- 36.3 hræfa] hræfar F<sup>2</sup>
- 36.4 nadur enn] vóndinn F<sup>2</sup>
- 37.2 sida] uilía S
- 37.3 smíd] gnyr S
- 37.4 agtj] og acktí S
- 37.4 vilía] skilía S; hlijda F<sup>2</sup>

## ***Priðja ríma***

- 1.1 Hjer skal hefia hröðrar vijn F<sup>2</sup>
- 1.2 fara] taka S
- 1.3 bagnar] bragnar SF<sup>2</sup>
- 1.4 biladi] bilar nu F<sup>2</sup>
- 2.1 eínkar] yta F<sup>2</sup>
- 2.3 skal] skule S
- 3.1 sonur] son F<sup>2</sup>
- 3.2 bædi] badí S
- 3.2 su] hun F<sup>2</sup>
- 3.3 setur] sette F<sup>2</sup>
- 3.4 uar] er F<sup>2</sup>
- 3.4 sia] þa S
- 4.2 kuidde] + hun SF<sup>2</sup>
- 5.4 greínazt] greína S; eg mun F<sup>2</sup>
- 5.4 ma] tíä F<sup>2</sup>
- 6.2 baru] fejnngu (en fyrst skrifað <feck>?) S; feingu F<sup>2</sup>
- 6.2 frurnar] uífen S; meyar F<sup>2</sup>
- 6.3 j burtu] burttu S
- 6.4 verdur] uedur j S
- 6.4 senn] seirne F<sup>2</sup>
- 7.2 syndezt] þotte F<sup>2</sup>
- 7.3 líta] litu ä F<sup>2</sup>
- 7.4 suerd] geír(?) S
- 8.1 Landid skielfur lopt og fioll F<sup>2</sup>
- 8.1 skelfur og] skialfa ek S
- 8.2 lasta] þa listar F<sup>2</sup>
- 8.3 hnia] knía SF<sup>2</sup>
- 9.1 var] er F<sup>2</sup>
- 9.2 flyter] hann flyter S
- 9.4 uille] annad F<sup>2</sup>
- 10.1 Auka mun þad ytum styr F<sup>2</sup>
- 10.2 atte at] skyllde F<sup>2</sup>
- 10.3 eigi] eckj F<sup>2</sup>
- 10.3–4 birting dregr hann slídrum ur / biladi ecki aurua þor S
- 10.4 dregur] drög F<sup>2</sup>

11–13 Í miðri vísu 11 skýtur W inn tveimur línur með vísun á spássú. Á eftir 13. vísu koma síðan aðrar tvær línur. Það sem virðist hafa kallað fram þessar viðbætur er að ritarinn hefur misst tók á erindaskilunum. Við lok 12. vísu hefði átt að koma merki á eftir <hann> og síðan hástafur í <fradmarsonur> en svo er ekki í raun. Skilin koma ekki fyrr en á eftir <þraut> og þá kemur hástafur í miðju erindi. Ritaranum hefur þá sýnst að tvö vísuorð vanti til að ljúka erindinu svo að hann yrkir <meyian biort> o.s.frv. og er þá aftur kominn á réttan kjöl. Seinna hefur hann sennilega áttað sig betur á mistökunum, eða að minnsta kosti séð að einhvers staðar er tveimur vísuorðum of

eða van. Hann hefur þá ort <greidde risanum> á spássíuna og vísað inn í línu. Enginn vottur af þessum viðbótum er í SF<sup>2</sup>.

11.3 læred] lærar(?) S

11.4 so] ÷ SF<sup>2</sup>

11.4 eingi] eigin S

12.1 bol og] boluada S; bolid og F<sup>2</sup>

12.2 miste] + hann SF<sup>2</sup>

12.3 dolgen] dógling F<sup>2</sup>

12.4 hann] ad F<sup>2</sup>

13.1 fradmarson] Fradmars sonur S; Filkirs sonur F<sup>2</sup>

13.2 leysta] uned S; leist vr F<sup>2</sup>

13.4 keypti] + hann SF<sup>2</sup>

14.3 millding] fylker S

14.4 randa] fleina F<sup>2</sup>

15.1 þella] þellan SF<sup>2</sup>

15.1 þorns] þegar F<sup>2</sup>

15.3–4 lát þä folldu falla ä / er fódur þinn giordu ad kolldum nä F<sup>2</sup>

16.2 eigi munu þeir] ytar munu ei F<sup>2</sup>

16.3 skeida] + ad F<sup>2</sup>

16.4 hleypa] hleypa S; hleipa F<sup>2</sup>

16.4 fram af] ut áá S; fram ä F<sup>2</sup>

17.1 e[inn]] Orðið er mjög máð í W, í 387 stendur <einn ?>.

17.1 audling] dogling SF<sup>2</sup>

17.2 dyrstan mattí j heime fa S

17.4 hilmer þenna] herra kongurinn F<sup>2</sup>

19.1 dyr] hlijr F<sup>2</sup>

20.4 suifur] og sækia F<sup>2</sup>

20.4 fram vm] ut áá S; fram ä F<sup>2</sup>

21.1 Kemur] Kom F<sup>2</sup>

21.3–4 heidurs madur bad holda drött / ad hallda þangad yfrid skiott F<sup>2</sup>

21.4 sína] sínne S

22.2 glediazt] gledíz S

23.2 fretta] frettu F<sup>2</sup>

23.3 er rada ætte recka sueit F<sup>2</sup>

23.4 reckum] rijkre F<sup>2</sup>

24.2 bera þeir rond og skigdann geir F<sup>2</sup>

24.3 fínnur þu] fínnast þa S

24.3 eigi] eckj F<sup>2</sup>

25.1 Eyder hann] Eyda þeir SF<sup>2</sup>

25.1 eggíu] eggíum SF<sup>2</sup>

25.2 alldri] og alldre F<sup>2</sup>

25.2 kuodu] kueda SF<sup>2</sup>

25.3 uid] med SF<sup>2</sup>

25.4 heria] heyia F<sup>2</sup>

25.4 einn veg] eirnin F<sup>2</sup>

- 26.1 atla] atle S  
 26.1 greíne eg] greineg F<sup>2</sup>  
 26.2 segdu heiti] ö.r. F<sup>2</sup>  
 26.3 yduars] ydar F<sup>2</sup>  
 26.4 at] ÷ F<sup>2</sup>  
 27.1 rædur] rædum S  
 27.3 herra] holda S  
 27.4 þu] ÷ F<sup>2</sup>  
 28.2 uestan] er vestann F<sup>2</sup>  
 28.3 lond] lond S; lond F<sup>2</sup>  
 29.1 gumna] garpaa (!) S  
 29.2 og] ÷ F<sup>2</sup>  
 29.3 einn] eín madur S; sa einn F<sup>2</sup>  
 30.2 hefer yckarn] yckan hefur hann S; hefur yckar F<sup>2</sup>  
 30.3 gilldum] gofugum F<sup>2</sup>  
 30.4 getu uer] getum uær S; giete þid F<sup>2</sup>  
 31.1 annca] ansar (?) S  
 31.2 fleína] suerda F<sup>2</sup>  
 31.3 þier] þid F<sup>2</sup>  
 31.3 ormars] yta F<sup>2</sup>  
 31.4 ytar] ormars F<sup>2</sup>  
 31.4 fara j] koma j F<sup>2</sup>  
 32.1 beida] tvíritað í W en í seinna skiptið eru eyðingarmerki undir; bidia SF<sup>2</sup>  
 32.3–4 ef biarkmar getur hann gulle bætt / suo gumnar fæe af fulla sætt F<sup>2</sup>  
 33 Ef þetta ei vill sem þike mier von / þa munu holdar hreppa tiön / skulu þa dapra  
 daudans pijn dreinger fá fyrer þriosku sijn F<sup>2</sup>  
 33.1 eigi] ecki S  
 34.1 heidurs] hreystí S  
 34.2 þeir] ÷ F<sup>2</sup>  
 34.3–4 erindinn giórvoll jnna þa / ormar situr og hlijder ä F<sup>2</sup>  
 34.3 skila] tvíritað í W en í seinna skiptið eru eyðingarmerki undir  
 35.1 Ef brædrum uilltu] vilier þu brædrum F<sup>2</sup>  
 35.1 bæta] bioda SF<sup>2</sup>  
 35.3 lad og gocz og lyda halld] lond og lad sem goz og halld S; läd og aud sem lijda  
 halld F<sup>2</sup>  
 35.4 leggur þu æ] leggr þu upp æ S; leggdu vppa F<sup>2</sup>  
 36.2 branda] geyra F<sup>2</sup>  
 36.3 þa skal eydazt] elligar eflist F<sup>2</sup>  
 36.3 skal] mun S  
 37.1 fær þu] færdu F<sup>2</sup>  
